"Fossar eru í Búðarhólsengjum. Þar hjá er vað á Fljótsvegslæknum, er nefnist Smalaskálavað, á leiðinni úr Kirkjulandshverfi upp í Búðarhólshverfi." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Norður-Búðarhólshjáleiga, 1

RA-113 Álptarhóll

2 hdr og 30 álnir 1709. Hjáleiga Búðarhóls og var fyrst byggð um 1600. JÁM I, 107. Rúst býlissins Rofs sem byggt var frá Búðarhóli seint á 19. öld eru í landi Á. 1849: "Eins að öllu (og aðrar jarðir í Búðarhólshverfi) en lakari þó að útslægjum." Landeyingabók, 3. 1927: Tún 1,4 ha, garðar 1120 m^2. "Jörðin er mýrlend, algróin og sæmilega grasgefin. Áður var landið að miklu leyti votlend mýri. Þó er víða í landinu grunt niður á sand, en sums staðar er jarðvegur djúpur ... Nyrst í landinu er lítils háttar vallendi og mosamóar." SB IV, 261

RA-113:001 *Álptarhóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1927

RA-113:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-113:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-113:004 *Rofakot* bæjarstæði býli
"Rof var lítið býli miðja vega milli Álftarhóls og Vatnahjáleigu, og sér þar enn fyrir tóftum, sem í daglegu tali eru nefndar Rofakot." Segir í Sunnlenskum byggðum "Hagar torfunnar liggur austur frá hverfinu og austur að Álum. Rof er örnefni ofarlega í Álabökkum í Búðarhólslandi. Þar eru rústir Rofakots sem byggt var seint á 19. öld af manni þeim, sem Snjóólfur hét. Hélzt það í byggð í nokkur ár." Segir í örnefnaskrá "Býli þetta var í óskiptu landi Búðarhólstorfu, og mun bú hafa verið mjög lítið og slægjur að mestu fengnar hjá nágrönnum. Nú er bæjarstæðið í landi Álftarhóls ..." Ekki hefur verið búið á Rofum síðan fyrir 1905, segir í Sunnlenskum byggðum

Heimildir: SB IV, 260; Ö-Búðarhólstorfa A, 1

RA-113:005 varða landamerki
Landamerki 1951 "Úr Árnaþúfu bein lína suðaustur í vörðu við áveituskurðin þar sem hann beygir suðaustan við Hólmadælu ..." Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 3

RA-114 Spækill

1,5 hdr 1709. Jörðin hét Snorrakot 1709 en árið 1745 er búið að nefna jörðina Skækil en 1803 er nefnið orðið Spækill. Hjáleiga Búðarhóls. JÁM I, 106-108; Landeyingabók, 82. Jörðin heitir nú Guðnastaðir. 1927: "Tún 3,2 ha, þar af 3 sléttaðir. Garðar 1040 m^2. "Jörðin er 160 ha. að stærð, og eru þar með taldir 65 ha., í landi eyðijarðarinnar Önundarstaða. Allt land jarðarinnar er gróið og mjög grasgefið, vel framræst og þurrt." SB IV, 265.

RA-114:001 *Spækill* bæjarstæði bústaður
Nefnd í jarðabók 1709, þá talin hafa byggst fyrir 80 árum úr landi Búðarhólshjáleigu, kölluð Snorrakot.
Heimildir: JÁM I, 106-107; Túnakort 1927

RA-114:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-114:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-114:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-114:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-114:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-114:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-115 Hólmar

20 hdr., Breiðabólstaðarkirkjueign. 1270: Jarðarinnar er getið í máldaga kirkjunnar í Odda. 1709 eru nefndar tvær hjáleigur Eystri og Vestari Hólmahjáleigur en 1847 er aðeins önnur þeirra í byggð en ekki er ljóst um hvora er að ræða. JÁM, 109-110. 1847 eru hjáleigurnar nefndar Hólmahjáleiga og Butra. 1709: "Engjum hefur sands áfok stórlega spilt og mikinn part þeirra af tekið. Á túnið fýkur líka sandur og liggur jörðin hjer fyrir undir miklum spjöllum, sjerdeilis engjaplátsið." JÁM I, 110. 1849: "Tún þýfð og sæmilega grasgefin, engjar ekki miklar en góðar. Land heldur lítið, létt og mýrkennt. Gripagagn í lakara lagi. Jörðin er hæg og gjaffelld." Landeyingabók, 140 1927: Tún 5,2 ha (6 með Butru), þar af 5 ha sléttað, garðar 1852 m^2. "Jörðin er um 710 ha. og er þar af sandur innan landgræðslugirðingar 270 ha. allt annað land jarðarinnar framræst mýrlendi, og er mjög þokkalega þurrlent. Allt er landið gróið og mjög grasgefið." SB IV, 266

RA-115:001 *Hólmar* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-115:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-115:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-115:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-115:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-115:006 varða landamerki
Landamerki 1872: "Úr framanverðri Ferstiklu yfir Skrækilsrimatanga beina sjónhending í Harðhaus ... Svo liggja mörkin móts við Kirkjuland úr Harðhaus spölkorn fram í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, og liggur hún þar sem austustu húsin á Breiðabólsbæ bera í vestasta horn Stóra-Dímonar. Úr þessari vörðu liggja svo mörkin móts við Önundarstaði beina stefnu yfir Þúfuna á rimanum framanvert við Gamlavað ..."
Heimildir: Landeyingabók, 140

RA-115:007 *Gamlavað* heimild um vað
Landamerki 1872: "Úr framanverðri Ferstiklu yfir Skrækilsrimatanga beina sjónhending í Harðhaus ... Svo liggja mörkin móts við Kirkjuland úr Harðhaus spölkorn fram í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, og liggur hún þar sem austustu húsin á Breiðabólsbæ bera í vestasta horn Stóra-Dímonar. Úr þessari vörðu liggja svo mörkin móts við Önundarstaði beina stefnu yfir Þúfuna á rimanum framanvert við Gamlavað austanvert við Fljótið, og yfir hæstu þúfu á rima spölkorn fyrir innan Rimakots stekkjartún fram í þúfu austanvið Rimakotstún, og er hún þar, sem Austur-Búarhólshjáleiga ber austanvert við Tómagils í Þríhyrningi og Butrubæ laust norðanvert við Seljalandsfoss."
Heimildir: Landeyingabók, 140

RA-115:008 heimild um landamerki
Landamerki 1872: "Úr framanverðri Ferstiklu yfir Skrækilsrimatanga beina sjónhending í Harðhaus ... Svo liggja mörkin móts við Kirkjuland úr Harðhaus spölkorn fram í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, og liggur hún þar sem austustu húsin á Breiðabólsbæ bera í vestasta horn Stóra-Dímonar. Úr þessari vörðu liggja svo mörkin móts við Önundarstaði beina stefnu yfir Þúfuna á rimanum framanvert við Gamlavað austanvert við Fljótið, og yfir hæstu þúfu á rima spölkorn fyrir innan Rimakots stekkjartún fram í þúfu austanvið Rimakotstún, og er hún þar, sem Austur-Búarhólshjáleiga ber austanvert við Tómagils í Þríhyrningi og Butrubæ laust norðanvert við Seljalandsfoss. Þaðan liggja mörkin eptir gömu garðlagi fram í upphlaðana hornmarksþúfu sem liggur þar, er beina stefnu ber milli Litla-Þríhyrnings og Blátinds í Vestmannaeyjum, og Hólmahjáleiga í norðurhallann á Hájöklinum. Þaðan liggja svo mörkin beina stefnu yfir Skaufhól í áðurnefndan Kristínarhól."
Heimildir: Landeyingabók, 140

RA-115:009 varða landamerki
Landamerki 1872: "Úr framanverðri Ferstiklu yfir Skrækilsrimatanga beina sjónhending í Harðhaus ... Svo liggja mörkin móts við Kirkjuland úr Harðhaus spölkorn fram í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, og liggur hún þar sem austustu húsin á Breiðabólsbæ bera í vestasta horn Stóra-Dímonar. Úr þessari vörðu liggja svo mörkin móts við Önundarstaði beina stefnu yfir Þúfuna á rimanum framanvert við Gamlavað austanvert við Fljótið, og yfir hæstu þúfu á rima spölkorn fyrir innan Rimakots stekkjartún fram í þúfu austanvið Rimakotstún, og er hún þar, sem Austur-Búarhólshjáleiga ber austanvert við Tómagils í Þríhyrningi og Butrubæ laust norðanvert við Seljalandsfoss. Þaðan liggja mörkin eptir gömu garðlagi fram í upphlaðana hornmarksþúfu sem liggur þar, er beina stefnu ber milli Litla-Þríhyrnings og Blátinds í Vestmannaeyjum, og Hólmahjáleiga í norðurhallann á Hájöklinum. Þaðan liggja svo mörkin beina stefnu yfir Skaufhól í áðurnefndan Kristínarhól."
Heimildir: Landeyingabók, 140

RA-115:010 *Ekrur* örnefni akur
"Ekrur eru vestanvert í Hólmatúni." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmar, 1

RA-115:011 heimild um fjárskýli
"Hagar Hólma eru austur og upp frá bænum. Austarlega í högum er Borgarflóð. Rústir fjárborga, að ætla má, eru austan við þau." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmar, 1

RA-115:012 heimild um fjárhús
"Valllendisrimar fram af þeim [011] nefnast Höfði. Þar voru fjárhús til skamms tíma." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmar, 1-2

RA-115:013 *Selmýri* örnefni sel
"Vestan við Höfða [012] er Selmýri. Hún nær heim að Hólmatúni." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmar, 2

RA-116 Hólmahjáleiga

Hjáleiga Hólma, í jarðabók Árna og Páls eru nefndar tvær hjáleigur eystri og vestari og samkvæmt Landeyingabók er þetta sú eystri. 1607: Hólmahjáleiga nefnd í kæru Jóns Arngrímssonar og 1608 er sama jörð nefnd í vitnisburði Andrésar Jónssonar um mörk Fjórðungafjöru. Ekki er ljóst hvort átt er við Hólmahjáleigu eða Butru. JÁM I, 110; Landeyingabók, 40, 130 1709: "Slægjulandið er mjög vott og yfir föröð að sækja." JÁM I, 111. 1849: "Eins að öllu landi farin [og heimajörðin]." Landeyingabók, 131. 1927: Tún 5,2 ha, þar af 5 ha sléttað, garðar 1400 m^2. "Jörðin er um 90 ha. að stærð. Landið er allt framræst og þurrt, gróið og grasgefið." SB IV, 267.

RA-116:001 *Hólmahjáleiga* bæjarhóll bústaður
Byggð fyrir minni elstu manna segir í jarðabók 1709.
Heimildir: Túnakort 1927; JÁM I, 110

RA-116:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-116:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-116:004 heimild um útihús
Gæti verið brunnur
Heimildir: Túnakort 1927

RA-116:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-116:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-116:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-116:008 *Seltættur* heimild um sel
"Í norður frá bænum hét Selmýri. Í suðurenda henar stórt blástrarflóð. Austan við hana, Seltættur." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga A, 1

RA-116:009 *Borgartættur* heimild um fjárskýli
"Þar fyrir ofan [008] og austan, Höfði. Þar fyrir ofan smárimar. Vestur af þeim Borgartættur og Borgarflóð ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga A, 1

RA-116:010 *Lambhústún* örnefni lambhús

“Í austur frá bænum, Lambhústún.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga A, 1

RA-116:011 *Ullardæla* heimild um þvottastað
“Í austur frá bænum, Lambhústún. Þar fyrir austan, Ullardæla, þar sem ull var þvegin í.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga A, 1

RA-116:012 *Nes* bæjarstæði bústaður
“Austast í landareigninni var byggður lítill bær, Nes, sem Kristín Jónsdóttir byggði.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga A, 1

RA-116:013 *Haustkvíatún* örnefni kvíar
“Í suður frá bænum, Haustkvíatún.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga A, 1

RA-116:014 *Stekkjartún* örnefni stekkur
“Í suður frá bænum, Haustkvíatún. Austur af því Stekkjartún.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga A, 1

RA-116:015 heimild um þvottastað
“Heimaflóð var norðan við bæinn. Úr því rann bæjarlækurinn. Í flóðinu var skolaður þvottur.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hólmahjáleiga B, 1

RA-117 Butra

Hjáleiga Hólma. Í jarðabók Árna og Páls er getið um Hólmahjáleigu vestri og telur höfundur Landeyingabókar að það sé sama býli og Butra. 1607: Hólmahjáleiga nefnd í kæru Jóns Arngrímssonar og 1608 er sama jörð nefnd í vitnisburði Andrésar Jónssonar um mörk Fjórðungafjöru. Ekki er ljóst hvort átt er við Hólmahjáleigu eða Butru. 1745 er jörðin nefnd í útektabók jarða kirkjunnar á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Nafnið Butra gæti átt við lítið og landþröngt kot. Landeyingabók, 40, 130, 439. Jörðin í eyði frá 1908 en nytjuð frá ábúandanum í Hólmum. SB IV, 268 1927: Tún 0,8 ha. Jörðin um 80 ha. “Allt landið er framræst mýri, gróin og grasgefin.” SB IV, 268.

RA-117:001 *Butra* bæjarhóll bústaður
“Butra var hjáleiga frá Hólmum og stóð á lágum hól röska 300 metra í norð-norðaustur frá þeim bæ. Jörðin lagðist í eyði árið 1908.” Segir í Landeyingabók “Rústir Butru eru í túnfætinum í Hólmum, norður frá bænum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1927; Ö-Hólmar, 2

RA-117:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-117:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118 Bakki

20 hdr. 1709. 1270: Jarðarinnar getið í máldaga kirkjunnar í Holti undir Eyjafjöllum. DI III, 84-85. [1332]: Jarðarinnar gerið í máldaga Holtskirkju undir Eyjafjöllum. DI II, 681. [1480] Jörðin nefnd í máldaga kirkjunnar í Holti. DI VI, 329-330, 1591 er jörðin nefnd í gömlum mádaga úr Skálholti. DI III, 192 nm. 1709: “Eyðilagðist til fylls fyrir 13 árum af sands yfirgángi. Hafði bærin áður tvisvar fluttur verið.” Hjáleigur 1709 voru Tobbahjáleiga, byggð um 1700 og hélst aðeins byggð í 5 ár, og Bakkahjáleiga byggð fyrir manna minni en 1803 var þar nefnt verslunarpláss frá verslunarstaðnum í

Vestmannaeyjum. 1803 var Bakki í eyði og nytjaður frá hjáleigunni. JÁM I, 108; JJ, 29nm "Er Bakki fór í eyði, sem líklega hefur verið 1699 lagðist land þeirrar jarðar undir Bakkahjáleigu og hélst svo meðan jörðin var í byggð. Bakkahjáleiga lagðist í eyði 1824, en Bakki var endurbyggður í staðinn þar sem hjáleigan hafði staðið." Landeyingarbók, 9 1709: "Bæjarstæðið og landið þar um kríng er sandi kafið og kann þess vegna aldrei aftur byggjast." JÁM I, 108. 1849: "Tún lítil og töðufall vont, útslægjur allgóðar. Land til hagbeitar heldur mikð og gott, gripagagn í betra lagi. Jörðin er út af með land sitt." Landeyingabók, 11. 1927: Tún 4,5 ha, þar af 4,2 ha sléttað, garðar 1370 m². "Bakki er 800 ha., þar af 300 ha. sandur innan sandgræðslugirðingar. Gróna landið er valllendi meðfram Álabökkum, og svo framræst mýri." SB IV, 269.

RA-118:001 *Gamli-Bakki* bæjarhóll bústaður
Bærinn var fluttur tvisvar fyrir 1709 þannig að bæjarstæðin eru að minnsta kosti þrjú. "Gamli-Bakki. Allstór, aflangur hóll, suðvestur af Bakka. Gamalt bæjarstæði, bærinn fluttur þaðan á 17. öld vegna sandfoks." Segir í örnefnaskrá. 1709: "Bæjarstæðið og landið þar um kríng er sandi kafið og kann þess vegna aldrei aftur byggjast."
Heimildir: JÁM I, 108; Ö-Bakki, 3

RA-118:002 heimild um útihús
Gæti verið hluti af 001
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:003 heimild um útihús
Gæti verið hluti af 001
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-118:012 *Bakki* bæjarstæði bústaður
Bærinn var fluttur tvisvar fyrir 1709 þannig að bæjarstæðin eru að minnsta kosti þrjú.
Heimildir: JÁM I, 108

RA-118:013 *Bakki* bæjarstæði bústaður
Bærinn var fluttur tvisvar fyrir 1709 þannig að bæjarstæðin eru að minnsta kosti þrjú.
Heimildir: JÁM I, 108

RA-118:014 *Bakkahjáleiga* bæjarstæði býli
Var 5 hdr 1709. "Er Bakki fór í eyði, sem líklega hefur verið 1699 lagðist land þeirrar jarðar undir Bakkahjáleigu og hélst svo meðan jörðin var í byggð. Bakkahjáleiga lagðist í eyði 1824, en Bakki var

endurbyggður í staðinn þar sem hjáleigan hafði staðið." Segir í Landeyingabók 1709: "Heyskap kaupir ábúandinn til ýmist á Önundarstöðum, Rimakoti eður í Fitjar (Magnúsar-Fitjar) landi ....Á landið gengur blástur sandur. Átroðníngur er hjer stór og skaði mikill á málnytu af hestum ferðamanna, mest að austan, er sækja til Vestmanneyja." 1847: "Á Bakkahjáleigu var 1803 nefnt verzlunarpláz frá Vestmannaeyju verzlunarstað, og áttu þá Petræus og Svane kot þetta." "Útibú frá versluninni í Vestmannaeyjum var starfrækt í Bakkahjáleigu frá 1774-1797. Sinnti útibúið aðallega móttöku ullar." Segir í Landeyingabók
Heimildir: JÁM I, 108-109, JJ, 29; Landeyingabók, 9

RA-118:015 *Tobbahjáleiga* bæjarstæði býli
1709: "Hjáleiga lítilfjörleg var og bygð úr Bakkalandi kölluð Tobba Hiáleiga. Var fyrst bygð fyrir 10 árum. Byggíng hjelst ekki nema 5 ár." 1709: "Þessi hjáleiga kann ekki aftur að byggjast, því heyskapur er enginn. Hús öll í burtu og tóftir fallnar."
Heimildir: JÁM I, 109

RA-118:016 *Brennutótt* heimild
"Í svonefndri Brennutótt í túninu á Bakka var efnt til brennu ef koma þufti boðum til Vestmannaeyja um að sækja þurfti menn eða póst til lands." Segir í Landeyingabók. "Skyldi brennan standa í hálfa klukkustund og Eyjamenn svara henni. ... Brennt var öðru hverju í tóftinni uns sími var lagður til Eyja." Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 11

RA-118:017 *Sauðhúsvöllur* örnefni fjárhús
Landamerki 1887: "Á útnorðurshorni Bakkalands er flatur rimi nefndur Ferstikla. ... Frá Ferstiklu liggur markalínan beint til sjávar í svonefndar Þríþúfur, og eru þær þar sem Hafurshóll ber framan við bæjarröndina á Bakka og Norður Búðarhólshjáleigu í Gilnamynni. Úr Þríþúfum liggur markalínan í Kristínarhól og er hann þar sem bæinn Bakka ber í Sauðhúsvöll og heygarðinn í Hólmum í Gilnamynni." Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 12

RA-118:018 heimild um heygarð
Landamerki 1887: "Á útnorðurshorni Bakkalands er flatur rimi nefndur Ferstikla. ... Frá Ferstiklu liggur markalínan beint til sjávar í svonefndar Þríþúfur, og eru þær þar sem Hafurshóll ber framan við bæjarröndina á Bakka og Norður Búðarhólshjáleigu í Gilnamynni. Úr Þríþúfum liggur markalínan í Kristínarhól og er hann þar sem bæinn Bakka ber í Sauðhúsvöll og heygarðinn í Hólmum í Gilnamynni." Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 12

RA-118:019 *Borgartættur* tóft fjárskýli
"Borgartættur: Vallgrónar rústir í hagamýrinni nálægt Borgarlæknum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 2

RA-118:020 *Eyrhústótt* tóft
"Eyrhústótt. Lítil, vallgróin rúst austur af Sögunarbakka." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 2

RA-118:021 *Framstótt* tóft
"Framstótt. Vallgróin tótt austarlega á Höfðanum, nærri landamörkum, þar sem Höfðin beygir meira til landsuðurs." Segir í örnefnaskrá "Mun kennd við kaupmann, er hafði aðsetur og verzlaði á Bakka og hét Phram."
Heimildir: Ö-Bakki, 3

RA-118:022 *Pakkhústótt* heimild
"Á verslun minntu örnefnin Pakkhústótt og Pakkhúsbleytur. Tóttin er nú sléttuð ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 3

RA-118:023 *Grænutættur* tóft
"Grænutættur. Tvær litlar, vallgrónar rústir skammt austur af Eyrhústóttum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 3

RA-118:024 *Hádegisvarða* varða eyktarmark
“Hádegisvarða. Lítil, hlaðin varða á Heimrofum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 3

RA-118:025 *Hesthúshóll* örnefni hesthús
“Hesthúshóll. Lítill hólrani norðan við bæinn, fast við hann.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 4

RA-118:026 *Stekkjartún* örnefni stekkur
“Stekkjartún. Nærri slétt, kringlótt flöt við fjárhús, austan við Bakkalæk, leifar af girðingu sjást í kringum það. Í því stendur fjárhús og sjást þar leifar af gamalli rétt.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 5

RA-118:027 heimild um fjárhús
“Stekkjartún. Nærri slétt, kringlótt flöt við fjárhús, austan við Bakkalæk, leifar af girðingu sjást í kringum það. Í því stendur fjárhús og sjást þar leifar af gamalli rétt.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 5

RA-118:028 heimild um rétt
“Stekkjartún. Nærri slétt, kringlótt flöt við fjárhús, austan við Bakkalæk, leifar af girðingu sjást í kringum það. Í því stendur fjárhús og sjást þar leifar af gamalli rétt.” Segir í örnefnaskrá. Sennilega sama og 026
Heimildir: Ö-Bakki, 5

RA-118:029 *Stöðull* örnefni kvíar
“Stöðull, vestan við Bakkalækinn, þar sem vað er á honum austur af bænum. Leifar af girðingu í kringum hann.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 5

RA-118:030 heimild um vað
“Stöðull, vestan við Bakkalækinn, þar sem vað er á honum austur af bænum. Leifar af girðingu í kringum hann.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 5

RA-118:031 *Torfbali* örnefni rista
“Torfbali. Lítil, kringlótt vallendisflöt austur af bænum, vestan Bakkalækjar.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 5

RA-118:032 *Traðartún* heimild um hesthús
“Traðartún heitir slétt flöt í landnorður frá bænum. Þar stóð fyrrum hús “tröð” fyrir stóðhross.” Segir í örnefnaskrá. Traðir oft hesthús, tveir garðar sem lagt var yfir til að mynda þak.
Heimildir: Ö-Bakki, 5

RA-118:033 *Þvottpyttur* örnefni þvottastaður
“Þvottapyttur. Lítill pyttur í rás austan við Stóra-Hól.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki, 6

RA-118:034 *Fjósadæla* örnefni fjós
“Fjósadæla var heima við bæinn á Bakka í Landeyjum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Bakki viðbætur, 1

RA-119 Önundarstaðir

Jarðadýrleiki óviss 1709, en menn telja hana hafa verið tíundaða með Nausti og Rimakoti fyrir 20 hdr. [1363] Jörðin nefnd í rekaskrá kirkjunnar á Breiðabólstað. Breiðabólstaðarkirkjueign. Tvær hjáleigur voru á jörðinni 1709, Önundarstaðahjáleiga efri sem byggðist fyrir manna minni og Önundarstaðahjáleiga vestari sem einnig byggðist fyrir manna minni en fór í eyði í Stórubólu. Einnig er eyðibýli á jörðinni, Naust, sem byggðist til forna úr Önundarstaðalandi og er talin hafa tíundast fyrir

5 hdr., en fór í eyði um 1660, Naust var byggð fyrir 1608. 1709: "Rekafjara liggur fyrir landinu, sem jörðunni er eignuð kölluð Önundarstaðafjara, hvar af ábúanda heyrir til leiguliða gagn, item af tveim pörtum Naustsfjöru, sem og so liggur fyrir sama landi, heyra þeir tveir partar til Breiðabólstaðar kirkju en þriðjúngur biskupnum í Skálholti ... eður í annan stað Klofa kirkju." JÁM I, 113-114. Jörðin fór í eyði árið 1946 en er nytjuð frá Guðnastöðum síðan 1948. SB IV, 268 1709: "Engjaslættur, sem til forna jörðinni fylgdu, hefur sandur yfirgengið og sljett allar aftekið, líka túninu til þriðjúngs spilt; af högum er og mikið eytt af sandi, sýnist framvegiss jörðin liggja undir skaða, jafnvel eyðileggíngu." JÁM I, 113. 1841: "Tún lítið en greiðfært, engjar allgóðar og greiðfærar. Land til hagbeitar lítið og gott. Sandur fýkur á tún, engjar og haga." Landeyingabók, 423 1927: Tún 4 ha, þar af 3,6 ha sléttað, garðar 1800 m^2. "Jörðin er 150 ha. að stærð, og þar af liggja 65 ha. undir jörðina Guðnastaði, en að öðru leyti er svo um sambeit að ræða." SB IV, 268.

RA-119:001 *Önundarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Bærinn á Önundarstöðum var aðeins sunnan við vestur frá Hólmum í 1300 til 1400 metra fjarlægð frá þeim bæ. Jörðin lagðist í eyði 1946." Segir í Landeyingabók
Heimildir: Túnakort 1927; Landeyingabók, 423

RA-119:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-119:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-119:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-119:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-119:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-119:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-119:008 *Önundarstaðahjáleiga efri* bæjarstæði býli
1709: Byggð fyrir manna minni. "Bær þessi stóð tæplega 200 m í suðaustur frá Önundarstöðum."Segir í Landeyingabók. "Stekkjartún [019]. Vestur af bænum í Nesi. Þar er á og umhverfis dálítill hóll. Þar hafa verið Önundarstað Vesturhjáleiga." Segir í örnefnaskrá "Elsta þekkta heimild sem greinir frá hjáleigu á Önundarstöðum er Kjósarannáll eftir Einar Einarsson prest í Görðum á Álftanesi. Við árið 1683 er getið um hjáleigumann þ.e. hjáleigubónda á Önundarstöðum." Segir í Landeyingabók.
Heimildir: JÁM I, 113; Landeyingabók, 72; Ö-Önundarstaðir, 3

RA-119:009 *Önundarstaðahjáleiga vestari* bæjarstæði býli
"Önundarstaðahjáleiga var í norðvestur frá Önundarstöðum, í 400-500 m fjarlægð frá þeim bæ." Segir í Landeyingabók Enginn man hennar fyrstu byggð, í eyði 1709. "Rúnhóll nyrzt í norðurtúni. Þar hafði verið Önundarstaða Norðurhjáleiga." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM I, 113; Landeyingabók, 383; Ö-Önundarstaðir, 3

RA-119:010 *Naust* bæjarstæði býli
1709: Byggðist til forna úr Önundarstaðalandi, og er talin hafa tíundast fyrir 5 hdr, 1709:. "Nú er sú jörð sandi kafin og landið alt um kring, so engin merki sjást til hvar bærin staðið hefur, og kan þar fyrir aldrei aftur byggjast." Jörðin byggð fyrir 1608.
Heimildir: JÁM I, 114

RA-119:011 varða landamerki
Landamerki 1884: "Móts við Kirkjuland liggja landamerkin neðan frá Giljá beina stefnu, þar sem austustu húsin á Búðarhólsbæ bera í vestasta horn Stóru-Dímonar í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, þar sem þúfuna fyrir austan Fljótið framanvert við Gamlavað ber beint í þúfuna

austanver við Rimakotstún ...” Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 423

RA-119:012 *Gamlavað* heimild um vað
Landamerki 1884: “Móts við Kirkjuland liggja landamerkin neðan frá Giljá beina stefnu, þar sem austustu húsin á Búðarhólsbæ bera í vestasta horn Stóru-Dímonar í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, þar sem þúfuna fyrir austan Fljótið framanvert við Gamlavað ber beint í þúfuna austanver við Rimakotstún ...” Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 423

RA-119:013 garðlag landamerki
Landamerki 1884: “Móts við Kirkjuland liggja landamerkin neðan frá Giljá beina stefnu, þar sem austustu húsin á Búðarhólsbæ bera í vestasta horn Stóru-Dímonar í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, þar sem þúfuna fyrir austan Fljótið framanvert við Gamlavað ber beint í þúfuna austanver við Rimakotstún, ræður þessi stefna landamerkjum mótsvið Hólma og liggur yfir hæstu þúfu á Rima spölkorn fyrir ofan Rimakots stekkjartún, en áður nefnd þúfa austanvert við Rimakotstún er þar sem Austur-Búðarhólshjáleiga ber austanvert við Tómagil í Þríhyrningi og Butrubæ laust norðanvert við Seljalandsfoss. Þaðan liggja mörkin móts við Hólma eptir gömlu garðlagi framí upphlaðna hornmarksþúfu, sem liggur þar, er bein stefna ber milli litla Þríhyrnings og Blátinds í Vestmannaeyjum og Hólmahjáleigu í norðuhallann á hájöklinum.” Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 423

RA-119:014 varða landamerki
Landamerki 1884: “Móts við Kirkjuland liggja landamerkin neðan frá Giljá beina stefnu, þar sem austustu húsin á Búðarhólsbæ bera í vestasta hom Stóru-Dímonar í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, þar sem þúfuna fyrir austan Fljótið framanvert við Gamlavað ber beint í þúfuna austanver við Rimakotstún, ræður þessi stefna landamerkjum mótsvið Hólma og liggur yfir hæstu þúfu á Rima spölkorn fyrir ofan Rimakots stekkjartún, en áður nefnd þúfa austanvert við Rimakotstún er þar sem Austur-Búðarhólshjáleiga ber austanvert við Tómagil í Þríhyrningi og Butrubæ laust norðanvert við Seljalandsfoss. Þaðan liggja mörkin móts við Hólma eptir gömlu garðlagi framí upphlaðna hornmarksþúfu, sem liggur þar, er bein stefna ber milli litla Þríhyrnings og Blátinds í Vestmannaeyjum og Hólmahjáleigu í norðuhallann á hájöklinum.” Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 423

RA-119:015 *Gerði* gerði
“Gerði, sunnarlega á nesinu. Þar mótar fyrir garði, hringmynduðum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Önundarstaðir, 1

RA-119:016 *Lambhústún* örnefni lambhús
“Lambhústún, svolítill túnblettur, laust vestan við suðurtúnið.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Önundarstaðir, 2

RA-119:017 *Ólafstættur* heimild um fjárhús
“Ólafstættur; vallgrónar húsarústir á vesturarmi Langarima. Þær eru kenndar við húsmann, sem eitt sinn var á Önundarstöðum og hafði þar fénaðarhús.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Önundarstaðir, 2

RA-119:018 *Skipabali* tóftir
“Skipabali, sunnan við túnið. Þar má sjá leifar af allmörgum (10 eða fl.?) skipshrófum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Önundarstaðir, 2

RA-119:019 *Stekkjartún* örnefni stekkur
“Stekkjartún. Vestur af bænum í Nesi. Þar er á og umhverfis dálítill hóll. Þar hafa verið Önundarstaðir Vesturhjáleiga [008].” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Önundarstaðir, 3

RA-120 Rimakot

5 hdr 1709. 1608. Jarðarinnar getið í vitnisburði um fjörumörk. Landeyingabók, 280. "Meinast í fyrstu bygt úr Önundarstaða landi, hafa menn til merkis að löndin liggja saman ósundurskift." Rimakotshjáleiga byggð um 1660 en lagðist í eyði 1707 í Stórubólu, einnig er eyðibýlð Stakkholt talið með jörðinni, en það var 12 hdr jörð sem lagðist í sand um 1670. Stakkholt er nefnt í bréfi frá 1398 en það hefur verið talið falsað, en jörðin er síðan nefnd í bréfi frá 1475. JÁM I, 111-112;, Landeyingabók, 325 Jörðin í eyði frá 1919. 1709: "Engjavegur er slæmur og verður yfir annarra manna slægjur að ferðast ... Á engjarnar fýkur sandur." JÁM I, 112. 1849: "Eins að öllu landi farið og næst metin jörð. (Önundarstaðir) Ágangslaus." Landeyingabók, 280. 1927: Tún 1,3 ha, þar af 0,2 ha sléttað. "Jörðin er um 68.5 ha., og er nytjuð af ábúandanum í Hólmahjáleigu. Landið er allgott, framræst að hluta, gróið og grasgefið." SB IV, 268.

RA-120:001 *Rimakot* bæjarhóll bústaður
"Rimakot stóð um 800 m frá Hólmum, aðeins sunnan við vestur frá þeim bæ." Segir í Landeyingabók
Heimildir: Túnakort 1927; Landeyingabók, 280

RA-120:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-120:003 *Rimakotshjáleiga* bæjarstæði býli
1709: "Meinast fyrst bygð fyrir 60 árum eða nokkuð meir, lagðist í eyði voruð eftir stórubólu 1707." "Þessi hjáleiga kynni að eins aftur byggjast ómagalausum manni, en ábúandi Rimakots væri og ómagalaus og peningahægur, anars ekki vegna hagaþrengsla og slægjuleysis."
Heimildir: JÁM I, 112

RA-120:004 *Stakkholt* bæjarstæði býli
1709: "Eyðlagðist fyrir sandi hjerum fyrir 40 árum." Var 12 hdr. "Bærinn Stakkholt stóð suður frá Hólmum ..." Segir í Sunnlenskum byggðum "Bærinn Stakkholt stóð suður frá Hólmum, norðan í fjörunni, sem nú er. Þar eru Stakkholtmelar." Segir í örnefnaskrá Hólma. "Stakkholt. Melaþyrping skammt sunnan við Gljábakka undir sandsímanum. Þar stóð á 17. öld samnefndur bær, sem lagðist í eyði vegna sandfoks á land jarðarinnar." Segir í örnefnaskrá Önundarstaða. 1709: "Jörðin og jarðarinnar land alt er komið í sand og gljá, og í so máta aldeilis óbyggilegt." Elsta heimild um jörðina er að finna í sölubréfi Gunnarsholts frá 1389 en það bréf hefur verið talið falsað. Næsta heimild er annað sölubréf frá 1475.
Heimildir: JÁM I, 111; SB IV, 284; Ö-Hólmar, 2; Landeyingabók, 325; Ö-Önundarstaðir, 2-3

RA-120:005 heimild um leið
1709: "Engjavegur er slæmur og verður yfir annarra manna slægjur að ferðast ... Á engjarnar fýkur sandur."
Heimildir: JÁM I, 112

RA-120:006 *Rimakots stekkjartún* örnefni stekkur
Landamerki 1872: "Úr framanverðri Ferstiklu yfir Skrækilsrimatanga beina sjónhending í Harðhaus ... Svo liggja mörkin móts við Kirkjuland úr Harðhaus spölkorn fram í upphlaðna hornmarksvörðu vestanvert við Fljótið, og liggur hún þar sem austustu húsin á Breiðabólsbæ bera í vestasta horn Stóra-Dímonar. Úr þessari vörðu liggja svo mörkin móts við Önundarstaði beina stefnu yfir Þúfuna á rimanaum framanvert við Gamlavað austanvert við Fljótið, og yfir hæstu þúfu á rima spölkorn fyrir innan Rimakots stekkjartún fram í þúfu austanvið Rimakotstún, og er hún þar, sem Austur-Búarhólshjáleiga ber austanvert við Tómagils í Þríhyrningi og Butrubæ laust norðanvert við Seljalandsfoss. Þaðan liggja mörkin eptir gömu garðlagi fram í upphlaðana hornmarksþúfu sem liggur þar, er beina stefnu ber milli Litla-Þríhyrnings og Blátinds í Vestmannaeyjum, og Hólmahjáleiga í norðurhallann á Hájöklinum. Þaðan liggja svo mörkin beina stefnu yfir Skaufhól í áðurnefndan Kristínarhól."
Heimildir: Landeyingabók, 140

RA-120:007 garðlag landamerki
Landamerki 1766: "Rimakots landamerki að austan voru haldin í þúfu fyrir austan Rimakotstúnhala suður í flóðið í garðlagið og keldu eina og þaðan yfir brúlagða dælu suður í engjarnar hvar vottar til garðlags aftur, austur fyrir norðan Skrafagerði austur í farveginn."Segir í Landeyingabók

Heimildir: Landeyingabók, 280

RA-120:008 heimild um brú
Landamerki 1766: "Rimakots landamerki að austan voru haldin í þúfu fyrir austan Rimakotstúnhala suður í flóðið í garðlagið og keldu eina og þaðan yfir brúlagða dælu suður í engjarnar hvar vottar til garðlags aftur, austur fyrir norðan Skrafagerði austur í farveginn."Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 280

RA-120:009 garðlag landamerki
Landamerki 1766: "Rimakots landamerki að austan voru haldin í þúfu fyrir austan Rimakotstúnhala suður í flóðið í garðlagið og keldu eina og þaðan yfir brúlagða dælu suður í engjarnar hvar vottar til garðlags aftur, austur fyrir norðan Skrafagerði austur í farveginn."Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 280

RA-120:010 *Skrafagerði* örnefni
Landamerki 1766: "Rimakots landamerki að austan voru haldin í þúfu fyrir austan Rimakotstúnhala suður í flóðið í garðlagið og keldu eina og þaðan yfir brúlagða dælu suður í engjarnar hvar vottar til garðlags aftur, austur fyrir norðan Skrafagerði austur í farveginn."Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 280

RA-121 Lágafell

20 hdr. 1709. 1475: Jörðin nefnd í sölubréfi. Landeyingabók, 213. 1709: "Landþröng er jörðin, so kúpening verður inn að setja um heyanir, jafnvel áður." JÁM I, 115. HÞ telur nafnið rangt vegna þess að ekkert fell er nálægt bænum, líklegra sé að bærinn hafi heitið Lágivöllur. HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 17. 1849: "Tún mikil og þýfð, engjar litlar og rittulegar. Land til hagabeitar sæmilegt og í betra lagi. Gripagagn gott." Landeyingabók, 213. 1927: Tún 5,8 ha, þar af 5,6 ha sléttað, garðar 1750 m^2. "Jörðin er 434 ha. að stærð, og er allt landið ræktanlegt, vel gróið og grasgefið." SB IV, 27.

RA-121:001 *Lágafell* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-121:009 heimild um landamerki
Landamerki 1825: "...fyrst úr þúfunni í Harðhaus þaðan stefnu eftir garðlegg vestur í Markhól, þaðan stefnu í garðbrot fyrir austan og norðan Skíðbakkavatn, þaðan stefnu í þúfuna á austur garðleggsendanum fyrir austan Króktjörn, þaðan stefnu í Árnaþúfu, þaðan stefnu í áðurnefndan

Harðhaus.” Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 213

RA-121:010 heimild um landamerki
Landamerki 1825: “...fyrst úr þúfunni í Harðhaus þaðan stefnu eftir garðlegg vestur í Markhól, þaðan stefnu í garðbrot fyrir austan og norðan Skíðbakkavatn, þaðan stefnu í þúfuna á austur garðleggsendanum fyrir austan Króktjörn, þaðan stefnu í Árnaþúfu, þaðan stefnu í áðurnefndan Harðhaus.” Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 213

RA-121:011 heimild um landamerki
Landamerki 1825: “...fyrst úr þúfunni í Harðhaus þaðan stefnu eftir garðlegg vestur í Markhól, þaðan stefnu í garðbrot fyrir austan og norðan Skíðbakkavatn, þaðan stefnu í þúfuna á austur garðleggsendanum fyrir austan Króktjörn, þaðan stefnu í Árnaþúfu, þaðan stefnu í áðurnefndan Harðhaus.” Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyingabók, 213

RA-121:012 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
Landamerki 1884: “Hornmark Lágafells að ofan er hin svonefnda Árnaþúfa og er hún þar, sem Önundarstaði ber vestanvert við hákoll á Heimakletti og Selshjáleigu bæ í fremri endann á Búrfelli, þaðan liggur svo markalínan móts við Búðarhól beint fram í Harðhaus, á því takmarki, þar sem Önundarstaðabæ ber í Klettaskörð á Vestmannaeyjum og Norður-Búðarhólshjáleigu í hamrana á Stóra Dímon á norðausturhorni hans. Úr þessu hornmarki liggur svo makalínan móts við Ljótarstaði beina stefnu á vestanverðan Kúfhólsbæ út í Skíðbakkavatn, og er því hornmark þessara jarða út í vatninu. Þaðan liggja svo landamerkin mótsvið Skíðbakka beina stefnu austanvert við svonefndan Lambhúshól, en hann er þar, sem Ljótarstaðabæ ber í Bjarnarey ...”
Heimildir: Landeyingabók, 213.

RA-121:013 *Þvottapyttur* heimild um þvottastað
“Fyrir norðan bærinn á Lágafelli var hnébeygja á skurðinum. Myndaðist þar pyttur, sem kallaður var Þvottapyttur. Þar var skolaður þvottur ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Lágafell, 3

RA-121:014 *Stöðultunga* heimild um kvíar
“Skamt austan við bæ, utan í túninu, var Stöðultunga, sem mun vera gamalt örnefni frá þeim tíma, þegar mjólkað var á stöðli. Hún var að nokkru þýfð, á að gizka 5 mínútna gang frá bæ.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Lágafell viðbætur, 1

RA-121:015 heimild um fjárhús
“Skammt austur af fjárhúsum, sem voru kippkorn austan við tún ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Lágafell viðbætur A, 1

RA-121:016 *Rófuhús* heimild um fjárhús
“Norðan við sameiginlega tún- og engjagirðingu var hús, sem veturgamlir sauðir voru hafðir í, það var nefnt Rófuhús.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Lágafell viðbætur B, 1

RA-121:017 *Stekkjatúnsflatir* örnefni stekkur
“Lækur var vestur frá bænum og féll suður eftir mýrinni. Var engið beggja vegna hans nefnt Lækur. Austan og sunnan hans eru Stekkjatúnsflatir ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Lágafell ÞT, 1

RA-121:018 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
“Mitt á milli Vatnshóld og Lágafells eru svonefndir Vatnshólshólar. Í vesturmarki framan þeirra er Lambhúshóll.” Segir í örnefnaskrá Sennilega sama og 012
Heimildir: Ö-Lágafell ÞT, 1

RA-122 Ljótarstaðir

20 hdr. 1709. Breiðabólstaðarkirkjueign. Landnámsjörð. ÍF I, 154-155. [1197] jörðin nefnd í máldaga kirkjunnar. DI I, 257 "Kúpening verður inn að setja á sumur vegna hagaþrengsla." JÁM I, 115 1709: "Engjum spilla vörn og brjóta af slægjulandinu. Engjar eru votlendar og engjavegur blautur so brúa verður." JÁM I, 115 1849: "Tún við sléttunn nýlega bætt, mikið gott, engjar allgóðar. Gripagagn vont á sumri. Land til hagabeitar lítið og lét." Landeyingabók, 233. 1927: Tún 2,8 ha, þar af 2,4 ha sléttað, garðar 1674 m². "Jarðastærð er óviss, en jörðin er landmikil þar sem undir hana liggja eyðijarðirnar Kirkjuland I og Kirkjulandshjáleiga. Landið er vel gróið og verulegur hluti þess þurrkaður." SB IV, 271.

RA-122:001 *Ljótarstaðir* bæjarhóll bústaður
"Árið 1896 stóð gamall torfbær á Ljótarstöðum, þakinn grjóthellu og torgi. Vestan í hólnum var fjósið, einnig undir grjóthellu. Vestan við það var brunnurinn, sem allt neyzluvatn var sótt í. Svarðkennt var þar í kring, en vatnið í brunninum var alltaf tært og gott." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Túnakort 1927; Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:002 heimild um útkirkja
Mannabein hafa komið upp við jarðrask í bæjarhólnum semgir í örnefnaskrá. LJÓTARSTAÐIR (R) - Maríu (KROSSÞING) - HÁLFKIRKJA[1179]: Mariu kirkia a Liotarstoþum a x hundraþ j lande. kv ok ær .vj. bvning sinn slikan sem er. þar skal skylt at syngia annan hvarn dag loghelgan. ok enn fiorþa hvern otto song skal heima tiund allra heima manna ok skal prestr syngia þar fra Krosse ok kaupa at honum ij morkum vaþmala En ef prestr a allt land ok gegnir við kirkiu ollom maldaga. þa skal hann ei skyldr at kaupa oþrom preste Lysa fire alla helga daga. Þa er sungit er. fra Mariv messv vnz liþr paskavikv; Máld DI I 257[1332]: [frá Krossi er]. sungit annann huern dag helgann til liotastada; Máld DI II 685 [Kross]1397: kirkiann a Liotastodumm liggur [til Kross] oc skal syngia annann hvernn dag oc hinn fiorda hvern ottusaung. nema prestur sa er Þar byr eige landid; Máld DI IV 88-89 [Kross]{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 59}
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:003 heimild um útihús
Gæti verið hluti af 001
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:004 heimild um útihús
Gæti verið hluti af 001
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:005 heimild um útihús
Gæti verið hluti af 001
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:006 heimild um útihús
Gæti verið hluti af 001
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:007 heimild um útihús
Gæti verið hluti af 001
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:011 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1927

RA-122:012 heimild um brú
1709: "Engjum spilla vörn og brjóta af slægjulandinu. Engjar eru votlendar og engjavegur blautur so brúa verður."
Heimildir: JÁM I, 115

RA-122:013 heimild um leið
1709: "Engjum spilla vörn og brjóta af slægjulandinu. Engjar eru votlendar og engjavegur blautur so brúa verður."
Heimildir: JÁM I, 115

RA-122:014 heimild um landamerki
Landamerki 1576: "... garður sá sem gengur sunnar úr Skollhóll upp í Snotruhóla, þaðan í það garðshorn eftir því sami garður tilvísar og það síki gengur að vestan sem skilur í milli Skyrbakka og Snotru, og Snotra á fyrir sunnan en Skyrbakki fyrir ofan. Einnig og eftir því að Snotruland gengur ekki lengra austur en að þeim garði fyrir sunnan síkið, þótti oss það auglýsa sig þar sem garði sleit ekki fyrr en upp við vatnið að Skyrbakki mundi ekki mega lengra eiga austur en að þeim garði."
Heimildir: Landeyjarbók, 233-234

RA-122:015 heimild um landamerki
Landamerki 1576: "... garður sá sem gengur sunnar úr Skollhóll upp í Snotruhóla, þaðan í það garðshorn eftir því sami garður tilvísar og það síki gengur að vestan sem skilur í milli Skyrbakka og Snotru, og Snotra á fyrir sunnan en Skyrbakki fyrir ofan. Einnig og eftir því að Snotruland gengur ekki lengra austur en að þeim garði fyrir sunnan síkið, þótti oss það auglýsa sig þar sem garði sleit ekki fyrr en upp við vatnið að Skyrbakki mundi ekki mega lengra eiga austur en að þeim garði. Síðan rannsökuðum vér innilega fyrir ofan vatnið og fundum þar svo einn garðsenda sem lá að vatninu og með réttri sjónhendingu stóðst á við þan áðurgreinda garð sem fyrir sunnan vatnið er. Reyndum það svo að menn stóðu fyrir ofan og sunnan á þessum garðsendum, tilsettum og að setjast skyldu niður lýrittar í það garðshorn sem áður er sagt og það landamerkjasýki gengur að vestan, aðrir við vatnið í sama garðsenda en þriðju fyrir ofan vatnið í þeim garðsenda sem þar stenst á við áður sagt."
Heimildir: Landeyjarbók, 233-234

RA-122:016 *Torfholtsrif* örnefni rista
Landamerki 1814: "Úr Skollahól í garðsendann, þar sem hann liggur vestur í Torfholtsrif, svo ræður garðurinn sem liggur til austurs allt þar til hann beygist til landnorðurs og norður í dý við Lágafellsvatn að ofan, þaðan vestur í Lágafellsvatn og loks ræður garður frá vatninu og vestur í Markhól milli Lágafells og Ljótarstaða."
Heimildir: Landeyjarbók, 234

RA-122:017 heimild um landamerki
Landamerki 1884: "Eftir dómi 10 októbermánaðar 1576 liggja svo mörkin mótsvið Skíðabakka úr upphlaðinni þúfu á svonefndum Þrætukrók vestanvert við Skíðabakkavatn, þar sem Lágafellsbær ber í Skarðshlíðarskarð og Selshjáleiga í Flókastaðagil ..." Segir í Landeyingabók
Heimildir: Landeyjarbók, 234

RA-122:018 varða landamerki
Landamerki 1884: "Eftir dómi 10 októbermánaðar 1576 liggja svo mörkin mótsvið Skíðabakka úr upphlaðinni þúfu á svonefndum Þrætukrók vestanvert við Skíðabakkavatn, þar sem Lágafellsbær ber í Skarðshlíðarskarð og Selshjáleiga í Flókastaðagil, beina stefnu yfir hornmarksþúfu milli Skíðabakka og Snotru, og þaðan mótsvið Snotru í sömu stefnu, fram í svonefndar Þríþúfur á innanverðum Snotrurima, og liggja þær þar sem Búðarhólsbæ ber í miðja Hvanmósbrekku og Skíðabakkabæjar laust vestanvert fram í upphlaðna hornmarksvörðu milli Ljótarstaða og Kirkjulands, en frá þeirri vörðu ber Ljótarstaðabæ í hájökulinn laust norðanvert við Drífanda, og frá henni er bein stefna yfir Markhól í Klofadranga ..."
Heimildir: Landeyjarbók, 234

RA-122:019 heimild um fjós
"Árið 1896 stóð gamall torfbær á Ljótarstöðum, þakinn grjóthellu og torfi. Vestan í hólnum var fjósið, einnig undir grjóthellu. Vestan við það var brunnurinn, sem allt neyzluvatn var sótt í. Svarðkennt var

þar í kring, en vatnið í brunninum var alltaf tært og gott." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:020 heimild um brunn
"Árið 1896 stóð gamall torfbær á Ljótarstöðum, þakinn grjóthellu og torfi. Vestan í hólnum var fjósið, einnig undir grjóthellu. Vestan við það var brunnurinn, sem allt neyzluvatn var sótt í. Svarðkennt var þar í kring, en vatnið í brunninum var alltaf tært og gott." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:021 heimild um kvíar
"Norðan við bæinn var stöðulinn, þar sem kýrnar voru mjólkaðar á sumrin." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:022 *Stekkartún* örnefni stekkur
"Framan við bæinn var svonefndur Eldiviðarbali ... Sunnar var Stekkatún, þar sem fjárhúsin voru." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:023 heimild um fjárhús
"Framan við bæinn var svonefndur Eldiviðarbali ... Sunnar var Stekkatún, þar sem fjárhúsin voru." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:024 heimild um kvíar
"Framan við bæinn var svonefndur Eldiviðarbali ... Sunnar var Stekkatún, þar sem fjárhúsin voru. Kvíarnar voru mitt á milli Stekkatúns og bæjar, hlaðnar úr kekkjum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:025 *Sauðaborgir* heimild um fjárhús
"Austur í högunum voru svonefndar Sauðaborgir. Þar voru tvö fjárhús um aldamótin." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-122:026 *Sauðaborgir* heimild um fjárhús
"Austur í högunum voru svonefndar Sauðaborgir. Þar voru tvö fjárhús um aldamótin." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ljótarstaðir, 1

RA-123 Kirkjuland

30 hdr.1709. Breiðabólstaðakirkjueign að tveimur hlutum, aðrir hlutar í bændaeign. 1340: Jörðin nefnd í máldaga Þykkvabæjarklausturs. Landeyingabók, 165. En hjáleiga fylgdi jörðinni, Kirkjulandshjáleiga en 1709 þótti hún óbyggileg vegna hagaleysis en 1847 er hún í byggð. 1709: "Reka á jörðin fyrir Eystri Fitjar landi, kallast Kirkjulandsfjara,sjerhver partur eftir tiltölu." JÁM I, 116-117, JJ, 29 Með Kirkjulandi er skráð Stóra Fit og hjáleigur hennar Eiríksfit,, Vestarafit og Brinkafit. sjá JÁM I, 117-118 Jörðin fór í eyði árið 1946. 1709: "Engjar, sem til forna hafa jörðunni fylt, eru komnar í sand og vatn og er nú hagamýri brúkuð til slægna. Á landið gengur sandur og spillir því stórum. ... Þessi jörð liggur undir miklum spjöllum af sandi og vatni og jafnvel eyðileggingu." JÁM I, 116 1849: Tún þýfð en töðufall allgott. Engjar votsamar en ekki litlar. Land lítið og létt og gripagagn á sumri að því. Sandur fýkur á tún og engjar." Landeyingabók, 165. 1927: Vesturbær: Tún 2 ha, þar af 1,8 ha sléttað, garðar 1360 m^2. Austurbær: Tún 2,5 ha, þar af 2 ha sléttað, garðar 840 m^2. "Land jarðarinnar er mýrlent að miklum hluta, og áður en framræsla hófst lá landið mjög undir vatni, sem safnaðist saman suður við sandinn ..." SB IV, 272

RA-123:001 *Kirkjuland* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:002 heimild um bænhús

“Talið er að bænhús hafi verið á Kirkjulandi til forna.” Segir í Landeyingabók. “Kirkja var á Kirkjulandi á miðöldum, eins og bæjarnafnið ber með sér. Stóð hún á hól austan við austurbæinn.” Segir í örnefnaskrá. 1839 “Á Kirkjulandi meinast verið hafi bænahús, en hvenær er óvíst.” “Þar var á seinni tíma heygarður. Hafa þær rústir verið sléttaðar út á síðustu árum byggðarinnar.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Landeyingabók, 165; Ö-Kirkjuland og Kirkjulandshjáleiga, 1; SSR, 115

RA-123:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:013 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:014 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1927

RA-123:015 *Stóra Fit* bæjarhóll bústaður
Býli sem var 15 hdr, fór í eyði um 1690. “Bærinn á Stórufit var tæplegar tveimur og hálfum kílómetra vestar en Önundarstaðir og aðeins vestan við suður frá Kirkjulandi um það bil ellefu hdr. metra fjarlægð þaðan.” Segir í Landeyingabók “Í Gljánni eru Fitjamelar, Eystrifit og Vestrifit. Þar voru bæir með þeim nöfnum.” Segir í örnefnaskrá Kirkjulands. “Brynkafit, lítill melur, er í Gljánni, sem heitir þessu nafni, og annar melur er dálítið austar, sem heitir Stórafit. Óumþrætt voru þara bæir, því í Stórufit hafa fundizt ýmsir hlutir; kljásteinar, naglar, stálbor, grjót o.fl. Um Brynkafit er víst, að til hefur verið, þótt lítið hafi fundizt þar.” Segir í örnefnaskrá Brygga.
1709: “Jörðin eyðilagðist fyrir blásturssandi, so bygging öll er af, og landið mestalt komið í sand og vatn; það lítið sem eftir er, er ei metið til gagnsmuna af eigendum, og brúka það Kirkjulands ábúendur eftir því sem verða vill. Þessi jörð kann aldrei aftur byggjast, því land og slægjur er í burt.”Jörðinni tilheyrði þrjár hjáleigur. Jörðin fyrst nefnd í bréfi 1521.
Heimildir: JÁM I, 117; Landeyingabók, 326; Ö-Kirkjuland og Kirkjulandshjáleiga, 2; Ö-Bryggjur, 3

RA-123:016 *Brinka-Fit* bæjarstæði býli
1709: “Brinka-Fit var afbýli eður hjáleiga frá Stórufit, lagðist í eyði eitthvað fyrir 40 árum af blásturssandi. ... Bæjarstæðið og landið umhverfis er komið í sand og vatn og kann þar fyrir aldrei aftur

byggjast." "Brynkafit, lítill melur, er í Gljánni, sem heitir þessu nafni, og annar melur er dálítið austar, sem heitir Stórafit. Óumþrætt voru þara bæir, því í Stórufit hafa fundizt ýmsir hlutir; kljásteinar, naglar, stálbor, grjót o.fl. Um Brynkafit er víst, að til hefur verið, þótt lítið hafi fundizt þar." Segir í örnefnaskrá Brygga. "Brynkafit meina sunir, að hafi verið vestur í Þéttumelur, vestur undir Krossós." Segir í viðbótarskrá Þórðar Tómassonar um Fjörumörk og fleira.
Heimildir: JÁM, 117; Ö-Bryggjur, 3; Ö-Fjörumörk, 1

RA-123:017 *Vestrifit* bæjarstæði býli
1709: Jörðin var 10 hdr, eyðilagðist vorið eftir Stórubólu. Jörðin hafði þá verið að minka vegna sandblásturs. "Bærinn stóð neðarlega á Krossfjöru, 2,7 til 2,7 km í suður frá Krossi og um það bil 3 km í vest-norðvestur frá Eystrifit." Segir í Landeyingabók Í Gljánni eru Fitjamelar, Eystrifit og Vestrifit. Þar voru bæir með þeim nöfnum." Segir í örnefnaskrá 1709: "Byggíng öll er af fallin og mesti partur landsins í vatn og sand kominn,og kann þar fyrir þessi jörð ekki aftur byggjast." 1332 í jörðin nefnd í máldaga Breiðabólstaðarkirkju.
Heimildir: JÁM I, 117; Landeyingabók, 382-383; Ö-Kirkjuland og Kirkjulandshjáleiga, 2

RA-123:018 *Eiríks Fit* bæjarstæði býli
1709: Byggð úr landi Vestari Fitjar og reiknaðist 5 hdr. Fór í eyði um 1680. 1709: "Bæjarstæðið og landið mestan part fur blásturssandur af tekið, og er þar fyrir alldeilis óbyggilegt."
Heimildir: JÁM I, 118

RA-123:019 varða landamerki
RA-004:038 *Skjöldustígur* heimild um leið
"Austan á Austurflánum er Skjöldustígur, vestur með berginu." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skarðshlíð, 1

RA-004:039 *Þerriból* örnefni
"Ófeigsgrjót eru, þar sem vesturbærinn í Skarðshlíð stendur nú. Í þeim er Ófeigshellir. Þar upp af er Þerriból í fjallsberginu niður við brekkuna." Segir í örnefnaskrá. Þurrkaður þvottur í vætutíð.
Heimildir: Ö-Skarðshlíð, 1

RA-004:040 *Þvottaból* örnefni þvottastaður
"Þvottaból er upp af Ófleigsgrjótum, vestast í Skarðshlíðarlandi." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Drangshlíð- Skarðshlíð, 5

RA-005 Hrútafell

80 hdr 1686. 40 hdr. 1695/97/1709 með afbýlunum Hrútafellskoti (5 hdr) og Bökkum (2 hdr og 60 álnum). 1584 er jörðin nefnd í landamerkjamáli. Jörðin á fjöru í landi Ytri-Skóga. (JÁM I, 32-33). Tvíbýli var til miðrar 20. aldar. "Fellið er vel gróið ofan brúna og var þar áður vetrarganga fyrir sauði. Landareignin er víðlend á mælikvarða Eyfellinga, töðuvellir næst bæ, utar gömul engjalönd. Inn frá bænum, vestur af fjallinu blandast saman grundir og aurar. ... Vesturhlíðar Drangshlíðarfjalls eru í landareigninni, grónar til metra muna. Innar tekur við Hrútafellsheiði með innstu takmörk við Eyjafjallajökul." (SB IV, 54-55)

1709: Engjar eru að miklu leyti af fyrir sandi, grjóti og leir af vatnságángi úr Kaldaklofsá. Hagar eru og mjög forargaðir af blástri, vatni, skriðum og sandi." (JÁM I, 34) 1839: "Hefir þessi jörð nokkra hagagöngu fyrir sauðfé á vetrum og að því skapi sæmileg tún, en lakari útslægjur. Hætt er við að jörðin líði skaða af Kaldaklifsá, þá hún flæðir yfir tún, engi og haga og af þessm orsökum hefur jörðin gengið nokkuð af sér." (SSR, 17) 1924: Suðurbær : Tún 12,9 ha, garðar 2016 m^2. Norðurbær: Tún 2,8 ha, garðar 1354 m^2.

RA-005:001 *Hrútafell* bæjarhóll bústaður
Tvíbýli var þar til um miðja 20. öld. Bæjarhúsin stóðu þétt saman og hafa sjálfsagt alltaf verið á sama stað. Bærinn stendur rétt neðan þjóðvegar þar sem hann beygir fyrir Hrútafellið. Fjögur býli voru hér 1703. Bæjarhús Hrútafells II standa enn og mun gamli bær Hrútafells I hafa staðið þar rétt sunnan við. Fjöru átti jörðin fyrir Ytri Skóga landi. Engjum spillti Kaldaklofsá, högum blástur, vatn, skriður og sandur. Segir í Jarðabókinni
Heimildir: SB IV, 55. JÁM I, 32-4.

RA-005:002 *Bakkarnir* bæjarstæði býli
Bakkarnir voru afbýli frá Hrútafelli, alls 2 hdr og 40 álnir. Var fyrst byggt um 1660 en lagðist í eyði árið 1708. "Byggð hófst þar síðar á 18. öldinni og lagðist endanlega niður 1784. ... Bærinn stóð í suðvesturhorni Hrútafellslands. ... Bæjarrústin er um 530 m norðaustur af Klömbru." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Bakkamýri er gamalt býli úr Hrútafellslandi suður við Klömbrumarkið." Segir í örnefnaskrá Hóllinn er rétt vestan vegar norðan við Klömbru.

Kaldaklofsá spillti slægjum og högum. Ferhyrningslaga hóll, vísar í 314 °. Sér e.t.v. móta fyrir tóftum í suðvesturhluta hans. "Aðalhúsið hefur verið skáli. um 7.80x2.90 m að flatarmáli. Heygarður að baki skála hefur verið um 10x7 m að flatamáli, með breiðu hlið móti norðri." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: JÁM I, 34-35; SB IV, 55

RA-005:003 *Rútshellir* hellir útihús **Friðlýstar fornleifar**
"Hellir einn er í túninu, sem brúkast fyrir geymsluhús, og er til stórra hlunninda." Gengur inn í móbergsstapa sem er laus frá Hrútafellinu rétt austan við bæinn, rétt norðan þjóðvegar. Talið að Rútur nokkur hafi búið hér. Ýmsar þjóðsögur eru um hann. "J Skóga Kÿrkiu Sókn fÿrir Austann sokallada Landnámsjörd Hrútafell, liggur til Landnordurs þadann, rétt vid Alfaravéginn einn stór og merkilegur Hellir, kalladur Almennt Rútshellir, hvörs Útmálun og Afmælíng er þessi: - 21 al: Lángur - á vídd ad framanverdu 7 al: - vid stafn 5 al: - á hæd, þar sem hann er hærstur 5 al - Framann vid hann er þil ödrumeiginn enn Grióthledsla Nÿ ödruméginn - 2r Dÿrastólpar, med Hurd og lömum í frekara lagi gÿldum, hvad sídar tiáist tilsett. - Framan vid þilid er Fordÿri stórt 3ia álna Lángt af jafnri Vídd og Hæd vid sjálfann Hellirinn - Innan fyrir þessu þili sjást bitaför í Veggium til Hlida 5 hvöru meiginn - Gólfid í Hellirnum er af fasta ósliettu Móbergi - , sem ordsakar mishæd Hellirsins; Hellirinn er allur í Mænir inanverdt hvölfdur, med mjög mörgum Smáholum til beggja Hlida. Hellirinn virdist allur ad innan verdu vera lagadur med Útklppun af Mönnum - Á vinstri hönd þá inn er geingid í Hellirinn, 13 álnir frá Adl Inngaungunni, er annar minni Hellir þvert út úr, sem kallast Stúka, og horfir med utidÿrum til útnordurs - hann er10 al: á leingd, 4 álnir á vídd 4 1/2 al: á Hæd - Austannverdt í þessum Hellir er Steinbekkur klappadur 2 1/2 al - med þunnum Móbergsbotni ÿfir Adal hellirnum, med kloppudu gati ígegnum midjann Botninn, og tiáist þetta vera Rúm Rúts, er bÿgdi Hellirinn - er sagt Fjandmenn hans hafa viljad vega ad honum gégnum gatid med Spióti, enn hafi ei dugad, þar Rútur var þá í burtu. - þetta Rúm er fyrir þverum Gabli, og eikur þessa Hellirs leingd um 2r álnir - Stúkan er hærra upp enn sjalfur Hellirinn hérvid 1 1/2 al - Skilrúm er milli hálfrar Stúkunnar og Hellirsins af þunnu fasta Móbergi - Bitahögg í Stúkunni til Hlida eru 7 hvorju meiginn. - á Sidri Hlidveg e þessi mind [tákn] - nÿdri Hlid [tákn] - J Móbergsgólfi Stúkunnar eru höggnar þessar Holur [tákn] sem sagt er ad sé Nóstockur Rúts - [tákn] Ablgröf hans, [tákn] Stediastædi hans; - Hvör þessi Rútur hafi verid hefir eg ecki neínstadar gétad fundid um skrád, og ecki gétur hans sú prentada Landnáma sem vær höfum, þó almenn Folks-sögn gangi fÿrir ad hann hafi verid Landnáms madur." [afmg.2: Sagnir um Rút og hellinn eru skráðar í Ferðab. EÓBP II Rv., 1974,195 (frumútg. 1772,925-6. Í Almennri Landaskipunarfrædi. Fyrra partsins annarri deild: Nordurlöndum. Kh. 1821, 180: "Rútshellir undir Eyjafiöllum; í hönum er híbýli, 24álnir á lengd, 8á breidd og 4 á hæd og er þat hvelft hit efra; út frá því gengr afhellir nokkr med lopti uppí, ætlat til sængurstædis, og er gat á loptinu, igégnum hvört, medd segia, at hellisbúin, Rútr af nafni, er giördt hafi hellirin sér til varnar, þar hann átti sökótt í héradi, hafi á fornöld lagvopnum lagdr verit til bana af fiandmönnum hans; ástundum búa menn í hellir þessum." FF,117-118

BJ 1901: "Hellirinn er nál. 20 al. langur, nál 6 al. breiður en að eins 3 1/2 al hár. alstaðar jafn að kalla. lágrýtisklöppin; þar er þursaberg niður úr gegn; liggur glufan þó lægra en hellisgólfið. Svo er kletturinn stór, að austurveggur hellisins er á að gizka 2 al. þykkur, hinn þó miklu þykkri en ræfið þó þykkast. Brekka er upp með vesturhlið hellisins. Þar verða fyrir dyr á öðrum helli, er gengur þvert inn í klettinn og stefnir á aðalhellinn miðjan. Dyrnar eru lágar, og er niðurgegnt í þennan þverhelli. Niðri er hann nál. 6 al víður, nál 7 al. langur og nál. 4 al hár. Þó hann sé ekki hærri en þetta, hafa á sínum tíma verið settir í hann bitar af tré, sjást sporin, sem fyrst þá eru höggvin, báðum megin í hliðunum, og þar niður undan eru holur í miðju gólfið fyrir stoðir, sem

staðið hafa undir bitunum. Gaflinn í þessum helli, milli hans og aðalhellisins, er svo þunnur, að hann hefir öðrum megin brotnað burt, næstum hálfur, og er það allvítt op inn í aðalhellinn, nálægt miðju hans, og er það ofan af meir en álnarháau þrepi að fara ofan í aðalhellinn. Sá hluti gaflsins, sem heilt er, fláir dálítið; má ganga hann upp, og kemur maður þá í skot, sem er jafnbreitt þverhellinum, en tæplega 3 al hátt. Er það sem loft yfir aðalhellinum á þeim parti, en lenging við þverhellinn ofanverðan. Inst í skotinu er gat niður úr loftinu ofanum mæli aðalhellisins, ál 1/2 al. vítt. Í aðalhellinum eru á 2 stöðum berghöld í ræfinu, og á einum stað í klettinum úti, norðanmegin. Þau eru því líkust, sem hálfir bollar séu höggnir inn í bergið, tveir hvor á móti öðrum; verður þá haft mlli þeirra og er þar höggið gat á. Bæði í aðalhellinum og þverhellinum er ræfið eins og reglulega mynduð bogahvelfing og gaflarnir eru skarpt afmarkaðir. ... Nokkur hluti gjögursins sem er bak við klettinn gengur innundir hann, og innundir gafl aðalhellisins, er þar nú afhlaðin lambakró." Vísar í 250 °, að hluta lagaður af manna völdum. Rákir og holur í veggi þar sem hvelfing byrjar bendir til loftútbúnaðar. Gat í N-enda sem er sveigður, e.t.v. heylúga. Timburþil skilur hlöðu og fjárhús nú. "Í sýslulýsingu Þorsteins Magnússonar á Móeiðarhvoli 1744 segir: "Eitt þessara steinhúsa, á Hrútafelli undir Eyjafjöllum, er það sérstæðasta, þar sem hægt er að ganga inn í fjall eins og kapellu og fyrir forhellinn eru gjörðar dyr með læsingu, skráarlaufi og þili með gluggum umhverfis. Rúmið inni er svi stórt og hátt að hið efra er hægt að skilja frá hinu neðra með lofti." Rútshellir hefur í fornöld verið mannabústaður. í manna minnum hefur hann verið notaður sem heyhlaða og snemma á þessari öld var byggt framan við hann fjárhús. Hellisgjörgið bak við Rútshelli var notað sem hjallur. Þar var þurrkaður þvottur, harðfiskur og eldsneyti. Uppi í Hrútafelli var reipaból bóndans. Í öðrum hellum voru húsið hældar og reiðingar þurrkaðar." Segir í Sunnlenskum byggðum. - 1981 þegar skráning fór fram, var hellirinn fullur af heyi. Vegagerðin vildi losna við fjárhúsið og flest útihúsanna til að rýma fyrir vegagerð. Bóndinn hafði ekki gefið leyfi. Páll í Árkvörn tekur Rút hafa verið einn að félögum Þrasa landnámsmanns sem hafði sett hann þar sem landvarnarmann á takmörkum landnáms síns. Aðrar þjóðsögur telja Rút þennan hafa verið sakamann, óvinsælan sveitahöfðingja eða tröll, sem héraðsbúar hafi endanlega unnið á með að höggva gat á hellisgóflið undir rúmi hans og leggja hann í gegn um það.

ÁH 1991: "Tveir manngerðir hellar eru höggnir inn í höfðann. Stóri hlöðuhellirinn er beinn og hvelfdur, a.m.k. 20 m langur. Framan við hann er hlaðið fjárhús. Gaflinn er gerður úr stórum hleðslusteinum en efsti hluti has er úr steinsteypu, hellur og torf í þaki. Húsið var fyrst byggt um 1917 en hefur verið endurbætt oftar en einu sinni síðan. Litli hellirinn, Stúkan, gengur hornrétt á þann stóra. Hann er einnig beinn, hvelfdur og reglulegur. Grunnflötur er 8,05 x 2,40 m^2. Hann er lægstur við dyr, tæpur metri á hæð, en hækkar mikið inn og verður hæstur nær 3 m. Kross er höggvinn í bergið fyrir miðjum gafli upp við þak. Hann er 35 x 22 cm, strikin eru 4 cm á breidd og krossmiðjan er 22 cm frá grunni. Gamlar lýsingar á hellinum nefna ekki krossinn. Op eru á milli hellanna. Matthías Þórðarson tók ljósmynd af Rútshelli einhvern tíma um 1920. Þá var ekki búið að reisa fjárhúsið framan við hann.1992: "Rútshellir skiptist í tvennt, Aðalheli og Stúku, sem gengur hornrétt á aðalhellinn miðjan. Framan við hann er fjárhús, en á þessari öld hefur hellirinn lengst af verið notaður sem heylaða. Lengd aðalhellis mældist 16,3m frá botni og út í fjárhúsið sem stendur við hann 82. og 3. mynd). Hann er beinn en þrengist lítið eitt inn á við, mesta breidd er 4,8m en innst, þar sem hann er mjóstur, er hann 3,7m. Lofthæðin er nokkuð jöfn. yst er hún víðast 2,5-2,7m, en innst 2,2m. Í munnanum er gróf í gólfinu og í henni eru þrep upp í hellinn. Þau eru þrjú en hafa ef til vill verið fleiri, neðstu þrepin sjást ekki og efsta þrepið er eytt af langvarandi slitli, svo þar er einungis ójafn halli upp í hellinn. Gólfið þar inn af er óslétt og hallar upp á við inn hellinn, er um 1,6m hærra innst en yst. Áberandi dæld er í gólfinu sem teygir sig utan frá munna og inn fyrir miðjan helli. Dædin er óregluleg í lögun og óslétt í botninn og stingur að því leyti í stúf við aðra hluta hellisins. Engin merki um flór eða lokræsi er að sjá en vatnshalli er alstaðar út. Þó verður ekki vart við leka nema út við munnan. Með norðurvegg er áberandi slétt ræma sem afmörkuð er með rás í gólfinu. Rásin er víðast 5-10 m breið en grunn. Sums staðar er hún þó eydd. Ræman er víðast 20 cm breið og liggur nokkuð jafnt hallandi frá munna og inn undir botn, þar sem hún endar tæpan metra frá gafli. Samskonar ræma og rás er meðfram suðurvegg en halli þeirra er ekki eins jafn og norðanmegin og þar er fólfið heldur ekki eins slétt. Utarlega í hellinum eru þrjár kringlóttar holtur, eins og eftir stoðir ó gólfinu, stærsta holan er 15 cm djúp þar sem hún er dýpst og önnur við hlið hennar 12 cm, en sú þriðja, sem er út undir norðurvegg, er örgrunn. Loftið er mun sléttara og jafnara en gólfið með fínum höggförum í berginu sem sýna að nostursamlega hefur verið að verki staðið er hellirinn var gerður. Loftið er hvelft og bogamyndað innan til, en ysti hlutinn er flatur og bungar á kafla lítið eitt niður á við. Innarlega er sporöskjulaga op í miðri hvelfingunni sem gengur upp í Stúkuhellin. Það er 50x80 cm að stærð og bergþykktin í því er 40 cm. Loftinu hallar upp á við frá muna líkt og gólfinu. Innan við opið á hvelfingunni lækkar það þó og hallar í andstæða átt á kafla en heldur svo áfram sama halla og fyrr inn að gafli. ysta lag bergsins, veðrundarhúðin, er ljósbrún með hvítum yrjum og hún þekur hellinn að mestu að innan. út við munnann aka veggirnir lit af grænleitum þörungagróðri og mosa og þar vex tófugras niður úr rjáfinu. Smágöt hafa dottið í veðrunarhúðina á stöku stað, einkum meðfram mjórri sprungu sem skásker innsta hluta hvelfingarinnar, og þar sér í dökkleitt ferkst móberg undir. Veggirnir, sem upphaflega hafa verið slétthöggnir líkt og loftið, er settir ótal holum, hillum og berghöldum. Holurnar eru ýmis nokkuð hringlaga eða aflangar upp og niður. Einnig sjást ferstrend bitaför. För eins og eftir skilrún eru á veggjunum 4,5m innan við munna (miðað við neðsta þrep) óljós þó. För eftir einhverskonar skilrúm eða milliveggi sjást víðar, en vergi annars staðar má

rekja þau þvert yfir hellinn. Inn undir hellisgafl, 10-15 cm frá vegg, eru lóðréttar grópir báðum megin niðri við gólfið, líkt og þar hefði verið timburverk fyrir gaflinum. ... Stúkuhellirinn eða Stúkan er falleg smíð. Inngangurinn að utan er freur lágur, sveigmyndaður efst en neðri hluti hans sést ekki fyrir hleðslu sem þar er. Frá inngangi eykst lofthæðin upp í 3,5m háa hvelfingu. Veggirnir eru bogsveigðir inn frá munna, lóðréttir neðan til en engin glögg skil verða þar sem hvelft þakið tekur við. Stúkan er öll áferðafallegri að innan en Aðalhellirin og gólfið er lárétt og slétt. Meitilför sjást vart í veggjum og lofti en á örfáum stöðum eru smágöt í veðrunarhúðina, aðallega meðfram sprungu sem gengur þvert yfir loftið utanvert. Innst í hellinum er bálkur mkill höggvinn í bergið, rúmstæði Rús, samkvæmt þjóðsögum. Þar verður 1,7m upphækkun á gólfinu. Veggurinn upp í rúmið, rúmstokkurinn, er brattur en ekki lóðréttur. Þrjú óglögg þrep eru í honum við munann niður í Aðalhelli. Enn ógleggri þrep eru lengra til hægri. Rúmbotninn er slétur, 1,5 m á breidd og 2,7 m á lengd. Þaðan eru 2 m upp í þak þar sem hæst er. Gat er í rúmbotninum niður í Aðalhelli. Það er ekki fyrir miðju rúmi, heldur nær austurvegg og alveg við hellisgafl. Raunar hefur þurft að taka aðeins úr gaflinum fyrir gatinu. Á veggjum Stúku eru bitaför, 5 í röð beggja vegna, öll í sömu hæð og botn rúmsins. För í austurvegg eru slétt að neðan en bogsveigð að ofan, 10-13 cm djúp. Förin á vesturvegg eru grynri og með gróp út frá sér til að smeygja bitum í sæti sín. Í inngangi eru för eftir þvertré sem tengjast dyraumbúnaði eða þili sem þar hefur verið. Einungis efstu förin sjást, líklega eru fleiri bak við hleðsluna. Berghöld eru aðeins þrjú. Eitt tákn er á hvorum vegg út undir inngangi og einfaldur kross á gaflvegg. Aðrar áletranir sjást ekki. Skammt innan við hleðsluna í inngangi eru tvær holur í gólfinu. Sú inri er 28x63 cm á kant og 12-14 m á dýpt. Hin er ferningslaga 40x40 cm og sá barmur hennar sem að inngangi snýr eilítið bogsveigður. Hún er 20-25 cm djúp. Utar er lítil upphækkun í gólfinu. Þar hefur verið skilin eftir 25 cm hár móbergspallur þegar hellirinn var höggvin úr. Hann er í grófum dráttum þríhyrningslaga og stendur topphorn þríhyrningsins út á gólfið, út á móts við holurnar, en grunnlína hans er samgróin veggnum. Um 30 cm frá horni steinsins er ferningslaga bolli höggvinn í hann 9x9 cm, dýpi 8-9 cm. Skarð er í barm hans. Fyrir miðri innri brún steinsins er berghald." Niðurstaða greinahöfunda er á þá leið að í Rútshelli hafi verið smiðja.
Heimildir: JÁM I, 33; SB IV, 14-15; FF, 117-118; Haraldur Matthíasson, 57: Páll Sigurðsson: "Um forn örnefni" StSÍ II, 508; Manngerðir hellar, 257-266; BJ "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 26-27; HG/ÁH: "Rútshellir" Árbók 1995, 37-47; ÁG: Friðlýsingarskrá, 64

RA-005:004 mannvirki fjárhús
Beint framan við Rútshelli. Stendur lægra. Vísar í 250 °, ferhyrnt, grjót- og torfhlaðið, fallega hlaðinn framgafl en steyptur mænir, þykk hella yfir dyrum, hellur og bárujárn á þaki + torf. Tvöföld stoðarröð. Veggjaþykkt 1,55m, breidd dyra 0,9m. Jata breidd 0,4m. Að innanmáli er húsið 10,2m x 3,6m, hæð 2,9m en að utanmáli 12,4m x 7,1m.
Heimildir: SB IV, 15

RA-005:005 hellir hlaða
Í berginu norðan við 003 og 004. Hlaðið var upp í hellismunnann. Gólfi hallar. Notað sem heygeymsla fyrir sauði. Stærð 5,25m x 4,3m hæð 2m.
Heimildir:

RA-005:006 *Húðarból* hellir
"Vestan við Vesturkinn er klettur, sem Krá kallast, ofan við fjárhúsin. Ofan við hann er Lofthellir, sunnan í Hrútafellsfjalli. Austan við hann er Reipaból og austan við það Húðarból." Segir í örnefnaskrá Húðaból er í berginu rétt vestan við 005. Skúti sem húðir voru þurrkaðar í
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:007 *Reipaból* hellir
"Vestan við Vesturkinn er klettur, sem Krá kallast, ofan við fjárhúsin. Ofan við hann er Lofthellir, sunnan í Hrútafellsfjalli. Austan við hann er Reipaból og austan við það Húðarból." Segir í örnefnaskrá Reipaból er í berginu rétt vestan við 006. Skúti sem reipi voru geymd í
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:008 mannvirki fjárhús
Um miðja vegu milli bæjar og Rútshellis, rétt norðan þjóðvegar. Flatlent, landþröngt. Vísa í 200 °, 2 sambyggðar ferhyrndar burstir, breidd 40 & 5.50, steyptar, ásaþak með hellum og torfi. Farin að hrynja. Skipt með trégrind, jötur á grjóthleðslum, tvöföld stoðarröð úr þeim heldur þaki. Vestan við er útflött tóft. Hlaðan er þvert aftan við, grafin inn í hlíð, þak hvílir á jörðu, steyptir gaflar; hefur verið lengd um 2m til austurs. 17.70 x 5.50 að utanmáli. Bárujárnsþak, fallið.
Heimildir:

RA-005:009 mannvirki útihús
Rétt vestan við 008. Aðstæður sbr. 008. 2 sambyggðar burstir með steyptum göflum. Ásaþak, 1m þvertré c. í miðju húsi. Grjóthlaðin jata við v-vegg, breidd 0,45m, hæð 0,54m. Pallur, 2,5m x 2m framan við, frá A-dyrakampi V-húss. V-hús 5m x 5,1m (2,9m innan). Notað fyrir kálfa. Utanmál alls 6,5m x 10,5m.
Heimildir:

RA-005:010 hleðsla herslubyrgi
Í berginu norðan við 009. Skora í bergið. Fiskur hengdur hér og látinn síga og þurrkast.
Heimildir:

RA-005:011 mannvirki hesthús
Aðeins vestar en 010, byggt upp í bergið. Aðstæður sbr. 010. Vísar í 226 °, grjót- og torfhlaðnir veggir á 3 vegu upp í A-hlið kletts. Ásaþak með hellum og torfi. Garði með vesturhlið, breidd 0,4m, hæð 0,6m. Gengið upp 2 þrep inn í húsið. Dyr breidd 0.9m, hæð 1,5m, veggjaþykkt 1,6m. Innanmál 3,2m x 2,5m.
Heimildir:

RA-005:012 tóft
Í berginu rétt vestan við 011. Vísar í 10 °. Tvær samsíða steinaraðir. Hallar upp í brekku. Ógreinilegt.
Heimildir:

RA-005:013 *Blöndusteinn* mannvirki
Blönduker er í kletti ofan við bæinn. Höggvið ofan í klett. Þak talið hafa verið yfir, en engin merki eru um það nú. Hér var í fyrndinni blönduð sýra. 1,4m x 0,83 m að stærð.
Heimildir:

RA-005:014 hellir fjárskýli
Í fjallinu ofan við bæinn. Grjótvegg hlaðið í sveig upp að berginu sem slútir fram. Óljóst hvort þak var á. Notað sem fjárból. Að utanmáli 11,3m x 2,7m lengd að innan 8,1m.
Heimildir:

RA-005:015 tóft fjárskýli
Norðan í Litlafelli, norðan bæjar. Byggt upp í bergið. Ferhyrnd tóft, 4,9m x 1,6m, dyr breidd 0,45m, hlaðið yfir þær upp að bergi. Skúti, 4,8m x 1,8m, hæð 4m, grjóthlaðnir veggir. Rétt? framan við tóft, L-laga, vísar í 300 °, 7,8m x 4m, veggjaþykkt 1,4m, dyr breidd 0,5m. N-hlið og A-gafl eru hátt hlaðin grjóti upp í bergið. Mjór stígur liggur upp að fjárbólunum meðfram bergbrún, upp allnokkurn halla. Mjög skjólgott. Gott dæmi um það hvernig landsmenn nýttu landslagið við byggingarframkvæmdir. Hendersen sem ferðaðist um Ísland 1814-15 nefnir þetta sérstaklega á Hrútafellssvæðinu.
Heimildir: Hendersen , 257

RA-005:016 hellir fjárskýli
Rétt austan við 01.. Aðstæður sbr. 015. Vísar í 284 °. Fallega hlaðnir veggir, þykkt 1,95, þykk hella yfir dyrum, breidd 0,5m; berg myndar S-hlið, A-gafl og mest af N-hlið er grjóthlaðið. Þak yfir öllu. Gengið niður 5 tröppur inn í bólið, hæð 1,25m. Aðganga eftir stíg sbr. 015. Stærð 3,7m c 1,5m, hæð um 5m.
Heimildir:

RA-005:017 mannvirki útihús
Norðan þjóðvegar, norðan bæjar. Nálægt aflíðandi fjallsrótum. Grjóthlaðnir veggir, bárujárnsklæddur gafl. Veggjaþykkt 1m. Utanmál 4,8m x 4,9m.
Heimildir:

RA-005:018 garðlag túngarður
Norðan þjóðvegar, beint í norður upp frá bæjarhúsum. Vísar í 170 °. Grjót og torfhlaðinn. Lengd 2m.
Heimildir:

RA-005:019 tóft útihús
Rétt norðan þjóðvegar, rétt vestan við túngarð (018), beint norður af bæjarhúsum. Flatlendi. Vísa í 204°. Hús vestast með bárujárnsþaki og -gafli, dyr í SA-horni, lengd 4,4m, breidd 4,1m, veggjaþykkt 1,2m. Sambyggð tóft, grjót- og torfhlaðin, hefur haft trégafl, lengd 3,1m, breidd 1,9m, bekkur við N-gafl. Rétt framan (sunnan) við, lengd 11,2m, breidd 10,9m.
Heimildir:

RA-005:020 mannvirki fjárhús
Norðan þjóðvegar, rétt austan við 019. Flatlendi. Þrjár burstir, steyptir gaflar. Notað af Hrútafellsbæ sem fór í eyði 1950: austasta kró 1,4m, jata 0,6m, kró 1,5m, kró 1,55m, jata 0,7m, kró 1,6m, kró 3,3m. Reki og skipstré með trénöglum í sperrum sem eru þéttar. Hefur haft tvöfaldar stoðarraðir úr jötum og ásaþak með hellum bættum bárujárni. Hlaða með bárujárnsþaki þvert aftan við, lengd 11,8m.
Heimildir:

RA-005:021 *Hrútafell 2* mannvirki bústaður
Í bæjarhlaðinu, sunnan þjóðvegar. Flatlendi. Niðurgrafið, steyptir gaflar, bárujárnsþak. Gamla bæjarhúsið sem búið var í til 1950. Tilheyrir nú Hrútafelli 1.
Heimildir:

RA-005:022 mannvirki fjárhús
Í bæjarhlaðinu, rétt sunnan við þjóðveg. Flatlendi. Niðurgrafið, steyptir gaflar. Bárujárnsþak
Heimildir:

RA-005:023 hellir fjárskýli
Í berginu norðan þjóðvegar, rétt austan við Rútshelli. Aðstæður sbr. 3. Engin mannaverk eru á hellinum sem hefur verið notaður fyrir fé
Heimildir:

RA-005:024 hellir útihús
Rétt sunnan við 023. Aðstæður sbr. 023. Steypt upp í munnann. Hlaðinn garður framan við.
Heimildir:

RA-005:025 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:026 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:027 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:028 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:029 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:030 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:031 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:032 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:033 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:034 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:035 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-005:036 heimild um fjárskýli

“Vestan í Hrútafellli eru fjárból og hlöður Hrútafellsbænda haglega hlaðin upp við slútandi fjallsvegg.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 15

RA-005:037 varða landamerki
Landamerki: “Að austan, niðri á láglendinu, er markið úr vörðu á Svartabakka beint upp í Hrútafell ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 1

RA-005:038 *Tóttaskipti* örnefni
“Tóttaskipti (Tóptaskipti) er sitt hvorum megin þjóðvegarins, ofan og austan við Eyrarskákar.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 1

RA-005:039 *Stekkjarbakki* örnefni stekkur
“Ofan við þjóðveginn er Stekkjarbakki.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:040 *Syðstagerði* örnefni
“Vestan við það [Hrútafellskot efra] eru Sléttur og þá Suðurgerði, er heita Syðstagerði, Miðgerði og Högnagerði.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:041 *Miðgerði* örnefni
“Vestan við það [Hrútafellskot efra] eru Sléttur og þá Suðurgerði, er heita Syðstagerði, Miðgerði og Högnagerði.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:042 *Högnagerði* örnefni
“Vestan við það [Hrútafellskot efra] eru Sléttur og þá Suðurgerði, er heita Syðstagerði, Miðgerði og Högnagerði.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:043 heimild um fjós
“Fjósskák er fram af fjósinu vestan við bæinn. Þar stóð bær Eyjólfs Brandssonar ásamt fjósi og heygarði.” Segir í örnefnaskrá. Athuga hvort þetta er sama og 001 og hvort fjósið stóð sér eða með heygarðinum.
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:044 *Hrútafellstraðir* örnefni traðir
“Þjóðvegurinn liggur um Hrútafellstraðir, norðan við bæinn.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:045 *Gerði* örnefni
“Þjóðvegurinn liggur um Hrútafellstraðir, norðan við bæinn. Norðan við traðirnar er Gerði.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:046 heimild um fjárhús
“Vestan við Vesturkinn er klettur, sem Krá kallast, ofan við fjárhúsin.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:047 heimild um hesthús
“Klæðasteinn heitir stór steinn, flatur að ofan, við brekkurætur, ofan við hesthúsið, sem er þar hjá kálgarðinum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 2

RA-005:048 *Hákvíar* örnefni kvíar
“Frá Lofthelli að Litla-Bunka eru Hákvíar.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:049 *Bólbrekka* örnefni

“Frá Lofthelli að Litla-Bunka eru Hákvíar. Vestan við Litla-Bunka er Stóri-Bunki. Er þá komið að Hádegishillu, sem áður er nefnd, vestan í fjallinu. Neðan við Hádegishillu er Bólbrekka.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:050 *Tvídyruðuból* örnefni
“Uppi á Hrútafellsfjalli eru þessi örnefni: Tvídyruðuból eru, þar sem upp er komið.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:051 *Votuból* örnefni
“Uppi á Hrútafellsfjalli eru þessi örnefni: Tvídyruðuból eru, þar sem upp er komið. Austan við þau eru Votuból upp af Austurkinn.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:052 *Toppból* örnefni
“Uppi á Hrútafellsfjalli eru þessi örnefni: Tvídyruðuból eru, þar sem upp er komið. Austan við þau eru Votuból upp af Austurkinn. Efst á fjallinu á austurbrún er Toppból.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:053 *Langaból* örnefni
“Jakobshilla, Efri- og Neðri- eru í fjallinu sunnan við skarðið. Neðan við þær var Langaból.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:054 lind vatnsból
“Jakobshilla, Efri- og Neðri- eru í fjallinu sunnan við skarðið. Neðan við þær var Langaból. Innan við skarðið er Kleifarhellir og þá Kistuhellir uppi í berginu. Lind sprettur út úr berginu í Kleifarhell. Þangar var oft sótt vatn handa veiku fólki.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:055 *Hestaskarðsbrýr* örnefni brú
“Hestaskarðsbrýr eru, þegar upp er komið. Þetta er í Kaldaklifi, norðan undir Drangshlíðarfjalli.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:056 *Stórhagabrýr* örnefni brú
“Á brúninni ofan við þær [Hrísárflatir] er Berjahruni. Innan við þær eru Stórhagabrýr frá Grænagili (Grengli ?) að Lambhaga.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:057 *Lambhagabrýr* örnefni brú
“Á brúninni ofan við þær [Hrísárflatir] er Berjahruni. Innan við þær eru Stórhagabrýr frá Grænagili (Grengli ?) að Lambhaga. Innan við þær eru Lambhagabrýr og ná að Þorvaldstungu, sem fellur austan úr heiðinni.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3

RA-005:058 varða samgöngubót
“Frá Litlutungu er svonefnd Hraun inn að Fimmvörðuhálsi. Það var varðað á fyrri tíð, og munu menjar þess sjást ennþá.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 3-4

RA-005:059 *Oddshlíðarbrekkur* bæjarstæði býli
“Oddshlíð er upp af Hlaupinu. Þar átti að hafa verið bær. Oddshlíðarbrekkur, öðru nafni Hlaupbrekkur.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4

RA-005:060 *Fremri-Ofanferð* örnefni leið
“Fremst í Kaldaklifsárgili eru Silungalækir. Ofan við þá er Fálkahaus. Innan við hann er Fremri-Ofanferð. Þá er Ólafshaus og Innri-Ofanferð sunnan við hann.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4

RA-005:061 *Innri-Ofanferð* örnefni leið

“Fremst í Kaldaklifsárgili eru Silungalækir. Ofan við þá er Fálkahaus. Innan við hann er Fremri-Ofanferð. Þá er Ólafshaus og Innri-Ofanferð sunnan við hann.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4

RA-005:062 *Sandból* örnefni
“Fremst í Kaldaklifsárgili eru Silungalækir. Ofan við þá er Fálkahaus. Innan við hann er Fremri-Ofanferð. Þá er Ólafshaus og Innri-Ofanferð sunnan við hann. Þá tekur við Sláttubrekka. Innan við hana er Fremri-Fallkambur og Innri-Fallkambur innan við hann. Upp af honum eru Vondusvelti. Þá taka við Sandbólanef og Sandból.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4

RA-005:063 *Stórhagaofanferð* örnefni leið
“Þar innan við [Sandból] er Illiflái og innan við hann Fremri-Stórhagar. Stórhagaofanferð er framan við þá.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4

RA-005:064 *Siggabúr* heimild
“Siggabúr er í Hlaupinu fyrir eðan Langból á Hrútafelli, kennt við sauðaþjóf, er Sigurður hét, úr Hólahverfi. Hann hafði þar fylgsni fyrir þýfið.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4

RA-005:065 tóft sel
“Selrúst á Efstaklifi, leifar af garði neðan þeirra.” Segir í örnefnaskrá. Uppi í fjallshlíðinni inn af hrútafelli, austan við Seljavelli í 169 m h.y.s. eru 9 yfirgrónar tóftir og hluti af þeirri 10. Liggja allar í c. A-V, niður hlíðina. Ein virðist hafa 2 herbergi, önnur ef til vill 3. Gæti verið frá mismundandi tímum, e allar eru yngri en 1341 samkvæmt grjóskulögum. Sjá nánari lýsingu og uppdrátt í heimild.
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4; Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Shielings in Iceland*, 73-96

RA-005:066 garðlag
“Selrúst á Efstaklifi, leifar af garði neðan þeirra.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hrútafell, 4

RA-005:067 *Tittlingatótttarskák* örnefni
“Hluti af Höskuskálalandi er austan við Kaldaklifsá, og heitir þar Hálfdánarbakki. ... Tittlingatóttarskák var ofan við [bæjar]hólinn, fjórða skák ofan frá marki.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hörðuskáli, 1

RA-006 Hrútafellskot

5 hdr 1709. Hjáleiga Hrútafells, byggð fyrir manna minni. “Hrútafellskot efra stóð um 80 m suðvestur frá Hrútafelli og Hrútafellskot syðra 900 m suðvestur frá efra kotinu. ... Óljóst er þó, hvort byggð hefst á báðum Hrútafellskotunum fyrr en um 1770 og ekki voru bæði samfellt í byggð eftir það. Efra-Hrútafellskot lagðist í eyði 1906, Syðra-Hrútafellskot 1937. Bæði liggja nú undir Hrútafell.” (SB IV,55)

1709: “Tún og engjar liggja undir spjöllum af Kaldaklofsá, sem ábúandinn hefur með fyrirhleðslu getað hingað til nokkurn part af verndað, þó sýnist þessu býli mjög hætt fyrir ánni, er óvissan farveg framhleypur; hefur stundum hjer að kvöldi vatnslaust verið, en að morgni bærinn umflotinn, orsakast þar af spillíng á slægjum af leir og möl.” (JÁM I, 34) 1924: Tún 2,8 ha, garðar 1585 m^2

RA-006:001 *Hrútafellskot efra* bæjarhóll bústaður
“Hrútafellskot efra stóð um 80 m suðvestur frá Hrútafelli og Hrútafellskot syðra 900 m suðvestur frá efra kotinu. ... Óljóst er þó, hvort byggð hefst á báðum Hrútafellskotunum fyrr en um 1770 og ekki voru bæði samfellt í byggð eftir það. Efra-Hrútafellskot lagðist í eyði 1906, Syðra-Hrútafellskot 1937. Bæði liggja nú undir Hrútafell.” Bærinn stóð þar sem nú er tún rétt suðvestan við Hrútafellsbæinn. Ávalur hóll.
Heimildir: SB IV, 55

RA-006:002 *Hrútafellskot syðra* tóftir býli
“Hrútafellskot efra stóð um 80 m suðvestur frá Hrútafelli og Hrútafellskot syðra 900 m suðvestur frá efra kotinu. ... Óljóst er þó, hvort byggð hefst á báðum Hrútafellskotunum fyrr en um 1770 og ekki voru bæði samfellt í byggð eftir það. Efra-Hrútafellskot lagðist í eyði 1906, Syðra-Hrútafellskot 1937. Bæði liggja nú undir

Hrútafell." Stendur á flatlendi vestan Hrútafells, um miðja vegu milli þess og Eyvindarhóla. Vísar í 216 °, ferhyrndar 3 samsíða tóftir með steyptum göflum. Steypt stétt framan við. Breidd vestasta húss 7.4m + næsta 13.2m + næsta 19.1m. Lengd austasta 6m, veggjaþykkt 2,5m. Austan við, en áfastar, eru útflattari tóftir 3 húsa, e.t.v. útihúsa, breidd frá vestri c. 3, 4 og 5m, lengd 6, 7 -8m og 7.3m.
Heimildir: SB IV, 55

RA-006:003 heimild um varnargarður
1709: "Tún og engjar liggj aundir spjöllum af Kaldaklofsá, sem ábúandinn hefur með fyrirhleðslu getað hingað til nokkurn part af verndað, þó sýnist þessu býli mjög hætt fyrir ánni, er óvissan farveg framhleypur; hefur stundum hjer að kvöldi vatnslaust vorið, en að morgni bærinn umflotinn, orsakast þar af spillíng á slægjum af leir og möl."
Heimildir: JÁM I, 34

RA-006:004 gerði heygarður
Aftan við bæjarhús Syðra Hrútafellskots. Ferhyrnd dæld
Heimildir:

RA-006:005 tóftir fjárhús
Rétt austan við 002. Vísa í 200 °, ferhyrnd. Framgafl fjárhúsa sem eru tvískipt er grjót- og torfhlaðin, einar dyr. Helluþak bætt bárujárni, torf ofaná, fallið inn. Jata við v-hlið. Lengd 6. Hlaða þvert aftan við, niðurgrafin, 8.10 x 5.60, veggjahæð 2.20. Með bárujárnsþaki og gafli. Steypt smáhús úr c. helmingi A-hliðar
Heimildir:

RA-006:006 tóft
Suð-austan við bæjarhúsin. Vísar í 282 °, ferhyrnd, útflött, yfirgróin, 6,1m x 3,6m að stærð, hæð 1m.
Heimildir:

RA-006:007 garðlag túngarður
Sunnan bæjarhúsa
Heimildir:

RA-006:008 mannvirki hesthús
Nokkurn spöl vestan bæjarhúsa, vestan ár. Vísar í 228 °, ferhyrnt, að utanmáli 17,4m x 7,1m, hálfhrunið, þykkir grjóthlaðnir veggir með rúnnuðum hornum utan, helluþak bætt bárujárni. Grjóthlaðin jötuundirstaða við A-hlið, breidd 0,7, hæð 0,5. Steyptir veggir í hlöðu beint aftan við, 6,5 x 3,4 og fallið bárujárnsþak, hæð 2,65m.
Heimildir:

RA-006:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-006:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-006:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-006:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-006:013 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007 Raufarfell eystra

40 hdr. að fornu mati, 55 hdr. 1709. Landnámsjörð Hrafns heimska. (ÍF I, 340-341). Heitir nú Rauðafell. Hrafn en heimski nam land að Rauðafelli eða Raufarfelli enu Eystra (ÍF 1, 340-41). Raufarfells getið í Njálssögu. (ÍF XII, 415-420). Getið við of við í heimildum á 15., 16. og 17. öld, aðallega vegna jarðakaupa og landamerkjaákvarðana (DI V, 572, DI VIII, 798, AI II, 175, AI VIII, 510, AI IV, 399, 401, 403). Bærinn nefndist Raufarfell fram á 18. öld, er nafnið breyttist í Rauðafell. (HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók

1923, 16). Nú er hér þríbýlt: Rauðafell I er vestast. "Byggðin stendur sunnan undir Rauðafelli, í líðandi brekku, með gamalgróin tún til allra átta. ... Inn frá Rauðfellsbæjum, í átt til Kaldaklifs, eru grónar hlíðar undir hömrum allt inn að Seljavöllum og Króki, fögru haglendi fjalljarðar. Á austurmörkum jarðarinnar til fjalls kemur Kaldaklifsá undan skriðjökli og fellur eftir afar fögru og sérkennilegu gljúfri uns heiðinni sleppir." (SB IV, 92, 95)

1709: "Slægjur sækja ábúendur annarstaðar, því engjar hefur aftekið Kaldaklofsá; heyskapur er sóktur í Miðbælis, Bakkakots, Lambafells, Ysta Bælis og Leirna lönd. ... Túnið hefur stóran skaða fengið af skriðum og liggur þessi jörð undir spjöllum." (JÁM I, 41) 1839:"Jörðin er sæmileg að túnum og hagagöngu og þó betri að engjum." (SSR, 18) 1924: Vesturbær: Tún 6,6 ha, garðar 3088 m^2 Miðbær: Tún 5 ha, garðar 2096 m^2 Tómas á Hrútafelli: Tún 1,7 ha, garðar 827 m^2 Austurbær: Tún 6,7 ha, garðar 1920 m^2

RA-007:001 *Raufarfell eystra* bæjarhóll bústaður
Áður stóðu allir bæirnir þar sem II er nú. "Mun bærinn hafa staðið á sama stað frá upphafi vega." Segir í örnefnaskrá. Í Jarðabókinni segir: Slægjur sækja ábúendur annarsstaðar, því engjar hefur aftekið Kaldaklofsá; heyskapurinn er sóktur í Miðbælis, Bakkakots, Lambafells, Ysta Bælis og Leirna lönd. "Byggðin stendur sunnan undir Rauðafelli, í líðandi brekku, með gamalgróin tún til allra átta" segir í Sunnlenskun byggðum.
Heimildir: ÍF 1, 340-41. JÁM 1, 39-41. SB IV, 95; Ö-Rauðafell, 1; Túnakort 1924

RA-007:002 *Álfhóll* örnefni huldufólksbústaður
Hátt upp frá bænum. Þekktur í sögnum "Vestan við Eystri-Leyni og neðan við Vestri-Leyn er Álfhóll efst í brekkum, vestur og upp frá bænum." Segir í örnefnaskrá "Hátt upp frá bænum er Álfhóll, þekktur í sögnum og neðst í túnfæti er Unudý, kennt við Unu álfkonu." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Álfhóll er blásinn efsti og blástursrof liggja upp eftir honum." Segir í örnefnaskrá

Þennan hól má ekki slá. "Ekki mátti slá nema vissan spöl þar upp í brekkuna, og börnum var bannað að vera með hark og ólæti á Álfhól eða í grennd við hann. Átti að hefnast fyrir, ef út af var brugðið, og ganga af því sögur." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Rauðafell, 3; SB IV, 95

RA-007:003 *Rauðfellshellar* hellir fjárhús **Friðlýstar fornleifar**
Nokkurn spöl austan bæjarhúsa, norðan vegar "Rauðfellshellar eru í fjallshlíðinni nokkuð inn frá byggðinni á Rauðfelli. Um 1890 var þar eitt lítið fjárból." Segir í Sunnlenskum byggðum. Í aflíðandi grasi gróinni brekku norðan vegar. Samsteypa af hellum, tóftum og rétt. Vísar í 200 °. Stærri hellir hefur jötur höggnar í veggi, 8.5m x 2.6m, hæð 1.9m. Vestan við annar hellir, 4m x 2,4m, hæð 1.7m; e.t.v. fyrir hey. 2 ferhyrndar tóftir, 4.8m x 6.8m, dýpt 2m & 4.6m x 4m, dýpt 1.6m, veggjaþykkt 2m. Bogadregin hleðsla í norður frá þeim, breidd 5.6m, dýpt 1.5m. Grafið inn í hlíð. Þakhellur. ÁH 1991: "Rauðafellshellar eru í gróinni grösugri hlíð um 1 km fyrir austan bæinn á Rauðafelli í 30-40 m hæð yfir flatlendinu ögn vestan við nýlegan sumarbústað. Hellarnir munu vera gamlir og á síðasta tug 19. aldar voru þeir orðnir hálffullir af mold og skriðu. Þá tók Sveinbjörn Sveinsson á Rauðafelli sig til og hreinsaði þá út og lagaði vel. Þar kom eldhúsaska upp úr gólfinu. Framan við hellana hlóð hann fjárhús úr völdu mógrjóti. Að verki loknu felldi hann marmaraplötu í hellisbergið með ártalinu 1892 og þar er hún enn. Hellarnir voru notaðir sem fjárhús fram yfir 1930. Nú þjóna þeir sem skjól fyrir búpening. Utan við þá eru tóftarbrot fjárhúsanna ennþá vel glögg. Hellarnir eru sérkennilegir að því leyti að þeir eru höggnir inn í móbergsklett sem hefur fallið úr björgunum þar fyrir ofan . Kletturinn er á kafi í gróinni hlíðinni þannig að ekki sér í hann nema við hellismunann. Þar sést hvernig lagskiptingin í honum stendur upp á rönd.

Vestari hellirinn sem er hinn minni þeirra, er höggvinn þannig að gólfið nær niður úr klettinum og sér þar í jarðveg undir. Hinn hellirinn liggur ögn hærra og sýnist eins og þá hafi þess verið gætt að fara ekki niður úr bjarginu. Innst hefur verið klappað inn í gegnum klettinn og inn í næsta bjarg fyrir innan. Nokkurt bil er þar á milli, sem hlaðið hefur verið í, en talsvert grjóthrun hefur þó orðið inn í hellinn á þessum stað. Innarlega vinstra megin í hellinum er breið hilla í vegginn með hvelfdum hliðum og baki, líklega ætluð fyrir ljósfæri. Utar í sama vegg eru tvær óvandaðar hillur. Jötubekkur eða set er höggvið í stærri hellinn austan megin. Utarlega í vinstri vegg er berghald uppi í hvelfingunni og annað í innanverðu rjáfi austan megin. Marmaraplatan er á miðjum vinstri vegg."Sveinbjörn Sveinsson frá Rauðafelli III, afabróðir Þóru á Rauðafelli I, gerði fjárhúsin 1892 með því m.a. að hola hellinn innan. Nafn hans ásamt ártali er á hvítum steini sem hann fann á aurunum og er greiptur inn í hellisvegg. "Sveinbjörn Sveinbjörnsson á Rauðfalli, hófst þá handa, hreinsaði brott mold og skriðu úr tveimur samliggjandi hellum, sem þarna voru, og lagðist vel til. Að verki loknu hjó hann ártalið 1892 á mararaplötu og felldi í hellisbergið. Framan við hellana hlóð hann fjárhús úr völdu mógrjóti." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 15; Manngerðir hellar 255-257; ÁG: Friðlýsingarskrá, 64

RA-007:004 hellir fjárskýli
Í gili hlíðarinnar ofan við 003. Upp í bjargi fjalls. Vísar í 95 °, ferhyrnt. Stórt bjarg myndar N-vegg. Veggjaþykkt hleðslu 1,15m, breidd dyra 0.65m, 4,9m x 3,3m að stærð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:

RA-007:005 hellir fjárskýli
Í svipaðri hæð og 004 í fjallinu, en vestar. Rétt austan við læk. Aðstæður sbr. 004. Vísar í 156°. Hlaðið upp í grunnan skúta, dyr sem hlaðið er yfir + hella, á miðri V-langhlið, breidd 0,6. Steinbrýk höggvin í bergið í NV-horni. Stærð 7,5m x 2,75m, hæð 2,4m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

RA-007:006 hellir fjárskýli
Í svipaðri hæð í fjallinu og 004 og 005 en vestar. Vestan við lækinn. Aðstæður sbr. 004 & 005. Vísar í 136 °. Grafið inn í hlíð og hlaðið upp við berg. 3,5 x 2,6 m að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:

RA-007:007 hellir fjárskýli
Í sömu hæð í fjallinu og 004-006, en vestar: Rétt vestan við læk. Aðstæður sbr. 004-006. Vísar í 180 °. Aðeins S-gafl stendur. Veggjaþykkt 0,7, breidd dyra 0,7, 4m x 3m að stærð.
Heimildir:

RA-007:008 gerði rétt
Lögrétt Austurfjalla stendur rétt austan bæjarins, norðan vegar "Hin forna lögrétt Austurfjalla er skammt austan við bæinn, óröskuð enn af mönnum." Segir í Sunnlenskum byggðum. Aflíðani graslendi. Grafin inn í hlíð, hlaðin móbergssteinum úr fjalli. Almenningur og 5 dilkar. Fyrirstaða (hlaðinn veggur) heim að rétt úr vestri. A. L-laga almenn. 11,5m & 13,5m x 3,9m, hæð 2.20m, veggjaþykkt 0,85m, breidd dyra 2,3m. B. Dilkur opinn í S, 6,6m x 2,4m. C. Dilkur opinn í V, fallega hlaðinn stóru grjóti, 7,1m x 5,5m, hæð 2m. D. Dilkur, 6,5m x 4,7m, hæð 1,5m. E. L-laga dilkur, austast1,3-3,85m x 7,2m, hæð 1,4m. F. Dilkur, dyr, breidd 0,5m, í SA horni; hrunið inn í að norðan, 5,6m x 2,4m, hæð 1,10m.
Heimildir: SB IV, 95

RA-007:009 tóft útihús
Rétt austan við 008 og notkun e.t.v. tengd henni. Aflíðandi, grasi gróin hlíð. Vísar í 200 °, ferhyrnd, grjót og torfhlaðin. Veggjaþykkt 0,95m, dýpt 1,5m, breidd dyra 0,55m, stærð 5,25 x 3,5m.
Heimildir:

RA-007:010 tóft útihús
Rétt austan við 009. Aðstæður sbr. 009. Vísar í 100 °, ferhyrnd, dyr í SV horni, breidd 1,08m, veggjaþykkt 1,2m 3,9m x 2,7m að stærð, hæð 1,6m.
Heimildir:

RA-007:011 tóft útihús
Rétt sunnan við 010. Aðstæður sbr. 010. Vísar í 204 °, ferhyrnd. Óljós, dæld, en sér í veggjasteina. Dýpt 1,9, stærð 10,4m x 3,5m.
Heimildir:

RA-007:012 tóft útihús
Ofar í hlíðinni, norðan við 008 Aðstæður sbr. 008-011. Dyr í SA-horni. Bárujárn innan í. Stærð 2,4m x 1m, hæð 0,7m.
Heimildir:

RA-007:013 hús hænsnakofi
Rétt austur af núverandi íbúðarhúsi. Sunnan við er fremur óræktarlegt graslendi, tröðin beint norðan við. Frá húsinu heim að bænum er tröð, grjóthlaðnir veggir beggja vegna. Þegar gengið er eftir henni í vestur kemur fyrst að litlu húsi, steyptur framgafl, grjót og torf. Nú notað fyrir hænsni (utanmál 4,2x4m). Vestur af því er torf og grjóthlaðið smáhýsi (4,7m að dyrum 5,2m, alls 5,5m). Næst vestur af því lengra suður eru 3 burstir, steyptir gaflar. Nú notað sem hænsnahús. Framgafl nær 3,7 m suður af smáhýsinu, lengd 6,8. Næst við það, vestar, eru 2 sams konar burstir (fjárhús), ná 1,25m sunnar, breidd austara 5,9m en vestara 9,5m. Er þá komið í steinsteypta hlöðu en framan (s) hennar er ein burst; norður gafl er í línu við suðurgafl hinna, að utanmáli 5,7x6,4 m. Vísa í 196°

Heimildir:

RA-007:014 hús
Norður af vestasta hluta 013, norðan traðar stendur eitt hús, vísar eins og hin og er eins gert. Að utanmáli lengd 5,8m, breidd 5,3m gert úr steypu. Þaki er haldið uppi með einni stoð í miðju, þvertré, sem hvílir á veggjum.
Heimildir:

RA-007:015 hús fjárhús
Þrjár burstir, 2 1/2 gafl steyptir; þriðja burstin hefur verið stækkuð og er að hluta klædd bárujárni. Steypt hlaða aftan við. Í notkun 1981.
Heimildir:

RA-007:016 tóft fjárhús
Í brekkunni austur af bænum, milli hans og gömlu fjárhúsanna eru tóftir af gömlu fjárhúsi og hlöðu frá Rauðafelli III, við húsin hlykkjast túngarður upp hlíðina. Tvær tóftir, ferhyrndar, vísa í 220°, grafnar inn í brekkuna. Vestari tóftin hefur verið tviskipt fjárhús, sér móta fyrir jötuundirstöðum. Að innanmáli er lengd 7,7m veggjaþykkt gafls 1,1m. Breidd vestari króar 2,6m, breidd jötu að 3,5m. Breidd alls 6m. Dyr snúa í suður. Veggjaþykkt milli fjárhúss og hlöðu 1,8m, breidd að innri brún austurveggja hlöðunnar 12,3m Hlaðan hefur verið opin út í suður, dýpt 1,5m.
Heimildir:

RA-007:017 tóft
Beint norður af 016, í NA frá bænum, upp í hlíðinni, austan við lækjarsitru. Grasi vaxin brekkan, nokkuð brött. Ferhyrnd vel hlaðin og varðveitt tóft. L vísar í 126° þvert á hlíð og eru dyr í vesturenda suðurhliðar. Að innanmáli er tóftin 5,2m á lengd, 2,7m á breidd og er veggjaþykkt 1.4m. Breidd dyra er 0,7m. Gaflar eru hlaðnir og er hleðsluhæð þeirra 1,6m.
Heimildir:

RA-007:018 tóft
Í SV (230°) frá 017, neðar í hlíð vestan við lækjarsitruna. Grasi vaxin brekkan, nokkuð brött. Nú aðeins dæld í hlíðinni, vísar í 206°, grafin inn í hlíð. Má sjá veggjasteinana á kafi í grasinu beggja vegna. Líklega skipt í tvö hús, þvert á langhlið. Langhlið fremra húss 5,7m, alls 12,5m, breidd 4,5m, dýpt 1,5m
Heimildir:

RA-007:019 hús fjárhús
SV af 018, beint norður af bænum er fjárhús og hlaða. Allt steypt nema hliðarveggir sem eru hlaðnir.
Heimildir:

RA-007:020 tóft
Í 350° norður frá 019, 210° í Rauðafell III, upp í hlíðinni. Grasi vaxin brekkan, nokkuð brött. Ferhyrnd tóft, vesturhliðin enn uppistandandi, grjóthlaðin inn í hlíðina. Austurhliðin svo til alveg horfin, dyr voru þar. Vísar í 218° Að innanmáli er lengd tóftarinnar 5,6m, veggaþykkt 1,8m, breidd 2,9m og breidd dyraops 0,8m.
Heimildir:

RA-007:021 tóft fjárhús
Í hlíðinni NA af Rauðafelli II, 225° í bæinn, alveg upp við girðingu. Ferhyrnd, uppfyllt og yfirgróin. Vísar í 220°. Lengd 3,2m, breidd 3,6m, hæð 1m. Tóftin mjög óljós.
Heimildir:

RA-007:022 tóft fjárhús
Rétt vestur af, í 280°, aðeins neðar í hlíðinni en 021 er önnur tóft, mun greinilegri. Grafin inn í hlíð, grjóthlaðin að innan en torf að utan. Vísar í 216° Að innanmáli er lengd 4,5m en breidd 2,5m Veggjaþykkt er 1,2m en dyra 0,55m. Silla er við vesturhlið hennar 0,3m breið, hæð 0,2m, dýpt 1,7m. Hún er mjög vel varðveitt.
Heimildir:

RA-007:023 tóft fjárhús
Í norður frá 022. ofan girðingar er dæld sem vísar í 234°. Þar er mjög yfirgróin ferhyrnd tóft, steinar gægjast þó út úr hliðum veggja. Lengd 8m, veggjaþykkt 0,9m, breidd 3,4m og dýpt 1m.
Heimildir:

RA-007:024 tóft fjárhús
Í norður frá 023, vestan lækjar, norðan girðingar er fjárhústóft. Ferhyrnd grjóthlaðin tóft sem grafin er inn í hlíðina. Vísar í 240°. Að innanmáli er lengd tóftarinnar 5,3m, veggjaþykkt er 1,5m, dyraopið er 0,55m, breidd tóftarinnar 2m og dýpt er 1,4m.
Heimildir:

RA-007:025 tóft fjárhús
Í 315° frá 024 rétt innan túngirðingar er fjárhústóft. Nú notað sem beitarhagi, líklega mest fyrir kýr. Ferhyrnd og yfirgróin tóft en sér í steina. Tóftin grafin inn í hlíði eins og hinar. Hún vísar í 236° Að innanmáli er lengd tóftarinnar 4,3m, breidd 2,4m, veggjaþykkt 1,3m og dýpt 1,1m
Heimildir:

RA-007:026 tóft fjárhús
Í 180° frá 025 neðar í hlíðinni rétt við lækinn inni í girðingunni. Í 226° frá 024. Ferhyrnd tóft vísar í 240° Að innanmáli er lengd hennar 4,3m breidd 1,9m veggjaþykkt 1,2m og dýpt 1m.
Heimildir:

RA-007:027 tóft fjárhús
Beint niður af 026, í 234° rétt við lækinn. Ferhyrnd tóft, vísar í 237° Byggð inn í hlíð, mjög vel varðveitt grjóthleðsla, gafl og byrjun á hellulögðu þaki. Að innanmáli er lengd tóftarinnar 5,3 m, veggjaþykkt 1,7m, breidd dyraops 0,5m, dýpt og hæð 2,5m, breidd 2,3m. Steinbrýkur beggja vegna breidd 0,3m hæð 0,3m.
Heimildir:

RA-007:028 tóft fjárhús
Í vestur (285°) frá 026, nálægt landamerkjum Rauða- og Raufarfells er fjárhústóft. Ferhyrnd tóft grafin inn í hlíðina, yfirgróin en mikið af grjóti innan í henni. Að innanmáli er lengd tóftarinnar 3,6m, veggjaþykkt 1,4m, breidd 2,2m, og hæð 0,6m.
Heimildir:

RA-007:029 tóft fjárhús
Í suður frá 027 er mjög svipuð tóft, álíka vel varðveitt, vísar í 228°. Að innanmáli er tóftin 4,3m löng, veggja þykkt 1,2m, breidd dyraops 0,9m, breidd, 2,9m og hæð og dýpt 1,9m.
Heimildir:

RA-007:030 tóft fjárhús
190° suður frá 029 er lítil hringlaga tóft. Dyr vísa í 274°. Yfir hefur verið hellulagt torfþak en nú hrunið að hluta. Grafið inn í hlíð. Að innanmáli er þvermálið 1,3 m^2. Framveggur sem dyr eru á er 0,9m þykkur. Breidd dyra 0,45m, hæð er 0,8m.
Heimildir:

RA-007:031 hús
Í hlaðinu NV við Rauðafell 2, NA við þar sem gömlu bæirnir stóðu er lítið hús, alveg við lækinn vestan við. Húsið er með steyptum framgafli, grjótveggjum og torfþaki. Vísar í 240°. Að utanmáli er lengd 4,5m og breidd 3,8m. Hefur síðast verið notað sem reykhús.
Heimildir:

RA-007:032 tóftir fjárhús
Í gamla túninu norður af bænum, rétt hjá landamæragirðingunni. Grasi gróin hlíðin. Ferhyrnd fjárhús, vísa í 230° hlaða aftan við, þvert á L og nær jafnlagt út fyrir veggja vegna er hlaða. Innan breidd hlöðu er 2,9m og lengd fjárhúsa 9,3m Veggjaþykkt er 1,6m. Lengd hlöðu 4,6m, breidd fjárhúss 3m. Dyr í 230°, breidd 0,8m Hæð 1,4m. Grafið inn í hlíð, grjót innaní tóftinni.
Heimildir:

RA-007:033 tóft
Stendur á bakka Selár austanverðum. Selá er í raun lækur sem rennur úr gili. Ferhyrnd grjóthlaðin tóft, vantar vesturhlið og hluta suðurgafls. Lengd 4,7m, breidd a.m.k. 3,6m, veggjaþykkt 0,8m, hæð 0,7m. Vísar í 200°. Var notuð fyrir fé, sel?
Heimildir:

RA-007:034 tóft

Vestan ár, hærra upp í hlíðinni 260° frá 033, nokkurn spöl frá ánni. Selá er í raun lækur sem rennur úr gili. Grafin inn í hlíðina, vísar í 236°. Grjóthlaðin. Opin út. Lengd 4,3m, breidd 3m, dýpt 1m. NA veggurinn er illa farin. Líklega notað fyrir fé fyrir alllöngu.
Heimildir:

RA-007:035 tóft fjárhús
Fjárhús og hlaða. Grjóthlaðnir veggir, steinsteyptur gafl.
Heimildir:

RA-007:036 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:037 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:038 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:039 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:040 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:041 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:042 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:043 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:044 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:045 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:046 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:047 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:048 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:049 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-007:050 hleðsla
10 hnr. 1709, þá tvíbýli á jörðinni. 1332: Jörðin nefnd í máldaga Ytriskógakirkju, þá tilheyrði hálft landið kirkjunni.. (DI II, 676). Skóga og Merkjureignir muni hafa lagst undir konung líklega á 15. öld. Konungseign. "Á eystri bakka Bakkakotsár, skammt sunnan Suðurlandsvegar, ber háan hól upp yfir flatlendið. Þar stóð bærinn Efra-Bakkakot og um 730 m suðvestur frá bæjarstæðinu, í beina stefnu á Stóru-Borg hina fornu, er rúst Syðra-Bakkakots. Þessi býli voru tengd Skógverjum hinum fornu og byggðinni í Ytri-Skógum og austur í Króki (Drangshlíð, Skarðshlíð). Einn vottur þess er sá að býlin voru í Skógasókn, að nokkru sem hólmi inni í Eyvindarhólasókn. Efra-Bakkakot var miklu eldra að byggingu. Það virðist komið í byggð um 1300 og fremur sem lögbýli en hjáleiga. Við austurmark jarðarinnar áttu Drangshlíð og Skarðshlíð slægjulönd - og eiga enn - svonefnda Drangshlíðar- og Skarðshlíðarhólma. Bærinn hefur verið settur á bakka en vart hefur Bakkakotsá þá verið til í núverandi farvegi, því vestan hennar eru Helgubakki í Bakkakotslandi og sunnar er Rauðsbakki, sem einnig var í landi Bakkakots vestan árinnar. Bakkakot fylgdi Skógareignum í kóngsgarð 1393. ... Ámundi leyfði bygging Syðra-Bakkakots um 1670. Hlaut það þriðjung Bakkakotstorfu." Efra-Bakkakot í eyði frá 1870, en Syðra Bakkakot í eyði frá 1895. (SB IV, 59-60)

1709: "Engjum spillir Kaldaklofsá, með grjótsáburði um vetur, en leir og óklárendum á sumur." (JÁM I, 38) 1839: "Eru þar engin tún, en útslægjur nokkuð miklar og ekki mjög slæm hagaganga." (SSR, 17)

RA-011:001 *Efra-Bakkakot* bæjarhóll bústaður
Efra Bakkakot, nefnt eftir að tvíbýlið var stofnað , þá 6 hndr, 80 álnir. Í eyði frá 1870. Bærinn stóð tæpan kílómeter í NA frá Syðra Bakkakoti, rétt austan við Laugará, ekki langt sunnan þjóðvegar. Bæjarstæðið er nú geysihár hóll sem ber hátt á sléttlendinu og er haglendi allt um kring. Stendur rétt við A bakka Bakkakotsár, nálægt þjóðvegi. Sléttlent haglendi um kring. Gríðarstór hóll, langhlið virðist vísa í 300°, framhlið þar sem sér móta fyrir a.m.k. 3 húsum vísar í 206°. Að baki hefur líklega verið kálgarður. (i) Austasta hús, breidd 3,6m + (ii) 6,9m + (iii) sem snýr líklega opin út í S, hafa líklega haft trégafla, (iii) liggur þvert á. Lengd (i) 5,4m. (iv) Aftan við (iii) og (ii) er stór ferhyrnd dæld, Langhlið í 206° 7,9m, breidd 8,6m.
Heimildir: SB IV, 59; JÁM I, 38-39

RA-011:002 *Syðra Bakkakot* bæjarstæði bústaður
Tvíbýli stofnað um 1670 alls 3 hndr, 40 álnir. Í eyði frá 1895. Bæinn stóð um 1/2 km vestan við Hörðuskála, ekki fjærri Laugará. Minjar um hann eru nú útflattar tóftir og bæjarhóllinn á sléttlendinu milli Laugarár og Kaldaklifsár. Ofan á hólnum, sem er smáþúfóttur, eru hellur og nokkrir steinar. Hefur verið jafnaður út. Bænum stafar hætta af vatnavöxtum.
Heimildir: JÁM I, 37-38; SB IV, 59

RA-011:003 garðlag túngarður
Í 200°suður frá 002 er túngarður og í honum tóft. Lengd í 238°er 5,9m, breidd 3,7m, hæð 0,6m. Hefur ef til vill verið tvískipt þvert á langhlið, ekkert grjót sjáanlegt.
Heimildir:

RA-011:004 þúst
Nær 002 er grænn smáþúfóttur smáhóll. Hefur líklega verið tóft. Þvermál í 100° 6,1m, þvert á 6,9m, hæð 0,5m. Útflött og ekki hægt að greina lag á tóftinni.
Heimildir:

RA-011:005 þúst
Samskonar útflattur hóll og 004, smáþúfóttur þvermál í 60° 10,5m.
Heimildir:

RA-011:006 tóft
Stórt tóftarsvæði. Langhlið vísar í 313°, 14,7m breidd 8,4m. Að SVverðu er bein hleðsla, annað er ólögulegt. Sömu gerðar og 004-005
Heimildir:

RA-011:007 tóft
Í 350° norður frá 006. Ólögulegt tóft en þrjú þakhellubrot sjáanleg. Langhlið í 310° 6x4,5m, hæð 0,3m
Heimildir:

RA-011:008 garðlag
Í 90° austan við 007. Lágur garður á milli, langhlið í 20° er 10m x 7m, hæð 0,4m
Heimildir:

RA-011:009 garðlag varnargarður
Skjólgarður vísar í 140°, hlaðinn í horn. Langhlið í 65° 9,2m, hornrétt á 6,1m, hæð 0,6m.
Heimildir:

RA-011:010 garðlag
Rétt norður af 009. Stuttur garður, myndar e.t.v. einnig horn. Langhlið í 64° 5,4m, 1,5 m í suður.
Heimildir:

RA-011:011 þúst
Í 245°frá 002 er ferhyrnt þúfnasvæði. Lengd í 297° 4,3m x 2,8m, líklega eftir tóft. Ein þakhella laus. Hæð 0,3m.
Heimildir:

RA-011:012 tóft
Beint (40°) NA af 011 er að því er virðist far eftir aðra ferhyrnda tóft. Lengd í 305° 6,2m x 3m. Steinar sjást.
Heimildir:

RA-011:013 þúst
NA við 012 eru óljósar leifar. Breidd 012+013 11,8m, hæð 0,3m.
Heimildir:

RA-011:014 tóft
300°NV frá 013. Hringlaga langur hóll eins og hinir, þvermál í 60° 6,5m. Í 320° úr honum miðjum er lágur túngarður. NA af eru svipaðar þúfur á stóru svæði en ekki er víst hvað það er. Engin mynd á þessu.
Heimildir:

RA-011:015 þúst
100° frá 011 er lágur hóll í horni svæðisins. 11m í 120°
Heimildir:

RA-011:016 tóft
213° norður af 002, norðan skurðar sem nú er, er tóft. Vísar í 216° ferhyrnd, 5,4m x 3,2m að stærð, hæð 0,75m. Annars yfirgróin og óljós sundurlausar þúfur. Engir steinar sjáanlegir.
Heimildir:

RA-011:017 tóft
NA af 016 hefur verið tóft, vísar ef til vill í 226°. Lengd tóftarinnar er 7,1m breidd 5m. Nú aðeins stórar sundurlausar þúfur.
Heimildir:

RA-011:018 hleðsla kálgarður
SV við hann, 002, vísar í 214° hefur verið kálgarður og sér vel móta fyrir útlínum hans. Ferhyrndur garður,

breidd í 304° 44m, nær garðurinn NV fyrir hólinn, lengd að hól 10,8m, hæð hóls 1,5m, breidd frá NV garði að hól 6m.
Heimildir:

RA-011:019 tóft
Í 230° út frá SV hlið 001 liggur túngarður út í ferhyrnda tóft/garð. Vísar í 210° lengd 8m, breidd 4,7m, hæð 0,7m. Nú aðeins sundurlausar stórar þúfur þar sem veggir voru. Engir steinar.
Heimildir:

RA-011:020 tóft
Rétt vestan við 019, í 250° er tóftarhóll. Ferhyrnd tóft allavega í austurhluta hans, vísar í 190°, opin þangað. Vesturhlutinn er ólögulegri. Lengd 4,3m, breidd 3m, hæð 1m.
Heimildir:

RA-011:021 tóft
Í 214° frá 020 er þúfnasvæði. Tóftin vísar á langhlið í 296°, langhlið 8,7m, breidd 3m, ef til vill tvískipt þvert á langhlið. Veggir nú stórar sundurlausar þúfur, engir steinar sjást.
Heimildir:

RA-012 Klömbur (Klambrar)

10 hdr. 1709. Stóruborgarkirkjueign [1332]: Máldagi kirkjunnar á Stóruborg. Þá á kirkjan Klambraland. (DI II 678). JÞ telur að máldaginn sé frá 1353 AM fasc. X, 20 HÞ telur Klömbur rétt kvk, et. (HS. Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 15). "Jörðin var forn hjáleiga Stóru-Borgar og var séreign Borgarkirkju svo langt aftur, sem sögur ná, og til niðurfalls kirkjunnar um 1700. ... Jarðarinnar getur í kirkjumáldaga í Borg frá um 1300." Jörðin í eyði frá 1968.

1709: Yfir engjar flýtir oftlega Kaldaklofsá og ber á þær leir og grjót, sýnist bæði tún og engjar fyrri spjöllum liggja." (JÁM I, 43) 1839: "Jörðin er sæmileg að túnum, en með litlum og slæmum útslægjum og enn verri og minni högum." (SSR, 17). 1924: Tún 4,7 ha, garðar 1844.

RA-012:001 *Forna-Klambra* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð að upphafi þar sem hét Forna-Klambra, um 100 m norður frá austurbænum í Borg. Sú rúst brotnaði niður í Kaldaklifsá á um það bil einni nóttu laust fyrir 1960. Bærinn var fluttur þaðan í löngu liðinni tíð í norðausturhorn Borgarlands, upp frá Eyvindarhólum." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Klambra stendur til landnorðurs af Stóru-Borg, en áður stóð hún norðan við Stóru-Borgarbæ hinn síðari, á bakka Kaldaklifsár, sem þar hefur nú farveg. Heitir þar Forna-Klambra." Segir í örnefnaskrá.
Heimildir: SB IV, 60; Ö-Stóra-Borg, 1-2

RA-012:002 *Klömbur (Klambrar)* bæjarstæði bústaður
"Bærinn stóð að upphafi þar sem hét Forna-Klambra, um 100 m norður frá austurbænum í Borg. Sú rúst brotnaði niður í Kaldaklifsá á um það bil einni nóttu laust fyrir 1960. Bærinn var fluttur þaðan í löngu liðinni tíð í norðausturhorn Borgarlands, upp frá Eyvindarhólum." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Klambra stendur til landnorðurs af Stóru-Borg, en áður stóð hún norðan við Stóru-Borgarbæ hinn síðari, á bakka Kaldaklifsár, sem þar hefur nú farveg. Heitir þar Forna-Klambra." Segir í örnefnaskrá Í norður frá Eyvindarhólum. Sunnan og norðan við er ræktað tún.

Bæjarhúsið er uppistandandi, 3 burstir, steinsteyptar framan. Er bærinn byggður inn í hól, grjótveggir. Vísar í 224°. Austan við er fjós, hlaða og súrheysturn steinsteypt. Á milli bæjar og þeirra er afmarkað svæði, grafið inn í hól, grjóthlaðið, vísar eins og bær á breidd sem er 6m (nær um hálfa leið að framgafli húsanna) lengd 10,6m að innanmáli. Steinsteypt smáhús er í vesturhorni þess.
Heimildir: SB IV, 60; Ö-Stóra-Borg, 1-2

RA-012:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-012:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-012:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-012:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-012:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-012:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-012:009 *Þórutóft* örnefni
"Landamerki þessara jarða, voru sjónhending úr Þórutóft hjá Miðbæli, eða sandvikinu austan við þann bæ, í Rauðsbakkakíl, þaðan um Ámundagarð hjá Syðra-Bakkakoti ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Borg, 2

RA-012:010 *Ámundagarður* örnefni landamerki
"Landamerki þessara jarða, voru sjónhending úr Þórutóft hjá Miðbæli, eða sandvikinu austan við þann bæ, í Rauðsbakkakíl, þaðan um Ámundagarð hjá Syðra-Bakkakoti ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Borg, 2

RA-012:011 hleðsla heystæði
Á bakvið bæjarhús, 002, NA við, er niðurgrafið svæði markað með grjótlhlöðnum veggjum, líklega heystæði. Vísar eins og bær í 224°, lengd 8m, breidd 8,6m.
Heimildir:

RA-013 Eyvindarhólar

24 hdr. 1696, kirkjustaður. Jörðin nefnd í landnámu, þangað fór Eyvindur Baugsson sem búið hafði í Eyvindarmúla í Fljótshlíð eftir víg Sigmundar sonar Sighvats rauða á Bólstað (ÍF I, 352). c. 1200: Jörðin nefnd í kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6) "[1332]: Holar. gamall maldagi.Mariukirkia j holum a heimaland allt. med gognum oc giædum." (DI II 677-678) "[1371]: ii. Mariu kirckia j holum a heimaland allt med gognum og giædum." (DI III 259) 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 646) 1575: Máldagi kirkjunar (DI XV 673)1709: "Skógur er kirkjunni eignaður í Lánganesi, sem kallast Hólaskógur í hennar máldögum, en nú er hann öreyddur og til að so litlu sem engu gagni. Afrjettarítak á og kirkjan, er heitir Hólatúngur, sem Eyjafjallajökull er að miklu leyti yfirsiginn, so haldið er þar kunni nú ekkium sumur af forsorgast meir en hjer um20 lömb." (JÁM I, 35). 1847: "Mótekja er engin, svo haug verður líka að nota til eldiviðar; en hlynnindi eru talin: hægur sjáfarafli og trjáreki fyrir jarðarinnar land, þó sjaldan sé að miklu verði." (JJ, 47). Nýbýli Eyvindarhólar II. "Sjórinn gekk um aldir á land staðarins og Kaldaklifsá eyddi gróðurlendi. ... Sandfok frá fjöru hefur oft gengið yfir haga og tún og Eyvindarhólum og Hólahverfi, en melgróður í sandrækt hefur nú heft það til mikill muna." (SB IV, 56-57)

1709: "Túnum, engjum og úthögum staðarins spillir mjög Kaldaklofsá, er sjerdeilis nú út ár hefur þar yfirhlaupið, og mikið fordjarfað með leiri og óklárendum; líka högunum grjót og leir, so og blástur og sandfjúk af fjörunni." (JÁM I, 35-36). 1839 E auk hjáleiga: "Landkostir eru sáraumir í þessu hverfi, þar eð útslægjur eru allar komnar í sand af sandfoki af fjörunum, svo ekkert er til slægna nema túni, sem mjög er þverbrestasamt, bæði vegna áburðarleysis og sandágangs. Hagarnir eru líka svo litlir að skepnur færa lítinn ávöxt á sumrum. Undir áföllum liggur þetta hreysi af sandfoki og hefur þess vegna mikið af sér gengið." (SSR, 17) 1847: "Prestsetrið er bæði mjög hagalítið og útslægnalaust, en túnið er stórt, og fást af því í meðalári 200 hestar." (JJ, 47) 1924: Tún 8,7ha, garðar 1948m^2.

RA-013:001 *Eyvindarhólar* bæjarhóll bústaður
"Talið er að bærinn hafi í öndverðu staðið þar sem nú heita Nónhólar í brún graslendis suður við fjöru. Þar má enn (1978) sjá merki til bygginga." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Suður frá Krókvelli eru Nónhólar í bakkabrúninni suður við fjöru. Þeir voru þrír, en eru nú mjög eyddir af landbroti. Þarna stóðu Eyvindarhólar í fornöld. Byggingagrjót hefur sézt í bakkabrúninni til skamms tíma." Segir í örnefnaskrá

Í Jarðabókinni segir að jörðin hafi átt reka fyrir sínu landi, gagnlegan. Skógur í Langanesi, Hólaskógur, var jörðinni eignaður, en var nú öreyddur. Afréttarítak í Hólatungum átti kirkjan einnig, en Eyjafjallajökull hafði sigið þar yfir. Kaldaklofsá og sandfor af fjörum spilltu túnum, engjum og úthögum. Torfristu til heyjaumbúnaðar þurfti að sækja í aðrar jarðir. Þakhellur og veggjasteinar dreifðir í fjörunni
Heimildir: SB IV, 56; Ö-Eyvindarhólar, 1

RA-013:002 gerði
Austan við A-hluta túngarðs Syðra Hólakots (RA-014). Tengist honum. Gamla heimatún Syðra Hólakots er vestan við, austan við er smáþýft sléttlendi út að lækjarfarvegi. Vísar í 180 °, ferhyrnt. Torfhlaðnir veggir. 9m x 6,6m að stærð, hæð 1m.
Heimildir:

RA-013:003 *Stekkhóll* tóftir stekkur
Beint í austur frá 002. Sléttlendi. Vestan við er lækur sá sem rennur austan við bæjarhúsin. Allstór, hár hóll með lautum í a.m.k. á 2 stöðum. Lengd 23,5m hæð 1,8m. Í SV frá honum eru 3 smáþýfðir hólar með 'hundaþúfum' á, e.t.v. tóftir 6m x 3,5m og 2,5m breið. Í NA frá honum, út í lækjarfarveg, er þúfnakraðak sem gæti myndað garð. E.t.v. rétt.
Heimildir:

RA-013:004 tóft útihús
Norðaustan við 003. Vísar í 205 °, ferhyrnd, torfhlaðin, e.t.v. tvískipt þvert á lengd. 11,3m x 6,6m að stærð, hæð 0,9m.
Heimildir:

RA-013:005 tóft útihús
Rétt vestan við 004. Hóll, óljóst sér móta fyrir ferhyrndri dæld í honum austanverður sem vísar í 194 °: 7,4m x 3,3m.
Heimildir:

RA-013:006 tóft útihús
Rétt vestan við 005. Vísar í 6°, ferningslaga, 7,m8 x 7m. Líklega afhýsi út úr A-hlið, c. 4m x 4m, óljós merki um skiptingu þess í tvennt. Nýleg tóft. Timbur og járn í henni.
Heimildir:

RA-013:007 tóft útihús
Suðaustur af bænum, rétt austan við lækjarfarveg, á sléttlendinu í átt að sjó. Flatt, þýft. Grösugt svæði. Fremur ólögulegur hóll núna. 11,3m x 10,3m, hæð 0,7m.
Heimildir:

RA-013:008 tóftir útihús
Rétt austan við 007. Hóll sem í virðast vera a.m.k. 3 tóftir; óljóst. Á milli 007 og 008 er þýfi sem hlykkjast. E.t.v. garður. Annar hóll í 192 ° frá þessum. Líklega ekki tóft. Túngarður er suðaustan við hann sem liggur út að sjó.
Heimildir:

RA-013:009 tóftir útihús
Við V-enda 008. Hálfhringlaga skál, e.t.v. rétt. 12,2m x 10,6m.
Heimildir:

RA-013:010 garðlag túngarður
Ekki beinn: 250 skref í 205°, svo 180 skref í 235° fram í sjávarmál. Hættir þar en ekki af völdum sjávarágangs. Fer líka í aðrar áttir og breytir um svip.
Heimildir:

RA-013:011 þúst
Nálægt 010. Þúfnasvæði sem nú hefur enga lögun, hæð 0,65m
Heimildir:

RA-013:012 tóft útihús
Norðaustur af eystri bænum, 18 skref frá girðingu við kartöflugarð. Óræktuð spilda milli girðingarinnar og skurðar. Handan (norðaustan) hans er ræktað tún. Sléttlendi. Vísar í 186 °, ferhyrnd. Ekkert grjót sjáanlegt í veggjum. Inngangur e.t.v. í austurhlið. Heilleg, líklega ekki gömul, veggjaþykkt 1,7. Stærð 7,8m x 5,5m.
Heimildir:

RA-013:013 tóft+garðlag rétt
Í suðaustur frá útihúsum 004-006, austan lækjar, sunnan við 014. Smáþýft beitiland, sléttar grundir norðan við,

nálægt læk. Vísar í 128°, ferhyrnd. Ekkert grjót sjáanlegt í veggjum. Kró í norðaustur horni, 12,5m x 7m, veggjaþykkt 2,5m. Veggir virðast mjög hrundir. Torf í veggi hefur e.t.v. verið tekið innan úr rétt: dýpra er þar en utan hennar.
Heimildir:

RA-013:014 tóft fjárhús
Norðan við 013, rétt austan lækjar. Smáþýft, sléttara - líkara túni - sunnan og vestan syðstu tóftar. Vísar í 40 °, ferhyrnd. Útflött, líklega úr torfi eingöngu, e.t.v. skipt í tvennt c. mitt á lengd, um 4 metra frá norðurgafli. Sá hluti tóftar liggur hærra en hinn: e.t.v. fjárhús og niðurgrafin hlaða sunnan við. 10,5m x 5m að stærð, hæð 0,45m.
Heimildir:

RA-013:015 gerði rétt
4,5 metra norðaustan við 014. Aðstæður sbr. 14. Vísar í 30°. Útflött. Torfhlaðin. Óljós skipting í norður og suður horni - krær? 14,5m x 8m að stærð, hæð 0,8m.
Heimildir:

RA-013:016 tóft útihús
Rétt norðaustan við 015. Aðstæður sbr. 015. Vísar í 24 °, ferhyrnd, torfveggir, útflattir
Heimildir:

RA-013:017 garðlag
Liggur í framhaldi af austurvegg 016, til norðurs. Aðstæður sbr. 016. Þýfð upphækkun, L laga, 23m í 20°.
Heimildir:

RA-013:018 *Rauðhóll* bæjarhóll bústaður
Í austanverðu túni Eyvindarhóls, nálægt landamerkjagirðingu milli Eyvindarhóls og Hrútafells. “Nokkru austar [en Reynihóll] er Rauðhóll, skammt sunnan við landamörk. Þar átti fornmaður, að nafni Rauður, að vera grafinn með fé sínu.” Segir í örnefnaskrá Ræktað tún allt í kring, grund. Notað til beitar núna. Vísar í 326 °. Ummál 29m x 20m5m, hæð 1,5m. Hér er talið að e.t.v. hafi staðið bær.
Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 1

RA-013:019 kálgarður
Norður af 018. Aðstæður sbr. 018. Eins og pallur, afmarkað af grunnum skurði.
Heimildir:

RA-013:020 garðlag kálgarður
Í norðvestur hlið 019. Vísar í 64 °. 2 rákir þvert á lengdina - des, breidd 1,2.
Heimildir:

RA-013:021 *Reynihóll* þjóðsaga huldufólksbústaður
“Reynihóll nefnist mikill hóll og fagur upp frá Eyvindarhólum. Við hann er miðað í mörkum jarða. Hvíldi mikil helgi á honum á fyrri dögum.” Segir í örnefnaskrá. “Ecki verdur því neitad ad inntil minna Tída hafa þær Sögusagnir geíngid medal Almúgans, og jafnvel nockrir er enn lifa ordid varir vid, ad sokallad Hulldufólk, edur Jardbúar hafi búid í sokolludum Reini hólum sem eru 2 Jardhólar Grasi vaxnir, og liggia gegnt Prests setrinu Eivindarhólum tl Austurs- og Landnorðurs, ...” FF,118-119 Mjög áberandi í landslaginu, mun ekki geyma neinar minjar.”Þar átti að vera bústaður huldufólks ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 1; FF, 118-119

RA-013:022 tóft
Tóftin er í jaðri túns í 200° frá kirkjunni, innan túngirðingar. Norðan tóftarinnar er túnið, á aðrar hliðar slétt graslendi. Skákin sem tóftin stendur á innan girðingar hefur ekki verið ræktuð. Hér er nú hóll, vísar í 225° lengd 4,5m breidd 3,3m, hæð 1,2m. Greinilega ferhyrnd, en varla sér móta fyrir veggjum, stendur e.t.v. á sandhól. Yfirgróin, enga steina að sjá.
Heimildir:

RA-013:023 *Nónhólar* hleðsla
Í brún sandhóla, 62° SV af vesturbænum. Melgresi er í sandbakkanum NA af. Graslendi ofar. Steinarnir sem eru greinilega úr byggingum - þakhellur og veggjasteinar - liggja á sandinum í fjörunni. Svæðið sem þeir liggja í er c. 10x4. Jón bóndi vissi ekki hvað þarna hafði verið en vissi vel af minjunum

Heimildir:

RA-013:024 hús fjárhús
Norður af bænum, milli hans og Klömbru. Slétt graslendi allt um kring. Þrjár burstir með steyptum göflum, hlaða með bárujárnsþaki þvert aftan við vísa í 190°. Vestasta húsið hefur verið notað fyrir hesta. Stétt er framan við húsin, hliðarveggir grjóthlaðnir. Breidd hlöðu 5,9m + lengd hesthúss 11,8m. Veggir þess ná út fyrir steinsteyptan gafl hlöðu, líklega í línu við innri brún. Veggjaþykkt 1,8m. Breidd hesthúss að utan er 4,4m + vestara fjárhúss 8m + austara 11,6m + veggjaþykkt 12m (framlengd).
Heimildir:

RA-013:025 hleðsla rétt
Norður af bænum, milli hans og Klömbru. Slétt graslendi allt um kring. Rétt, lengd 10,8m í 94° breidd 7,4m. Hlið í SA horni, breidd 2m, hlið eru einnig í báðum langhliðum upp við fjárhúsin.
Heimildir:

RA-013:026 hús fjárhús
Í NV frá Efra Hólkoti. Ræktað tún sunnan við. Tvær burstir, steinsteyptir gaflar og grjóthlaðnir veggir. Hlaða þvert á, byggt eins með bárujárnsþaki. Helluþak að hluta í vesturhúsinu. Jötur eftir endilöngu, grjóthlaðnar undirstöður. Breidd hlöðu 5,9m, lengd 13,1m. Veggjaþykkt vestasta húss 2m, breidd vestasta húss með veggjaþykkt 5,3m + næsta 8,7m. Alls 10,4m (með veggjaþykkt austara húss).
Heimildir:

RA-013:027 hleðsla
Á sléttri grund NA af bænum. Óræktað graslendi en slétt, grundir allt um kring. Ef til vill skjólgarður. 7,2m í 240°, 6,8m í 340°. Mjög útflattir veggir, ekkert grjót sjáanlegt.
Heimildir:

RA-013:028 tóft
Austur af bænum, 264° í kirkjuna. Valllendi, smámóótt, slétt og grösugt allt um kring. Að minnsta kosti ein tóft er sjáanleg í hólnum vestanverðum. Vísar í 213° lengd 4,3m, breidd 3,6m, hæð 0,75m. Yfirgróin, engir steinar sjáanlegir. Austur af tóftinni eru 3,4m eftir af hólnum - þar sér ekki móta fyrir tóft. Mjög lík öðrum tóftum hér að yfirbragði.
Heimildir:

RA-013:029 hús
NA af bænum. Valllendi allt í kring. Ferhynd hálfuppistandandi hús, líklega hesthús með hlöðu aftan við sem hefur verið steypt ofan á grjótvegginn. Vísar í 228°. Að utanmáli er lengd alls 17,4m, breidd 7,1m, lengd hlöðu 6,5m. Veggir eru mjög þykkir með rúnuðum hornum utaná. Bárujárnsþak var á hlöðunni nú fallið. Torfþak með hellum bætt bárujárni á hesthúsinu. Norðurhlið hrunin. Meðfram austurhlið er grjóthlaðin jötuundirstaða, breidd 0,7m, hæð 0,5m, breidd hlöðu að innanmáli 3,4m. Hæð upp í mæni 2,65m, þvertré liggja á veggjum, dvergur á þeim, mænir.
Heimildir:

RA-013:030 *Bakkamýri* tóft
Í móanum NA af bænum, vestan heimtraðar. Sléttlent og grasi vaxið. Stór hóll, næstum ferhyrndur, vísar í um 314°. Nú sér hér lítil merki um húsaskipan. Lengd 12,5m, breidd alls 13,8m, 10m að ætluðu húsi. Í SV helmingnum má e.t.v. greina skiptingu í stærra (SA) hús, breidd 3,8m, og minna NV af: lengd beggja 14,8m. SV hlutinn nær vestar en NA hlutinn. Hæð 1m.
Heimildir:

RA-013:031 tóft
Í 210° frá 030 er lítil ferhyrnd tóft. Vísar í 30°, lengd 2,9m, breidd 2,5m. Nú bara stórar þúfur, en greinileg tóft. Engir steinar, land liggur lægra allt um kring.
Heimildir:

RA-013:032 tóft
Nær Eyvindarhólum, í SV frá 030 er önnur lítil tóft, nú eins og ferhyrndur hóll. Vísar í 263°, lengd 2,9m, breidd 2,1m, hæð 0,5m. Uppfyllt. Ekkert grjót sjáanlegt.
Heimildir:

RA-013:033 garðlag
Í SV frá 032 er lágur garður, sléttur ofan, vísar í 308°.
Heimildir:

RA-013:034 heimild um kirkju
EYVINDARHÓLAR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Maríuc. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6[1332]: Holar. gamall maldagi.Mariukirkia j holum a heimaland allt. med gognum oc giædum. x. kugilldi. kalek gylltann oc messuklædi þrenn. þriu alltara klædi. kistur ij. kluckur iiij oc biollu eina. iij kertistikur. vij. merkur vax. tiolld. glodarker. kross oc skrijn litil. kantara kap. munnlaugh. fontz vmbuning. Máld DI II 677-678[1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216[1371]: ii. Mariu kirckia j holum a heimaland allt med gognum og giædum. x. kugilldi bufiar.kaleik gylldan. messuklæde tuenn. alltarisklædi þriu. kistur ij. kluckur iiij og biollu. iiij. kertestikur. ij. merkur vax. glodarker. krossar ij. skrijn med reliqvijs. kantara kapu. munnlaug. fontt vmmbuning. porcio ecclesie a medan sera niall hefur bued arlega sex aurar. Jtem þriu kugilldi eru hier j þessum maldaga. vj kyr og. ij. ær hins fimta tigar. Máld DI III 2591553: Máld DI XII 6461575: Máld DI XV 6731709: Kirkjustaður og beneficium; JÁM I: 35.1847: Prestsetrið er bæði mjög hagalítið og útslægnalaust, en túnið er stórt, og fást af því í meðalári 200 hestar. Á jörðunni sjálfri má þannig framfæra aðeins 3 kýr, 20 ær, 20 lömb og 4 hross, sé útheyskapur eigi keyptur að. Mótekja er engin, svo haug verður líka að nota til eldiviðar; en hlynnindi eru talin: hægur sjáfarafli og trjáreki fyrir jarðarinnar landi, þó sjaldan sé að miklu verði. Staðnum fylgja 3 kúgildi, en hjáleigurnar allar eru bygðar með 2 kúgilldum og 1 h. 25 al. lsk (að meðtöldum skips áróðri, 10 al. á hverri), sem geldst í smjöri og í fríðu. Af báðum annexíunum og afteknu bænahúsi "í Borg" eru goldnir til samans 33 fd. smjörs. Fasteignar tíund er talin 135 al., lausafjár tíund, að meðaltali í 5 ár, 70 ½ al., heytollar 66 og dagsverk 39. Presturinn leggur uppgjafa**:** prestum árlega 54 sk. JJ 47. 192412.3.1890: Skóga- og Steinakirkjur lagðar niður og sóknirnar lagðar til Eyvindarhóla; (PP, 54) [landshöfðingjabréf]16.11.1907: Eyvindarhólaprestakall lagt niður og sóknin lögð til Holts; (PP, 54) [lög]
Heimildir: Túnakort; JJ, 47, PP, 54, DI; JÁM I, 35

RA-013:035 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-013:036 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-013:037 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-013:038 *Vestur hjáleiga* bæjarstæði býli
1709: "Stóð heima við staðinn er fyrst bygð fyrir elstu manna tíð, en hefur nú ei bygst um næstu 14 eða 15 ár. Landskuld var annars lxxx álnir, þegar bygðist. Kann aldrei aftur að byggjast, sökum slægnaleysis og landþrengsla."
Heimildir: JÁM I, 36

RA-013:039 garðlag landamerki
"Leifar af fornum merkigarði sjást milli Borgarlands og Eyvindarhóla. Liggur markið þar til suðvesturs." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 1

RA-013:040 heimild um brunn
"Hólatjörn er norður af kirkjugarðinum. Vestan við hana var lengi brunnhús, eða þar til Sveinbjörns Sveinsson á Rauðafelli, nefndur Brunna-Sveinbjörn, gróf og hlóð brunn þann, sem enn er óhaggaður í hlaðvarpa í Eyvindarhólum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 1

RA-013:041 brunnur vatnsból
"Hólatjörn er norður af kirkjugarðinum. Vestan við hana var lengi brunnhús, eða þar til Sveinbjörns Sveinsson á Rauðafelli, nefndur Brunna-Sveinbjörn, gróf og hlóð brunn þann, sem enn er óhaggaður í hlaðvarpa í Eyvindarhólum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 1

RA-013:042 *Fjóshóll* örnefni fjós
"Fjóshóll er vestan við bæinn í Eyvindarhólum. Segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 1

RA-013:043 *Skiphóll* örnefni
"Austur frá Nónhólum er Skiphóll." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 2

RA-013:044 *Stekkjarhóll* örnefni stekkur
"Austan við hana [Heimarás] og Syðra-Hólakot er Stekkjarhóll." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Eyvindarhólar, 2

RA-013:045 *Eyvindarhólar* bæjarstæði bústaður
Bæjarstæðið á túnakortinu.
Heimildir: Túnakort 1924

RA-014 Syðra Hólakot

Hjáleiga Eyvindarhóla. 1709: "Bygð fyrr en menn til minnast, en hefur í eyði verið næstu 2 ár." Taldist ekki mega byggjast upp aftur. (JÁM I, 36) "Bæjarstæðið er suðaustur frá staðnum og standa þar nú fjárhús. .. Jörðin byggðist að nýju á 18. öld og hélst í byggð til 1912. Hún liggur nú undir Eyvindarhóla." (SB IV, 58) 1709: "Túnum og högum hefur Kaldaklofsá stórlega spilt með grjóti, leiri og sandi, sem heldur sýnist aukast meir en afvendast." (JÁM I, 36)

RA-014:001 *Syðra Hólakot* bæjarhóll bústaður
Stóð rétt sunnan við heimajörðina Eyvindarhóla. Í Jarðabókinni segir að þessi hjáleiga, sem var byggð fyrir manna minni, hafi verið í eyði í 2 ár. Í Sunnlenskum byggðum segir að hún hafi byggst aftur á 18. öld og haldist í byggð til 1912. Jörðin liggur nú undir Eyvindarhóla. Þar sem bærinn stóð eru nú fjárhús sem voru enn í notkun 1980.
Heimildir: JÁM 1, 36. SB IV, 58.

RA-014:002 garðlag túngarður
Heimatúngarðurinn sést vel. Veggjaþykkt 1,7-.8, hæð 0,6-.8, torfhlaðinn, ekki heill.
Heimildir:

RA-014:003 tóft
Í túninu 85° suður af bænum, þar sem Syðra-Hólakot var. Ræktað tún allt í kring. Ferhyrnd tóft, vísar í 206°, opin þar út. Tóftin stendur hátt, líklega á sandhól. Hún er yfirgróin og eru engir steinar sjáanlegir. Lengd hennar er 5,6m breidd 4,2m. Þvermál hólsins sem er hringlaga er 17m, hæð mest um 2m. Jón á Eyvindarhól telur þetta hafa verð útihús frá Hólkoti.
Heimildir:

RA-015 Efra-Hólkot

1709: "Hefur fyrir 20 árum flutt verið heiman frá staðnum, en hennar fyrstu bygging muna menn ei." (JÁM I, 36). Hjáleiga frá Eyvindarhólum "... stóð um 200m norður frá staðnum. ... Skortur á útslægjum gerði búskap jafnan örðugan á Efra-Hólakoti, sem átti í því sammerkt við Eyvindarhóla og hinar hjáleigurnar. Flest hús eru nú felld í Hólakoti og jörðin í eyði frá 1957." (SB IV, 58) 1709: "Þetta býli liggur undir spjöllum af Kaldaklofsá líka sem heimastaðurinn sjálfur." (JÁM I, 37)

RA-015:001 *Efra Hólkot* bæjarhóll bústaður
Stóð norðan við vestasta bæ heimajarðarinnar Eyvindarhóla. Í Jarðabókinni segir: "Hefur fyrir 20 árum flutt verið heiman frá staðnum, en hennar fyrstu bygging muna menn ei". Jörðin fór í eyði 1957 og er nú eign Eyvindarhólabónda. Í Jarðabókinni segir: "Þetta býli liggur undir spjöllum af Kaldaklofsá líka sem heimastaðurinn sjálfur" Hóll sem vísar í 275°. Dreif af hellum og veggjasteinum ofaná.
Heimildir: JÁM I, 36-7

RA-015:002 heimild um varnargarður
1709: "Á næstliðnu sumri var hjer fyrir hlaðið eftir staðarhaldarans tilhlutan og vatnsgángi nokkuð afvendað ..."

Heimildir: JÁM I, 37

RA-015:003 mannvirki útihús
Rétt vestan við 001. 4 steyptar burstir, hlið við hlið, vísa í 185 °. Grjóthlaðnir veggir, rekaviður, hellur og torf á þaki. Stétt framan við. Byrjað vestast hús 1. 2,4m x 3,9m, 2. 5m x 3,4m, 3. breidd 2,3m, smiðja, 4. breidd 3,2m. Aftan við 1 er aðskilin tóft sem vísar í 280 °, 2,4m x 1,7m.
Heimildir:

RA-015:004 þúst
Austan við 003 er flatur hóll beint úr frá framhlið húsanna. Hér er dreif af hellum + veggjasteinum. Einnig steinsteypa. Hér hafa verið hús en sér nú ekki móta fyrir neinu. Lengd frá austurbrún smiðjunnar um 40m.
Heimildir:

RA-016 Krókvöllur

Hjáleiga Eyvindarhóla. "Bærinn stóð við vesturjaðar Hólalands, beint vestur af Eyvindarhólum. Í seinni tíð a.m.k. fóru saman tún hjáleigunnar og staðarins. Hjáleigan er komin í byggð 1780 ... Jörðin liggur nú undir Eyvindarhóla." SB IV, 58

RA-016:001 *Krókvöllur* bæjarhóll bústaður
Stóð í túninu vestan við vestasta bæ Eyvindarhóla. Var komin í eyði 1780 segir í Sunnlenskum byggðum. Slétt tún. Þar sem bærinn sjálfur stóð er nú útflattur lágur hóll í túninu og var tóftunum jafnað út.
Heimildir: SB IV, 58.

RA-016:002 þúst
Syðst er hóll sem í hefur verið tóft. Er nú líkara hól, yfirgróið og engir steinar sjáanlegir. Hefur ef til vill vísað í 210°, lengd 3,6m, breidd 2,9m, hæð 0,75m.
Heimildir:

RA-016:003 garðlag túngarður
Í austur frá suðurbrún 002 hlykkjast lágur og óljós túngarður. Líkist grónum hlykkjóttum hrygg.
Heimildir:

RA-016:004 tóft
Tóft við austurbrún 003 miðja vegur að bæjarhól. Lítil tóft, næstum ferhyrningslaga og snýr í 68° 3,2m x 3,1m, hæð 1,1m. Yfirgróin og stendur nokkuð hátt.
Heimildir:

RA-016:005 þúst
Aðeins suður af 004 er bunga austur úr túngarði og hefur þar líklega verið tóft. Nú aðeins yfirgróinn hóll. Breidd frá túngarði í SA (230°) 3,3m, langhlið meðfram túngarði 3,5m, hæð 1,5m.
Heimildir:

RA-016:006 þúst
NA við 003 er enn ein lítil ólöguleg bunga. Út frá túngarði er breidd í 120° 4,3m, lengd meðfram honum 3,3m, hæð 1m, hæð túngarðs hér er um 1,4m.
Heimildir:

RA-016:007 tóft
Nyrsta tóftin er vestur úr túngarði, þar sem hann beygir til austurs. Vísar meðfram honum í 92°, lengd 3,4m, breidd 3,2m.
Heimildir:

RA-016:008 garðlag túngarður
Í horninu austan við 007 er lægri túngarður, beint úr NV horninu í 100° á hærri og yngri garðinn 003. Má síðan sjá leifar hans norðan túngarðs í austur.
Heimildir:

RA-017 Stóraborg

40 hdr. 1709 með Minni Borg sem er 10 hdr og Sitjanda sem er 6 hdr. 80 álnir að dýrleika. Er nefnd í einu hdr. kirknaskrár Páls, en er líklega yngri viðbót. (DI XII 6). "[1332]:Borg. gamall mäldagi. Mariukirkia j borg a heimaland allt oc klambrarland." (DI II 678). (JÞ telur að frá * sé frá 1353 og að þetta muni vera Ámundi Guðmundsson en Ámundi Hallsson var prestur á Stóru Borg 1440 (AM fasc. X, 20).) "[1371]: iii. Mariu kirkia j borg a heimaland allt og [kla]mbraland." (DI III 259) Kirkjan á Stóruborg var fallin 1541. -Máldagi kirkjunnar (DI X 658) 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 647). 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 672-673)Borgarkot einnig hjáleiga í eyði 1709. "Afréttar ítak er kirkjunni eignað, kallað Borgartúngur, sem mönnum þykir forsorga kunna um sumar 1 lömb, sígur Eyjafjallajökul á þetta takmark og spillir smásaman. Fjöru hyggja menn jörðina eiga fyrir sínu landi miðlum Hóla og Miðbælis, en hvort kirkjan á hjer nokkurn reka er óvíst." (JÁM I, 44) Bænhús var á jörðinni. "Um 250 m breitt graslendi er framan við bæinn og framan þess fjaran, 150 m á breidd. Árlega brýtur framan af graslendinu. Kaldaklifsá sker Borgarland að austan og brýtur þar bakka. Hluti af nýrækt Borgarbónda er austan árinnar. Jörðin á upprekstur í Borgartungum milli Hrútafellsheiðar og Hólatungna og reka á Borgarfjöru." (SB IV, 61)

1709: "Engjum spillir Kaldaklofsá, líka túnum nokkuð, en blástur af sandi mikilega stundum og liggja udnir meiri spjöllum." (JÁM I, 45). 1924: Vesturbær: Tún 1,7 ha, garðar 1265m^2. Austurbær: Tún 1,8 ha, garðar 1020 m^2.

RA-017:001 *Stóraborg* bæjarhóll bústaður

"Niðri á strönd Austurfjalla, miðsvæðis, rís hár, einstakur moldarhóll og talar skýru máli um undanhald landsins frá hafi. Þarna stóð stórbýlið og kirkjustaðurinn Stóra-Borg frá um 1000-1840. Nú gengur stórbrim yfir bæjartætturnar og máir þær út frá ári til árs." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Bæjarstæði Stóru-Borgar hinnar fornu stendur nú frammi í sjávarkambi; bærinn var fluttur þaðan um 1840. Hafði þá fyrir skömmu orðið að taka kýr þar út um fjósþekju í sjávargangi." Segir í örnefnaskrá

Fornleifarannsókn fór fram á Stóruborg á árunum 1978-90. "Um það bil er uppgröftur hófst stóð hinn forni bæjarhóll eins og eyja frammi á sandfjörunni og gekk brim upp í hann eða yfir hann á vetrum. ...Líklega hefur bæjarhóllinn í Stóruborg verið farinn að eyðast snemma á öldinni, en skömmu eftir 1960 sópaðist allur fjörusandur sunnan frá bæjarrústinni af völdum vatnsfalla og sjávar og tók hóllinn þá að eyðast hraðar. Sorphaugur var framan í hólnum og þar mátti sjá ýmsar minjar mannvista. ... Við eyðingu hólsins komu fram tættur víða á hólnum, bæði austan og vestan. Austan í hólnum varð vart við eldstæði, voru það litlir, samfelldir flekkir af eldlituðum smásteinum. ... Það mannvirki sem augljóslega er elst, er lítil niðurgrafin "bygging," jarðhýsi. Slík hús eru vel þekkt annars staðar á Norðurlöndum, bæði á víkingaöld og miðöldum, og allnokkur hafa verið könnuð hérlendis, m.a. í Hvítárholti og á Hrafnseyri. Jarðhýsið í Stóruborg er hið minnsta sem ég veit um, lætur nærri að það sé 2,10 x 2,30 m. ... Jarðhúsið var grafið niður um 70 cm frá yfirborði. Gólfið var þunnt (2-5 cm) og nokkuð viðarkolaborið í miðju. Við vesturvegg hússins voru leifar ofns eða eldstæðis. Eftir að búið var að fylla jarðhýsið var reist ílöng bygging á sama stað, og lenti suðurveggur hússins ofan á jarðhýsinu. Byggingin var hátt í fjögurra metra breið. Um lengd hennar er ekki eins ljóst, en hún hefur vart verið styttri en um 27 metrar. Hún hafði verið endurbyggð margsinnis.

Norðan við þessa byggingu og hornrétt á hana voru tvær viðbyggingar, önnur a.m.k. 12 m löng, en hin ekki styttri en 3,5 m. Þriðja viðbyggingin var við vesturenda hússins, hún var 6 x 3 m að innanmáli. Í því húsi var mikill fjöldi af litlum holum í gólfi, þær voru óreglulegar og dreifðar um gólfið. Ef til vill hafa þær verið eftir einhver tól eða verkfæri sem rekin hafa verið niður í gólfið. Þessi viðbygging var lögð af við næstu gagngerðu endurbyggingu á bæjarhúsunum. Þá var aðalhúsið stytt og húsin norður af því endurbyggð. Nokkru síðar var bætt húsum við vesturenda bæjahúsanna, þrem byggingum sem trúlega hafa allar verið einhverskonar útihús. Þessar byggingar hafa allar verið lengi í notkun, a.m.k. endurbyggðar einu sinni hver. Á sama tíma og þessi hús stóðu var enn a.m.k. eitt bakhús. Við næstu meginbreytingu voru tvö hús reist í stað þeirra þriggja vestustu, og voru töluvert minni en þau. Þá er enn aðalbygging sem snýr austur og vestur og gengið inn á henni miðri. Eystri hluti hennar virðist af fundum hafa verið notaður sem búr eða sem búr og eldhús. Það var lengi í notkun og var skipt í tvennt á síðasta skeiði sínu. Yngstu byggingarnar á hólnum voru illa varðveittar. Við því er að búast að grjót og annað byggingarefni hafi verið tekið úr bænum þegar hann var fluttur og notað aftur á nýja staðnum. Þá er vitað að menn hirtu einnig grjót úr rústunum til bygginga fram á þessa öld. Af yngstu rústunum sem sjá mátti á hólnum verður þó ráðið að enn var þar hús sem lá austur og vestur og hús sem sneri þversum á það vestast (líklega tvö frekar en eitt). Óvíst er, hvort nokkurt bakhús var á þessu tímabili. Flatarmál húsa var oft mikið, t.d. greinilega 160 fermetrar að innanmáli á einu af eldri skeiðunum. Ljóst að húsin minnka á síðasta tímabilinu. Sennilegast er að þar gæti þeirrar landeyðingar, sem varð til að flytja varð bæinn, og hafi orðið samdráttur í búskap, húsastærð og mannfjölda í samræmi við það sem jörðinni hlýtur að hafa farið aftur við sjávárága nginn. Hlutir þeir, sem fundust við uppgröftinn í Stóruborg, eru yfir hálft fimmta þúsund, eða 4578 gripir. Þá eru ótaldir þeir munir, sem Þórður Tómasson hefur safnað saman, og gætu farið hátt í að vera annað eins."

"Bærinn hefur staðið hátt með fagurri sýn til fjalla og sjávar. Sögn hermir, að seftjörn hafi verið framan

við Borgarbæ og góður skeiðsprettur frá henni til sjávar." Segir í örnefnaskrá Greinar um uppgröftinn: Mjöll Snæsdóttir: "Anna átti mig" Árbók 1980; Mjöll Snæsdóttir: "Kirkjugarðurinn að Stóruborg undir Eyjafjöllum." Árbók 1987; Mjöll Snæsdóttir: "Ráði sá er kann. Óráðinn rúnatexti frá Stóruborg undir Eyjafjöllum" Árbók 1988; Mjöll Snæsdóttir: "Jarðhýsið í Stóruborg undir Eyjafjöllum." Árbók 1991; Mjöll Snæsdótir: Stóra-Borg Fornleifarannsókn 1978-1990. Sýningaskrá; Þórður Tómasson: "Brot úr byggðasögu" Kirkjuritið1970; Þórður Tómasson: "Minjar rísa úr moldum" Landnám Ingólfs 1985.
Heimildir: SB IV, 61; Ö-Stóra-Borg, 1; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 196-200

RA-017:002 heimild um kirkju
1847: Af báðum annexíunum og afteknu bænhúsi "í Borg" eru goldnir til saman 33 fd smjörs." MS: "Vorið 1978 fórum við tveir útsendarar Þjóðminjasafns á vettvang að skoða hól og líta á þær leifar kirkjugarðs, sem þá mátti sjá. Í ljósbrúnum jarðveginum suðaustan í hónum mátti sjá skákir, sem skáru sig úr moldinni í kring. Þetta voru grafir, sem sáust eins og litaskipti í jarðveginum. Fyllingin í gröfinni skar sig úr sem ílangur flötur, þar sem jarðvegurinn var með örlitlum litblæ en moldin umhverfis. Á einum stað mótaði fyrir leggjum og lærum neðri hluta beinagrindar sem lá á yfirborði. Sjórinn var búinn að fletta ofan af þykku jarðvegslagi og það eins sem eftir var af þessari gröf var farið eftir fótlegg frá mjöðm að ökklum og örlítil beinmylsna í farinu. Leifar af miklum torfvegg, kirkjugarðsvegg, sáust neðarlega í brekkunni, og mótaði sums staðar greinilega fyrir hnausum. ... Uppgröftur hófst í júní 1978. Við byrjuðum á að skoða kirkjugarðinn, og fór fyrsta uppgraftarsumarið í það. Hann stóð lægra en bæjarrústirnar sjálfar, og virtist vera í mestri hættu að eyðast. Þess vegna var byrjað þar. Þórður Tómasson hafði kortlagt kirkjugarðinn, eins og hann leit úr á yfirborði 1972, og séð þar rúmlega sjötíu grafir. Við könnuðum leifar af 66 gröfum. Við samanburð á teikningum virtist svo sem grafirnar sem Þórður hafði teiknað 1972 hafi flestar verið horfnar þegar við byrjuðum að vinna og þær grafir sem við könnuðu flestar verið "nýjar," aðrar. Má því leggja saman fjölda grafa á teikningu Þórðar og grafir þær er við könnuðum ... má því gera ráð fyrir að ekki hafi færri en 150 mans verið jarðsettir í garðinum. ... Í kirkjugarðinum í Stóruborg voru bein illa varðveitt, yfirleitt ekki nema skæni og mylsna ... Ljóst var að garðurinn hafði verið lengi í notkun. Víða mátti sjá að grafir gengu hveryfir aðra, mest voru dæmi um fimm greftranir hverja yfir annarri."
STÓRABORG UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Maríu (EYVINDARHÓLAANNEXÍA)er nefnd í einu hdr. kirknaskrár Páls, en er líklega yngri viðbót; Kirknaskrá Páls, DI XII 6.[1332]: Borg. gamall mäldagi. Mariukirkia j borg a heimaland allt oc klambrarland. þar fylgia fiogur hundrath fioru. vij. kugilldi. kirkiann a innan sig. smellta kross. ij. rodukrossar. mariu skriftt. messuklædi ij. kalek. kantarakapur ij. alltaraklædi iiij. einn slopp. tiolld vmm huerfis kor. glodarker. ij munnlaugar. handkuern. steinnhnudar xij. kluckur iij. bord oc stighe. halft þridia hundrat j sængarklædum. x gess gelldar. kertistikur ij. oc kertaklofve. oc ein litil bialla. messustack. baksturjarn. kistur ij.*Þetta lokid j stadar spell. fiogur kugilldi. tuau ross. þriu hundrat j slatrum. x aurar voru. eptir Amunda prest. Máld DI II 678. JÞ telur að frá * sé frá 1353 og að þetta muni vera Ámundi Guðmundsson en Ámundi Hallsson var prestur á Stóru Borg 1440 (AM fasc. X, 20). [1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216 [1371]: iii. Mariu kirkia j borg a heimaland allt og [kla]mbraland. þar fylgia iiijc fioru. Sextan kugilldi og xx. ardurvxe. Gradungur tuevetur. iij. Ross roskin. ellefu gæs. stige handkuern. Kirkian a jnnan sig smelltan kross. ij rodakrossa. mariu skriptt. messuklæde. ij. kaleik. kantarakapur. ij. alltaraklæde iiij. slopp. tioll vm kor. glodarker. ij munnlogar. klockur iij. kertastikur ij. kertaklofa lytinn. messufatastock. kistur tuær. Baksturjarn.xij manada messubækur. Hun a og halftt þridia hundrad j sængarklædum. A þessum kuikfiam skal vera omage af ætt syra Aamunda Gudmundarsonar. sa sem biskupinn j Skalhollte eda hans logligur vmmbodzmadur skipar; Máld DI III 259 Kirkjan á Stóruborg var fallin 1541. -Máld DI X 658 1553: Máld DI XII 647 1575: Máld DI XV 672-673
1709: "Hjer hefur kirkja verið (bænhús) og embættað af sóknaprestinum að Hólum, Skógum og Steinum, þá fólk hefur verið til sakramentis, líka endur og sinnum á bændadögum um lángaföstu; kirkjan er fallin og hefur hjer ekki embætisgjörð flutt verið í 10 ár að menn minnir."
Heimildir: JJ, 47; JÁM I, 44; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 196-201

RA-017:003 *Kvíaholt*hleðsla kvíar
"Norðan við Stóru-Borg hina fornu er Kvíaholt norðan farvegsins, sem Bakkakotsá hefur stundum runnið eftir." Segir í örnefnaskrá Hálfhringlaga, vísar í 330°, lengd um 7m, breidd um 8m. Torfhlaðnir veggir. Talið að þar hafi kvíar Önnu á Stóruborg verið.
Heimildir: Ö-Stóra-Borg, 2

RA-017:004 tóft
Ferhyrnd tóft, vísar í 215°, lengd 8m, breidd 2,9m
Heimildir:

RA-017:005 tóft fjárhús
Annaðhvort tvö hús eða tvískipt tóft, ef til vill hlaða um það bil hornrétt á. a) vísar í 205°, lengd 10m, breidd

3m. b) vísar í 315°, lengd 5m, breidd 2,5. Einnig óglöggur hóll einnig.
Heimildir:

RA-017:006 *Stóra Borg [Vesturbær]* bæjarstæði bústaður
Bærinn var fluttur árið 1840 um 640 metra til austnorðausturs og byggt þar upp tvíbýli. "Borgarbær var fluttur góðan spöl til austurs landnorðurs frá gamla bæjarstæðinu." Segir í örnefnaskrá Stendur í hlaðinu, beint vestur af núverandi íbúðarhúsi, milli þess og fjóss. Túnið suður af bænum, hlaðið norður af. Hér eru nú 5 burstir uppistandandi hús, með steinsteyptum göflum, nú notað aðallega fyrir hey. Vestasta húsið er hænsnakofi. Á milli þess og þess næsta í austur er járnskúr. Vísa í 210°. Austustu húsin, lengd að utanmáli 7,8m, næstu tvö hús eru 5,7m á lengd að utanmáli. Utanmál framhliðar: breidd allra húsanna: Austasta: veggjaþykkt 1,6m, + breidd 3,8m, + næsta að 10,8m, + næsta að 15,6m, + næsta í vestur að 18,3m, svo kemur skúrinn að 23,1m, + næsta 27,8m að innri brún, með vegg 29,8m."Enn stendur eldhús, sem reist var í Stóru-Borg um þetta leyti, og sjást í því viðir úr Stóruborgarskála." Segir í örnefnaskrá.
Heimildir: SB IV, 61; Ö-Stóra-Borg, 1; Túnakort 1924

RA-017:007 *Stóra Borg [Austurbær]* bæjarstæði bústaður
Bærinn var fluttur árið 1840 um 640 metra til austnorðausturs og byggt þar upp tvíbýli. "Borgarbær var fluttur góðan spöl til austurs landnorðurs frá gamla bæjarstæðinu." Segir í örnefnaskrá Rétt austan við heimatröð, norður af núverandi bæ. Slétt graslendi, Kaldaklifsá rétt austur af. Hér eru nú 2 sambyggð fjárhús, vísa í 220°með hlöðu þvert aftan við, grjóthlaðnir veggir, bárujárnsþak og gaflar. Lengd fjárhúsa 7,8m, veggjaþykkt austarahúss 1,5m með breidd húss 5,6m, bæði hús alls 9,3m, hlaðan virðist öll gerð úr bárujárni."Enn stendur eldhús, sem reist var í Stóru-Borg um þetta leyti, og sjást í því viðir úr Stóruborgarskála." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: SB IV, 61; Ö-Stóra-Borg, 1; Túnakort 1924

RA-017:008 hús lambhús
SA af 007 nokkurn spöl er annað hús, ferhyrnt, notað fyrir kartöflur. Torfþak. Vísar í 314°, að utanmáli er lengd 7,3m, breidd 5,6m, dyr í 314°, breidd 0,65m, hæð 0,9m.
Heimildir:

RA-017:009 garðlag heygarður
Beint NA af 008, vísar eins, er heygarðstóft. Ferhyrnt svæði, breidd 7,7m, lengd 7,6m, fylgir SA gafli 008.
Heimildir:

RA-017:010 garðlag kálgarður
Framan SV við 007 og 008 er ferhyrndur kálgarður sbr. loftmynd.
Heimildir:

RA-017:011 *Fiskigarðar* garðlag
Rétt suður af 010, á árbakkanum, er garðbrot, vísar í 240°. 9,5m á lengd, eflaust mikið brotið af því, kallað Fiskigarðar.
Heimildir:

RA-017:012 *Langabakkakálgarður* garðlag kálgarður
Á bakkanum sunnan bæjar, SA af 013, í 126°. Slétt graslendi í kring um garðinn. Ferhyrndur garður, vísar í 124°, lengd 10,1m, breidd 7,5m, hæð um 0,75m. Ekki sér neina skiptingu í þessu. Veggir ójafnir, úr torfi, engir steinar sjáanlegir. Þar var unnið að fiski. Bakkinn sem 012 og 013 standa á heitir Langibakki. Þetta var álagablettur sem ekki mátti slá.
Heimildir:

RA-017:013 *Nóntóft* þúst eyktamark
Í túninu SV af bænum, rétt við sjávarbakkann. Slétt graslendi í kring um garðinn. Nú nær hringlaga hóll, 7,5m í þvermál, vísar í 40°. Sér ekki móta fyrir neinum veggjum.
Heimildir:

RA-017:014 garðlag túngarður
Rétt NA af 012, í 30°. Liggur í túnjaðrinum, slétt graslendi er einnig SV við, samanber 012-013. Hér liggur túngarður þvert á, og út úr honum til NA er kálgarður.
Heimildir:

RA-017:015 garðlag kálgarður

Rétt NA af 012, í 30°. Liggur í túnjaðrinum, slétt graslendi er einnig SV við, samanber 012-013. Hér liggur túngarður þvert á, og út úr honum til NA er kálgarður. Lengd í 128° 10,9m, breidd 9,3m, hæð 0,4m.
Heimildir:

RA-017:016 *Vesturtættur* tóft beitarhús
Norður af bænum, vestan heimtraðar í vesturjaðri túnsins. SV við er túnið, lækur norðan við. Ekki mikið að sjá, húsin voru byggð upp við túngarð. Langhlið svæðisins í 260° er 9,1m, breidd 3,6m, hæð 1m. Nátthagi var sunnan við nú horfinn í tún.
Heimildir:

RA-017:017 tóft
Vestar en 016-017, inni í túninu, er ferhyrnd greinileg tóft. Vísar í 186° lengd 3,8m, breidd 3,2m, hæð 0,6m. Bóndinn telur að krakkar hafi gert tóftina.
Heimildir:

RA-017:018 garðlag túngarður
Norður af bænum, vestan heimatraðar í vesturjaðri túnsins. SV við er túnið, lækur norðan við. Ekki mikið að sjá, húsin voru byggð upp við túngarð sem enn hlykkjast eftir bakka lítils lækjar.
Heimildir:

RA-017:019 *Torfholtshóll* örnefni rista
Torfholtshóll heitir hóll við vaðið á læknum niður að bæjarhól.
Heimildir:

RA-017:020 heimild um vað
Torfholtshóll heitir hóll við vaðið á læknum niður að bæjarhól.
Heimildir:

RA-017:021 heimild um brunn
Framan húsanna 006 er grjóthlaðinn brunnur, var notaður fyrir húsin.
Heimildir:

RA-017:022 heimild
Gerði var austur af 011, nú farið í ána.
Heimildir:

RA-017:023 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:024 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:025 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:026 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:027 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:028 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:029 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:030 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:031 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:032 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-017:033 bæjarstæði býli
MS: "Hugsast getur, að elsta byggð í Stóruborg hafi ekki verið á hól þeim, þar sem bærinn stóð svo lengi. Haustið 1972 lá Bakkakotsá mjög djúpt niðri í farvegi vestan við Borgarhól með útfall beint í sjó fram. Komu þá í ljós bæjarrústir rétt við vatnsborð árinnar, og náði Þórður Tómasson að skoða þær nokkuð." Segir í örnefnaskrá MS: "Þarna voru leifar af vegghleðslu úr leirbornum mýrarhnausum og í hleðslunni var geysimikið af birki, stofnar og lim. Var engu líkara en hleðslulög í veggnum hefðu verið bundin með birki. Nokkuð fannst af dýrabeinum, m.a galtartönn. Viður úr þessari rúst var aldursgreindur í Svíþjóð og virtist geta verið frá landnámsöld. Sjór gekk yfir rústina á flóði og var ekki hægt að komast að henni nema nokkra daga í september 1972 og er hún nú eydd."
Heimildir: MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 201

RA-017:034 heimild um lendingu
MS: "Við Borgarhól heitir Borgarfjara, þaðan var róið fram á þessa öld."
Heimildir: MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 196

RA-017:035 *Borgarkot* bæjarstæði býli
Hjáleiga Borgar. Byggðist fyrir minni elstu manna en lagðist í eyði rétt fyrri aldamótin 1700. "Bæjarstæðið er smáhóll á vesturbakka Bakkakotsár beint norður frá Stóruborg hinni fornu. Mótar þar greinilega fyrir húsaskipun. Einnig sjást merki um forna farvega Kaldaklifsár í nánd bæjarstæðis ..." Segir í Sunnlenskum byggðum. Rústirnar eru skammt suður af Svaðbælisá. Ræktað tún allt í kring.

Hóll, lengd hans vísar í 300 ° en burstir vísuðu í 220 °. Sér móta fyrir 6-7 tóftum syðst í hólnum. Norðan við iii, iv, & v, er dæld, líklega heygarður. Breidd úr austri: I. 4m + ii. 8m + iii. 11,2m + iv. 14m + v. 17,7m. Lengd að dæld 8. Austan við var annað hús, stendur lægra. Minnir á Miðbælistóftir. Túngarður umhverfis. Sést vel á loftmynd.
Heimildir: JÁM I, 45; SB IV, 62

RA-017:036 *Skiphellar* heimild
"Í þjóðsögum um Önnu á Stóruborg og Hjalta Magnússon segir: "Mælt er að hellar voru fyrir framan Stóruborg, og væri í þá stuttur sprettur heiman úr Stóruborgarhólnum. Voru hellar þeir kallaðir Skiphellar, því að inn í þá settu menn skip sín. Þar hafðist Hjalti við um stund." Ekkert mælir gegn því að þessi hellir hafi verið til. Mjúkur sandsteinn er í bæjarhólnum og því ekkert ólíklegt að sandsteinshólar hafi verið utar sem hægt var að grafa hella í. Sjór gengur á ströndina og hefur lengi brotið land á þessum slóðum. Ekki líður á löngu þar til bæjarstæðið hverfur í hafið. Skiphellar voru utar að sögn og eru því horfnir í öldurnar."
Heimildir: Manngerðir hellar 257

RA-018 Minniborg

10 hnr 1709. 1521: Jörðin nefnd í virðingagerð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. (DI VIII, 798) 1709: "Túnum og engjum spillir Kaldaklofsá, hvor ogso í hlákum og vatnavöxtum hleypur inn í bæjarhús og heygarð og skemmir honnuð heyið." (JÁM I, 45)

RA-018:001 *Minniborg* bæjarhóll bústaður
"Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, en eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatna og sjávar. Leifar eldri bæjarstæðið Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tún liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnaágangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur." Segir í Sunnlenskum byggðum.

MS: "Árið 1968 sópaðist sandur ofan af bæjarstæði um 280 m vestur frá Borgarhól. Þar hafði í minni eldri manna verið hóll, sem oft var sett upp veita á til að gefa merki um að fara til sjávar á Miðbælisvörum. Þar norðan við hafa verið graslendi milli Stóruborgarhólsins og Miðbælis, nefnt Sandtún, og nú með öllu eytt. Mannvistarleifar er komi í ljós 1968 voru leifar af langvegg úr hús, hlöum grjóti, veggurinn lá norðvestur og suðaustur og var framan við hann þunnur sorphaugur með húsdýrabeinum og spýtum. Mestur hluti þessa

bæjarstæðis virtist löngu eyddur, líklega af vatnsgangi, og brim eyddi síðan því sem eftir var skömmu eftir að hún kom í ljós. Barst grjót og húsdýrabein úr henni norður um alla fjöru. Þórður Tómasson telur þetta rúst af hjáleigu Stóru-Borgar, Minniborg, en hún var flutt þaðan um miðja 19. öld (1845 og 1857).”Elsta bæjarstæðið
Heimildir: SB IV, 63

RA-018:002 *Minniborg* bæjarstæði bústaður
“Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, en eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatna og sjávar. Leifar eldri bæjarstæðið Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tún liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnaágangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur.” Segir í Sunnlenskum byggðum. Sléttað tún eða graslendi. Hóllinn er vestan við Sitjanda og Gíslatættur. Hóll sem vísar í 330 °. Girðing liggur yfir norðurhluta hans. Sléttað, engin merki tófta. Tvíbýlis bæjarstæðið
Heimildir: SB IV, 63

RA-018:003 *Rauðsbakki* tóft útihús
Rétt vestan við 002, milli hans og Miðbælis. Aðstæður sbr. 002. Vísar í 210 °, opin í endann, torfhlaðin, mjög útflött. Stærð 3,1m x 3,4m, hæð 0,75. Tilheyrði líklega Minniborg eða Miðbæli.
Heimildir:

RA-018:004 *Rauðsbakki* bæjarstæði bústaður
Rauðsbakki. Ólafur Ólafsson og Ástríður Þorbjörnssdóttir felldu niður byggð á hálflendu Minni-Borgar hinnar fornu um 1845 og fluttu hana upp á Rauðsbakka ofan við Minni-Borgarland og héldu áfram í ábúð hálfri Minni-Borg. Rauðsbakki virðist áður hafa verið hluti af Bakkakotslandi, afmarkaður að sunnan af Minni-Borgarlandi, að vestan af Miðbælislandi, að norðaustan ræður farvegur Bakkakotsár skilum milli Bakkakots og Rauðsbakka. Til Rauðsbakka lagðist síðan hluti af Miðbæli. Bærinn á Rauðsbakka hefur tvisvar verið fluttur vegna landbrots af völdum Bakkakotsár. Árið 1908 var hann fluttur 70 m til norðvesturs og byggður upp við vesturmark jarðarinnar, beint austur af Önundarhorni. Þar stóð hann til 1930, var þá fluttur suður á núverandi bæjarstæði.”
“Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, en eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatna og sjávar. Leifar eldri bæjarstæðis Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tún liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnaágangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur.” Segir í Sunnlenskum byggðum. Uppistandandi hús, vísa í 220°. Síðasta bæjarstæðið, frá 1930. 1924: Tún 3,8 ha, garðar 1810 m^2. Bæjarstæði og 2-3 útihús í túni.
Heimildir: SB IV, 63, 66; Túnakort 1924

RA-018:005 *Rauðsbakki* mannvirki fjárhús
Austan við bæjarhúsin. Aðstæður sbr. 004. Steypt að mestu, en langveggir eru hlaðnir. Breytt úr 2 burstum í eina og hús breikkað til vesturs.
Heimildir:

RA-018:006 *Rauðsbakki* mannvirki
Vestan bæjarhúsa (004), byggt upp í þau í bæjarhlaðinu. 3 burstir, steyptir gaflar, hlaðnir langveggir. Breidd austasta húss 3,95, næst 3,3, vestast 2,6, lengd að utan 5,7m.
Heimildir:

RA-018:007 *Rauðsbakki* gerði bústaður
Vestan þjóðvegar, rétt sunnan við Önundarhorn. Við gamlan árfarveg Svaðbælisár. Áin flæddi hér yfir og tók bæinn af að mestu leyti. Hér er nú aðeins kálgarður, vísar í 50 °, veggjaþykkt 0,8m. Elsta bæjarstæði Rauðsbakka, byggt frá 1845 til 1908.
Heimildir:

RA-018:008 *Rauðsbakki* tóft bústaður
Rétt austan við þjóðveginn á móts við Önundarhorn. Vísar í 220 °, veggjaþykkt 1,4m. Næstelsta bæjarstæði Rauðsbakka, byggt frá 1908-1930.
Heimildir:

RA-018:009 mannvirki fjárhús

Rétt austan við þjóðveginn, sunnan við 008. 2 hús hlið við hlið, vísa í 220 °. Grjóthlaðin með bárujárnsgafli, steypt hlaða aftanvið. Hellur á þaki, 2 stoðarraðir úr jötu. Innanmál, austar 4,3m x 2,9m, vestar 4,3m x 3,6m, veggjaþykkt 2. Kró breidd 1,5m + jata 2,1m + kró 3,5m.
Heimildir:

RA-018:010 *Gíslatættur* bæjarstæði bústaður
"Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, en eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatna og sjávar. Leifar eldri bæjarstæðið Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tún liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnaágangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur." Segir í Sunnlenskum byggðum. Sunnan við Sitjanda, sléttlendi. 6 burstir virðast hafa snúið til suðurs, vísa í 182 °.: 5m x 2,2m, 5m x 2m, 4m x 4,3m, 6,4m x 2,5m, 7m x 7m, 5,4m x 3m. Framan við er kálgarður, 10,3m x 21m, með 12 desum, lengd 7,7m, breidd 1,2m. Aðeins í byggð í 2 ár.
Heimildir: SB IV, 63

RA-018:011 *Gíslatættur* gerði rétt
Rétt norðan við bæjarhúsin (010). Aðstæður sbr. 010. Tvískipt, vísar í 247 °: 26,7m x 6m & 8,5m x 6m.
Heimildir:

RA-018:012 *Gíslatættur* tóft útihús
Rétt norðaustan við bæjarhús (010).. Aðstæður sbr. 010 Vísar í 125 °, ferhyrnd. 5m x 3 m að stærð.
Heimildir:

RA-018:013 *Gíslatættur* tóft útihús
Rétt norðaustan við 012. Aðstæður sbr. 012. Vísar í 210 °, ferhyrnd, 3,5m x 2,5m að stærð.
Heimildir:

RA-019 Sitjandi

6 hdr. 80 álnir 1709. Hjáleiga Stóruborgar 1709. "Bærinn stóð nálægt vesturmarki Borgartorfu, um 70 m norðvestur frá yngra bæjarstæði Minniborgar. Heitir þar nú Gamli-Sitjandi. Þaðan var bærinn fluttur 1836 af Jóni Andréssyni, ... Jón flutti bæinn drjúgan spöl austur í Borgarland." (SB IV, 62) 1709: "Engjum spillir Kaldaklofsá." JÁM I, 46

RA-019:001 *Sitjandi* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð nálægt vesturmarki Borgartorfu, um 70 m norðvestur frá yngra bæjarstæði Minniborgar. Heitir þar nú Gamli-Sitjandi. Þaðan var bærinn fluttur 1836 af Jóni Andréssyni, ... Jón flutti bæinn drjúgan spöl austur í Borgarland. Rúst hans þar er mjög greinileg á austurbakka Bakkakotsár. Þar stóð síðast lítið timburhús, byggt af Tómasi Brynjólfssyni skömmu eftir aldamótin 1900." Segir í Sunnlenskum byggðum "Sitjandi stóð rétt hjá Minniborg, en var síðan fluttur á eystri bakka Bakkakotsár, nokkru ofar." Segir í örnefnaskrá Hóll, vísar í 310°.
Heimildir: SB IV, 62; Ö-Stóra-Borg, 1

RA-019:002 *Sitjandi* bæjarstæði bústaður
"Bærinn stóð nálægt vesturmarki Borgartorfu, um 70 m norðvestur frá yngra bæjarstæði Minniborgar. Heitir þar nú Gamli-Sitjandi. Þaðan var bærinn fluttur 1836 af Jóni Andréssyni, ... Jón flutti bæinn drjúgan spöl austur í Borgarland. Rúst hans þar er mjög greinileg á austurbakka Bakkakotsár. Þar stóð síðast lítið timburhús, byggt af Tómasi Brynjólfssyni skömmu eftir aldamótin 1900." Norðan Stóruborgar, rétt austan við Bakkakotsá. Áin hefur brotið landið. Landþröngt en sléttlent. A.m.k. 3 burstir sem sneru til suðurs, í 213°, og ein bak við: 5,5m x 3m, 5,5m x 3,5m, 5,5m x 5,5m, 6,5m x 9,2m. Kálgarður með desum framan við, breidd 12m, breidd desa 1,2m, veggjaþykkt 1,5m.
Heimildir: SB IV, 62

RA-019:003 mannvirki heystæði
Des eru sunnan bæjarhúsa (no. 002). Sunnan við túngarð. 6-7 raðir
Heimildir:

RA-019:004 tóft útihús
Rétt vestan við 003. Aðstæður sbr. 003. Vísar í 350 °, ferhyrnd. Liggur að mestu undir stauragirðingu sem nú er

í notkun, 5,2m x 3m að stærð.
Heimildir:

RA-019:005 tóft útihús
Norðan bæjarhúsa (002). Aðstæður sbr. áður. Vísar í 140 °, ferhyrnd, 5, x 2,5m að stærð.
Heimildir:

RA-019:006 tóftir útihús
Norð-austan við bæjarhúsin, út í gamlan árfarveg. 2 samsíða tóftir, vísa í 320 °, breidd nyrðri tóftar 7,5m, syðri 8,5m, lengd 4m.
Heimildir:

RA-019:007 gerði kálgarður
Norð-austan við bæjarhúsin (002). Tvískiptur kálgarður, vísar í 108°. Austast: 12,6m x 12,5m utanmál, lengd 9,7m innan, næst lengd 10m utan, 7,4m innan, des breidd 1,2m, næst 6,2m x 7m, veggjaþykkt 2-2,5m.
Heimildir:

RA-019:008 tóft útihús
Rétt suð-austan við 007. Vísar í 95 °, ferhyrnd, 8m x 4,5m að stærð.
Heimildir:

RA-019:009 garðlag
Vísar í 55°, lengd 6m. Tengir saman 007 og 008.
Heimildir:

RA-019:010 garðlag túngarður
Liggja þvers og kruss um allt svæðið. Lengdir eftirfarandi búta voru mældir (sjá uppdrátt): a. í 309°, 12m, b. 119m, hlykkjast út að árfarvegi, c. í 296 °, 775, d. í 240 °, 64, staurаþúfnaröð, 8 m á milli þúfna, e. í 46 °, 253, f. í 200 °, 170, sveigir frá gamla árfarveginum, g. 40, hlykkjast og skemmdur, h. 28, veggjaþykkt 1,5, hæð 0,6, í 300 ° 150, breidd 1,7, hæð 0,6, hlykkjast, k. í 178 °, 18,5, l. í 110 °, 18,5, m. í 285 °, 32, n. í 255 °, 20.
Heimildir:

RA-020 Miðbæli

30 hdr. 1709, með Gíslakoti sem er talið þriðjungur jarðarinnar, en til forna var jörðin talin 40 hdr. Kirkjustaður. [1179]: Mariu kirkia j Miðarnarbæli a halft heima land ok .xij. hundrud j oðrv lage ... Tiund heima manna liggr til kirkio ok af næsta bæ ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia þangat .xij. messor. (DI I 255) c. 1200: kirkjur í Arnarbælum tvennum, Þetta hlýtur að vera annað; Kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6). Í Sturlungu segir að Tumi Sighvatsson hafi átt bú í Arnarbæli. (Sturl II, 7). [1332]: Midbæli. Gamall maldage. Mariu kirkia aa midbæli aa heimaland halft med gognum oc giædum. ... gelldfiar rekstur j huitmagafell. tueggia manadabeit j leirna land. bufie j annad maal. skogarteiga iiij j langanesi. oc einn j þorsmork. (DI II 679) [1371]: iv. Mariu kirkia j midbæle a heimaland halftt med gognum oc giædum. ... Skogarteiga fiora j langanese og einn j þorsmork. (DI III 260) 15.7.1489: Jörðin Raufarfell ytra er í Miðbæliskirkjusókn. (DI VI, 675) [1491-1518]: Midbæle Kirkian I Midbæle á heimaland hálft med gögnum og giædum.(DI VII, 38) 11.10.1494: Jörðin Ytra Raufarfell er í Miðbæliskirkjusókn. (DI VII, 225) 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 647) 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 672)

1709: "Reki gagnlegur þegar til vill fylgja jörðunni, en hvort þar af tilheyrir kirkjunni meira eða minna er óvíst, liggjur fjaran fyrir sjálfrar hennar landi, líka Ysta Bælis og Borgar að nokkru leyti. Geldingafjárrekstur í Hvítmagafelli á kirkjan, item tveggja mánaða beit búfje í annað mál í Leirnalandi og 4ra skógarteiga í Lánganesi, yfir upprekstur takmarkið í Hvítmagafelli er jökull fallinn og óbrúkandi; beitin í Leirnadal er ekki tíðkuð, því annars yrði að reka yfir annara jarða slægjur. Skógurinn öreyddur og að engu gagni." (JÁM I, 48) Margbýli var oft á jörðinni. Önundarhorn byggt úr jörðinni 1835, Rauðsbakki fékk hluta úr Miðbælislandi [skráð með Minni-Borg] , Miðbælisbakkar fóru í byggð um 1846 undir þá tilheyrir Gíslakot. 1709: "Högum og engjum spilla Laugará og Kaldaklofsá og bera uppá leir og grjót, fljóta og yfir slægjurnar í vatnavöxtum so heyskapur næst þá ekki. ... Fjörusandur spillir túnum í stórveðrum, engjavegur torveldur." (JÁM I, 48)

RA-020:001 *Miðbæli* heimild um bústað
"Hefur bærinn til forna fluttur verið þar frá, sem nú heitrir forna Midbæle, og alt er sandi kafið ..." "Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. ... Sjór hafði gengið jafnt og þétt á

landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600. Getur Oddur biskup Einarsson þess 1590 að kirkjugarðurinn í Miðbæli sé fullur af sandi og ekki hægt að jarða þar. Gamla Miðbæli var komið fram að flæði 1862. Sást þar þá til kirkjugarðs og skálarústar. Landbrot hefur gengið áfram upp á graslendið. Rústir þess Miðbælis, sem byggt var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna. Sést þar enn glöggt rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við Miðbælisfjöru." Segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki sá til neinna byggðaleifa í fjörunni þegar skráning var gert 1981.

MS: Um 1860 kom í ljós bæjarstæði á sandnum og var þar einnig kirkjurúst. MS: "Menn þóttust sjá rústir skála er skipt hafði verið í þrennt og virtust dyr fram úr hverjum hlua og sorphaugar fram undir hverjum dyrum. Ekki höfðu sést önur hús. Leifar af þremur keröldum sem grafin voru í jörð sáust í enda skálans. Þarna hafði fundist eitthvað af "ónýtu eirrusli," einnig á að hafa fundist "skildíngr á stærð við sírsilding," og pjötlur úr sútuðu leðri og skóm. Ekki er að sjá að neitt af þessu hafi varðveist. Rétt þarna hjá sást móta fyrir kirkjustæði og kirkjugarði, "sást botninn á gröfunum í hríng utan um kirkjustæðið, og voru þar í mannabein órotin bæði leggir og höfuðkúpur og voru tennur og jaxlar fastir í sumum þeirra, en enginn sást vottur í gröfum þessum af neinu trétagi, hvort sem þar hefir verið gjörrotnað eða menn hafa þá ekki verið kistulagðir."

Páll Sigurðsson í Árkvörn lýsir rústum í flæðarmálinu, um 200 föðmum sunnan síðasta bæjarstæðisins (3) þannig í Þjóðólfi 1865 að skálarústin hafi verið 27 faðmar að lengd, 6,5-7 að breidd, hluti hafi verið búr með 3 niðurgröfnum kerjum sem í voru m.a. kinda- og stórgripabein. Kirkjugarður var 15 x 10 faðmar. Talar einnig um garðbrot og sútaða skósóla. Fram af bæjarstæðinu voru klettar sem í voru Skiphellar.
Heimildir: JÁM I, 47; SB IV, 64; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 196-197

RA-020:002 heimild um kirkju
"Hefur bærinn til forna fluttur verið þar frá, sem nú heitrir forna Midbæle, og alt er sandi kafið ..." "Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. ... Sjór hafði gengið jafnt og þétt á landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600. Getur Oddur biskup Einarsson þess 1590 að kirkjugarðurinn í Miðbæli sé fullur af sandi og ekki hægt að jarða þar. Segir í Sunnlenskun byggðum. Ekki sá til neinna byggðaleifa í fjörunni þegar skráning var gert 1981.

MIÐ(ARNAR)BÆLI UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Maríu (EYVINDARHÓLAANNEXÍA)[1179]: Mariu kirkia j Miðarnarbæli a halft heima land ok .xij. hundrud j oðrv lagekirkiv tiolld oll. ok kluckur .ij. ok skrin. kaleka .ij. prest messo fot tvenn. slopp einn. alltaris klæði fiogur. gunnfana .ij. gloþa ker. munnlaugar .ij. kerta stikur .iij. stola þria ok skirnar sa. ok vatn skiolv ok vatnker. Aspiciens bok of vetr ok kristinna laga þatt. Roðv krossa .v. slikistein ok ellz virke.þar skal vera prestr ok diakn. en kvengilldr vm[a]gi ef eigi fær diaknþar skal lysa fra mariv messv hinni fyrri fyrer log helga daga til ennar siðaRi mariv messo. en hveria nott þaðan fra vnz liðr paska vikvþar skal syngia hvern dag messu er gioR til. aNan hvarn dag þess a mille. hvern dag of jola fostv. aNan hvarn dag .ij. messor of langa fosto ok vigilia hvern aptan. Tvær messor hvern fostv dag j imbro dogum a haust ok fyrer jol ok með vigilia.Tiund heima manna liggr til kirkio ok af næsta bæ ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia þangat .xij. messor; Máld DI I 255c. 1200: kirkjur í Arnarbælum tvennum, Þetta hlýtur að vera annað; Kirknaskrá Páls, DI XII 6.[1332]: Midbæli. Gamall maldage.Mariu kirkia aa midbæli aa heimaland halft med gognum oc giædum.fiogur kugilldi bvfiar oc hross.xij. h[vndrud] frids fiar.klvckur ij. tiolld. alltaris stein bven. eitt litid tabulum eneum deavratvm. kaleik. messuklædi þrenn. slopp einn. kapu eina. merki. ij. glodarker. munnlaugar ij. kertistikur ij. stola ij. skirnarsar. vazker af steini. skiolu oc vazdýr. aspiciensbok per vsum. gradal. lesbok aa sumarit oc onnvr de sanctis. mariv sogu oc agnesar sogv oc rodvkrossa fiora.þar skal vera prestur oc diakn en kvengilldur omagi ef eigi er diakn til.tekur prestvr fiorar merkvr kavps.þorlacs skript. alltaraklædi fiogur med dvkvm oc einn kniaduk.þangat liggur tivnd af tueimur bæivm. er annat bænhvs oc tekzt af half mork.gelldfiar rekstur j huitmagafell. tueggia manadabeit j leirna land. bufie j annad maal. skogarteiga iiij j langanesi. oc einn j þorsmork. porcio ecclesie medann niall bio vmm xiij aar sex aurar aa hueriu. Máld DI II 679 Njáll gæti verið séra Njáll Þorsteinsson sem nefndur er í dómi um Holtsreka 16.8.1363 eða Njáll Kráksson frá Steinum og telur JÞ það líklegra.[1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216[1371]: iv. Mariu kirkia j midbæle a heimaland halftt med gognum oc giædum.iiij kugillde bufiar og hross. xijc frijdz fiar.tiolld vm kirkiu. kluckur ij. alltaristeinn buinn. kalek. messuklæde þrenn. slopp. kapu eina. merke tuo. Glodarker. munnlogar ij. kertestikur ij. stola oc skyrnarsa. vatzker af steine. Rodukrossa iiij. Þangad liggur tyund af ij bæum. er annar bænhus og tekst af half mork. gelldfiarrekstur j huijtmagafiall. tueggia manada beit j varmaland bufie j annad mal. Skogarteiga fiora j langanese og einn j þorsmork. Hítardalsbók Máld DI III 260 [hefur mun minna af ornamenta en 1332 og er sennilega yngri]15.7.1489: Jörðin Raufarfell ytra er í Miðbæliskirkjusókn. DI VI, 675[1491-1518]:MidbæleKirkian I Midbæle á heimaland hálft med gögnum og giædum.item 4 kýr og 1 ásaudar kúgillde. Jtem ein messuklæde og einn silfurkáleik liten. Jtem 2 kluckur. Máld DI VII, 38 [Lbs 108 4to, bl. 559-60 m.h. frá 19. öld eftir bók skr. 1606] 11.10.1494: Jörðin Ytra Raufarfell er í Miðbæliskirkjusókn. DI VII, 225 1553: Máld DI XII 6471575: Máld DI XV 6721709: Hjer er kirkja og framliðinna gröftur; embættað þá fólk er til altaris, líka stundum á bænadögum um föstu, af prestinum að Hólum; JÁM I: 4717.5.1765: Miðbæliskirkja tekin af ; (PP, 54) [konungsbréf; Lovs. III, 525]
Heimildir: JÁM I, 47; SB IV, 64;,, PP, 54, DI

RA-020:003 *Miðbæli* bæjarhóll bústaður
"Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. ... Sjór hafði gengið jafnt og þétt á landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600... Rústir þess Miðbælis, sem byggt var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna. Sést þar enn glöggt rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við Miðbælisfjöru. ... Gamli bæjarhóllinn er mikill ummáls og hár og með greinilegum tóttum síðustu bæjarhúsa. Bæjarstæðið er þurrlent og fagurt en á í vök að verjast á komandi tíma haldi land hér áfram að eyðast." Segir í Sunnlenskum byggðum. 1709: "Hjer er kirkja og framliðinna gröftur; embættað þá fólk er til altaris, líka stundum á bænadögum um föstu af prestinum að Hólum." Liggur alveg fram við sjó.

"Nokkru norðar en þessar rústir fundust rís nú grænn hóll, og markar greinilega fyrir húsatóttum á hólnum. Þarna stóð bærinn Miðbæli frá því um 1600. Á hólnum sést rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við bæjarstæðis." Hér eru 3 tóftasvæði: Bæjarhús, útihús (004) og kirkja og kirkjugarður (005). 1. A.m.k.7 hús hlið við hlið, vísa í 230°. Breidd að austan: a. veggjaþykkt 2,2m + breidd 4,5m + veggjaþykkt 6,4m, lengd 5m, + b. 9,8m + veggjaþykkt 11,5m, lengd 5,5m, + c. 13,8m + veggjaþykkt 15,2m, e.t.v. bæjargöng inn í h, + d. 17,6m + veggjaþykkt 19,6m, lengd 5,5m, + e. 22 + veggjaþykkt 23,5m, lengd 4,5m, + f. 26m + veggjaþykkt 27,5m, lengd 3,5m, + k. 33,5m. g. austast, vísar í 190°, 6m x 5m utan. h. er aftan við b. og c., snýr þvert á. i. er aftan við a, b og c. j. er aftan við d, e og f. Býlið sem var byggt um 1600. Byrjað að flytja býlin þaðan um 1830 og til 1867. Fann þakhellu suður af bæjarhól.
Heimildir: SB IV, 64; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 197

RA-020:004 *Miðbæli* tóftir útihús
Rétt norð-vestan við 003. Aðstæður sbr. 003. 5 tóftir hlið við hlið, vísa í 230 °. Breidd austan frá: i. veggjaþykkt 1,5m + breidd 4m + veggjaþykkt 5,3m + ii. 8,2m + veggjaþykkt 10m + iii. 12,3m + veggjaþykkt 14,3m + iv. 16,4m + veggjaþykkt 18,2m + v. 24,4m. Lengd allra 7,5m + garðs aftan við 17m.
Heimildir:

RA-020:005 *Miðbæli* tóft kirkja
Sunnan við 003. Aðstæður sbr. 003. Vísar í 340 °, opin út, 8x4m. Kirkjugarður umhverfis, 13x20m.
Heimildir:

RA-020:006 *Önundarhorn* bæjarstæði bústaður
"Bærinn Önundarhorn stendur við austurmark Miðbælistorfu um það bil miðsvæðis. Hér hófst byggð 1835, er Sveinn Sigurðarson og Margrét Sigurðardóttir fluttu úr Þriðbýli Miðbæli [003] hinu forna. .... Undir Önundarhorn lagðist 1959 sá hluti Miðbælis, sem lengi var nytjaður frá Drangshlíðardal." 1924: Tún 2,5 ha, garðar 1428 m^2. Bæjarstæði og 2 útihús í túni. Adolf byrjaði bú hér 1950, var c. 70 ára 1981. Fæddur á Rauðsbakka. Hafði 30 kindur fyrst, 2 kýr, 1 kvígu, 1 hross. 1981 voru 30 kýr, 100 kindur. Var treyst á sjóinn til viðurværis. Man 5-6 báta sem lagt var út frá Stóruborgarhól.
Heimildir: SB IV, 64; Túnakort 1924

RA-020:007 *Miðbælisbakkar* bæjarstæði bústaður
"Bærinn Miðbælisbakkar stendur miðsvæðis í Miðbælistorfu, rétt sunnan við leirnaveg. Undir jörðina liggur Gíslakot sem fór í eyði 1927. Byggð hófst hér um 1846. Jón Jónsson bóndi í Miðbæli flutti þá hús ábýlisjarðar sinnar brott þaðan "vegna vatnságangs" og byggði upp á svonefndum Bökkum. Hafði hann ekki lokið við að byggja þar upp garða, er hann flutti á brott 1848." Segir í Sunnlenskum byggðum.
1924: Tún 2,2 ha, garðar 1780 m^2. Bæjarstæði og 2 útihús í túni.
Heimildir: SB IV, 67; Túnakort 1924

RA-020:008 *Miðbælisbakkar* tóftir fjárhús
Sunnan bæjarhúsa Miðbælisbakka. Vísa í 205°, tvískipt fjárhús, steyptur veggur á milli, breidd að austan 3,3m & 3,75m, veggjaþykkt 2,35m & 1,5m. Hlaða þvert aftan við, steyptir veggir á hlöðnum undirstöðum. Fyrir 60 kindur.
Heimildir:

RA-020:009 *Miðbælisbakkar* tóft hesthús
Hesthús austan við 008, 3,4m x 2,1m, hæð 1,5m, veggjaþykkt 1,05m, dyr breidd 0,9m. Fallega hlaðin stórum steinum um Drangshlíð. Dyr í suð-austur horni. Hefur verið endurbyggð. Þakhellur dreifðar um kring.
Heimildir:

RA-020:010 *Miðbælisbakkar* mannvirki fjós

Vestast í bæjarhúsaröð í bæjarhlaði. Vísar í 205°. Básar við báða gafla, flór á milli, 5,25m x 3,3m að stærð. Tók 6 kýr. Þak hvílir á 2 stoðaröðum. Hellur og torf á þaki, bætt bárujárni. Rekaviður. Framgafl steyptur. Dyr á vesturhlið. Austan við var eldhús og innangengt þar úr fjósinu inn í bæinn. Ólafur Ketilsson sagði 1981 að það ætti að rífa þessi hús.
Heimildir:

RA-020:011 *Miðbælisbakkar* tóftir útihús
Rétt sunnan og vestan við 009. Aðstæður sbr. 009. Hér stóðu 3 burstir, steyptir norðurgaflar standa enn. Notað sem kálgarður. Smiðja var í vestasta húsinu.
Heimildir:

RA-020:012 heimild um lendingu
1709: "Útræði er hjer, þó mjög áhættusamt sökum brimsamrar lendingar, hliða og hafnarleysis; sækir hingað til róðra fólk undir Eyjafjöllum fyrir austan vatn (Holtsós), svo og nokkrir úr Fljótshlíð, Hvolhrepp og Rangárvöllum, líka austan yfir Mýrdalssand."
Heimildir: JÁM I, 48

RA-020:013 heimild um verbúð
1709: "Útræði er hjer, þó mjög áhættusamt sökum brimsamrar lendingar, hliða og hafnarleysis; sækir hingað til róðra fólk undir Eyjafjöllum fyrir austan vatn (Holtsós), svo og nokkrir úr Fljótshlíð, Hvolhrepp og Rangárvöllum, líka austan yfir Mýrdalssand."
Heimildir: JÁM I, 48

RA-020:014 heimild um leið
1709: "Högum og engjum spilla Laugará og Kaldaklofsá og bera uppá leir og grjót, fljóta og yfir slægjurnar í vatnavöxtum so heyskapur næst þá ekki. ... Fjörusandur spillir túnum í stórveðrum, engjavegur torveldur."
Heimildir: JÁM I, 48

RA-020:015 *Ferðamannavegur* vegur leið
"Miðbæishagar eru suan við núverandi bæ en Miðbælisengjar fyrir ofan bæi upp að Ferðamannavegi." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðbæli, 2

RA-020:016 *Réttarskák* örnefni rétt
"Þessi örnefni eru í Miðbælisengjum, talið framan frá: Bakkaskák, Mangaskák, Réttarskák ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðbæli, 1

RA-020:017 *Tóftarskákar* örnefni
"Þessi örnefni eru í Miðbælisengjum, talið framan frá: Bakkaskák, Mangaskák, Réttarskák og Eyvarskákar. Þá eru Útkastastangar. Þar átti að hafa verið kastað út barni. Þessu næst er að telja Tóftarskákar ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðbæli, 1

RA-020:018 *Tóftarhorn* örnefni
"Þessi örnefni eru í Miðbælisengjum, talið framan frá: Bakkaskák, Mangaskák, Réttarskák og Eyvarskákar. Þá eru Útkastastangar. Þar átti að hafa verið kastað út barni. Þessu næst er að telja Tóftarskákar, Púfnaskákar, Pálsskipti, Eflingarhorn, Tóftarhorn ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðbæli, 1

RA-020:019 *Torfmýri* örnefni rista
"Þessi örnefni eru í Miðbælisengjum, talið framan frá: Bakkaskák, Mangaskák, Réttarskák og Eyvarskákar. Þá eru Útkastastangar. Þar átti að hafa verið kastað út barni. Þessu næst er að telja Tóftarskákar, Púfnaskákar, Pálsskipti, Eflingarhorn, Tóftarhorn og Hólmi. Þá er Torfmýri." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miðbæli, 1

RA-021 Gíslakot

10 hdr og þriðjungur Miðbælis 1709. Hjáleiga Miðbælis, túnum og engjum skipt ekki högum. Í eyði frá 1927,

nytjuð frá Miðbælisbakka.. Túnum spillir mikill sandur. (JÁM I, 49) 1924: Tún 2,2 ha, garðar 1575 m^2.

RA-021:001 *Forna Gíslakot* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð um 350 m vestsuðvestur frá Miðbæli en var fluttur þaðan á 18. öld sökum landeyðingar af völdum sjávar. Gamla bæjarstæðið er nú norðan í Miðbælisfjörum og um 50 m frá því upp á grös. Bærinn var að nýju byggður nálægt vesturmörkum Miðbælistorfu, um 300 m norðaustur frá Ystabæliskoti eystra og um 950 m norðnorðvestur frá Miðbæli. Framan af 19. öld var tvíbýli í Gíslakoti, stundum þríbýli og býlin þá nefnd Eystra- og Vestra-Gíslakot." Segir í Sunnlenskum byggðum. Fjörusandur Í fjörunni SV af bænum er grasi gróinn hóll, grjótdreif umhverfis, mest vatnsnúnar þakhellur norðaustan við. Óljós merki 3-4 húsa hlið við hlið sem snúa í 230°, 12,5m x 9m að umfangi. Þetta munu vera leifar Gíslakots sem stóð um 350 m vestsuðvestur af Miðbæli en var fluttur á 18. öld sökum landeyðingar.
Heimildir: SB IV, 68

RA-021:002 *Eystra Gíslakot* bæjarstæði bústaður
"Bærinn stóð um 350 m vestsuðvestur frá Miðbæli en var fluttur þaðan á 18. öld sökum landeyðingar af völdum sjávar. Gamla bæjarstæðið er nú norðan í Miðbælisfjörum og um 50 m frá því upp á grös. Bærinn var að nýju byggður nálægt vesturmörkum Miðbælistorfu, um 300 m norðaustur frá Ystabæliskoti eystra og um 950 m norðnorðvestur frá Miðbæli. Framan af 19. öld var tvíbýli í Gíslakoti, stundum þríbýli og býlin þá nefnd Eystra- og Vestra-Gíslakot." Segir í Sunnlenskum byggðum. Í túninu vestan við bæinn Miðbælisbakka. Ávalur hóll í túninu. Þetta mun vera bæjarstæði bæjarins sem byggður var nálægt vesturmörkum Miðbælistorfu, um 300 m norðaustur af Ystabæliskoti eystra og um 950 m norðnorðvestur af Miðbæli á 18. öld. Fór í eyði 1927.
Heimildir: SB IV, 68

RA-021:003 *Vestra Gíslakot* bæjarstæði bústaður
"Bærinn stóð um 350 m vestsuðvestur frá Miðbæli en var fluttur þaðan á 18. öld sökum landeyðingar af völdum sjávar. Gamla bæjarstæðið er nú norðan í Miðbælisfjörum og um 50 m frá því upp á grös. Bærinn var að nýju byggður nálægt vesturmörkum Miðbælistorfu, um 300 m norðaustur frá Ystabæliskoti eystra og um 950 m norðnorðvestur frá Miðbæli. Framan af 19. öld var tvíbýli í Gíslakoti, stundum þríbýli og býlin þá nefnd Eystra- og Vestra-Gíslakot." Segir í Sunnlenskum byggðum. Nær Miðbælisbökkum en Eystra Gíslakot. Ræktað tún. Minni, ávalur hóll en eftir Eystra Gíslakot. Þetta mun vera bæjarstæði bæjarins sem byggður var nálægt vesturmörkum Miðbælistorfu, um 300 m norðaustur af Ystabæliskoti eystra og um 950 m norðnorðvestur af Miðbæli á 18. öld. Fór í eyði 1927.
Heimildir:

RA-021:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-021:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-021:007 *Pálstóft* heimild
"Markið milli Miðbælisbakka og Gíslakots lá um Pálstóft fyrir vestan túngarð á Bökkunum (Miðbælis)." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gíslakot, 1

RA-021:008 *Tóttarskák* örnefni
"Bakkaskákar voru fjórar og hétu: Þúfnaskak, Rotaskák, Tóttarskák og Kvíaskák." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gíslakot, 1

RA-021:009 *Kvíaskák* örnefni kvíar
"Bakkaskákar voru fjórar og hétu: Þúfnaskak, Rotaskák, Tóttarskák og Kvíaskák." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gíslakot, 1

RA-021:010 heimild um túngarð
"Tvíbýli var í Gíslakoti um skeið. Eystra-Gíslakot stóð austan við túngarðinn." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gíslakot, 1

RA-021:011 *Torfmýri* örnefni rista
"Torfmýri nefndist vesturpartur af Miðbælismýri, vestur við Svaðbælisá (Torflæk)." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Gíslakot, 1

RA-022 Yztabæli

10 hdr. 1709. 1340: Jarðarinnar getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs. (DI II, 740). "Reka á jörðin nokkurn, meinast liggur fyrir Berjanesslandi og að nokkru leyti Leirna; segjast ábúendur ei gagn af honum haft hafa umskamt." (JÁM I, 49) "Ystabæli er komið í byggð um 1100 og hefur heitri Ysta-Arnarbæli." (SB IV, 69) 1709: "Hagar eru mjög litlir. Túnum spillir sandur, líka öðru slægjupátzi." (JÁM I, 49). 1924: Tún 2,6 ha, garðar 1850 m^2.

RA-022:001 *Yztabæli* bæjarhóll bústaður
"Ystabæli ... hefur verið flutt a.m.k. tvisvar undan ágangi sjávar og sands. ... Suður við gljá,beint suður frá Ystabæli, er hóll, sem nefndur er Túnhóll. Þar munu vera fornar bæjarrústir. Þessi hóll nefndist öðru nafni áður, en ekki hefur tekizt að rifja það upp. Suður frá Yztabæli er hár hóll, innan túns. Þar stóð Yztabæli fyrr á öldum. Á hólnum standa nú fjárhús." Segir í örnefnaskrá "Ystabæli er komið í byggð um 1100 og hefur heitið Ysta-Arnarbæli. Um 1835 sáust merki mannvistar frammi í flæðarmáli suður af Ystabæli. Þar kynni bærinn að hafa staðið í öndverðu. Forn bæjarstæði er í Ystabælistúni suður af bænum. Þar eru nú fjárhús. Skammt suðaustur frá því sjást minjar bæjarstæðis suður við fjöruna og kynni að vera frá fyrstu byggð Ystabæliskots." Segir í Sunnlenskum byggðum. Fjörusandur sunnan og vestan við, að nokkru gróið austan við. Hóll, umflotinn vatni að nokkru leyti, þakinn sandi sem er grasi gróið. Sér móta fyrir tóftum austast í honum, vísa í 270 °. Austan þeirra er stór dæld, líklega heygarður eða hlaða. Svipar mjög til Borgartúns og Miðbælis tófta. Sveinbjörn gróf hér niður á hleðslu.
Heimildir: SB IV, 69; Ö-Yztabæli, 1

RA-022:002 tóft
Í suð-austur frá 001, við flæðarmálið, í suður frá bænum. Aðstæður sbr. 001. Hóll, mun minni er 001, vísar í 245°, líklega bara 1 tóft, 5,5m x 4,5m að stærð.
Heimildir:

RA-022:003 *Yztabæli* bæjarstæði bústaður
"Fornt bæjarstæði er í Ystabælistúni suður af bænum. Þar eru nú fjárhús." Segir í Sunnlenskum byggðum. Suður af gamla bænum, um miðja vegu milli hans og 001. Slétt haglendi að suð-austan. Hóll, hár sem fjárhús og hlaða hafa verið byggð ofaní, að mestu steypt. Suð-austur veggur er grjóthlaðinn. Hóllinn er mestur aftan (norð-austan) fjárhúsa og aftan hans garður. Þegar grafið var fyrir hlöðunni kom upp aska. Einnig leifar af fjósi. Sveinbjörn sagði fé aðeins hafa þrifist í öðru húsinu.
Heimildir: SB IV, 69

RA-022:004 tóft
Austast í bæjarröð gamla bæjarins, í bæjarhlaði. Vísar í 215 °, opin út, ferhyrnd, grjóthlaðin, þykkir (1,3m) veggir í upprunalegri hæð, þak farið. Hellulagt að hluta. Innanmál 3,2m x 2,7m hæð 1,5m.
Heimildir:

RA-022:005 *Yztabæli* bæjarstæði bústaður
Bærinn stendur um 1 km í suð-austur frá Leirnabæjum, á sléttlendinu nálægt ströndinni. Nýtt íbúðarhús var byggt 1976 en það gamla, sem er steinsteypt, stóð enn 1981. Sléttlent. Hér var tvíbýli. Syðri bær stóð suð-vestan við, Nyrðri bær þar sem gamla bæjarhúsið stendur nú.
Heimildir:

RA-022:006 heimild um bústað
Suð-vestan við 005. Aðstæður sbr. 005. Lágur hóll eða bunga. Sveinbjörn man eftir bæjarhúsum hér sem voru sléttuð út, og að naust voru grafin í bæjarhólinn sunnanverðan. Hann man eftir 2-3 bátum þar.
Heimildir:

RA-022:007 tóft fjárhús
Sauðahús eru norð-vestan við gamla bæinn (005), skammt frá landamerkjaskurði sem liggur í norður-suður. Slétt haglendi. Vísar í 250°, líklega ferhyrnd, torfbyggð. Nú aðeins sundurlausar þúfur. 7m x 5,5m.
Heimildir:

RA-022:008 *Grímstættur* tóft
Norðan við Yztabæli, rétt austan við landamerkjaskurð milli Leirna og Yztabælis. Rétt sunnan vegar. Slétt

haglendi. Vísar í 165 °, ferhyrnd, torfhlaðin, allgreinileg, 4,8m x 3,2m að stærð, hæð 0,6m. 008-011 eru saman í þyrpingu og ganga allar undir heitinu Grímstættur.
Heimildir:

RA-022:009 *Grímstættur* tóft
Norð-austan við 008, nær vegi. Aðstæður sbr. 008. Vísar í 220 °. Nú aðeins þúfnahröngl, útflatt og ógreinilegt, c. 4,3m x 3,7m að stærð, hæð 0,6m.
Heimildir:

RA-022:010 tóft
Sunnan við 008. Aðstæður sbr. 008. Vísar í 220 °, ferhyrnd, torfbyggð, allgreinileg en yfirgróin eins og 008 og 009. Sundurlausar þúfur. 4,8m x 3,7m að stærð, hæð 1m.
Heimildir:

RA-022:011 tóft
Rétt norð-vestan við 008. Nær skurði. Aðstæður sbr. 008. Vísar í 165 °, hærri þúfnaþyrping en 008, nú að hálfu undir skurðuppmokstri, 7,4m x 4,2m að stærð, hæð 1m.
Heimildir:

RA-022:012 *Vondutættur* tóftir útihús
Í krika suð-austan við Grafarkíl, norðan Leirnahverfisvegar, norð-austur af gamla bæ Yztabælis. Sléttlent beitiland, nokkuð blautt á köflum. Grafarkíllinn er rétt vestan við. 3 samsíða tóftir, vísa í 215 ° og ein þvert aftan við. Torfhlaðnar og útflattar. Breidd austan frá: 1. veggjaþykkt 1,6m + breidd 3,7m, lengd 4,4m + veggjaþykkt 5,7m + 2. 8m + 3. 12,5m + veggjaþykkt 13,8m. 4. Er aftan við, lengd 1. + breidd 4 er 9,8m að innri veggjabrún, 11 alls. Hér munu hafa verið mógrafir.
Heimildir:

RA-022:013 heimild um áveitu
“Til útsuðurs frá bænum er svonefndur Langibakki. Ofan við hann var til skamms tíma mikill sandfláki, sem nú er búið að græða upp. Þar var stór seftjörn á 19. öld. Jón Hjörleifsson í Eystri-Skógum átti í Yztabælinu. Hann veitti vatni úr Torflæk í tjörnina. Ætlaði hann rennslinu að sandfylla hana. Það var og, en sandurinn greri ekki upp.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztabæli, 1

RA-022:014 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-022:015 *Torflækur* örnefni rista
“Til útsuðurs frá bænum er svonefndur Langibakki. Ofan við hann var til skamms tíma mikill sandfláki, sem nú er búið að græða upp. Þar var stór seftjörn á 19. öld. Jón Hjörleifsson í Eystri-Skógum átti í Yztabælinu. Hann veitti vatni úr Torflæk í tjörnina. Ætlaði hann rennslinu að sandfylla hana. Það var og, en sandurinn greri ekki upp. Torflækur er hinn gamli farvegur Svarðbælisár ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztabæli, 1

RA-022:016 *Gatnaskipti* örnefni leið
“Gatnaskipti er í miðjum engjum, upp frá Torflæk.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Yztabæli, 1

RA-023 Yztabæliskot

10 hdr. 1709. Hjáleiga Yztabælis. “... högum og reka er ei skift með þessari jörð og Ysta Bæle, meinast því ein til forna verið hafa.” (JÁM I, 49) Tvíbýli varð síðar á jörðinni, Ystabæliskot eystra og vestra. Eystra kotið féll úr byggð árið 1900, en það vestra árið 1880. 1709: “Engjum spilla ás í vatnavöxtum með leiri og óklárendum, so og flýtur Holtsós yfir slægjur, nær fyrir hans útrás lengi teppist og næst þá ei heyskapur.” (JÁM I, 50) 1839: “... túnlaust að kalla, en með nokkrum útslægjum og litlum högum.” (SSR, 18)

RA-023:001 *Yztabæliskot eystra* bæjarhóll bústaður
“Ystabæliskot, eystra, stóð við austurmark Ystabælislands, um 500 m austnorðaustur frá Ystabæli. ... Ystabæliskot eystra féll úr byggð 1900.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Önnur þeirra [hjáleiganna] er rétt

austur við Miðbælismarkið, hin rétt austan við veginn, sem nú (1966) liggur niður að Yztabæli." Segir í örnefnaskrá. 1709: 'Engjum spilla ár í vatnavöxtum með leiri og óklárendum, so og flýtur Holtsós yfir slægjur nær fyrir hans útrás lengi teppist, og næst þá ei heyskapur. Hagar eru mjög litlir og þröngt um beit vetur og sumar.' Tóftirnar standa nú í horni túnsins. Ræktað tún og skurðir í kring.

10 tóftir hlið við hlið, vísa í 190 °. Breidd frá austri: 1. 3m + 2. 6,6m, lengd 4,8m + 3. 10,7m + 4. 14,4m, lengd 5,8m + 5. 18,6m + 6. 24m + 7. 28,5m + 8. 31m, göng? + 9. 34,6m + 10. 43,3m, lengd 9,5m, líklega heystæði. Tóftir óskýrast vestast. Framan við eru kálgarðar. Einnig nefnt Finnskot. Sveinbjörn segir tröð hafa verið vestan við, afgirt þar sem skepnur voru reknar í yfir nótt til að halda þeim frá slægjunni. Þetta var gert þar sem var landþröngt. Nú horfið undir tún, en austar eru e.t.v. leifar eftir svipað. Var 5 hdr.
Heimildir: SB IV, 70; Ö-Yztabæli, 1; JÁM I, 50.

RA-023:002 *Yztabæliskot vestra* bæjarstæði bústaður
"Ystabæliskot vestra stóð um 140 m norðvestur frá eystra kotinu." Segir í Sunnlenskum byggðum "Önnur þeirra [hjáleiganna] er rétt austur við Miðbælismarkið, hin rétt austan við veginn, sem nú (1066) liggur niður að Yztabæli." Segir í örnefnaskrá Tóftirnar eru rétt austan við heimtröðina, í jaðri ræktaðs túns. Ræktað tún allt í kring.

7 tóftir hlið við hlið, vísa í 250 °. Breidd frá austri: 1. 6m + 2. 9m + 3. 12m, lengd 6-7m + 4. 14,5m + 5. 17,1m + 6. 19m + 7. 28,5m, e.t.v. heystæði. "Hugsanlega kann það að hafa verið byggt af húsfólki í byrjun 18. aldar. Undir lok ábúðar á þessum býlum tveimur varð þar vart haldist við sökum Svarðbælisár, sem þá flæddi oft í vatnavöxtum yfir tún þeirra og haga. Býlið lagðist í eyði 1880." Var 5 hdr., Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 70; Ö-Yztabæli, 1

RA-024 Leirur

20 hdr, 1709. 1332/1371: jarðarinnar getið í máldögum Miðbæliskirkju og segir að kirkjan eigi 2ja mánaða beit í Leirnalandi. (DI II, 679/DI III, 260) "Leirur var næstvestasti bær á sjóbyggð Eyjafjalla í fornri byggð. Nú er bæjarstæðið um 1150 m frá sjó. ... Um miðja 19. öld skiptist jörðin í 4 býli ..." Jörðin Leirur í eyði frá 1912. (SB IV, 71)

1709: "Högum og engjum spillir Svartbælisá, líka Kaldaklofsá í vatnavöxtum. Slægjum grandar og Holtsós nær út yfir hann leggur lítinn og síðan ekki útrás, springur þá ísinn upp og ber grjót á engjar, so og þegar fyrir óssins útrás teppis á vor og sumrum, flýtur hann tíðum yfir slægjulandið." (JÁM I, 53-54). 1839: "... með lítilfjörlegum túnum og högum, en nægilegum útslægjum." (SSR, 18-19) "Á seinni hluta 19. aldar eyddust þar grasgefnar slægjur í senn af ágángi hafs og Svarðbælisár." (SB IV, 71)

RA-024:001 *Leirur* bæjarhóll bústaður
"Um miðja 19. öld skiptist jörðin í 4 býli, voru tvö á gamla bæjarhólnum en tvö í nánd hans. Árið 1849 var athugað um "stærð og ásigkomulag jarðarhúsa á þeim 5 hundraða parti, sem flutt var úr jörðinni Leirum uppá Mosana fyrir ofan túngarðinn. Jón Jónsson vinnumaður í Varmahlíð stakk alla kekki til nýbýlis síns á þorranum þetta sama ár og bjó þar síðar meira en hálfa öld. Árið 1953 flutti að Leirum Petrus Pétursson ættaður frá Hörgslandi á Síði. Ári síðar flytur hann á brott og færist þá til bókar: "Nefndur Petrus hafði eitt ár við jarðarpartinn verið og byggði bæinn á öðrum stað heldur en hann hafði að undanförnu verið og varð til þess þeim helfingi jarðarhúsa þeirra, sem hann tók við." Þessi nýi bær nefndist fyrst Vestri-Mosar en síðar Nýlenda." Segir í Sunnlenskum byggðum. Ræktað tún, gamall túngarður suðaustan við. Hóll í suðvestur frá Mosum. Hér voru 2 bæir. Guðrún Ólafsdóttir man eftir austari bænum er búið var þar.
Heimildir: SB IV, 71

RA-024:002 *Efsti Hóll* tóft
Suður af Mosum.. Í horni slétts beitilands. Útflatt, vísar e.t.v. í 210 °. Guðrún talaði um Syðsta Hól, Hádegishól og Efsta Hól á þessum slóðum. Hér var setið í hádeginu á sláttartíma. Þetta voru sem sagt tóftir þegar hún bjó hér. Suður af eru þúfur (003), 4,6m x 4,2m að stærð, hæð 0,4m.
Heimildir:

RA-024:003 tóft
Suð-vestur af 002. Aðstæður sbr. 002. Útflött, nú aðeins sundurlausar þúfur, vísar e.t.v. í 230°, 4,4m x 5,1m að stærð, hæð 0,6m.
Heimildir:

RA-024:004 tóft fjárhús
Í austur frá austari Mosum, norðan Leirnahverfisvegar, í suðaustur frá Berjanesi. Slétt haglendi. Vísar í 210°,

ferhyrnd, ógreinileg, yfirgróin. Vantar suður og austur hlið, 5,4m x 5,2m að stærð, hæð 1m.
Heimildir:

RA-024:005 tóft útihús
Suður af Nýlendu, suðvestur af Mosum, vestan við gamla bæjarhólinn (001). Slétt haglendi. Vísar í 220°. Ekkert lag á, einn steinn sést, annars torf. Umfang 16,1m x 9,5m, hæð 0,7m. 005-008 eru eftir útihús gömlu Leirnabæjanna. Guðrún man eftir byggð í austari bænum. Smáþúfótt hér og hvar, túngarðsbrot, flest illmælanlegt. Svæðið var sléttað með stórum vélum eftir 1947 þegar Heklugjóska var hreinsuð burt.
Heimildir:

RA-024:006 garðlag túngarður
Rétt vestan við 005. Aðstæður sbr. 005. Samsíða túngarðinum er skurður sem liggur í átt að sjónum.
Heimildir:

RA-024:007 tóft útihús
Rétt norðaustan við 005. Aðstæður sbr. 005. Svipað að gerð og 005, c. hringlaga, 10,4 m í þvermál.
Heimildir:

RA-024:008 tóft útihús
Rétt austan við 007. Aðstæður sbr. 007. Útflattur hóll, vísar í 140°, lengd 11m.
Heimildir:

RA-024:009 tóft útihús
Suðvestan við 008. Aðstæður sbr. 008. Svipað og 008, en umfangsmeira.
Heimildir:

RA-024:010 tóft útihús
Vestan við 009 Aðstæður sbr. 009. Svipað og 009, en minna. Vísar í 220 °, lengd 9,2m.
Heimildir:

RA-024:011 tóft útihús
Rétt suðvestan við 010. Aðstæður sbr. 010. Útflatt sbr. áður, vísar í 220 ° lengd 16,3m.
Heimildir:

RA-024:012 tóft útihús
Sunnan við 011. Aðstæður sbr. 011. Útflattur þúfnahóll.
Heimildir:

RA-024:013 hús skemma
Austan við bæinn Mosa. Ræktað tún allt í kring. Vísar í 220 °, ferhyrnt, inannmál 5,1m x 3m, veggjaþykkt 0,9m, dyr breidd 0,75m. Þak er borið af 2 stoðum við suðurgafl og í miðju húsi, hellur. Grjóthlaðnir veggir, efri hluti gafls er bárujárnsklæddur, neðri hlutinn grjóthlaðinn. Byggð í minni Guðrúnar. Utanmál 7,1m x 5,8m, hæð 2,2m, innanmál 5,1m x 3m hæð 1,08m.
Heimildir:

RA-024:014 *Leirur I (Mosar)* bæjarstæði bústaður
Fyrst bygður 1849, bæjarhúsin reist um 300 m norðaustur frá gömlu Leirum, í eyði frá 1965. "Um miðja 19. öld skiptist jörðin í 4 býli, voru tvö á gamal bæjarhólnum en tvö í nánd hans. Árið 1849 var athugað um "stærð og ásigkomulag jarðarhúsa á þeim 5 hundraða parti, sem flutt var úr jörðinni Leirum uppá Mosana fyrir ofan túngarðinn. Jón Jónsson vinnumaður í Varmahlíð stakk alla kekki til nýbýlis síns á þorranum þetta sama ár og bjó þar síðar meira en hálfa öld. Árið 1953 flutti að Leirum Petrus Pétursson ættaður frá Hörgslandi á Síði. Árið síðar flytur hann á brotott og færist þá til bókar: "Nefndur Petrus hafði eitt ár við jarðarpartinn verið og byggði bærinn á öðrum stað heldur en hann hafði að undanförnu verið og varð til þess þeim helmingi jarðarhúsa þeirra, sem hann tók við." Þessi nýi bær nefndist fyrst Vestri-Mosar en síðar Nýlenda." Segir í Sunnlenskum byggðum. Ræktað tún allt í kring. Afi Guðrúnar byggði hér úr kekkjum á meðan hann bjó ennþá annars staðar. Nú er hér steinsteypt hús sem notað hefur verið fyrir skepnur.
Heimildir: SB IV, 71-72

RA-024:015 tóftir fjárhús
Rétt norðan við bæinn Mosa. Ræktað tún sunnan við, vegurinn norðan við. Vísar í 210 °, þrískipt með hlöðu

aftan við. Hlaða breidd 7,3m + lengd fjárhúsa 13,6m. Breidd fjárhúsa frá vesturvegg: veggjaþykkt 1,4m + kró 2,4m + jata 3m + kró 4,9m + jata 5,7m + kró 8,2m + jata 8,8m + kró 9,9m + veggjaþykkt 10,7m + austasta hús 13,2m + veggjaþykkt 14,8m. Húsin fuku 1965 og varð það m.a. til þess að bærinn fór í eyði.
Heimildir:

RA-024:016 *Þórarinstóft* tóft
Norðan vegar, austur af bænum Mosum. Slétt haglendi, nýr skurður rétt vestan við, þurr lækjarfarvegur austan við. Vísar í 235 °, ferhyrnd, útflött og óljós, torfhlaðin, nú aðeins sundurlausar þúfur.
Heimildir:

RA-024:017 *Leirur II (Nýlenda)* bæjarstæði bústaður
Byggðin hófst þar 1853, bærinn stóð 250 m norður frá gömlu Leirum og austan gömlu heimreiðarinnar að Leirum. Í eyði frá 1965. "Um miðja 19. öld skiptist jörðin í 4 býli, voru tvö á gamala bæjarhólnum en tvö í nánd hans. Árið 1849 var athugað um "stærð og ásigkomulag jarðarhúsa á þeim 5 hundraða parti, sem flutt var úr jörðinni Leirum uppá Mosana fyrir ofan túngarðinn. Jón Jónsson vinnumaður í Varmahlíð stakk alla kekki til nýbýlis síns á þorranum þetta sama ár og bjó þar síðar meira en hálfa öld. Árið 1953 flutti að Leirum Petrus Pétursson ættaður frá Hörgslandi á Síði. Árið síðar flytur hann á brotott og færist þá til bókar: "Nefndur Petrus hafði eitt ár við jarðarpartinn verið og byggði bærinn á öðrum stað heldur en hann hafði að undanförnu verið og varð til þess þeim helmingi jarðarhúsa þeirra, sem hann tók við." Þessi nýi bær nefndist fyrst Vestri-Mosar en síðar Nýlenda." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Byggð hófst hér 1853, lagðist niður 1965.
Heimildir: SB IV, 71-73

RA-024:018 *Leirnatraðir* heimild um traðir
Leirnatraðir nálægt Nýlendu segir í Sunnlenskum byggðum. "Nýlendulækur féll eftir gömlu Leirnatröðunum rétt vestan við Nýlendubæinn. Höfðu traðirnar verið mjög breiðar, hlaðanr torfi. Um þær var sjóvegur Austurfjallamanna, auk umferðar Leirnamanna og annarra, er þangað áttu erindi." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: SB IV, 73; Ö-Leirur B, 2

RA-024:019 heimild um vatnsból
Árið 1709 var vatnsból lélegt.
Heimildir: JÁM I, 54

RA-024:020 varða landamerki
Landamerki: "Að austan á svokölluð Steinkerling, varða með steini í, að bera í Gyltuból í austanverðu Lambafelli."
Heimildir: Ö-Leirur, 1

RA-024:021 garðlag landamerki
Landamerki: "Að austan á svokölluð Steinkerling, varða með steini í, að bera í Gyltuból í austanverðu Lambafelli. Að ofan átti áðurnefnd Steinkerling að bera í stein við útnorðurhorn Leirnalands. Þar er nú garður í mörkum. Að vestan á kofi í Berjanestúni að bera í gaflaðið á Hlíðarréttinni."
Heimildir: Ö-Leirur, 1

RA-024:022 *Leirnastöðull* örnefni kvíar
"Leirnastöðull var fyrir norðan garð á Mosum, en er þar nú innan túns." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leirur, 2

RA-024:023 *Kvíahóll* heimild um rétt
"Kvíahóll er austan túns á Leirum (Mosum) í vestri nátthaganum. Þar var áður rétt frá Leirum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leirur, 2

RA-024:024 *Hallvarðarhólavað* heimild um vað
"Leirnakíll liggur um þær frá landnorðri til útsuðurs, framan Vesturengja. Hann heitir Hallvarðarhólmakíll að austan, en Neskíll að vestan. ... Kíllinn var fyrr meir svo stór og vatnsmikill, að hann var aðeins fær á tveimur vöðum. Hét það eystra Hallvarðarhólmavað en það vestra Vatnshorn." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leirur, 2

RA-024:025 *Vatnshorn* heimild um vað

“Leirnakíll liggur um þær frá landnorðri til útsuðurs, framan Vesturengja. Hann heitir Hallvarðarhólmakíll að austan, en Neskíll að vestan. ... Kíllinn var fyrr meir svo stór og vatnsmikill, að hann var aðeins fær á tveimur vöðum. Hét það eystra Hallvarðarhólmavað en það vestra Vatnshorn.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Leirur, 2

RA-025 Berjanes

27 hdr, 1703 en ábúendur telja jörðina aðeins 16 hdr. með Berjanesskoti síðastliðin 60 ár. Konungseign. 1179: Getið í máldaga kirkjunna að Ey í Landeyjum (DI I, 257), Ytriskógakirkju frá 1332 (DI II, 676), 1371 (DI III, 258) og 1553 (DI XII, 646).

1709: “Yfir mestalt land jarðarinnar gengur Holtsós þegar brim og sandur lengi hamlar hans útrás, og vatnavextir koma, hefur hann þá heyskap á sumur grandað, jafnvel heygarð og hús tekið og so bæinn umflotið að fólk hefur ekki burt komist.” (JÁM I, 55) 1839: “Jörðin er túnlaus að kalla, en með góðum útslægjum og litlum högum. Engjarnar eru undir miklum áföllum af Holtsós yfirflóði, svo stundum verða þær ei slegnar. Þó er jörðin ei mikið af sér gengin.” (SSR, 19). 1924: Tún 2,8 ha, garðar 1996 m^2. “Brotnað hefur framan af graslendi jarðarinnar og sjór gengið á landið. Bærinn stóð til skamms tíma á hárri hæð myndaðri af rústum fyrri bæja en var umluktur miklu votlendi. Í uppistöðum Holtsóss var hann oft eins og eyja í hafi. ... Ósaengi jarðarinnar var mjög grasgefið en í vætutíð var erfitt að bjarga þar heyjum.” (SB IV, 74)

RA-025:001 *Berjanes*bæjarhóll bústaður
“Bærinn stóð til skamms tíma á hárri hæð myndaðri af rústum fyrri bæja en var umluktur miklu votlendi.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Hefur Berjanes verið byggt um mörg hundruð ára, og mun bæjarstæðið vera að miklu gamlar byggingaleifar.” Segir í örnefnaskrá 1709: 'Yfir mestallt landið gengur Holtsós þegar brim og sandur lengi hamlar hans útrás, og vatnavextir koma, hefur hann þá heyskap á sumur grandað, jafnvel heygarð og hús tekið og so bæinn umflotið að fólk hefur ekki burt komist'. Stendur á háum hól, u.þ.b. mitt í landareigninni. Bærinn mun hafa staðið hér frá alda öðli. Um skeið voru hér 5 býli. Nú eru hér leifar steyptra húsa.

Flutt þaðan árið 1959. Hér heitir Leirnahverfi sem í eru auk Berjaness, Leirur, Mosar, Nýlenda og Berjaneskot. “Holtsós flæðir yfir mestallt Berjanesland í uppistöðum. Varð bæjarhóllinn stundum oft á ári eins og eyja í hafi, svo að með öllu varð ófært frá bænum eftir göngubryggju, sem hlaðin hafði verið austur frá honum.” Segir í örnefnaskrá Berjaness
Heimildir: JÁM I, 55; SB IV, 74; Ö-Berjanes og Berjaneskot, 1; Ö-Berjanes, 1; Túnakort 1924

RA-025:002 tóft útihús
Í norð-vestur frá bænum. Sléttlendi. Vísar í 305°. Steypt ofan í hana síðar og minnkuð.
Heimildir:

RA-025:003 tóft útihús
Vestan við bæinn, sunnan við 002. Aðstæður sbr. 002 Vísar í 200 °. Opin í suður.
Heimildir:

RA-025:004 heimild
Vestan við Berjaneskot, innan girðingar gamla Berjanessins. Hóll, ávalur og útflattur. Hefur e.t.v. að geyma tóft(ir).
Heimildir:

RA-025:005 vegur traðir
Norðar en 018, í sömu hæð í brekkuni er uppistandandi kofi. Ferhyrnt hús, vísar í 168°, lengd 5,5m, breidd 4,4m, dyr í 168°, bárujárnsgafl að hluta, annað úr torfi og grjóti. Dyr hæð 1,3, breidd 0,6m, 1 stoð sést inni í miðju. Hefur verið gripahús og síðar notað sem reykhús.
Heimildir:

RA-052:003 hús
Á bak við norðurbæinn (eldri byggingunа), alveg í hlaðinu er uppistandandi bygging, vísar í 165°. Lengd 5,7m, dyr 0,7m, hæð 1,5m. Hluti þaks, sem á eru hellur og torf, er nýfallið inn. Inni skiptist í krær með timburgrindum, tvær raðir stoða, vagl og dvergur, sperrur þétt, þakhellur efst á veggjum sem sperrur lágu á.
Heimildir:

RA-052:004 hús
Við hlið 003 er smærri bygging. Beidd 3,3m, lengd 3,4m, breidd dyra 0,6m. Þak fallið inn.
Heimildir:

RA-052:005 tóft fjós
Beint aftur af (norður af) 004 er önnur ferhyrnd tóft. Vísar í 360°, lengd 4,3m, breidd 3,9m, hæð 1,5m, full af drasli 1980.
Heimildir:

RA-052:006 garðlag túngarður
NA af bænum er gamla túnið, má sjá túngarð beint upp hlíðina að norðanverðu.
Heimildir:

RA-052:007 vegur leið
Þvert á hlíðina liggur gamli þjóðvegurinn hlaðinn úr grjóti. Hann sást einnig við hamarinn er komið er að austan. Breidd 2,5m, grafið inn í hliðina, 1,5m hæð beggja vegna. Vegurinn er ekki heill.
Heimildir:

RA-052:008 tóft
Í hlíðarrótum í NA frá bænum vestur af 007 er ferhyrnd tóft. Vísar í 348°, lengd 5,3m, breidd 4,5m, dýpt 0,75m. Dyr á miðjum vesturvegg - eða opið þar út. Má sjá steina í veggjum, en gróið yfir.
Heimildir:

RA-052:009 tóft
Þó nokkuð norðar og austar ofar í hlíðinni er ferhyrnd tóft. Vísar í 250°, lengd 3,8m, breidd 3,8m, hæð 1,9m. Dyr í suðurhorni á hliðarvegg, breidd 0,8m veggjaþykkt 1,9m. Fallega hlaðin úr móbergi og torfi inn í hlíðina.
Heimildir:

RA-052:010 tóft
Í NV niðri á sléttlendi, norðan við túngarð. Ferhyrnd tóft, vísar í 250°, lengd 4,5m, breidd 3,4m, hæð 1,4m. Dyr á miðri suðurhlið, veggjaþykkt 1,8m. Grjót, mest torf að utan. Vel varðveitt nýleg tóft. Hlaðin brýk við norðurhlið.
Heimildir:

RA-052:011 hús hlaða
Norðan og austan í brekkurót er enduruppbyggð hlaða, með steinsteyptum framgafli og bárujárnsþaki. Vísar í 254°, lengd 14,5m, breidd 5,9m, (l+br. þaks). Hlaðnir veggir ná 1,9m út frá steypugafli, hæð 1,4m.
Heimildir:

RA-052:012 hleðsla rétt
Út frá suðurhlið er óregluleg hlaðin rétt. Breidd frá bárujárnsþaki 9,1m, nær hálfhringur.

Heimildir:

RA-052:013 tóft
Við NA horn hlöðu 011 er lítil ferhyrnd tóft, aðskilin frá réttinni 012 Lengd vísar í 250° og er 2,55m, breidd 2,8m. Steypt að beint fyrir framan. Gólf er hærra hér en í rétt. Norðan við hlöðuna er stafli af þakhellum, líklega úr henni áður en bárujárnið kom.
Heimildir:

RA-052:014 tóft fjárhús
Norðar úr með hlíðinni við fjallsrætur. Ferhyrnd tóft, vísar í 192°, breidd 3,3m, lengd 3,8m. Dyr í suðurhorni austurhliðar. Veggjaþykkt 1,1m, stórt bjarg hefur verið notað sem suðurgafl - grafið inn í hlíð, fallega hlaðið grjót, torf utanmeð, dýpt 1,7m.
Heimildir:

RA-052:015 tóft fjárhús
Rétt NV af, ofar í hlíðinni er ferhyrnd tóft, vísar í 194°, dyr þar, ekki alveg á miðju. Lengd 5,4m, breidd 3,8m, veggjaþykkt 2m. Nú hrunið inn í dyr, þykk hella yfir. Grafin inn í hlíð, vel varðveittar hleðslur - torf utan. Hæð 1,8m, hæð dyra 1m, breidd 0,8m.
Heimildir:

RA-052:016 tóft
Alveg niður við þjóðveginn, í suður frá 015, rétt norðan núverandi þjóðvegar er ferhyrnd tóft. Vísar í 305°, lengd 9,4m, norðurhliðin er steinsteypt. Breidd 6, vesturgafl hlaðinn úr grjóti og torfi, suðurhlið er farin í skurð sem liggur samsíða þjóðvegi. Á loftmynd (1961) virðist vera þak á þessari byggingu og hún er sunnan vegir þá.
Heimildir:

RA-052:017 garðlag túngarður
Gamlir túngarðar, sjá lista.
Heimildir:

RA-052:018 tóft fjárhús
Þegar kemur að Hvammi að austan liggur grjótveggur upp hlíðina austur af bænum og e.t.v. þvert yfir hlíðina. Þetta er í og meðal mikils hruns úr fjallinu. Norðar í hlíðinni, nær bænum, svo til í jaðri hraunsins, er ferhyrnd tóft. Vísar í 270°, lengd 3,1m, breidd 3,4m, hæð 1,1m. Opin í 270°, grafin inn í hlíðina, hlaðin torfi og grjóti.
Heimildir:

RA-052:019 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-052:020 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-052:021 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-052:022 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-052:023 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-052:024 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-052:025 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-052:026 heimild um mógrafir
"Mótak var suður af bænum í miðri landreign." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 156

RA-052:027 gata leið
Landamerki: “Miðklettur í Hvammskörðum er hornmark að ofan- og vestanverðu. Úr honum liggur markalínan austur hamrabrúnirnar, allt austur að Hvammsnúpi, síðan fram eftir háegg hans, fram yfir Arnarþúfu og niður í Oddsaugu, sem sumir hyggja, að heitir Össaugu. Þau eru við reiðgötuna fornu fyrir ofan Pöstin.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

RA-052:028 *Dysjarhóll* örnefni
“Framan við Hvammsnúp er Dysjarhóll, sem áður greinir, ef til vill nefndur svo vegna lögunar sinnar.” Segir í örnefnaskrá “Það var ætlun sumra, að í þeim hól byggi huldufólk.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 1

RA-052:029 *Flóða-Labbi* þjóðsaga draugur
“Austast í skarðinu norðan Dysjarhóls er lítið dý norðan við veginn. Sagan segir, að þar hafi séra Magnús Pétursson á Hörgslandi kveðið niður drauginn Flóða-Labba.” Segir í örnefnaskrá “Rétt hjá þessum stað eru litlar höldur í bergið niðri við grundina. Þær eru myndaðar af Flóða-Labba, sem greip þar í, þegar hann var að niðurlotum kominn fyrir andríki prests.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-052:030 *Kötlubóll* örnefni
“Neðst í Hvammsnúpi, upp af Kálfhamri, er Skjaldartorfa. Norðan við hana er Kötlubóll, þar sem brekkur og hamrar mætast. Skriða er norðan við Kötlubóll; norðan við hana er Reipabóll.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-052:031 *Reipabóll* örnefni
“Neðst í Hvammsnúpi, upp af Kálfhamri, er Skjaldartorfa. Norðan við hana er Kötlubóll, þar sem brekkur og hamrar mætast. Skriða er norðan við Kötlubóll; norðan við hana er Reipabóll.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-052:032 heimild um fjárskýli
“Niður af Kötlubóli er allhár móbergsklettur, sem Kálfasteinn heitir. Við hann var sauðabyrgi um eitt skeið.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-052:033 *Dalból* örnefni
“Brekkan ofan við bæinn, upp að bergi, heitir Háenni, en lægðin milli hennar og Hvammsnúps heitir Dalur, allt niður í tún í Hvammi. Ofan Dalsins er Dalból, en Háaennisból ofan Háaennis.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-052:034 *Háaenisból* örnefni
“Brekkan ofan við bæinn, upp að bergi, heitir Háenni, en lægðin milli hennar og Hvammsnúps heitir Dalur, allt niður í tún í Hvammi. Ofan Dalsins er Dalból, en Háaennisból ofan Háaennis.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-052:035 *Skjappaból* örnefni
“Skjappaból er neðan undir Skjöppum vestast.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 2

RA-052:036 *Borgartún* örnefni
“Vestan við gamla túnið í Hvammi eru Borgartún, vestan við lækinn.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

RA-052:037 *Borgartorfa* örnefni
“Aurgil eru tvö, Ytra og Eystra. Vestan við Ytra-Aurgilið er Borgartorfa. Nær hún vestur að skriðunni stóru.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

RA-052:038 heimild um fjárhús
“Ytra-Aurgilið gengur upp með Borgartorfu að austan, en Eystra-Aurgilið er upp af fjárhúsunum, sem standa út

undir Borgartúni." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

RA-052:039 *Rauðarétt* heimild um rétt
"Niður af skriðunni fyrir vestan Borgartorfu er Rauðarétt." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

RA-052:040 heimild um fjárhús
"Vestur-Flóðaskák er vestan heimreiðarinnar, og nær hún vestur að Moldargili, sem er niður af túninu vestan við fjárhúsin, sem eru nær bænum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

RA-052:041 tóft fjárhús
"Vestan við Stóruskák eru Rembur, og ná þær út undir sauðhústóftina niður af Bollatorfum." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hvammur, 3

RA-053 Sauðhúsvöllur

10 hdr. 1709, talið að hún hafi áður verið 20 hdr. [1332 og 1371]: Jarðarinnar getið í máldaga Stórudalskirkju. Þá á hún hálfa jörðina. (DI II 683; DI III 262-263) "[1491-1518]:Dalur Kyrkiunni j dal gaf Eyolfur logmadur halfa synstu mork. oc halfuann saudhusvoll. vnder eyafiollum. enn kirkiann atti adur þessar jarder halfar. eru þær nu alsendiliga kirkiunnar eign. [et cetera.Hiä Eyolfe Biskup[s] mäg þar fæ eg ongvan reikningsskap." (DI VII, 39) Munnmæli eru að þar hafi fyrst staðið sauðahús frá Fornusöndum. (Ö-Sauðhúsvöllur ÞT, 1)"Fjallshlíðin norður af bænum er fremur gróðurlítil. Að öðru leyti er jörðin grasi vaxin og sléttlend. Elsta túnið er umhverfis bæinn að fjallsrótum en mýrarbelti neðan við, sem nú hefur verið ræst fram. Áður voru engjar austur með fjallinu. Állinn rennur austur skammt fram af bænum. Er þar aur undir sem auðveldar landþurrkun. Haglendi er í og meðfram fjallshlíðinni, aðallegar austur af bænum og á mólendi sunnan Álsins." (SB IV, 157)

1709: "Hagaþröng er jörðin mjög. Túnum, engjum og úthögum spilla skriður og grjóthrun úr fjallinu stórlega, og þar fyrir liggur jörðin undir miklum spjöllum." (JÁM I, 82) 1839:"Tún eru þar stór og slétt og grasgefin. Engjarnar eru kringum túnið, fram undir og austur með Sauðhúsvallarál, en heldur er jörðin landlítil. Túnin eru undirorpin ágangi af læk sem kemdur ofan af hömrunum fyrir austan túnið og hagar sömuleiðis undirorpnir áföllum af smálækjum, er bera sand og möl með sér ofan úr fjallinu." (SSR, 46). 1924: Tún 4,5 ha, garðar 880m^2

RA-053:001 *Sauðhúsvöllur* bæjarhóll bústaður
"Áður stóð bærinn ofar og austar í túninu, en árið 1938 flutti þáverandi ábúandi hann 130 m til vesturs og byggði þar íbúðarhús." Segir í Sunnlenskum byggðum. Hér stendur nú röð af húsum. þrjú vestanmegin, tvö austanmegin öll heil, í miðju hefur verið endurbyggt. Þar er nú geymt hey. Í austra húsinu er ris, að vestan er geymsla. (i) NVasta húsið hefur verið smiðja. (i) Smiðja: lengd 3,35, breidd 1,8m, ein dvergur í miðju húsi heldur sperrum. Trégafl. Veggjahæð 1,5m, öll hin húsin hafa hlaðinn gafl. Síðan kemur fjós (ii), þá fjárhús (iii). (iv) Austari húsin eru vestast hesthús með steinlögðu gólfi, með 2 dyrum - snýr þessi bygging hlið í 230°. Veggir eru fallega hlaðnir grjóti, 2 stoðir í því miðju 2 dvergar sperrur þétt sama, á þeim liggja hellur. (v) Austan við hesthúsið er lítið hús með jötu við norðurgafl - nú geymsla - líklega fyrir fé upprunalega. Innanmál (iv) lengd alls 6,4m, skipt lengd vesturhluta 3,4m, breidd frá jötu 2,2m, jata 0,5m, breidd alls 3,5m. Dyr eru í norðurhorni, inn í þar sem nú er hlaða, hæð veggja 1,5m, - mest rekaviður í sperrum. Breidd dyra 0,9m, hæð 1,5m. Þak bætt með járni. (v) breidd 1,6m, lengd 2,8m, frá jötu 2,45m, breidd dyr 0,9m, hæð 1,4m, veggjahæð 1,5m, þakæð 2,3m. (iii) Fjárhús, lengd 5,1m, breidd 3,1m, breidd milli jata meðfram hliðarveggjum 2,3m. Veggjahæð 1,3m, þakhæð 2,4m, 1 stoð í miðju húsi, sperrur með millibili - nú bárujárn á þaki. Timburgjólf. Pláss fyrir a.m.k. 10 kindur hvoru megin, 20 í allt. Hellulagt gólf, um 25 sm, neðan timburgólfs, gluggi á gafli. (ii) Fjós, lengd 5,3m, 5 básar, lengd að innan fram að dyrum, breidd 3m. Lengd básа 1,65m, þar af 0,4m jata. Breidd dyra 0,95m, hæð 1,7m. Veggjahæð úr flór 1,65m, þakhæð 2,4 af bás. Gólf er nú steypt.

Framan við öll húsin er stétt. Beint framan við húsin í miðjunni, á milli þeirra er brunnur, hlaðinn grjóti í kring, hleri yfir. Mikið vex af súrum í kring. Lengd framhliðar (i), (ii), (iii) 14,4m, að framhlið (iv) (v) 28,5m, lengd (iv) (v) 13,7m, lengd (v) í 30° 5,4m, aftan við heldur veggur áfram í boga til NV, síðan í NA, lengd alls frá framgafli (v) 21,9m. Lengd hlöðu 11,7 í miðið. Breidd heygarðs 5,6m, undir geymslu er grunnur upprunalegs húss. Breidd (vi) að innanmáli 2,9m. Lengd (iii) 7,2m, (vii) breidd 2,2m í 226°x 3,3m. (viii) lengd 8,9m, tvískipt að innan, vísar í 160°, nú notað sem kartöflugeymsla 1 röð af stoðum eftir endilöngu, breidd 4,6m, breidd (viii)+ lengd (i) 9,6m. Búið í gamla bænum til 1938. Bæjarlækurinn átti það til að hlaupa fram og var það væntanlega ein ástæða þess að bærinn var fluttur.

Heimildir: SB IV, 157

RA-053:002 tóft fjárhús
Stendur rétt utan girðingar NA af bænum á milli núverandi bæjar og 005. Ferhyrnd tóft, vísar í 212°, lengd 5,6m, veggjaþykkt ,19m, breidd dyra 0,6m, breidd 3,3m. Lítið er eftir af byggingunni - hefur verið sléttað úr samkvæmt bóndanum.
Heimildir:

RA-053:003 tóft
Beint upp af 012 er önnur ferhyrnd tóft. Vísar í 220°, opið þangað. Breidd 4m, hæð um 0,5m, illa varðveitt, lengd 6,7m, veggjaþykkt 1,4m, SA (upp í hlíðina) og norðan við (þvert á hlíð) eru veggjabrot.
Heimildir:

RA-053:004 tóft
Leifar af ferhyrndu húsi, vísar í 196°, sem er 2,3x2,9m. Mjög lítið eftir - aðeins útlínur.
Heimildir:

RA-053:005 tóft
Enn norðar en 004, norðan girðingar. Ferhyrnd tóft, lengd 4,1m, breidd 2,5m, vísar í 236°. Dyrasteinar greinilegri í þá átt, hæð 0,7m.
Heimildir:

RA-053:006 tóft
Beint upp af 005, í hlíðinni, er örlítil steinhlaðin tóft, ferhyrningslaga, dyr í 314°. Stór steinn notaður í norðurdyrakamb, breidd 2,3x2,3, veggjaþykkt 0,7m. Breidd dyra 0,45m, hæð 0,75m.
Heimildir:

RA-053:007 hús
Í vestur frá 006 í brekkurótum í jaðri túnsins er uppistandandi ferhyrndur kofi. Vísar í 240°, hlaðinn úr grjóti, einnig yfir dyrum, hellur í þaki. Utanmál, breidd 4,8m, lengd 5,4m, breidd dyra 0,7m, hæð 1m.
Heimildir:

RA-053:008 hús fjárhús
Fjárhús og hlaða, vísa í 220°. Tvær burstir, lengd 13,6m, breidd 14,6m, steinsteptur gafl, bárujárnsþak, enn í notkun.
Heimildir:

RA-053:009 tóft
Niður við veginn er lítið mjólkurbyrgi. Hlaðið með torfþaki, lengd 3m, breidd 4m, hæð 2m. Dyr breidd 1,1m, hæð 1,4m.
Heimildir:

RA-053:010 hleðsla rétt
Austast er grjóthlaðin rétt. Austurhlið er bein og vísar í 215°- hlið við enda hennar, lengd 10,6m. Norðurgafl og vesturhlið eru sveigð, breidd 7,5m, hæð 1,6m, breidd dyra 2,2m steinsteyptir steinar við dyr, líklega enn notað.
Heimildir:

RA-053:011 hleðsla túngarður
Leifar af túngarði sjáanlegar, sjá loftmynd.
Heimildir:

RA-053:012 heimild um mógrafir
“Mótak var fram af bænum neðan við mýrina.” Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 157

RA-053:013 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-053:014 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-053:015 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-053:016 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-053:017 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-053:018 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-053:019 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-053:020 *Skriðuvað* heimild um vað
"Vaðið yfir Álinn, fyrir neðan bæinn, nefndist Skiðuvað." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðhúsvöllur, 2

RA-053:021 *Hafurshólar* heimild um legstað
"Þá eru og við austurmörk landareignarinnar hólar tveir, allsérkenilegir og fornfrægir. Heita þeir Hafurshólar." segir í örnefnaskrá "Við austurtakmörk Sauðhúsavallarlands, neðan Fitjaráls, er Hafurshóll. Þar var Hafur í Hvammi drepinn, en dysjaður í Dysjarhól, að sumra sögn. Aðrir segja, að í Hafurshól sé heygður fornmaður, sem Hafur hét. Í Hafurshól var mikil huldufólksbygð, ljós sáust þar oft á kvöldum og ýmsir urðu þar varir við athafnir og umferð þeirra, sem hólinn byggðu." segir í örnefnaskrá ÞT
Heimildir: Ö-Sauðhúsvöllur, 2-3; Ö-Sauðhúsvölur ÞT, 2

RA-053:022 *Stekkjartúnshóll* örnefni stekkur
"Kaldá fellur niður milli Nátthagahauss og Lækjarkletts. Þá er Kúalág og Kúalágarbrekka ofan hennar. Neðar er Stekkjartún og neðst í því Stekkjartúnshóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sauðhúsvöllur ÞT, 1

RA-054 Efra Holt

3 hdr. 1709. Talið að býlið hafi upphaflega heitið Efri-Vestur-Holt. Efri-Holtstorfan var 12 hdr., en Efri-Holt er nú 1/4 af torfunni, um 100 ha. (SB IV, 162) 1838:"Þar eru nokkur tún og engjar töluverðar." (SSR, 47). 1924: Tún 0,8 ha, garðar 1490m^2. Efri-Holtstorfa er aðalhluti hinna svokölluðu Mýrarbæja sem eru Efri-Holt, Syðri-Kvíhólmi, Efri-Kvíhólmi, Syðri-Hóll og Efri-Hóll, og kallast þetta í Uppmýrunum, jarðirnar eiga samliggjandi engjar og bithaga. (Ö-Efri-Holtatorfan, 1)

RA-054:001 *Efra Holt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1924

RA-054:002 tóft útihús
Ferhyrnd tóft, 162° í Syðri Kvíhólma, 315° í Efri Kvíhólma, 200° í Lambhúshól. Vísar í 312°, lengd 6,1m, breidd 4,3m, hæð 0,6m, veggjaþykkt 0,5m. Dyr hafa ef til vill verið í vesturhorni, á langhlið.
Heimildir:

RA-054:003 tóft
Ferhyrnd tóft, vísar í 122°, lengd 15,9m, breidd 10,5m, hæð 1,8m, dyr á NVhlið. Líklega skipt í herbergi; sést helst í norðurhorni - frá dyrum inn í miðja tóft.
Heimildir:

RA-054:004 tóft útihús
Ferhyrnd tóft suður af 003, 354° í Syðrihól, 310° í S-Kvíhólma, 272° í Vesturholt. Vísar í 10°, lengd 8,9m, breidd 5,6m. Húsinu skipt þvert á lengdina á 4,3m, hæð 0,6m. Veggjaþykkt óljós, helst skilveggur sem er um 1m, útihús, líklega fjárhús.
Heimildir:

RA-054:005 garðlag
Garðbrot, 328° í Syðri-Kvíhólma, 4° í Efra-Kvíhólma, 46° í Syðrihól, mælt frá vesturenda. Tóftin vísar í 43°, 69 skref (lítil) milli tveggja skurða, breidd 0,4m, hæð 0,2m.
Heimildir:

RA-054:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-054:007 *Girðing* örnefni
"Svo er Bæjarmýri, og er þar dálítið stykki, sem heitir Veita, og út frá henni er annað stykki, er nefnist Útseta, og þar út frá annað stykki, sem nefnt er Girðing." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Efri-Holtatorfan, 1

RA-055 Syðri Hóll

3 hdr 1709, hjáleiga Efri Holts 1847. Syðri-Hóll var upprunalega 1/4 af Efri-Holtatorfu sem var skipt upp 1960. Árið 1895 var hálf jörðin lögð undir Syðri-Kvíhólma. "Syðri-Hóll er nú um 50 ha. Landkostir eru líkir og í Efri-Hól." (SB IV, 159). 1838: "Því nær túnlaus, en útslægjur eru nokkrar að víðáttu, þó ei séu loðnar." (SSR, 47)

RA-055:001 *Syðri Hóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-055:002 þúst
Í túninu SA við bæinn eru a.m.k. þrír litlir hólar, voru þar útihús sem nú eru sléttuð út.
Heimildir:

RA-055:003 heimild um útihús
En sunnar en 002 í suðurjaðri túnsins, rétt við fjárhús sem þarna eru, er ósleginn hóll. Þarna voru útihús. Lengd hólsins 19,4m, breidd 9,3m, hæð 1,2m.
Heimildir:

RA-055:004 hús fjárhús
Gamalt fjárhús og hlaða sem enn eru í notkun, í túninu austur af bænum.
Heimildir:

RA-055:005 hús hesthús
Gamalt hesthús nú notað sem hænsnakofi, í túninu vestur af bænum. Veggir úr torfi og grjóti.
Heimildir:

RA-055:006 *Guddutóft* þúst fjárhús
Guddutóft í vesturjaðri kartöflugarðs norður af bænum, nú bara hóll. Vísar í 314°, lengd 16,8m, breidd 7,5m, hæð 1,3m. Hér voru útihús, sauðahús, kennd við Guðbjörgu sem hér bjó.
Heimildir:

RA-055:007 *Syðri-Hóll* bæjarstæði bústaður
Á hlaðinu rétt norður af bænum má sjá móta fyrir undirstöðum bæjar frá því hér var tvíbýli. Er það eins og veggur í horn, vísar í 228°, lengd 7,6m, breidd 6,3m, hæð 1m, þykkt um 2,5m.
Heimildir:

RA-056 Efri Hóll

6 hdr. 1709, hjáleiga Efri Holts 1847. Jörðin á fjörustúf í Holtskirkjulandi. (JÁM I, 77-79) Efri Holtatorfu var skipt árið 1960. "Efri-Hóll er um 100 ha. Land jarðarinnar er að mestu leyti austan við bæinn." (SB IV, 158) 1709. "Högum hefur Markarfljót til forna stórlega spilt, nær það umbreytt sínum farveg, og fjell austur með Eyjafjöllum, en síðan það aftur hinni fyrri framrás náði, hefur úr farvegnum sandur á landið fokið." (JÁM I, 79) 1838: "Tún engin, útslægjur viðlíka og á hinni jörðunni." (SSR, 47). 1924: Tún 1,8ha, garðar 1180m^2.

RA-056:001 *Efri Hóll*bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1924

RA-056:002 hús hesthús
Gömul hesthús héðan eru enn uppistandandi að mestu. Tvær burstir sem vísa hver á aðra, eins röð af stoðum, sperrur og hellur + torf á þaki, torfveggir.
Heimildir:

RA-056:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-056:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-057 Kvíhólmi

Hjáleiga Efri Holts. Nú tvíbýli. Efri-Kvíhólmi er um 50 ha og er landið að mestu grasi vaxið. Syðri-Kvíhólmi er 1/8 af Efri-Holtatorfu til 1895 þegar hálfur Syðri-Hóll var lagður undir jörðina og er því nú 100 ha. 1838: Tún mýrlend og lítil. (SSR, 47) 1924: Tún 3,2ha, garðar 1100m^2.

RA-057:001 *Efri-Kvíhólmi* bæjarhóll bústaður
Athuga þarf hvenær býlunum var skipt upp.
Heimildir: Túnakort 1924

RA-057:002 hleðsla hlaða
SA af grunni hlöðunnar 014 er ferningslaga súrheysgrunnur, niðurgrafinn. Lengd 4m, breidd 3,4m, dýpt 1,25m, veggjaþykkt 1,5m. Austurhorn hlöðu og vesturhorn súrheysturns bera hvort í annað.
Heimildir:

RA-057:003 tóft
NA af súrheysturni er tóft í 60°. 25 skref, ferhyrnd, vísar í 238°, lengd 4,9m, breidd 3m, hæð 0,6m. Má sjá steinsteypu í grunni, veggjaþykkt 0,9m, dyr ef til vill í norðurhlið eða vesturgafli.
Heimildir:

RA-057:004 garðlag samgöngubót
NA af 003 í 20° 11 skref, byrjar stikluveggur. Hlaðinn úr torfi til að komast yfir fljótið þegar það rann hér yfir að fjárhúsunum. Vísar í 42°, breidd 1,2m, hæð 0,6m, 48 skref eða á móts við fjárhúsin sem síðar urðu kálgarður. Stiklur þessar voru þannig gerðar að bil var á milli þeirra til að vatnið kæmist á milli.
Heimildir:

RA-057:005 tóft fjárhús
10 skref í SA frá enda 006 er ferhyrnd tóft. Upprunalega fjárhús síðar kálgarður, vísar í 132°, lengd 9,6m, breidd 7,3m, veggjaþykkt 1,4m, engar dyr sjáanlegar nú.
Heimildir:

RA-057:006 hús fjárhús
Gamall kindakofi, enn notaður.
Heimildir:

RA-057:007 hús hesthús
Gamalt hesthús, enn notað.
Heimildir:

RA-057:008 þúst fjárhús
Hér voru gömul fjárhús en nú sést hér einungis upphækkaður hóll. Lengd 10m, breidd 10,5m, hæð 0,7m, fast vestur af fjárhúsunum.
Heimildir:

RA-057:009 garðlag kálgarður

Ferhyrndur kálgarður vísar í 325°, vesturhliðin er nú horfin, lengd 33,1m, breidd 16,6m, hæð 1,2m, veggjaþykkt 1,5m
Heimildir:

RA-057:010 garðlag
Suður af 012 er veggjabrot sem vísar í 58°. Breidd 0,8m, hæð 0,6m, hefur e.t.v. verið notað sem stífluveggur, því hann er ofan í dæld.
Heimildir:

RA-057:011 garðlag túngarður
Vegurin sker garðinn, skurður virðist vera meðfram honum.
Heimildir:

RA-057:012 hús hesthús
Veggir úr streng, stoðir, mest hálfir trjábolir, halda uppi þaki. 5 með austurhlið, 4 með vesturhlið, dyr á vesturhlið. Grind hvílir á stoðum, sperrur þar ofan á. Uppistandandi.
Heimildir:

RA-057:013 renna áveita
Samsíða túngirðingu sem liggur suðvestan við frá 012 í 222°er skurður, 0,6m á dýpt. Samsíða honum en vestar virðist vera annar skurður. Hlaðinn veggur á milli.
Heimildir:

RA-057:014 tóft hlaða
Undirstöður gömlu hlöðunnar, fast austur af bæjarhúsinu. Ferhyrnd tóft, vísar í 316°, lengd 3,8m, breidd 3,8m, veggjaþykkt 1m, dýpt 0,85m.
Heimildir:

RA-057:015 *Syðri-Kvíhólmi* bæjarstæði bústaður
1924: Tún 1,7m, garðar 1080m^2. Bæjarhóll og 3 útihús.
Heimildir: Túnakort 1924

RA-057:016 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-057:017 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-058 Vesturholt

12 hdr. 1709, Holtskirkjueign. 1270: Vesturholtafjara nefnd í máldaga Holtskirkju, sama 1332, 1480, 1591 (DI II, 681-682; DI III, 192nm, DI VI, 329-330.) "Vesturholta fjara heitir rekatakmark fyrir landi jarðarinna, hvaraf ábúendur uppbera alleinasta leiguliða gagn, en staðarhaldarinn hitt alt." (JÁM I, 80) Lambhúshóll og Lambhúshólskot voru byggð úr þessari jörð. "Vestur-Holt eru suður við gljá suður af Efri-Holtum. Landið er algróið, sléttlent og möguleikar til túnræktar sæmilegir. Landið grær fram í gljána í seinni tíð." (SB IV, 163) 1709: "Tún er nær því sem ekkert. Engjar spillast árlega af sandi og þurrlendi síðan markarfljót hafði ekki framrás þar hjá. Beitiland jarðarinnar er næsta lítið efir orðið, halda menn að vísu helmíng landsins í dan, en hitt liggur undir spjöllum, jafnvel eyðileggíng." (JÁM I, 80-81). 1838:"Tún eru þar lítil, en utantúnsslægjur góðar og ekki langt burtu og allar því nær rennsléttar." (SSR, 46). 1924: Tún 0,5ha, garðar 1530m^2.

RA-058:001 *Vesturholt* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1924

RA-058:002 *Búðagarður* garðlag
Bak við austasta húsið, 005, er ferhyrndur garður. Langhlið (sem liggur þvert á langhlið hússins) 11,1m, breidd í 398° 5m, hæð 1,5m. Veggjaþykkt 0,9m. Þetta er kallaður Búðagarður, breidd er mæld frá vesturvegg - nær austar en austurveggur. Torfhleðsla. Hleðsla er einnig úr frá vestasta húsi, langhlið frá vesturhlið hússins í suður 12,1m. Annað en þessi veggur (vesturveggur) er brotakennnt.
Heimildir:

RA-058:003 tóft
Í mýri/móa bak við, norðuraf, bænum er ferhynd tóft. Lengd 3,7m, breidd 2,6m, vísar í 152°, hæð 0,5m, dyr líklega í suðurhorni á langhlið.
Heimildir:

RA-058:004 *Fiskhóll* heimild
Í túninu austur af bænum eru þrír litlir hólar, tveir aðallega sjáanlegir. Örnefnið Fiskhóll tilheyrir a.m.k. einum þeirra. Hér á fiskur að hafa verið barinn, sbr. verbúðirnar.
Heimildir:

RA-058:005 heimild um sjóbúð
"Búð eða Búði kallast, þar sem fjárhús Vestur-Holts standa nú. Talið er, að nafnið sé komið af því, að sjóbúðir hafi verið þar, er útræði var sem mest frá Eyjafjallasandi." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Vestur-Holtatorfan, 2

RA-058:006 hús fjárhús
"Búð eða Búði kallast, þar sem fjárhús Vestur-Holts standa nú. Talið er, að nafnið sé komið af því, að sjóbúðir hafi verið þar, er útræði var sem mest frá Eyjafjallasandi." segir í örnefnaskrá Fjárhús í túninu suður af bænum. Uppistandandi 3 bárujárnsklædd hús - hey geymt í tveimur þeirra. Fjárhúsin standa á tóftum verbúðana.
Heimildir: Ö-Vestur-Holtatorfan, 2

RA-058:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-058:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-058:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-059 Nýibær

10 hdr. 1709, Holtskirkjueign. 1363: Jörðin nefnd í skrá yfir fjörumörk Breiðabólstaðar. (DI III, 192). 1480 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju (DI VI, 329-330). GS og ÞT telja líklegt að bærinn hafi átt forvera á Gljánni svonefndu austan við mynni Markarfljóts í landi Fornusanda. "Rekapláts liggur fyrir landi jarðarinnar, kallað Nýjabæjar fjara, hvar af ábúandi hefur ei nema leiguliða gagn, hitt alt staðarhaldarinn." (JÁM I, 81) "Jörðin var áður mjög votlend og búin fáum kostum sem bújörð. Á síðustu áratugum hefur henni verið breytt í nánast höfuðból með framræslu, ræktun og byggingum. Beitiland er sæmilegt, en ekki skjólgott." (SB IV, 165)

1709: "Tún er á jörðunni alls ekkert og er sandur umhverfis bæinn. ... Á engjar fýkur stórlega sandur og spillast eftir hendinni." (JÁM I, 81) 1838: "Hún er landrík nokkuð, og er allt landið að heita slægjuland, en vetrarbeit er þar því nær enin, ef hún nyti ekki nábúa sinna í Dalssókn, einkum Fitjamýrar. Annars hefur land hennar mikið gengið af sér af sandfoki úr áminnztum leirum. Tún eru rétt engin. Henni fylgir fjara fyrir land hennar og liggur hún fyrir vestan Efriholtsfjöru." (SSR, 46). 1924: Tún 3,4ha, garðar 2285m^2.

RA-059:001 *Nýibær* bæjarhóll bústaður
1709: "Tún er á jörðunni alls ekkert og er sandur umhverfis bæinn. Hefur bygðin þrisvar (það menn vita) flutt verið, bæði vegna ágángs af sandi og Markarfljós, líka vegna foraða."
Heimildir: JÁM I, 81

RA-059:002 tóft
Aðeins austar og sunnar en 009. Ferhyrnd, vísar í 214°, lengd 6,2m, breidd 3,8m. Út úr suðurhliðinni gæti verið smáherbergi, breidd alls 7,1m, lengd útskotsins 5,1m, út úr c. miðri hlið.
Heimildir:

RA-059:003 heimild
Rétt við veginn áður en komið er að 009 og 002 er rekaviðarbrumbur rekinn niður í jörðina fyrir hesta að nudda sér á.
Heimildir:

RA-059:004 garðlag
Í norður frá bænum, austan við heimatúnið er ferhyrnd torfhlaðin girðing með tveimur tóftarleifum í. Langhlið garðs vísar í 45°, breidd 20,1m, lengd 37,5m. Tóftirnar þvert á. Gæti verið rétt.
Heimildir:

RA-059:005 tóft
Í norður frá bænum, austan við heimatúnið er ferhyrnd torfhlaðin girðing með tveimur tóftarleifum í. Vestari tóftin er 6,6m frá vesturgafli og nær að, 13,5m, lengd 6,9m. 6,7m frá suðurhlið 004 og nær að- 10,3m, breidd 3,4m. Gæti verið fjárhús.
Heimildir:

RA-059:006 tóft
Í norður frá bænum, austan við heimatúnið er ferhyrnd torfhlaðin girðing með tveimur tóftarleifum í. Austari tóftin er 28,5m, frá vesturgafli 004 og nær að, 33,5m, breidd 5m, hæð 1m, lengd 10,7m. Vísar í 316°. Hefur líklega haft trégafl. Tóftir þessar eru útflattar, líklega gamlar. Gæti verið fjárhús.
Heimildir:

RA-059:007 þúst
Í vestur frá 004 (264°) er hóll, 12x8m, hæð 1,2m. Þarna sér nú engin merki um byggðaleifar, en gæti vel hafa verið. E.t.v. er þetta sandhóll sem byggt var ofan á.
Heimildir:

RA-059:008 garðlag túngarður
Sjást vel á loftmynd.
Heimildir:

RA-059:009 tóft
Ferhyrnd tóft, torfbyggð, vísar í 320°, hæð um 1m, lengd 9,7m, breidd 3,7m, nú aðeins ólögulegur hóll.
Heimildir:

RA-059:010 *Grænaborg* hleðsla rétt
"Austast eru Leirurnar. Þar fyrir vestan Leirubarð. Vestast á því er Grænaborg, gamalt bæjarstæði að ætla má. Þar er nú fjárrétt." segir í örnefnaskrá. Þórður Tómasson nefnir í athugasemdum við handrit GS 1. Bæjarstæði í Grænhól suður af Nýjabæ, rétt við Sandhólmaveg og undir honum. 2. Bæjarstæði nokkru austar, sitt hvoru megin við skruðSandhólmavegar. 3. Bæjarstæði í Brautarmel á gljánni suður af Nýjabæ og í landi jarðarinnar. Sennilega sama og 014 eða 015.
Heimildir: Ö-Nýibær, 1; GS: Handrit að byggðasögu.

RA-059:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-059:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-059:013 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-059:014 *Nýibær* bæjarstæði bústaður
1709: "Tún er á jörðunni alls ekkert og er sandur umhverfis bæinn. Hefur bygðin þrisvar (það menn vita) flutt verið, bæði vegna ágángs af sandi og Markarfljós, líka vegna forāða."
Heimildir: JÁM I, 81

RA-059:015 *Nýibær* bæjarstæði bústaður
1709: "Tún er á jörðunni alls ekkert og er sandur umhverfis bæinn. Hefur bygðin þrisvar (það menn vita) flutt verið, bæði vegna ágángs af sandi og Markarfljós, líka vegna forāða."
Heimildir: JÁM I, 81

RA-060 Lambhúshóll

Holtskirkjueign. "Jörðin er helmingur af landi Vestur-Holta. Landið er að mestu leyti grasi vaxið, sléttlent, sendið og votlent einkum vestan til." Lambhúshólakot fylgir jörðinni. (SB IV, 164). 1838: "Þar eru nokkur tún, en deiglent og undirorpin sandfoki úr Hvammsleirum. Engjar eru þar og sæmilegar." (SSR, 46) 1924: Tún 3,3ha, garðar 2070m^2

RA-060:001 *Lambhúshóll* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1924

RA-060:002 garðlag túngarður
Vestan við 009 er túngarður sem liggur til sjávar í suður.
Heimildir:

RA-060:003 tóft
Í horninu þar sem túngarðurinn 002, sveigir til vesturs eru veggjaleifar að því er virðist. Lengd 9,4m, breidd 5,6m. Stauraþúfur eru suður af, mynda horn.
Heimildir:

RA-060:004 tóft
Sunnan þjóðvegar, vestur af bænum. Hér er flatt- og þurrlent. Ferningslaga tóft, e.t.v 2 byggingastig, steinhlaðin tóft í miðju - torfveggir ná lengra beggja vegna. Tóftin vísar í 300°, lengd 12m, breidd alls 16,5m, 11,4m að vestari skilvegg, 11m að innri brún steinhlaðins veggjar 5,4m, að innri brún austurveggjar 4,8m, að miðju þess veggjar út austur, hæð um 1m. Dyr hafa líklega verið í norður. Hér stóð útibú Kaupfélags Hallgeirseyjar.
Heimildir:

RA-060:005 garðlag
Utan um 004. Ferhyrnd girðing, langhlið í 300°, 92,3m, breidd 92,8m.
Heimildir:

RA-060:006 tóft
Í NA horni girðingarinnar, 005, er hóll - hér hefur verið tóft, gerði torfi - vísar í 212°, ólöguleg, lengd 5,7m, breidd 3,3m, hæð 0,7m
Heimildir:

RA-060:007 tóft rétt
Út úr SA horni er ferningslaga girðing, rétt. Langhlið í 32° 7,4m, breidd 7,4m. Garður liggur úr suðurhorni í 160°.
Heimildir:

RA-060:008 tóft
Í austur frá 007, upp við veg, eru tóftarleifar. Eingöngu úr torfi, ólöguleg og útflött tóft. Vísar í 324°, breidd þvert á 11,7m, virðist meira en 1 bygging, eða a.m.k. ekki jafnstórt allt. Langhlið að austan 7,5m, langhlið að vestan 9,5m. Framhliðin í 324° í beinni línu, bakhlið mislöng, hæð 0,6m, dyr líklega í NV horni.
Heimildir:

RA-060:009 garðlag traðir
Sunnan þjóðvegar á móts við bæinn er gamla heimatröðin.
Heimildir:

RA-060:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-060:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-060:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-060:013 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1924

RA-061 Lambhúshólskot

Holtskirkjueign. Í eyði frá 1910, fylgir Lambhúshól. (SB IV, 164)

RA-061:001 *Lambhúshólskot* bæjarhóll bústaður
Austan við ber er ekið er niður að Vesturholti að austanverðu. Þórður Tómsson segir bæinn hafa staðið norðaustur af Lambhúshól. Bæjarstæðið ávöl hólbunga við framræstan skurð og var sléttað.
Heimildir: Handrit að byggðasögu

RA-062 Fit

Fit og Fitjamýri voru ein jörð, en skiptist í Fit 10 hdr. og Fitjamýri 15 hdr og Ystuborg í eyði 5 hdr. en áður var byggð jörð sem hét Hali í landi Fitjar en fór í eyði um 1650. [1332]: "[úr Dal] sungit annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne." (DI II 683) "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne. (DI III 262-263) Jörðin tilheyrði Mörk og varð konungseign með henni frá því líklega eftir 1472 allt til um 1550. (Björn Lárusson.)"Á 17. öld skemmdi Markarfljót mjög land jarðarinnar. ... Land Fitjar er grasi vaxið og að miklu leyti sléttlent þegar fjallshlíðin norðan bæjarins er undanskilin. Fjallshlíðin er grýtt og víða skriðurunnin en gróin neðan til. Efra eru hamrar og klettar. Við fjallsrætur er mýrlendi og grýtt, óslétt land, frá berghlaupi úr fjallinu. Austan við hlaupin voru áður engjar. Beitiland jarðarinnar er aðallega í og meðfram fjallshlíðinni norðan Fitjaráls. Sunnan Álsins eru að mestu leyti tún jarðarinnar. Þar er aur undir, sem er framburður Markarfljóts." (SB IV, 170) 1709: "Túni, engjum og högum grandar grjóthrun úr fjallinu, líka möl og grjót, sem uppá slægjur drífur í stórviðrum. Húsum og heyjum er og hætt fyrir þeim." (JÁM I, 83) 1924: Tún 3,6ha, garðar 690m^2.

RA-062:001 *Forna-Fit* bæjarhóll bústaður **Friðlýstar fornleifar**
"Á 17. öld skemmdi Markarfljót mjög land jarðarinnar. Var bærinn fluttur austur á svipaðar slóðir og hann er nú. Sést enn bæjarhóllinn, og heitir Forna-Fit. Um 1970 féll mikið bjarg úr fjallinu fyrir ofan bæinn. Fór hlaupið yfir bæinn og fórust þar öldruð kona og barn. Ef til vill hefur bærinn þá verið fluttur dálítið vestur." Segir í Sunnlenskum byggðum. Stóð bærinn fram um 1600 þar sem nú heitir Forna-Fit, neðan Fitjaráls." segir í örnefnaskrá

Tveir aflangir hólar vísa í 310°, lengd 70m, breidd 20m, hæð 5m. ÁG: "Fitjar. Stór aflangur grasigróinn hóll í túninu, skammt vestur frá bæ, sunnan við Fitjarál. Þarna hefur bærinn staðið um aldir, en verið færður þaðan ekki seinna en á 17. öld."Bæjarstæði fram til 17. aldar.
Heimildir: SB IV, 170; Ö-Fit, 1; ÁG: Friðlýsingarskrá, 65

RA-062:002 heimild um bænhús
FIT UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)[1332]: [úr Dal] sungit annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne; Máld DI II 683 [Dals] [1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne; Máld DI III 262-263 [Dals]
Heimildir: DI

RA-062:003 hleðsla rétt
Í austur frá bænum, austan í svonefndri skriðu í Gjögratá er hlaðið upp að stórum björgum til að mynda fjárrétt og upp undir björg á tveimur stöðum til að mynda kindakofa. Réttin er 9,5m löng í 230°, breidd 9,3m. Króin er í vesturhorni réttar.
Heimildir:

RA-062:004 tóft fjárhús
Í austur frá bænum, austan í svonefndri skriðu í Gjögratá er hlaðið upp að stórum björgum til að mynda fjárrétt og upp undir björg á tveimur stöðum til að mynda kindakofa. "Fitjarhlaup kallast hlaupið mikla austan við bæinn á Fit, og efst í því Hlaupgúll. Í honum eru svokölluð Gjögur, og voru þau áður notuð fyrir fjárhús." segir í örnefnaskrá Vestari skútinn, lengd 8m breidd 4m, undir bjargi
Heimildir: Ö-Fit, 2

RA-062:005 tóft fjárhús
Í austur frá bænum, austan í svonefndri skriðu í Gjögratá er hlaðið upp að stórum björgum til að mynda fjárrétt og upp undir björg á tveimur stöðum til að mynda kindakofa. “Fitjarhlaup kallast hlaupið mikla austan við bæinn á Fit, og efst í því Hlaupgúll. Í honum eru svokölluð Gjögur, og voru þau áður notuð fyrir fjárhús.” segir í örnefnaskrá Austari skútinn vísar í 300°, lengd 5,9m, hlaðið þak upp að bjargi, jata hlaðin meðfram vesturhlið, fallega hlaðinn veggur upp í klett.
Heimildir: Ö-Fit, 2

RA-062:006 *Smiðjuhellir* hellir smiðja
Beint upp af Gjögragjá austan í skriðu. “Austan við Hlaupgúl er Smiðjuhellir.” segir í örnefnaskrá. Breidd 2,3m, hæð 1,65m, lengd 3,5m, höggvinn fallega í boga inn í móbergið með öxi eða meitli, járnhringur 10 sm í þvermál, í austurvegg framanverðum; járnmeitill í norðurhorni. “Austan við Hlaupgúl er Smiðjuhellir en hann er manngerður og er talið að hann hafi verið gerður af Pöpum. Langafi minni, Páll Guðmundsson, mundi ekki eftir því að hann hefði verið notaður. Illfært er að komast upp í hann en þó er það hægt og það rennur úr jarðveginum í kringum hann og eyðist svo að sífellt reynist erfiðara að komast upp í hann.”
Heimildir: Ö-Fit, 2; Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 13

RA-062:007 tóft fjárhús
Beint niður, suður af 006, niðri á sléttlendinu er ferhyrnd tóft, austan við lækinn. Fjárhús og hlaða, vísar í 212°, dyr þar, lengd 13,2, lengd hlöðu 6,1m, breidd 6,8m. Hlaðan er mjórri, en bara við vesturvegg, 5,4m, hæð hlöðu 2,3m, breidd dyra 0,75.
Heimildir:

RA-062:008 tóft
NV í hlíðinni, mitt í skriðufalli, er tóft hlaðin upp við stórt bjarg sem myndar austurhlið. Lengd 3,6m, breidd 3,4m, vísar í 206°, dyr þar, breidd 0,5m. Vel varðveitt hleðsla, veggjaþykkt 0,9m, hæð 1,3m.
Heimildir:

RA-062:009 hleðsla rétt
Vestar en 008, nær bænum niðri á sléttlendinu er hlaðið upp við stóran stein að norðanverðu og að vestanverðu. Að norðanverðu er réttarhleðsla, lengd 6,7m, veggjaþykkt 1m, breidd 4,8m, hæð 0,5m, vísar í 124°, ferhyrnd, steinn er suðurveggur.
Heimildir:

RA-062:010 hleðsla rétt
Vestar en 008, nær bæum niðri á sléttlendinu er hlaðið upp við stóran stein að norðanverðu og að vestanverðu. Vestan við steininn er önnur réttartóft, ferhyrnd, að hluta undir steininum, breidd 4m í 196° veggjaþykkt 1,1m, lengd 4,3m, dyr í 196°, hæð 1m, breidd dyra 0,65m.
Heimildir:

RA-062:011 tóft
Vestar, út með hlíðinni, norðan við tún, hlaðið upp við stóran stein sem myndar vesturvegg, ferhyrnd tóft, vísar í 210°, lengd 5,1m, breidd 2,4m, veggjaþykkt 0,9m, hæð 2,5m, fallega hlaðið grjót, hliðarveggir halla inn. Sauðakofi, hrunið úr dyrnar, bárujárn inni, breidd dyra 0,8m.
Heimildir:

RA-062:012 tóft
NA af núverandi fjósi rétt hjá því, er ferhyrnd tóft, vísar í 228°. Lengd 5m, breidd 5,4m, hæð 1,25m, breidd dyra 0,6m, timbur og bárujárn inni - steinsteypa og torf hlaðið.
Heimildir:

RA-062:013 tóft
SA en 012. Ferhyrnd tóft, vísar í 240°, lengd 2,9m, breidd 5m, hæð 0,75m, lítið eftir - yfirgrónir steinhlaðnir veggir, veggjaþykkt 1,4m, dyr í suðurhorni.
Heimildir:

RA-062:014 garðlag
Úr norðurhorni 013 liggur veggjabrot í 330°. Þykkt 1,1m, hæð 0,5m.
Heimildir:

RA-062:015 tóft
Tvær ferhyrndar tóftir rétt norður af bænum. Vísa í 46°, sú vestari er 3,4m breið, lengd 3,8m, veggjaþykkt 0,8m, dyr í norðurhorni, hæð 2m dyr 0,75m, hlaðið grjóti og torfi.
Heimildir:

RA-062:016 tóft
Tvær ferhyrndar tóftir rétt norður af bænum. Vísa í 46°. Austanvið 015 er önnur eins tóft.
Heimildir:

RA-062:017 tóft heygarður
SA af 015 og 016 er heygarður. Langhlið vísar í 130° 5,3m, breidd 3,4m. Björg mynda SV hlið.
Heimildir:

RA-062:018 hús
Norður í vesturenda fjóss og hlöðusamsteypunnar er hálf uppistandandi kofi, vísar í 30°. Fjósið hefur verið byggt ofan í hann. Ferhyrndur kofi, lengd 4,3m, breidd 4m (utanmáls), hellur og bárujárn í þaki.
Heimildir:

RA-062:019 hleðsla rétt
Fjárrétt með steinsteyptu baði, SA af bænum. Stór björg notuð sem veggir, ógreinilegar leifar hleðslu sem S veggur, opin í norður, langhlið vísar í 280°, 7,9m, breidd 7m.
Heimildir:

RA-062:020 hús
Nær bænum en 019, beint austur frá fjárhúsi og hlöðu er uppistandandi kofi. Ferhyrndur, vísar í 220°, lengd 4,9m, breidd 5,3m, dyr í 220°, nú notað sem reykhús.
Heimildir:

RA-062:021 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-062:022 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-062:023 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-062:024 *Fit* bæjarstæði bústaður
"Á 17. öld skemmdi Markarfljót mjög land jarðarinnar. Var bærinn fluttur austur á svipaðar slóðir og hann er nú. Sést enn bæjarhóllinn, og heitir Forna-Fit. Um 1870 féll mikið bjarg úr fjallinu fyrir ofan bæinn. Fór hlaupið yfir bæinn og fórust þar öldruð kona og barn. Ef til vill hefur bærinn þá verið fluttur dálítið vestur." Segir í Sunnlenskum byggðum. Bæjarstæði eftir 1700.
Heimildir: SB IV, 170

RA-062:025 *Fit* bæjarstæði bústaður
"Á 17. öld skemmdi Markarfljót mjög land jarðarinnar. Var bærinn fluttur austur á svipaðar slóðir og hann er nú. Sést enn bæjarhóllinn, og heitir Forna-Fit. Um 1870 féll mikið bjarg úr fjallinu fyrir ofan bæinn. Fór hlaupið yfir bæinn og fórust þar öldruð kona og barn. Ef til vill hefur bærinn þá verið fluttur dálítið vestur." Segir í Sunnlenskum byggðum. Bæjarstæði eftir 1870, ef það var flutt þá.
Heimildir: SB IV, 170

RA-062:026 *Hali* bæjarstæði býli
1709: "Hale hjer jörð, meinast hafa verið bygð úr Fitjar landi. Eyðilagðist fyrir 60 árum eður þar um fyrir Markarfljóti. Dýrleika veit enginn að segja, ei heldur landskuld. Bæjarstæðið og landið um kring er komið í sand og aur, og kann jörðin þar fyrir aldrei aftur byggjast." Þórður Tómasson segir að vitað sé hvar bæjarstæðið var.
Heimildir: JÁM I, 82; GS: Handrit að byggðarsögu

RA-062:027 *Paradísarhellir* hellir útilegumannab ústaður
"Við vesturmörk Fitjar nokkra metra upp í berginu er Paradísarhellir, sérkennileg náttúrusmíð. Sagnir segja að

þar hafi Hjalti Magnússon dvalist um tíma á fyrri hluta 16. aldar og að hellirinn hafi þá fengið þetta nafn." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Austan hans [028] eru Ákvæði og Paradísarhellir ofan þeirra, uppi í berginu." segir í örnefnaskrá

FF: "Paradísar hellir sem er 5 Faðma hátt upp í berginu milli Fitiar og Selialads, tvíkarmadyr með lágum dyrum eda Opi; er rúmlega þriggia Fadma lángur og vel svo 5 Álna hár þá inn er komid og eins hér um 5 Al: breidur. Í hvelfíngunni ad ofan og í gólfinu ad nedan eitt þad fína glasserad dökkt Mó- helludurenn Blá-berg. Um alla hvelfínguna ad ofan er eins og Ædar eda Hrukkur liggi ýmislega nedan í berginu enn beinni þegar dregur nidur á Veggina og endar svo nidur á þeim; þær eru margar Fíngur þykvar, sumar bædi meira og minni, sumar sívalar og aðrar þunar og sídan hángandi niðdur úr hvelfínguni líkt og þegar hálfbrádnad bik sígur nidur af Skips Súd eda Timbur húsa þak-brún og þeim þad skodudu sýndist nidur úr þessum Ædum sumstadar eins og storknadir Dropar sem hætt hefdu seinast ad driupa nidur og hardnad þar sídan. I þessum dropum eda Sepum sem nidur hieingu var sama berg sem í siálfum hellirsins nær því so skiær og glasserud sem framandi leir eda Porcelain, um hana alla eru Ávöl Upphlaup rda smá Hædir í margskonar Mindum. Á millum þessara til og frá um hellirin eru settar allslagt Rúnastafir í leingri og styttri línum ... Fyrir nedan Hellirs dyrnar er lítill Skúti, nidur ur hans Hvelfíng hánga smá Spírur líkastar ad lögun kýrspenum ..." BJ: 1901: "Snýr það [hellirinn] mót útsuðri en lengd hellisins er þó einna mest frá suðri til norðurs eða útnorðurhals; í þá stefnu er mænir hans og er hann sljóft kjalmyndaður, en lækkar þaðan til beggja hliða og er eigi manngengt nema undir mæninn. Enda er hellirinn allur lítill. ... mér hafði verið sagt, að gólfið í honum væri alsett rúnaletri ... Merkilegt er að allar rúnirnar eru með mjög líkri, ef ekki sömu gerð, smáar, laglegar og hreint höggnar með skörpum meitli ..." Kúptur og hálfhringlaga, um 8m breiður, 7m djúpur, 8m hár. Engin merki mannaverka inni en hér hafa verið kindur. Hellisgólfið er ójafnt. Burkni vex á veggjum, hellismunnin slútir fram.
Heimildir: SB IV, 170; Ö-Fit, 1; BJ "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 25-26; FF, 122-123

RA-062:028 garðlag landamerki
"Garður skiptir landi Seljalands og Fitjar vestur frá Fit."
Heimildir: Ö-Fit, 1

RA-062:029 *Heimuluból* örnefni
"Austan við Votupallabrekku [austan við Ákvæði] er Heimulubólsbrekka og Heimuluból ofan hennar." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fit, 1

RA-062:030 heimild um fjós
"Upp af bænum á Fit er brekka og stór lág í henni. Heitir hún Stóralág. Austan við hana eru tvær brekkur, sem heita Vestri- og Eystri-Sinubrennur. Neðan við þær eru Kálfasteinar. Var hús eða byrgi hlaðið upp við þá fyrir kálfa Fitjarbónda." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fit, 2

RA-062:031 heimild um myllu
"Bæjarlækurinn var áður kallaður Myllulækur vegna kornmyllu, sem byggð var við hann." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fit, 2

RA-062:032 *Gapaból* örnefni
"Austan við hann [031] er Gapaból og Gapabólsbrekka neðan þess." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fit, 2

RA-062:033 *Stekkjarbakki* örnefni stekkur
"Austan við Hlaupgil, neðan Smiðjuhellir, er Stekkjarbakki." segir í örnefnaskrá "Neðan þess [Gapabóls 032] er Gapabólsbrekka, sem er mikið til grjótskriða. Gapabólsbrekka er fyir ofan Gömlu-Fjárhúsin, sem voru notuð af langafa mínum fram til 1965. Þau eru nú tóftir fyrir austan hlaupið, neðan Smiðjuhellir og standa á svokölluðum Stekkjarbakka. Hann er umhverfis fjárhúsin, en á honum er einnig hluti af núverandi hestagirðingu, sem er milli fjárhúsanna og landamerkja Fitjar." 1 km frá bæ.
Heimildir: Ö-Fit, 2; Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 14

RA-062:034 *Merkigarður* garðlag landamerki
"Merkigarður skilur nú lönd Fitjar og Sauðhúsvallar. Áður var það Stígslækur, sem rennur fram austan garðsins." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fit, 3

RA-062:035 *Fitjarot* heimild um áfangastað

“Framan Fitjaráls eru Fitjarrot. Þar var áningarstaður ferðamanna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fit, 3

RA-062:036 heimild um fjárhús
Heimuluból, 029, eru ofan við sauðahús.
Heimildir: Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 10

RA-062:037 *Kirkjusteinn* þjóðsagahuldufólksbúst aður
“Kálfasteinar [sjá 030] eru vestan við Hlaupið og ofan við Kirkjustein. Í Kirkjusteininum er talið að hafi verið álfakirkja.”
Heimildir: Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 12

RA-062:038 *Reipasteinn* heimild
“Austan til í Hlaupinu ofarlega en fyrir neðan Smiðjuhelli er Reipasteinn, en þar var langafi minn með reipi til að binda hey og eru nokkur reipi þar enn í dag. Undir klettinum (steininum) er hola þar sem reipin voru hengd á slá til geymslu og þerris.”
Heimildir: Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 13

RA-062:039 heimild um fjárhús
“Í Einarstungum er góður fjárhagi og væn lömb koma þaðan. Vestur frá þeim er Langhilla, sem er grösug og í henni er einnig mikið hvannstóð. Áður gengu sauðir, úr Sauðahúsi langafa míns, þar á sumrin.”
Heimildir: Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 13-14

RA-062:040 *Gömlu-Fjárhúsin* heimild um fjárhús
“Neðan þess [Gapabóls 032] er Gapabólsbrekka, sem er mikið til grjótskriða. Gapabólsbrekka er fyrir ofan Gömlu-Fjárhúsin, sem voru notuð af langafa mínum fram til 1965. Þau eru nú tóftir fyrir austan hlaupið, neðan Smiðjuhellir og standa á svokölluðum Stekkjarbakka. Hann er umhverfis fjárhúsin, en á honum er einnig hluti af núverandi hestagirðingu, sem er milli fjárhúsanna og landamerkja Fitjar.” 1 km frá bæ.
Heimildir: Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 14

RA-062:041 heimild um þvottastað
“Við Myllulækinn [031] var svokallaður klappstein, sem ber nafn sitt af því að þvottur var þveginn við hann og klappaður á honum í gamla daga, en nú er hann horfin.”
Heimildir: Sigríður Björk Ólafsdóttir: Fit, 15

RA-063 Fitjamýri

Fit og Fitjamýri voru ein jörð, en skiptist í Fit 10 hdr. og Fitjamýri 15 hdr og Ystuborg í eyði 5 hdr. en áður var byggð jörð sem hét Hali í landi Fitjar en fór í eyði um 1650. Fitjamýri var byggð um 1600. (Ö-Fit, 1). 1570: Býlið austari Fit nefnt í heimildum, gæti verið sama og Fitjamýri. (DI XV, 408). Var áður konungsjörð. HÞ segir nafnið Fitjamýri rangnefni, jörðir heitir Fitjarmýri. (HÞ: “Rannsókn og leiðrjettingar ...” Árbók 1923, 16). “Landið er að mestu mýrlendi, en að nokkru sandbakkar með valllendisgróðri. Á undanförnum árum hefur ræktun verið aukin að miklum mun og skilyrði fyrir verulegri aukningu í því efni.” (SB IV, 169) “Túni og engjum spillir aus og sandur, sem áfýkur í veðrum.” (JÁM I, 84) 1924: Tún 6,2ha, garðar 1920m^2.

RA-063:001 *Fitjamýri* bæjarhóll bústaður
Í heimatúninu SA af bænum er óslétta í túninu, óslegið, rétt vestan við veg sem þarna er. Hér stóðu báðir gömlu bæirnir þegar hér var tvíbýli.
Heimildir:

RA-063:002 tóft
Beint aftan, sunnan við hlöðu, rétt hjá, er óljós tóft. Ferhyrnd, torfhlaðin tóft, vísar í 54°, lengd 6,6m, breidd 3,1m, hæð 0,3m. Aðeins þúfnakollaútlínur eftir.
Heimildir:

RA-063:003 *Jónstóftir* þúst
Í austur frá Sökku, 2° í Fitjamýri, 318° í Seljalandssel, 262° í Efri-Rot. Hér sér nú lítið lag á - helst að tóftin vísi í 320°, lengd um 11m, breidd 8m, engar veggjaútlínur er að sjá, aðeins þúfur, torfbyggt.
Heimildir:

RA-063:004 þúst
SV af bænum, í túninu, er ávalur, ósleginn hóll, um 8x6m. Hér hefur verið tóft.
Heimildir:

RA-063:005 hleðsla túngarður
Túngarðsleifar, sést vel á loftmynd.
Heimildir:

RA-063:006 *Sökkuhóll* bæjarstæði býli
Í túninu SV af fjárhúsunum, suður af bænum, 10° í Fitjamýri, 324° í Seljalandssel, 250° í Efri-Rot. "Þá tekur við Hagamýrin. Syðst í henni er Sökkuhóll (gamalt býli)." segir í örnefnaskrá Allt í kring er slétt tún, ræktað og slegið. Hér er nú aðeins stór ávalur hóll, vísar helst í 330°. Norðanvið er annar minni og lægri hóll, og austan við hefur líklega verið tóft. Lengd alls hólsins um 18m, breidd um 18m, hæð um 1,5m. Eldri bóndinn segir afa sinn og ömmu ekki muna eftir byggð hér.
Heimildir: Ö-Fitjamýri, 1

RA-063:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:011 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:013 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:014 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:015 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:016 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-063:017 *Ystaborg* bæjarstæði býli
1709: "Eyðilagðist fyrir 4 árum af fólkseklu. Landkuld var xxx álnir. ... Kynni að sönnu aftur byggjast því slægjur eru nokkrar til, en vegna stórra hafa þrengsla sæu nágrannar gjarnar það ekki yrði." Hafa búið 2 á hjáleigunni.
Heimildir: JÁM I, 84

RA-064 Fornusandar

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin III hdr. "Fornusandar var aðaljörðin, en hinar hjáleigur þaðan. Þeir hétu áður Þorsteisstaðir, og var þar þá kirkjustaður." (Ö-Sandhólmi, 1). Bænhús var á Söndum "[1269]: a Þorgeirsstodum skal syngia tolf messur or dal oc giallda preste halfa mork vadmala.ecki er skyllt ad fæda prest

med Þessum messum." (DI III 1) [1332]: "[úr Dal] skal syngia ... xij messur a sanda." DI II 683 "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur a sanda. tekst half mork." (DI III 262-263).Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) . "Virðst hafa í öndverðu heitið Þorgeirsstaðir. ... Var áður léleg bújörð en hefur gjörbreyst í tíð núverandi ábúenda, sem árið 1951 keyptu hana, þá í eyði um fjögurra ára skeið. ... Land jarðarinnar er sumpart mýrlendi og sumpart þurrlendir sandbakkar, yfirleitt grasgefið en skjóllítið." (SB IV, 166) Býlið liggur undir spjöllum af sandi. (Ö-Ásólfsskálatorfan): 1924: Tún 2,2 ha, garðar 1649m^2.

RA-064:001 *Fornusandar* bæjarhóll bústaður
"Sandar voru fluttir til útsuðurs frá Þorsteinsstöðum þangað, sem nú er gljáin, og hið gamla bæjarstæði þá nefnt Fornusandar. Þangað var bærinn fluttur aftur, er fór að bóla á sandfoki. Gömul bæjarstæði sjást enn á gljánni; mun hægt að greina fimm með vissu. Hefur þaðan verið tekið grjót til bygginga. Nöfn þessara bæjar eru gleymd, nema Stekkjarbakki mun hinn austasti þeirra hafa heitið. Melar stóðu og á þessum slóðum." segir í örnefnaskrá Vestan við bæinn er hið forna bæjarstæði, og heitir þar Kirkjuhóll og Kirkjugarður." "Í þann hól [Kirkjuhól] gróf Guðjón Einarsson, bóndi á Fornusöndum, nú bóndi í Berjanesi, Vestur-Landeyjum, súrheysgryfu, og fann þar eitt lóð af fornu gangsilfri og brot úr eirpotti." segir í örnefnaskrá Sjá GS Farm Ambandonment, 30-37, en þar er að finna yfirlit yfir fundin bæjarstæði sem og lista yfir muni fundna þar.
Heimildir: Ö-Sandhólmi, 1-2; GS: Farm Ambandonment, 30-37

RA-064:002 heimild um bænhús
SANDAR UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)[1332]: [úr Dal] skal syngia ... xij messur a sanda; Máld DI II 683 [Dals][1371]: [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur a sanda. tekst half mork; Máld DI III 262-263 [Dals]
Heimildir: DI

RA-064:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-064:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-064:005 *Fornusandar* bæjarstæði bústaður
Ekki elsta bæjarstæðið. Þarf að skoða betur.
Heimildir:

RA-064:006 *Stekkjartún* bæjarstæði býli
Stekkjartún var eitt býlanna sem byggðist úr Sandajörðinni, 5 hdr. alls 1709, þá gekk mikill sandur á jörðina og skemmdi mikið. "Til landnorðurs af bænum er Hálenda, sem áður hét Stekkjartún. Þar er Þorsteinshóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir: JÁM I, 85-86; Ö-Sandhólmi, 1

RA-064:007 heimild um verbúð
Útræði var á Söndum til forna en hefur lagst af vegna atorkuleysis og fólkseklu. Ekki vitað með hvaða jörð á að skrá þetta.
Heimildir: JÁM I, 86

RA-064:008 heimild um lendingu
Útræði var á Söndum til forna en hefur lagst af vegna atorkuleyrir og fólkseklu. Lending var þar. Ekki vitað með hvaða jörð á að skrá þetta.
Heimildir: JÁM I, 86

RA-064:009 *Stekkjarbakki* bæjarstæði býli
"Sandar voru fluttir til útsuðurs frá Þorsteinsstöðum þangað, sem nú er gljáin, og hið gamla bæjarstæði þá nefnt Fornusandar. Þangað var bærinn fluttur aftur, er fór að bóla á sandfoki. Gömul bæjarstæði sjást enn á gljánni; mun hægt að greina fimm með vissu. Hefur þaðan verið tekið grjót til bygginga. Nöfn þessara bæjar eru gleymd, nema Stekkjarbakki mun hinn austasti þeirra hafa heitið. Melar stóðu og á þessum slóðum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sandhólmi,1

RA-064:010 *Melar* bæjarstæði býli

“Þegar Fljótið tók sér þann farveg sem það hefur nú, eyddist graslendið norðaustan útfallsins. Þar er gljáin nú um 4 km breið. Um byggð þar vita menn nú lítið. Húsarústir hafa fundist þar á sandinum en þær hafa ekki verið rannsakaðar. Til er gömul þula, líklega frá ofanverðri 16. öld, sem nefnir þar bæinn Mela, sem þá var farinn í eyði. Og sagnir eru til um að byggðin hafi verið flutt ofar undan sandágangi.” Segir í Sunnlenskum byggðum. “Sandar voru fluttir til útsuðurs frá Þorsteinsstöðum þangað, sem nú er gljáin, og hið gamla bæjarstæði þá nefnt Fornusandar. Þangað var bærinn fluttur aftur, er fór að bóla á sandfoki. Gömul bæjarstæði sjást enn á gljánni; mun hægt að greina fimm með vissu. Hefur þaðan verið tekið grjót til bygginga. Nöfn þessara bæjar eru gleymd, nema Stekkjarbakki mun hinn austasti þeirra hafa heitið. Melar stóðu og á þessum slóðum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: SB IV, 107; Ö-Sandhólmi,1

RA-064:011 *Helguhóll* heimild
“Smáhóll er litlu vestar [en Hjáleigusandar], sem heitir Helguhóll, eyddur og af sér genginn. Þar var einsetukona í Svartadauða.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sandhólmi, 2

RA-064:012 heimild um bænhús
Fornusandar eru sennilega sama jörð og Þorgeirsstaðir, ekki öruggt en kirkjan þar skráð hér á meðan, sennilega sama og 002. ÞORGEIRSSTAÐIR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) (DALSÞING)[1269]: a Þorgeirsstodum skal syngia tolf messur or dal oc giallda preste halfa mork vadmala. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum;.Máld DI III 1 [Dals]
Heimildir:

RA-064:013 bæjarstæði býli
“Sandar voru fluttir til útsuðurs frá Þorsteinsstöðum þangað, sem nú er gljáin, og hið gamla bæjarstæði þá nefnt Fornusandar. Þangað var bærinn fluttur aftur, er fór að bóla á sandfoki. Gömul bæjarstæði sjást enn á gljánni; mun hægt að greina fimm með vissu. Hefur þaðan verið tekið grjót til bygginga. Nöfn þessara bæjar eru gleymd, nema Stekkjarbakki mun hinn austasti þeirra hafa heitið. Melar stóðu og á þessum slóðum.” segir í örnefnaskrá Fimm bæjarstæði á Gljánni, 001,009 og 010, og síðan 013 og 014.
Heimildir: Ö-Sandhólmi, 1-2

RA-064:014 bæjarstæði býli
“Sandar voru fluttir til útsuðurs frá Þorsteinsstöðum þangað, sem nú er gljáin, og hið gamla bæjarstæði þá nefnt Fornusandar. Þangað var bærinn fluttur aftur, er fór að bóla á sandfoki. Gömul bæjarstæði sjást enn á gljánni; mun hægt að greina fimm með vissu. Hefur þaðan verið tekið grjót til bygginga. Nöfn þessara bæjar eru gleymd, nema Stekkjarbakki mun hinn austasti þeirra hafa heitið. Melar stóðu og á þessum slóðum.” segir í örnefnaskrá Fimm bæjarstæði á Gljánni, 001,009 og 010, og síðan 013 og 014.
Heimildir: Ö-Sandhólmi, 1-2

RA-064:015 bæjarstæði býli
Sjötta býlið fannst á sandinum 1985.
Heimildir: GS: Farm Ambandonment, 30-37

RA-065 Hjáleigusandar

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hdr., Stekkjartún v hdr og Rotin III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) “Býlið Hjáleigusandar stóð skammt suðvestur af Fornusöndum og er bæjarstæðið vestan við nýlegan markaskurð milli Fornusanda og Helgusanda, rétt við skurðinn. ... Jörðin lagðist undir Seljalandssel.” Í eyði frá 1861. (SB IV, 177) Býlið liggur undir spjöllum af sandi.

RA-065:001 *Hjáleigusandar* bæjarhóll bústaður
Beint vestan skurðar sem skilur að tún Fornasands og land Nýjabæjar. Þetta er smáþýfður hóll, grænni en umhverfið. Sjást greinilegir garðar í SV út frá hólnum, skiptir í reiti. Bæjarrústir eru nú engar, hafa líklega verið sléttaðar. Hóllin vísar í 310°. Bæjarhóllinn er um 17m breiður og a.m.k. 5 m lengdra í vestur en yngsta gerðið.
Heimildir:

RA-065:002 garðlag

Garðlög við bæjarhólinn. Garðurinn SV af 001 hefur greinilega verið nýttur eftir að bærinn sjálfur lagðist af. NA veggurinn sérlega hár og liggur yfir hólnum. Sá er minni er upprunalegi túngarðurinn, sem nokkru vestar sveigir í norður. Í 304° frá SA horni nýlegasta garðsins liggur áframhald hans út að landamerkjaskurði, 15,6m. Garðurinn sjálfur (nýjasti) er 23x17,5m, veggir úr torfi, 0,75m breiður, hæð 0,35m. Áfram í vestur er, 13m, 38m í 28°.
Heimildir:

RA-065:003 heimild um ristu
Heimatún liggur NV af 002 og þar rétt SV af hefur torf verið skorið.
Heimildir:

RA-065:004 heimild um útihús
NA af 001 eru a.m.k. þrjú útihús. Næst 001, vísar í 154°, eru um 5,2m, langur 5m breiður hóll, líklega ferhyrnt útihús - engir steinar sjáanlegir, hæð um 0,55m, 10° í Seljalandssel, 80° í Nýjabæ, 244° í Heimaklett.
Heimildir:

RA-065:005 garðlag
Beint í SV í 300° af 004, um 1m, er gamall garður. Nær upp að túngirðingu Fornusanda, framhjá útihúsi (006) 235 skref í 300° þar sem hann er skorinn af garði sem liggur í 26° í báðar áttir, 0,7m breiður, 0,5 m hár.
Heimildir:

RA-065:006 tóft
Líklega skipt í 2/3 og 1/3, lengd lengrihelmings 7m í 40°, breidd um 2,6m, breidd alls hólsins 6,5m; hinn helmingurinn, gæti skipts í 2 hornrétt á það, fyrsta hæð um 1 m mest. Veggir um 1m þykkir, hæð um 0,65m.
Heimildir:

RA-066 Sandar (Helgusandar)

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) "Helgusandar, öðru nafni Sandkot, voru vestasti bær í Fornusandatorfu. ... Engjalönd Sandajarða voru í skákum upp og austur frá Hegusöndum fram um 1950 en nú hefur landinu verið skipt upp á milli jarðanna." Í eyði frá 1949. Syðri Rot tilheyra H frá 1915. (SB IV, 167) 1924: Tún 0,6ha, garðar 910m^2.

RA-066:001 *Sandar (Helgusandar)* bæjarhóll bústaður
Í Móanum norður af Fornusöndum, suður af Efra-Roti Hér er nú óræktað haglendi, sléttlent. Bæjarhúsin hafa staðið í miðju umgirts svæðis. Túngarðar sjást á loftmynd. Bæjarhúsin hafa staðið á sandhól, vísa í 292°, lengd hóls 31m. Á loftmynd sjást tvær byggingar uppistandandi. Er hér sambland af steinsteypu, bárujárni, þakhellum og torfi og grjótveggjum. Breidd hóls 20m. Nyrst í lengjunni hefur verið lítið ferhyrnt hús, nú tóft, vísar í 224°, lengd 3,6m, breidd 2,1m. Þakhellur og bárujárnsþak fallið inn. Austan við hefur líka verið bygging, vísar líklega í norður. Þakhellur fallnar inn, einnig bárujárn, torfveggir.
Heimildir:

RA-066:002 garðlag nátthagi
Í suður frá bænum (140°) er ferhyrnd girðing. Breidd 12,1m, lengd 17,3m vísar í 312°, norðurhliðin er mun hærri garður en hinir, breidd 0,6m, hæð 0,25m.
Heimildir:

RA-066:003 tóft
Inni í 002, hefur verið bygging. Lítið er nú eftir af henni, nema l hornið. Vísar í 37°, lengd 3,7m, breidd 2,1m, tóftin sem er ferhyrnd er með norðurgafl við norðurhlið garðsins, 1,5m frá, c. á miðju hans. Ekki notað í tíð Helga Jónssonar sem bjó hér frá 1920-1935 er hann flutti að Seljalandsseli.
Heimildir:

RA-066:004 tóft
Í vestur frá bænum, utan innra túngarðs, rétt við vesturhlið ytri garðs er ferhyrnd tóft. Vísar í 295°. Lengd 7,6m, breidd 2,8m, hæð um 0,5m. Torfveggir, SV veggur fallinn að hluta.
Heimildir:

RA-066:005 tóft lambhús
Innan innra garðs NV af bæ er örlítil ferhyrnd tóft. Vísar í 286°, lengd 2,2m, breidd 2,1m, hæð 0,6m, torfveggir.
Heimildir:

RA-066:006 tóft hesthús
Í austur frá bæ er ferhyrnd tóft. Vísar í 300°, lengd 5,8m, breidd 4,3m, hæð 1,5m, torfveggir, þakhellur.
Heimildir:

RA-066:007 tóft fjárhús
Enn austar en 006 eru þrjár samsíða tóftir. Norðurgaflar vísar norður (ii) + (iii) eru í línu, (i) aftar (sunnar), vísar í 310°, lengd 5,3m, veggjaþykkt 1,1m. (i) Vestasta tóft: Breidd 5,2m, lengd 5,3m - suðurgafl 1,5m, norður af (ii). (ii) Miðtóft, breidd 9,8m, lengd 9,1m. (iii) Austasta tóft breidd 14m, lengd 9,8m - suðurgafl 3,4m, suður af (ii). Torfveggir - þakhellur sjást. Misvel varðveitt. Á milli 007 og 008 er önnur dæld og aðeins norðar svolítil hæð, líklega sandhóll - með dældum í - hér hefur e.t.v. verið tekið torf.
Heimildir:

RA-066:008 tóft
Norðar en 007, í 300°, er ferhyrnd tóft sem stendur nokkuð hátt. Vísar í 285°, lengd 5m, breidd 4,1m, hæð 1,5m. Háir torfveggir, þakhellur sjást.
Heimildir:

RA-066:009 tóft
Í norður frá 008, um miðja vegu út að norðurhlið heimatúns er lítil, lág ferhyrnd tóft. Vísar í 290°, lengd 3,6m, breidd 2,5m, dyr - óvisst. Hæð 0,5m, torfveggir, engar þakhellur. Virðist eldri og yfirgrónari en hinar.
Heimildir:

RA-066:010 hleðsla rétt
Í norðurhorni heimagirðingar er langt ferhyrnt svæði, afgirt. Vísar í 210°, lengd 31,5m, breidd 7,5m.
Heimildir:

RA-066:011 hleðsla traðir
Sést vel á loftmynd.
Heimildir:

RA-066:012 garðlag kálgarður
Austur- og suðurhlið sjást vel á loftmynd.
Heimildir:

RA-066:013 garðlag túngarður
Sést vel á loftmynd.
Heimildir:

RA-066:014 brunnur vatnsból
Brunnur er í túninu NV við bæinn, hleri yfir.
Heimildir:

RA-066:015 *Kristínartóft* bæjarstæði bústaður
"Vestan til í landareigninni er kelda, sem nefnd er Kotakelda. Helgusandar eru á eystri baka hennar. ... Á vesturbakka Kotakeldunnar er Kristínartóft. Þar var einsetukona fyrir eina tíð." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sandhólmi, 2

RA-066:016 *Hafliðatóft* heimild
"Austur af Helgusöndum er Hafliðatóft." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sandhólmi, 2

RA-067 Syðri Rot

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4

hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin (aðeins ein jörð) III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) Um aldamótin 1800 nefndist býlið Rotbakki syðri. Í eyði frá 1915. (SB IV, 167) 1924: Tún 1,4ha, garðar 1050m^2.

RA-067:001 *Syðri Rot* bæjarhóll bústaður
Í móóttu haglendi milli Fornusanda og Efri-Rotar. Bæjarúsið eða samsteypan er umgirt garði að norðan, vestan og sunnan, vísar í 306°. Vel varðveitt. (i). Breidd 9,3m, lengd 9,4m, lengd (i)-(v) 16,9m. (ii) Breidd 14,1m. (iii) Breidd 19,4m, lengd 6,7m lengd (iii)-(vii) 15,4m. (iv) 22,5m (öll lengd framhliðar, í 306°). (vi) er líklega skipt í tvennt. Skilveggur er í garðinum með desum í SV í línu við suðurenda húsaraðarinnar. Annar veggur liggur út úr suðurhorni sama garðs (sunnar) í 150°, des vísa í 220°.
Heimildir: Túnakort 1924

RA-067:002 tóft
Við suðurenda kálgarðsins eru 2 litlar tóftir hlið við hlið. (i) Sú syðri vísar í 220°, breidd beggja, þvert á, 5,9m, hæð 0,6m. (ii), vísar í 210°, breidd 2,8m, lengd 3,4m.
Heimildir:

RA-067:003 hleðsla rétt
Í SV frá bænum, áfast þessari hlið túngarðsins er ferhyrnd rétt/garður, vísar í 296°. Rétt austan við er það sem virðist vera árfarvegur, gróinn. Lengd 10,7m, breidd 5,2m, dyr líklega á norðurhlið. Ef til vill hefur verið lítil tóft í austur horninu, lengd 2,4m, breidd 1,8m, hæð veggja réttar 0,5m.
Heimildir:

RA-067:004 tóft
Í vestur frá bænum, rétt við þar sem nú er skurður, er tóftasamsteypa. 3 hlið við hlið, vísa í 300°, ein aftanvið, vísar þvert á. (i). Vestasta tóft, breidd 2,6m, hæð mest 0,75m. (ii) Miðtóft, breidd 10m, lengd 5m (9 m alveg aftur úr iv). (iii) Austasta tóft, breidd 13,1m, (iv) Baktóft breidd 4m, lengd 4,5m. Fyrir framan tóftirnar er lítill hóll, líklega taðhaugur úr húsunum. Torfveggir, veggur liggur í boga út frá (iii) og mætir túngarðinum.
Heimildir:

RA-067:005 tóft
Beint austur af 004, nær bænum, er ferhyrnd tóft, vísar í 287°. Lengd 6,7m, breidd 3,6m, hæð 1m, torfveggir.
Heimildir:

RA-067:006 tóft
N af 005 er ferhyrnd tóft, vísar í 200°. Lengd 5,4m, breidd 5,2m.
Heimildir:

RA-067:007 tóft
Austur af bænum eru 5 tóftir, m.o.m. í röð og vísa í 324°. Austast er ferhyrnd tóft, vísar í 324°, lengd 7,6m, breidd 3,4m, hæð 1,5m. Torfveggir e.t.v. skipt í tvö þvert á, þakhella laus inní.
Heimildir:

RA-067:008 tóft
Austur af bænum eru 5 tóftir, m.o.m. í röð í 324°. Aðeins norðar en 007, ferhyrnd tóft - vantar vesturhlið, vísar í 324°, lengd 6,8m, breidd 3,9m. Austurhlið stendur vel, hæð 1,2m.
Heimildir:

RA-067:009 tóft
Austur af bænum eru 5 tóftir, m.o.m. í röð í 324°. Rétt norður af 008, ferhyrnd tóft, vísar í 318°, lengd 4,8m, breidd 3,4m, hæð 1,2m. Torfveggir, vel varðveitt.
Heimildir:

RA-067:010 tóft
Austur af bænum eru 5 tóftir, m.o.m. í röð í 324°. Þó nokkuð norðar en 009, ferhyrnd tóft, vísar í 304°, lengd 3,9m, breidd 3,8m, hæð 1,2m, torfveggir, vel varðveitt.
Heimildir:

RA-067:011 tóft
Austur af bænum eru 5 tóftir, m.o.m. í röð í 324°. NV af 010, þrjár ferhyrndar tóftir hlið við hlið, vísar 275°. Sú

syðsta (i): lengd 4,4m, breidd 3,7m, (ii) lengd 4,4m, breidd frá suðuhlið (i) 7,8m, (iii) 10,8m, torfveggir. (iii) er líklega lítil rétt, lengd 7,1m. Nær vestar en hinar, austurgafl nær jafnlangt.
Heimildir:

RA-067:012 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-068 Efri Rot

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin (aðeins ein jörð) III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) "Efri-Rot eru suður af Seljalandsseli og eru trúnlega 60 ha. Þar er land grasi vaxið og var fremur mýrlent." (SB IV, 168) 1924: Tún 3,1 ha, garðar 930m^2.

RA-068:001 *Efri Rot* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-068:002 þúst
Í túninu austur af 001 er lítill hóll - e.t.v. eftir tóft.
Heimildir:

RA-068:003 þúst
Annar hóll er í túnjaðrinum vestur af bænum.
Heimildir:

RA-068:004 hús
Braggi með tré og bárujárnsgafli, þykkum torfveggjum + torfþöktu þaki.
Heimildir:

RA-068:005 garðlag túngarður
Túngarður liggur vestan við, í átt að bæ og sjó.
Heimildir:

RA-068:006 heimild um rétt
Hér hafa verið tvær hringlaga réttir + ferhyrnd tóft, nú allt farið, sjá loftmynd. Helgi kannaðist ekki við þetta.
Heimildir:

RA-068:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-068:008 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-068:009 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-068:010 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-068:011 *Byrgisbalar* örnefni
"Til landnorðurs af Efri-Rotum eru Byrgisbalar, alllangt austur í mýrinni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Sandhólmi, 2

RA-069 Seljaland

30 hdr. 1709, var áður 50 hdr með Tjörnum. Bænhús var á jörðinni. Jörðin byggst snemma talað um hof

Runólfs goða í dal á jörðinni. "[1332]: [úr Dal] skal syngia ... annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne." (DI II 683) "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne." (DI III 262-263)1709: "Rekafjara liggur fyrir landi jarðarinnar, kölluð Merkurfjara, hvar af ábúandi á leiguleið gagn, en hann segist það ekki nýtt geta vegna fjarlægðar." 1709 voru hjáleigur S og voru allar í eyði. Péturssel, Kyrnytarstaðir, Rotbakkar, Hátún, Hvassatún, Setberg, og síðan Tjarnir en tveir bæir voru byggðir þar úr landi S. JÁM I, 87-88 "Víðsýnt er til suðurs í átt til hafs, um láglendi byggðarinnar, nú gróið. Markarfljót rennur vestan við land Seljalands og um hið forna land jarðarinnar suðvestanvert. Nær land jarðarinnar allt til sjávar. Til austurs frá bænum er fjalllendi og heiðarland. Seljalandsheiði." Tvö nýbýli , Eystra-Seljaland 1957 og Ytra-Seljaland 1944. Einnig býlið Seljalandssel ekki getið um það hvenær það byggðist fyrst. (SB IV, 172-175)

1709: "Túni, engjum og högum grandar moldar- og grjót-skriður, jarðföll og blástur stórum, og liggur jörðin þar fyrir undir miklum spjöllum. Af landi jarðarinnar halda menn að vísu helming eyddan og kominn í auk og skriður." (JÁM I, 87). 1838:"... þar er sæmilegur heyskapur og útigangur. Hefur jörð þessi misst sín tún og engjar fyrir Markarfljóti ..." (SSR, 59). 1924: Austurbær: Tún 5ha, garðar 1860m^2. Vesturbær: Tún 4,7 ha, garðar 1540m^2.

RA-069:001 *Seljaland* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:002 tóft
NA af Seljalandsbæ, á sléttlendinu austan girðingar ofan brekku. Austur af tóftunum gengur fjallið, gróið að hluta hátt upp. Svæðið næst er þýft, fjær smágrýtt. Rofabörð norðan við, lækjarsitrur og mýri sunnan við. Gafl stærstu og greinilegustu tóftar er 192° í Seljalandsskóla, 232° í Heimaklett, 270° í hæsta hól ofan Seljalandsbæjar. Ferhyrnd tóft á miðju tóftarsvæði. Vísar í 270°, lengd 7,5m, breidd 3,5m, hæð 1,5m. Veggir gerðir að mestu úr grjóti úr fjallinu, sjást þeir nú laustir, hrundir inn í tóftina. Við suðurlanghlið myndast eins og tveir bollar í annars stórþýfi og ofurlítill hóll handan þeirra. Gætu verið smáréttir. Gæti verið sel.
Heimildir:

RA-069:003 tóft
NA af Seljalandsbæ, á sléttlendinu austan girðingar ofan brekku. Austur af tóftunum gengur fjallið, gróið að hluta hátt upp. Svæðið næst er þýft, fjær smágrýtt. Rofabörð norðan við, lækjarsitrur og mýri sunnan við. Ferhyrnd tóft, samsíða (við norðurhlið) 002, lengd frá vesturgafli sem er í línu við vesturgafl 002, 5,6m, breidd 3,3m, hæð 0,7m, inn í tóft. Inngangur líklega í vesturgafli.
Heimildir:

RA-069:004 tóft stekkur
Í beinni línu út frá NA horni 003, 5 m í norður er komið í NA horn 003. Austur af tóftunum gengur fjallið, gróið að hluta hátt upp. Svæðið næst er þýft, fjær smágrýtt. Rofabörð norðan við, lækjarsitrur og mýri sunnan við. Hringlaga tóft, vísar líklega í 238°, lengd 4,5m, breidd 4,7m, hæð 0,3m inni, 1,2m úti, gæti verið stekkur eða rétt, grjót sést í veggjum.
Heimildir:

RA-069:005 tóft
Beint norður af 004. Lítil ferningslaga tóft með inngangi í NV horni, 2,4x2,4m. Hæð 0,4m að innan. Steinar sjást í veggjum. Hér norðuraf heldur hóllinn áfram, en ekki virðast vera fleiri tóftir.
Heimildir:

RA-069:006 *Seljalandshellir* hellir **Friðlýstar fornleifar**
Rétt austur af miðbænum, fast austan lækjar sem þar rennur. Hellirinn er mjög nálægt bænum, höggvinn í móbergsklett, sem er grasi vaxinn að ofan. Upp af honum gengur hlíðin. Kletturinn sem hellirinn er í er um það bil þríhyrningslaga, vísar totan í NA eða um 30°. Framhlið hans, SV hliðin, er holuð innan í þrjú herbergi, það í miðið er stærst, það NVasta er aðeins lítill klefi.

(i)Syðsta hólfið er mjög opið. Hafa verið hlaðnir grjót og torfveggir framan þess frá báðum hliðum, hæð 1,1m, lengd framhliðar 5,2m, inngangur á bilinu 2,6-3,2m. Dýpt 4,9m, lengd bakveggjar 3,2m. Nokkuð eru í ristur aðallega í norðurvegg; fjöldinn af litlum krossum - undir þeim stendur Björgvin 1975. Aðeins austar eru fleiri krossar og ártalið 1779. Enn austar eru þrír mjög flúraðir upphafsstafir, samtengdir. Nokkrar sillur eru höggnar í vegginn, líklega fyrir ljósker. Í NA horni er gat í skilvegginn milli (i) og (ii) upp við loft. (ii) er miklu meiri hellir, breidd 3,4m, við inngang þar sem veggur hefur einnig verið hlaðinn úr grjóti og torfi, nú að mestu hruninn, lengd 7,15m. Hellirinn er svo til ferhyrndur, með hvelfdu lofti. NA horn hans er nú notað til að reykja kjöt og er kringlóttur ljóri ofan þess. Hér er mun meira krotað á veggi, bæði gamalt og nýtt, aðallega á norður og

suðurvegg framanverðan. Ekkert af þessu kroti er mjög gamalt að sjá. Á norðurvegg eru 4 ljósasillur þétt saman, nokkru austar og ofar er kross, hæð 0,47m, breidd 0,3m, dýpt 3-4sm. Annar svipaður kross er á gafli hátt uppi, lengsti armurinn þar sveigist þó út eins og hinir. Ljósahola er rétt austan við fyrsta kross. Á suðurveg eru um 6 ljósahillur, 3 stórir krossar og mikið krot. Fremst við innganginn inn í hellinn, í NV horninu er um tveggja metra hátt 0,78 m breidd op inn í (iii) lítinn skúta, lengd 3m, breidd 1,75m. Er einnig 0,65m op í vestur. Stendur dyrastoð nú við aðra hliðna. Hér er einnig krot og krossar á veggjum. Á norðurvegg við inngang er stór silla - önnur á innsta gafli. Op er niður við góft í SA horni inn í (i).

BJ 1901: "Hinn austasti er nú opin ofan og vottar ekkert fyrir ræfri. Hefir það líklega á sínum tíma fallið niður og grjótið úr því svo verið notað í hleðslu. Veggirnir standa eftir lóðréttir og mynda nær kringlótta rétt, sem er opin að framan. Er það hleðsla fyrir og dyr á. Austurveggurinn er ekki hærri en tæpl. 4 al. Getur hafa brotnað ofan af honum. Að vestan- og innanverðu er nærri helminji hærra. þar hátt uppi er op, eigi ólíkt gluggatóft, inn í miðhellinn. Ekki er það fullyrðandi, að þetta austasta hellisstæði hafi nokkurn tíma haft ræfur, en vel er það myndað innan og ber ljós merki mannvirkja. Miðhellirinn gengur lengra inn í klettinn; er nál. 15 al. langur, nál. 7 al. hár og nál. 4 al víður. Veggirnir eru lóðréttir hátt uppi eftir, en ræfð er brött hvelfing. Í veggjunum, nál. miðri hæð, eru bitaför andspænis, 3 hvoru megin. Mætti þar vel hafa verið timburloft; er nóg bæði til þess, bæði yfir og undir. Hefði loftið þá fengið birtu úr opinu sem fyr er getið. Dyrnar eru jafnvíðar hellinum sjálfum og næstum eins háar. Er í þær hlaðið, og eru þar dyr á. Mjög eru veggirnir þunnir eftir hæðinni. Hinn eystri, sem liggur að hinu opna hellissvæði, er svo þunnur, að þar er nú komið smágat á í einum stað. Vestur-veggurinn er nál. spannar þykkur. Á honum eru dyr inn í vesturhellinn og eru þær vel 3. al. háar, en tæpl. 1 1/2 al. víðar. Kamparnir eru lóðréttir, en bogamyndaðir að ofan. Vesturhellirinn er lítill, nál. 6 al langur, en nál. 4 al á hæð og vídd, veggir mjög svo lóðréttir og ræfið bogahvelfing. Fyrir dyr hans er alveg hlaðið og gluggi þar á ofan til."

ÁH 1991: Seljalandshellir: "Seljalandshellar eru í móbergs- og þursabergshaus í brekkurótum rétt upp af bæjunum á Seljalandi. Hausinn stendur stakur fram út brekkuni og er fullnýttur þannig að vart væri hægt að stækka hellana. Veggir þeirra eru e.t.v. úr þynnsta lagi enda virðist augljóst að austasti hellirinn hefur hrunið að hluta. Hellarnir eru þrír, hlið við hlið og allir samtengdir. Sá vestasti þeirra er minnstur, 3,5 x 1,7 m^2. Á honum eru sjálfstæðar dyr út en einnig er innangengt um aðrar dyr í miðhellinn. Innst í hellinum hefur opnast gat neðst á milliveggin vegna þess hve þunnur hann er. Miðhellirinn er stærstur, 8 m langur og 3,5 til 4,5 m á breidd, breiðastur innst. Þar er lofthæðin einnig mest, 4 m. Strompur gengur upp úr honum 0,9-1,0 m á vídd. Lág hleðsla er í honum efst. Innst á austurvegg, ofarlega, er stór bogsveigður gluggi eða dyr. Bitaför í hellisveggnum undir glugganum gætu bent til þess að timburloft hafi skipt hellinum í tvær hæðir, nóg er rýmið til þess bæði yfir og undir. Birta hefði borist á loftið um gluggann og um hann hefur reyndar verið unnt að ganga niður í austurhellin því 4-5 slitin þrep eru í veggnum fyrir utan. Þriðjungur loftsins í austurhellinum hefur hrunið einhvern tíma fyrr á öldum. Þar var hrunið þegar Auguste Mauer teiknaði hellana 1836. Ekki er sjáanlegt að reynt hafi verið að loka honum eftir það, en hins vegar voru hlaðnir veggir framan við hann þannig að úr varð hálfyfirbyggð rétt. Í hleðsluni er grjót sem sýnilega er ættað úr hinum hrunda hluta. Hellirinn er 10 m á lengd og víðastur yst, 5,5 m. Gamlar jötuhleðslur eru með austurvegg og gafli. Lind sprettur fram undan brekkunni fast austan við hellana. Stétt úr völdum hellum liggur frá austurhellinum og meðfram bergveggnum upp að lindinni og í henni eru gamlar hleðslur. Þar var þvottaból og þvottastein. Lind er vestan við hellana. Að sögn Þórðar Tómassonar var henni veitt í þró til brynningar. Hellarnir standa nú opnir fyrir veðri og vindum og á gólfunum er þykkt lag af spýtnabraki og skít enda leitar nautpeningur í þá sér til skjóls. Reykklefa hefur verið komið fyrir innst í miðhellinum, undir strompnum. Ekki eru það hellileg not en þó er hellirinn furðu lítið sótugur að innan. Skurður var grafinn framan við hellinn um 1960 og í mokstrinum úr honum var eldhúsaska. Þar fann Þórður Tómasson hálfa skafkolu úr móbergi sem nú er á Þjóðminjasafni. ... Það myndi æra óstöðugan að lýsa öllum ristum Seljalandshella út í hörgul. ... Krossarnir eru fjölbreyttilegir. Flestir þeirra eru latneskir að formi (crux immissa), en einnig eru þar gríska krossar (crux immissa quadrata), tvíkrossar (crux gemina) og hankakross (crux ansata). Algengasta afbrigði latnesku krossanna í Seljalandshellum er það sem kalla mætti Skálakross. Þar enda armar og stofn krossins í hringlaga skálum. E.t.v. er þetta eftirlíking af krossum sem enda í kúlum. Slíkir krossar þekkjast á íslenskum kirkjum, t.d. var þannig kross á Brynjólfskirkju í Skálholti 1650-1802. Í hellinum eru bæði stórir og smáir skálakrossar. Litlu krossarnir virðast oftast þannig gerðir að skálarnar eða holurnar hafa verið boraðar fyrst en krossinn síðan dreginn á milli þeirra. Flestir krossarnir í austurhellinum eru af þessari gerð. ... Stærsti skálakrosinn er utarlega á eystri vegg miðhellisins, 18x15 cm. Í vestastahellinum eru einnig skálakrossar, þar á meðal einn sem er aðeins með eina skál í toppinn eins og krossinn í Kverkarhelli. Grískri krossar (crux immissa quadrata) bæði stórir og smáir finnast í hellunum. Þeir eru jafnarma. Í Seljalandshellum eru þrír krossar með tveimur þvertrjám á einum stofni. Einn þeirra sýnist einfaldlega vera tveir venjulegir latneskir krossar sem lent hafa hvor ofan í öðrum. Annar tvíkrossinn virðist vera raunverulegur patríarka- eða erkibiskupskross. Sú krossgerð er sjaldséð á Íslandi enda embættistákn hinna æðstu kirkjuhöfðingja. Páfinn einn bar veglegra tákn, hinn þrefalda páfakross. Krossinn, sem er 36 x 27 cm að stærð en allmáður, er þó engann veginn dæmigerður í sniði. Þvertrén eru að vísu tvö og það efra styttra eins og vera ber en , það er hin breiði efri hluti krossins sem er óvenjulegur. Breidd stofnsins er jöfn og lengd efra

þvertrésins. Þriðji krossinn er af þeirri gerð sem nefndur er tvíkross (crux gemina). Kross þessi er máður mjög en þó er vel hægt að gera sér grein fyrir hverng hann hefur litið út í upphafi. Hann líktist patríakakrossi en hér eru þvertrén bæði jafnlöng og tveir samsettir grískir krossar. Stærð hans er 9,0 x 4,5 cm. Í vesturhellinum verður ekki betur séð en gamli egypski hankakrossinn (crux ansata) sé ristur í vegginn. ... Nokkur teikn á hellisveggjunum virðast gömul búmörk." ÁG: "Hellar þrír, manngjörvir í hörðum þursabergskleti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfið."
Heimildir: Manngerður hellar 244-247; BJ "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 27-28; ÁG: Friðlýsingarskrá, 65

RA-069:007 tóft útihús
Norður af hellinum, á bakkanum milli fyrrnefnds lækjar og kletta austanvið. Tóftirnar standa undir hlíðinni austur af bænum. Nokkur gjóla stendur hér af suðri og suðaustri. Land er lítið milli hlíðar og lækjar. Rústirnar hálf hanga utan í henni. Næst hellinum er ferhyrnd rúst, vísar í 143°, lengd 5,4m, breidd 2,9m, hæð 1,4m. Veggir úr grjóti og torfi - grjót mest að innan, gróið yfir að utan. Niðurgrafið inn í hlíðina, inngangur í vesturhlið.
Heimildir:

RA-069:008 tóft
Norður af hellinum, á bakkanum milli fyrrnefnds lækjar og kletta austanvið. Tóftirnar standa undir hlíðinni austur af bænum. Nokkur gjóla stendur hér af suðri og suðaustri. Land er lítið milli hlíðar og lækjar. Rústirnar hálf hanga utan í henni. Stór ferningslaga rúst, skipt í 2 herbergi og gang að því er virðist. Niðurgrafin. lengd 9,7m, breidd 8,3m (í 143°), lengd efra herbergis er 6,5m, breidd 5,3m. Veggjaþykkt 0,9m, veggjaþykkt allrar rústar um 1,6 -1,7m.
Heimildir:

RA-069:009 tóft
Norður af hellinum, á bakkanum milli fyrrnefnds lækjar og kletta að austan. Í NVhorni 008 er lítil ferhyrnd rúst. Tóftirnar standa undir hlíðinni austur af bænum. Nokkur gjóla stendur hér af suðri og suðaustri. Land er lítið milli hlíðar og lækjar. Rústirnar hálf hanga utan í henni. Lengd 4,6m, breidd 4,8m. Vísar í 226°, hálfhrunin.
Heimildir:

RA-069:010 hús
Norður af hellinum, á bakkanum milli fyrrnefnds lækjar og kletta að austan. Út úr NA horni 008. Tóftirnar standa undir hlíðinni austur af bænum. Nokkur gjóla stendur hér af suðri og suðaustri. Land er lítið milli hlíðar og lækjar. Rústirnar hálf hanga utan í henni. Lítið hús, undir þaki, vísar í 234°. Að utanmáli er lengd 5m, breidd 5,2m, tré og bárujárnsgafl, breidd dyra 0,7m, þakhæð 1,8m, veggjaþykkt 0,5m. Bárujárn og torf í þaki.
Heimildir:

RA-069:011 tóft fjárhús
Í norður frá bænum, upp í hlíðnni, um miðja vegu upp í fjalli, er mjög vel varðveitt hlaða með fjárhúsum þvert á. Tóftirnar standa undir hlíðinni austur af bænum. Nokkur gjóla stendur hér af suðri og suðaustri. Land er lítið milli hlíðar og lækjar. Rústirnar hálf hanga utan í henni. Hlaða vísar í 315°, fjárhús í 224°. Að innanmáli er breidd hlöðu 5,3m, lengd 5m, niðurgrafin. Öll lengd að innanmáli (hlaða og breidd fjárhúss) 10,1m. Lengd fjárhúss að innanmáli 9,3m, veggjaþykkt 1,5m. Breidd dyra 1,75m, dýpt hlöðu mest um 2m, gafl stendur þó. Að utanmáli er breidd fjárhúsa 12,3m (breidd hlöðu + endi fjárhúss). Túngarður liggur niður hlíðina SA við.
Heimildir:

RA-069:012 tóft
NV við 011, í sömu stefnu og fjárhús er laut eftir niðurgrafið hús. Tóftirnar standa undir hlíðinni austur af bænum. Nokkur gjóla stendur hér af suðri og suðaustri. Land er lítið milli hlíðar og lækjar. Rústirnar hálf hanga utan í henni. Um 4x2m, 1,2m djúpt, líklega hlaða.
Heimildir:

RA-069:013 tóft
SV af 011. Tóftirnar standa undir hlíðinni austur af bænum. Nokkur gjóla stendur hér af suðri og suðaustri. Land er lítið milli hlíðar og lækjar. Rústirnar hálf hanga utan í henni. Niðri í laut eru torfhlaðnir, lágir veggir, sem mynda horn inn í lautina. Vísa í 220°og 320°, breidd um 2m, hæð um 0,75m.
Heimildir:

RA-069:014 garðlag túngarður

Suður af 013 er tvö túngarðsbrot sem liggja hlið við hlið upp hlíðina. Sjást vel á loftmynd.
Heimildir:

RA-069:015 tóft
Enn sunnar í 208° frá vesturbæ er ferhyrnd tóft, vísar í 253°, lengd 6m, breidd 3,4m, hæð 1,3m, veggjaþykkt 1,5m. Grjót og torfveggir, hrunið í dyr, yfirgróið að mestu. Á þessum slóðum (015-017) telja ábúendur að hjáleigan Hvassatún 050 hafi verið.
Heimildir:

RA-069:016 tóft
Rétt sunnan við 015 er ferhyrnd tóft, vísar í 264°, lengd 5,5, breidd alls 4m, breidd (a) 1,9m breidd (b) 2m. Veggjaþykkt 0,6m. Illa varðveitt tóft, aðeins útlínur, tvískilt þvert á langhlið. Á þessum slóðum (015-017) telja ábúendur að hjáleigan Hvassatún 050 hafi verið.
Heimildir:

RA-069:017 tóft
Undir klettinum er ferhyrnd tóft, vísar í 236°, lengd 3,5m, breidd 3,4m, hæð 1,1m. Grjót og torfhlaðin, grafin inn í hlíð, yfirgróin. Á þessum slóðum (015-017) telja ábúendur að hjáleigan Hvassatún 050 hafi verið.
Heimildir:

RA-069:018 tóft lambhús
Vestan við 017 er ferhyrnd tóft af lambhúsi. Vísar í 213°, lengd að utanmáli 11,3m, að innanmáli 8,5m. Breidd að utanmáli 6,5m, að innanmáli 3,3m, vegghæð 1,7m, 2,6m þakhæð. Breidd dyra 0,55m. Hálfuppistandandi, 2 stoðaraðir með langbitum á. Grjót og torfhlaðið. Þakhellur og bárujárn. Austurkró er 1,1m að breidd. 0,5m breið jata eftir endilöngu.
Heimildir:

RA-069:019 tóft
Bak við miðbæinn. Vel uppistandandi kofi, vísar í 332°, lengd 6,9m, breidd 6,1m að utanmáli. Stein og torfhlaðin, torf á þaki. Kumbaldaleg. Hæð um 2,4m. Breidd dyra 1,05m, hæð 1,4m. Hefur líklega verið notað sem hænsnahús - gat er í trédyr, ekki lengur notað fyrir hænsni.
Heimildir:

RA-069:020 tóft
Ferhyrnd tóft, vísar í 58°, mest torf og steinar sjást. Lengd 1,9m, breidd 1,8m, hæð 0,4m.
Heimildir:

RA-069:021 tóft fjárhús
Í austur frá bænum, upp við hlíðarrætur er tóft af hlöðu og fjárhúsi. Ferhyrnd, vísar í 226°. Lengd hlöðu að innanmáli er 8m, alls 17,6m. Gafl hefur verið steinsteyptur, hlaða grafin inn í hlíðina + steinhlaðin að innan. Breidd hlöðu að innanmái 3,7m, fjárhúss 6,2m, hæð hlöðu 1,6m. Bárujárn í þaki. Steinsteypt jata 1,3-1,9m frá SA hlið, í beinni línu við hlöðuvegg. Engar leifar hinu megin. Vel uppistandandi.
Heimildir:

RA-069:022 tóft fjárhús
Við NV hlið 021 eru tvær ferhyrndar tóftir samsíða. Ferhyrnd tóft, vísar í 226° lengd 4,5m að utanmáli 3,1m að innanmáli, breidd 3,7m með 023 6,7m, hæð 2m, veggjaþykkt 1,5m, breidd dyra 0,5m milli 1,7-2,2m.
Heimildir:

RA-069:023 tóft fjárhús
Við NV hlið 021 eru tvær ferhyrndar tóftir samsíða. Ferhyrnd tóft vísar í 226°, lengd 4,5m að utanmáli 3,1m að innanmáli, breidd 3m, breidd dyra 0,5m, milli 4,5-5m. Garður framanvið lengd 2,7m.
Heimildir:

RA-069:024 hús fjárhús
NV við rafstöð (025) er hlaða og fjárhús. Samsteypa, vísa í 43°. Tvær byggingar hlið við hlið hver fram af annarri. Lengd5,2m og 5,15m, breidd 2,5m. Steinhlaðin að innan, grafin að hluta inn í hlíð. Veggjaþykkt 0,9m, hæð 1,5m, dyr hrundar inn.
Heimildir:

RA-069:025 hús
Ferhyrnd steinsteypt rafstöð, með bárujárnsþaki.
Heimildir:

RA-069:026 tóft
SA af rafstöðinni er ferhyrnd tóft. Steinhlaðin , aðeins grafin inn í hlíð, vísar í 54°. Lengd 9m, breidd 6m. Veggjaþykkt 1,2m, hæð 1,5m. Leifar rekaviðar ofan á veggjum.
Heimildir:

RA-069:027 tóft
Norðan við Lítin foss. Ferhyrnd tóft grafin inn í hlíðina. Leifar jötu við norðurhlið. Vísar í 63°, lengd 9m, breidd 4,5m, breidd dyra 0,6m, veggjaþykkt 1,2m, hæð 2m mest austurgafl.
Heimildir:

RA-069:028 tóft
Ferhyrnd tóft, alveg við fjós, í sömu hæð og 027. Steinhlaðin, grafin inn í hlíð. Vísar í 76°, lengd 10,5m, breidd 6,2m, breidd dyra 0,5m, hæð 1,6m, hlaðið undir eitt framhornið.
Heimildir:

RA-069:029 tóft
Sunnan í Seljalandsmúla er ferhyrnd grjóthlaðin tóft. Vísar í 150°. Dyr í norðurhorni. Lengd að innanmáli 3,8m, breidd 2,1m, veggjaþykkt 0,75m, breidd dyra 0,7m, hæð 1m. Rétt norðan þjóðvegar, bak við múlann, steypt í gólf og austurgafl.
Heimildir:

RA-069:030 *Kverkarhellir* hellir þingstaður
Vestur í Seljalandsmúla, suðaustan þjóðvegar. "Suður af Bjalla er Seljalandsmúli. Norður af Bjalla er Kverk. Þar er hellir, sem dregur nafn af henni og kallast Kverkarhellir. Þar var þingstaður Vestur-Eyfellinga seint á 19. öld." segir í örnefnaskrá NA af er grasi góinn bolli inn í fjallshlíð. Munni, vísar í 56°, lengd innanmáls er 15,2m, breidd 3,45m, hæð 2,1m. Manngerður, regluleg hvelfing í hálfhring, kross eins og málaður með dökku í bergið á gafl. Grjót inn í e.t.v. eftir skilvegg.

ÁH 1991: Kverkarhellir: "Í klettakverkinni vestan við Seljaland er Kverkarhellir. Nýleg skógræktargirðing er neðan undir klettunum þar sem plantað hefur verið ösp og birki. Brött brekka liggur upp að hellinum fagurlega gróin blágresi og sóley. Hann er grafinn í fremur fíngert grófsendið og smásteinótt þursaberg. Yfir því er grófur þursi. Hellirinn er allur manngerður, beinn og hvelfdur. Grópir eru víða í veggjum, t.d. rétt innan við munnann beggja vegna. Þær standast þó ekki á. Steinadreif er um allan framanverðan hellinn, leifar af hleðslum sem þar hafa verið. Um hann miðjan má sjá votta fyrir hleðslu um þvert gólf, einnig er hleðsluvottur eftir endilöngum helli framanverðum. Engar hleðsluleifar sjást í munna og enginn vottur mannvirkja framan við hann. Kverkarhellir á sér merka sögu. Hans er fyrst gerið í þjóðsögum í sambandi við Hjalta Magnússon. Sumir segja að hann hafi búið í Kverkarhelli undir vernd bóndans í Seljalandi milli þess sem hann hreiðraði um sig í lokrekkju húsfreyjunnar á Stóruborg. Þessi heimild er auðvitað ótraust en ef rétt er þá er Kverkarhellir með elstu uppi standandi hellum og orðin a.m.k. 450 ára því þau Hjalti og Anna á Stóruborg voru upp á sitt besta um miðja 16. öld. Þingstaður Vestur-Eyfellinga var í Kverkarhelli frá 1872 til 1894. ... Húsfreyjan á Seljalandi, Marta Kristjánsdóttir, fædd þar árið 1929, segir að hellirin hafi ekki verið notaður í sínu minni nema sem skjól fyrir skepnur í hrakviðrum. Draugur í hellinum glettist við mann um aldamótin 1900 eða fyrr en síðan hefur hans ekki orðið vart."
Heimildir: Ö-Seljaland, 2; Manngerðir hellar 243-244

RA-069:031 garðlag nátthagi
Sunnan þjóðvegar, á móts við Fitjamýri. Norðan við er allstór þúfa - e.t.v. eftir tóft. Stærst er ferhyrnt garðlag, vísar líklega í 35°, lengd 5,4m, breidd 9,3m, hæð 1m. Nátthagi, e.t.v. tvískiptur á breidd, á 5,3m. Veggjaþykkt 1,8m. NAar hefur e.t.v. verið eitthvað, hærri þúfnaþyrping en umhverfis. Nátthagi Sigurðar Sigurðssonar frá Bakrastöðum sem bjó á Seljal.
Heimildir:

RA-069:032 tóft
Austur úr austurhorni 031, liggur stutt helsða út í ferhyrnda tóft, vísar í 340°, lengd 4,8m, breidd 4m, torfbyggð.
Heimildir:

RA-069:033 garðlag

NA af Fitjamýri, norðan við veginn eru garðbrot. Partur liggur samsíða vegi, hinn parturinn þvert á í 320°. Austan við garðinn eru garð/tóftarleifar. Telur bóndinn á Fitjamýri að hér hafi verið rétt.
Heimildir:

RA-069:034 *Hoftorfa* tóft **Friðlýstar fornleifar**
Í hlíðinni austan við Seljaland. Þar renna margir lækir niður. Beint upp af rafstöðunum er hlíðin grasivaxin og smáþýfð, á milli tveggja lækja. "Hofsá, hin vestri, er austan Þrasagils. Þar er Hofsárskák. Norður og Suður-Hoftorfa eru austan Vestri-Hofsár, uppi í hlíðinni. Í Norður-Hoftorfu er rúst, sem Hof heitir. Þar stóð hof í heiðnum sið." segir í örnefnaskrá Ofarlega er svolítill bolli/laut. Ofan hennar tekur við stutt, brött grasivaxin brekka og svo melur. Tóftin er í bollanum.

"Austan við bæinn uppi í hlíðinni er svokölluð hoftóft, og virðist hún gömul. Er hún talin, naumast að ástæðulausu, minjar um heiðið hof. Tóftin er allhátt upp í fjallshlíð, efst í hallalítilli grasivaxinni brekku sem er kölluð Hoftorfa, þríhyrningslaga, og veit hvasst horn niður, en fjallalækur á hvora hlið. Renna þeir saman neðar og renna niður úr austan við bæinn, og heitir þar Hofsá.[Nmgr.: Árnar heita nú Hofsá hvor um sig, sbr. Árb. Fornl. 1888-92, 37.] Almenn munnmæli telja tóftina hoftóft. Því til stuðnings að það nafn sé rétt og munnmælin gömul, eru í fyrsta lagi áðurnefnd örnefni og einnig að engar sagnir þekkjast, munnlegar eða skráðar né heldur bæjarnafn í nánd, sem sögnin hefði getað sprottið af. Tóftin snýr upp og niður í brekkunni í suðvesturátt. Að lögun virðist hún ferhyrnd, aflöng, um 9 faðma löng og 2 faðma breið, ef til vill með dyr að neðan um suðvesturgafl, en frá norðvesturenda af vestri hliðarvegg er lítil útbygging. [Nmgr.: Steingrímur Jónsson prófastur sendi 1821 fornminjanefndinni teikningu og lýsingu af Hoftorfu, sem liggur milli tveggja lækja ásamt tóftinni. Er hún þar sýnd ferhyrnd og aflöng, og efri endi hringlaga (eins og nokkurs konar kór). Þar sem bogi og hliðveggur mætast, setur hann litla hálfhringlaga útbyggingu, sbr. Henry Petersen: Nordboernes Gudedyrkelse og Gudetro, 21 o. áfr. Þar segir hann, að hofin hafi sennilega haft venjulegt kirkjuform með langhúsi og hálfhringlaga kórbyggingu.] Sennilega ætla flestir að Dalverjahofið hafi staðið þarna,[Nmgr.: Sigurður Vigfússon gróf í tóftina sumarið 1883, og mældist hún honum talsvert stærri en Kaalund telur hana, eða 77 feta löng, og 20 feta breið. Tóftin er vallgróin, en þó mjög greinileg. Lítt sjást hleðslur, en þó sést aðeins brydda á steinum. Virðist tóftin hafa verið í tvennu lagi, dyr á enda undan brekku, gólf sennilega í halla. Efra húsið hefur verið miklu minna. Taldi Sigurður það 15 feta langt (Árb. Fornl. 1888-92, 36-37).”] en bærinn Stóridalur er þó furðu langt burtu. Sennilega er hálftíma gangur til bæjarins yfir fjallið, en meðfram því hálftíma reið. Ekki er heldur vitað neitt um, að hof hafi verið hjá Stóradal. Aftur á móti er sagt frá því í Landnámu, að Jörundur goði á Svertingsstöðum hafi reist stórt hof, en ekki er vitað hvar bærinn var." KK I, 198-99.

SV: "Hún [tóftin] stendr upp í Hofstorfu, sem kölluð er, austan til við Seljaland í fallegu hálendi, upp undir hlíðinni, grasivöxnu. Báðum megin við torfuna renna smáár í djúpum farvegum, með grasbökkum að, og heita Hofsár... Tóftin er mjög niðrsokkin og vallgróin. Hún stendr í fögrum hvammi eða laut, sem er vafin í töðugresi og er allbratt upp að henni. Hofstorfan er um hundrað faðma á breidd um miðjuna, öll grasi vaxin. Þaðan er mikið og fallegt víðsýni... Kom þá í ljós, að Talið er að hér hafi hof Runólfs goða í dal verið.tóftin var 77 fet á lengd og 20 fet á breidd; afhúsið er 15 feta langt, þegar mælt er af miðjum milliveggnum, enn aðalhúsið 62 feta langt. Þetta alt utanmál. Tóftin snýr upp og ofan og afhúsið er í efra endanum." Sigurður Vigfússon. (1892, 36-37) Einnig er lýsing á uppgreftri sem hann framkvæmdi bls. 37. GS 1980: Ferhyrnd tóft, vísar í 248°, niður brekkuna, langhlið í þá átt um 20,6m breidd um 4m. Útlínur eru mjög óljósar og engan veginn ljóst hvar lengd/breidd endar. Í NV langvegg má þó sjá steina á a.m.k 2 stöðum. Það er mögulegt að efsti hluti tóftarinnar hafi verið sér herbergi, lengd 4m. Lautin við skilvegg er um 1,1m djúp. Lautin er allmiklu víðari að framanverðu en húsið hefur verið.
Heimildir: FF, 149-51; KK 1, 198-99; SV: "Rannsóknir sögustaða ..." Árbók 1888-92, 36-37;Ö-Seljaland, 3; ÁG: Friðlýsingarskrá, 65

RA-069:035 hleðsla rétt
Fyrrum lögrétt. "Vestur af Fitjamýri er Almenningshólmi. Þar voru almeningsréttir Vestur-Eyfellinga. Norðan við Bláaur er Réttarhólmi." segir í örnefnaskrá Hringlaga rétt með 10 króm út frá miðrétt. Inngangur vísar í 164°, þvermál 33,5m, hæð 1,5m. Torfhlaðnir veggir, vel uppistandandi. Skráð með Efra-Roti.
Heimildir: Ö-Seljaland, 1

RA-069:036 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:037 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:038 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:039 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:040 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:041 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:042 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:043 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:044 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-069:045 heimild um bænhús
1709; "Heyrt segjast menn hafa hjer hafi í gamladaga bænhús verið, en men veita ei fyrir víst að segja og engin sját þar líkindi til." SELJALAND UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)[1332]: [úr Dal] skal syngia ... annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne; Máld DI II 683 [Dals][1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne; Máld DI III 262-263 [Dals]1709: Heyrt segjast menn hafa hjer hafi i gamaldaga bænhús verið, sem menn vita ei fyrir víst að segja og engin sjást Þar líkindi til; JÁM I: 86
Heimildir: JÁM I, 86; DI

RA-069:046 *Péturssel* bæjarstæði býli
" ... var hjáleiga frá Seljalandi, hennar fyrst bygð segjast menn ei minnast. Eyðilagðist fyrir 20 árum eður nokkuð meir af sandi og vatni, og er hjáleigustæðið og landplátsið um kríng mikinn part komið í sand og gljá og þar fyrir óbyggilegt." Var sunnarlega í Sandhólma.
Heimildir: JÁM I, 87; SB IV, 173

RA-069:047 *Kyrnytarstaðir* bæjarstæði býli
" ... önnur hjáleiga frá Seljalandi, er fyrst byggð hjerum 30 árum. Bygð hjelst 4 eða 5 ár, var mjög lítilfjörleg og að sejga til engra gagnsmuna, því heyskapur var ekki fyrir eina kú, og þar fyrir kann þessi hjáleiga ekki aftur að byggjast; þar með er hús og tóftir í grunn niður fallið." Skammt frá Pétursseli.
Heimildir: JÁM I, 87-88; SB IV, 173

RA-069:048 *Rotbakkar* bæjarstæði býli/sel
1709: " ... þriðja hjáleigan frá Seljalandi, er fyrst bygð fyrir 31ári. Nú er þar brúkað sel frá Seljalandi og sýnist ekki byggilegt vegna slægnaleysis og haga þrengsla, og fyrir þá orsök aflagðist byggingin." Skammt utan við þar sem Seljalandssel var síðar byggt.
Heimildir: JÁM I, 88; SB IV, 1173

RA-069:049 *Hátún* bæjarstæði býli
"Hátún hjet hjáleiga í Seljalands túni. Er eyðilögð fyrir manna minni. Landskuld veit enginn hvað verið hefur. Tóftir eru uppgrónar og grasi vaxnar. Kann ekki aftur byggjast vegna aðþrengingar uppá heyskap og haga."
Heimildir: JÁM I, 88

RA-069:050 *Hvassatún* bæjarstæði býli
"Meinast eyðilögð af Markarfljóts hlaupi fyrir 60 árum eða nokkuð meir. Kann aldrei aftur byggjast því landið er af brotið." Skammt fyrir ofan bæinn á Seljalandi.
12 hdr, lénsjörð prestsins til Stóradalskirkju. "[1269]: j midmork skal syngia tolf salu messur oc giallda xviij. alner bonda Þeim sem byr j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum." (DI III 1) "[1332]: [úr Dal] skal syngia ... xij salumessur j midmork." (DI II 683) "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur j midmork og giallda xviij alner bonda Þeim sem byr j dal. og skyllt ad fæda prest med Þeim messum." (DI III 262-263). Merkurjarðir konungseignir eftir 1472, (DI II, 684).Eyðihjáleiga Miðmerkurhjáleiga. 1709: "Skógarítak er jörðinni til forna eignað, kallað Sauðhússnes, nú er skógurinn að mestu öreyddur og að so litlu sem engu gagni. Annað skógarítak á hún og, kallað Merkurker. Item þriðja, er nefnist Hrossavallagil, bæði þau

óbrúkandi til kolagjörðar og einkis gagns, nema ef verða má nokkuð til eldingar og fyrir fjenað." (JÁM I, 99)

1709: "Högum hafa stórum spilt skriður úr fjallinu og liggja alt jafnt undir spjöllum, bæði af þeim og jarðföllum, sem fjenaði er hætt fyrir." (JÁM I, 99) 1838:"Tún eru stór og mikið þýfð." (SSR, 59). 1924: Tún 4 ha, garðar 930m^2."Túnin við bæinn eru að mestu leyti sléttlend og hafa á síðustu áratugum verið færð út m.a. með landþurrkun. Ræktunarland á jörðin vestur frá bænum í Merkurhólum, sem eru grasi grónir og eru vestasti hluti jarðarinnar." (SB IV, 193)

RA-082:001 *Miðmörk* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1924

RA-082:002 heimild um bænhús
MIÐMÖRK UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)[1269]: j midmork skal syngia tolf salu messur oc giallda xviij. alner bonda Þeim sem byr j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum;.Máld DI III 1 [Dals][1332]: [úr Dal] skal syngia ... xij salumessur j midmork; Máld DI II 683 [Dals][1371]: [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur j midmork og giallda xviij alner bonda Þeim sem byr j dal. og skyllt ad fæda prest med Þeim messum; Máld DI III 262-263 [Dals]
Heimildir:

RA-082:003 hús
Í brekkunni SA af bænum, á grasspildu milli tveggja lækja. Austara húsið er lítið geymsluhús, vísar í 170°, vesturgafl í þá átt.
Heimildir:

RA-082:004 hús
Í brekkunni SA af bænum, á grasspildu milli tveggja lækja. Syðra húsið er kartöflugeymsla, vísar í 136°, dyr á þeim gafli, hlaðið úr grjóti og torfi.
Heimildir:

RA-082:005 *Miðmerkurhjáleiga* bæjarstæði býli
"Stóð skamt frá heimatúninu. Enginn minnist hennar fyrstu bygð. Eyðilagðist til fulls eitthvað fyrir 17 árum. ... Kann ekki vel aftur byggjast, því heyskapur og hagar eru litlir fyrir ábúanda heimajarðarinnar og má í engan máta missa." Beint vestur af 003-4, SV af bænum. Þarna er afgirt tún sem heitir Hjáleigutún. Á því um það bil miðju er lítið uppistadandi hús og önnur tóft, lækur rennur austan svæðisins.
Heimildir: JÁM I, 99

RA-082:006 hús
Við 005. Þegar komið er að austan er fyrst komið að litlu húsi, ferhyrnd hleðsla, helmingurinn er með þaki, hinn ekki. Er þetta nú notað sem geymsla. Lengd húss 3,8m, breidd 5,9m, lengd garðs til vesturs 3,4m, hlaðið úr grjóti og torfi, vísar í 300° á lengdina, inngangur í þá átt.
Heimildir:

RA-082:007 tóft
12 skref í 265° frá NV horni 006. Vísar í 306°, lengd 5m, breidd 3,6m, hæð 0,8m að innan. Niðurgrafin tóft, veggjaþykkt 0,9-1m.
Heimildir:

RA-082:008 þúst
NA af 006 í átt að bænum er þýft og óslétt og nokkuð grjót á svæði. Þar hefur áreiðanlega verið bygging, þó ekkert lag sé á því núna. Tún þetta ber öll merki um gamalt heimatún.
Heimildir:

RA-082:009 garðlag túngarður
NV af 006 eða í 304° eru túngarðsleifar. Frekar nýlegar að sjá.
Heimildir:

RA-082:010 garðlag túngarður
Hér og þar um túnin. Sést vel á loftmynd.
Heimildir:

RA-082:011 *Neðra-Ból* hellir fjárskýli

“Inn undir Bæjargili að neðan er Bólflötur. Gegnt honum, niðri í Bæjargili, var hlaðið upp með berginu skýli. Þar hafði Mið-Merkurbóndinn ær sínar og hefur fram á þennan dag. Ofar í gilinu er Draugaból.” segir í örnefnaskrá. Í kletti í sunnanverðu bæjargilinu, sem skilur Miðmerkurland frá Stórumörk, neðarlega í gilinu. Kletturinn gengur út í lækinn, sem rennur um gilið. Heldur er landþröngt og erfitt að koma kindum þangað, þó ekki afleitt. Grunnur hellisskúti sem veggur hefur verið hlaðinn fyrir munnan á, hefur ekki tekið margar kindur.
Heimildir: Ö-Mið-Mörk, 2

RA-082:012 *Efra-Ból*hellir fjárskýli
“Inn undir Bæjargili að neðan er Bólflötur. Gegnt honum, niðri í Bæjargili, var hlaðið upp með berginu skýli. Þar hafið Mið-Merkurbóndinn ær sínar og hefur fram á þennan dag. Ofar í gilinu er Draugaból.” segir í örnefnaskrá. Í kletti í sunnanverðu bæjargilinu, sem skilur Miðmerkurland frá Stórumörk, neðarlega í gilinu. Efraból er ofar í gilinu, sömu megin. Kletturinn gengur út í lækinn, sem rennur um gilið. Heldur er landþröngt og erfitt að koma kindum þangað, þó ekki afleitt. Grunnur hellisskúti alveg niður við lækinn. Vottar fyrir hleðslu í munnanum, þó engan vegin víst. Sagan segir að Árni bóndi í Miðmörk á þessari öld hafi einhvern tíma komið heim með áverka eftir að hafa barist við draug her (skv. núverandi bonda sem kom hingað 1944). Guðjón bóndi í Syðstu-Mörk tekur Árna þessum vart treystandi.
Heimildir: Ö-Mið-Mörk, 2

RA-082:013 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-082:014 heimild um fjárhús
“Upp með Gegnislæk er fyrst Langhóll og austar ólhóll. Þar voru áður fjárhús, borghlaðin.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mið-Mörk, 1

RA-082:015 *Lambhútún* örnefni lambhús
“Þá kemur túnið næst bænum, en Lambhústún milli lækjanna.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Mið-Mörk, 1

RA-083 Stóra Mörk

60 hdr var dýrleikinn þangað til Jón Einarsson fékk veitingu fyrir hálfri jörðinni upp á aðeins 20 hdr, því er jörðin aðeins 40 hdr. Hálf jörðin er konungseign, hinn hlutinn er í bændaeign. Jörðin kemur oft fyrir i Njálssögu. (ÍF XII, 88, 225, 235). “[1269]: [frá Dal] skal syngia i hina yzto mork huern dag helgann. oc giallda .iiij. merkur preste oc xl vetta heys oc færa j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum.” (DI III 1) “[1332]: [úr Dal] skal syngia j efstu mork huern dag helgann oc taka iiij merkur.” (DI II 683) [Dals] [1332]: Máldagi kirkjunnar í Stóru-Mörk. (DI II 684). Merkurjarðir konungseignir eftir 1472, (DI II, 684). Hjáleigur frá Stóru Mörk voru Grófartún og Nauthús báðar í eyði 1709. “Skóg á jörðin nú næsta gagnlítinn og til kolagjörðar ekki brúkandi nema með yfirlegu. Fyrrum var hann miklu betri. hefur hann eyðst af skriðum og brúkun manna. Reka á jörðin fyrir Seljalands landi, er kallast Merkurfjara, hindrar rekann Markarfljóts útfall, sem er á fjörunni, væri annars mikil gagns von af.” (JÁM I, 101) “Jörðin er við norðurmörk Vestur-Eyjafjallahrepps. Þar er þríbýli og nær land jarðanna að afréttarlöndum sveitarinnar. Landið er stórt og margbreytilegt um landslag og gróðurfar Bærnir standa saman í miðju túni, sem er hallandi móti suðri. Samfellt gróðurlendi er út frá bæjunum, sem er skipt milli jarðanna í tún, engjar og nokkuð af högum. Er það land girt. Utan þeirrar girðingar eru sambeitarlönd, allvíðáttumikil heiðarlönd norðvestur af Eyjafjallajörki og undirlendi inn með Markarfljóti, svokallað Merkurnes [Langanes], sem er allgott og skjólsælt beitarland. Upp frá nesinu eru brattar hlíðar, víða vaxnar gróðri, en sundirskornar af ám sem renna eftir djúpum giljum frá jöklinum norður í Markarfljót. Bera árnar með sér aur og grjót og spilla gróðri undirlendisins. Auk þess rennur Markarfljót meðfram því endilöngu og brýtur niður graslendi. Hefur það landbrot verulega aukist frá því Þverá var veitt í fljótið. ... Bæirnir hafa að líkindum staðið á sama stað frá því fyrst hófst byggð í Stóru-Mörk.” (SB IV, 194)

1709. “Engjar, sem verið hafa, hefur Markarfljót mestallar af tekið. Högum spilla skriður úr fjallinu og blástur úr moldarflögum.” (JÁM I, 101) 1838:”... góð heyskaparjörð, túnamikil og sæmilegur útigangur.” (SSR, 58). 1924: Vesturbær: Tún 6,8ha, garðar 1610m^2. Miðbær: Tún 4,3ha, garðar 1040m^2. Austurbær: Tún 5,6ha, garðar 1203m^2.

RA-083:001 *Stóra Mörk* bæjarhóll bústaður
Heimildir:

RA-083:002 heimild um bænhús
“Hjer halda menn til forna hafi bænhús (hálfkirkja) verið, og líka eru þar þau merki til, að klukka er á jörðunni, þar til kirkjugarðs form, en enginn minnist nær bænhúsið aflagðist.” “Bænhús var í Mörk til forna. Það stóð á sléttri flöt við Austurbæinn, eða hið eldra stæði hans. Að bænhúsinu voru grafnar tvær gamlar konur, sem gáfu bænhúsinu Merkurfjöru til legstaðar sér.” segir í örnefnaskrá EFSTAMÖRK UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R) - Pétri[1269]: [frá Dal] skal syngia i hina yzto mork huern dag helgann. oc giallda .iiij. merkur preste oc xl vetta heys oc færa j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum;.Máld DI III 1 [Dals][1332]: [úr Dal] skal syngia j efstu mork huern dag helgann oc taka iiij merkur; Máld DI II 683 [Dals][1332]: viii. J Mork er kirkia sancti petri. þar skal syngia vr dal huernn dag helgann. enn greida preste iiij merkur og a x hesta heyss sæte. þar skal [takast] heima lysetollur allra heimamanna og kirkiutijund. kirkia a xij ær og ij kyr. Skal sä er j mork byr hallda manngeingre bryggiu a selialandzaa. ij. mariuskriptter. peturs likneske oc pals. Thorlaks lijkneske. kross oc brijk yfer alltare. tiolld vmmhuerfis kirkiu. kluckur ij. biollu eina. messuklæde og kaleik oc kantara kapu og lsopp. iiij kertistikur oc ij jarnnstikur. sacrarium munnlog. glodarker. elldbere og kistu. alltaraklæde ij oc glitadann duk. Jtem ij gullhlod sæmelig er gudfinna husfreyia gaf kirkiunne. Máld DI II 684[1367]: Hítardalsbók, sjá [1332]; DI III 216[1371]: [úr Dal] skal syngia j efstumork huern dag helgann. og taka fiorar merkur; Máld DI III 262-263 [Dals]_ain 1467: Máld DI V 5131553: Máld DI XII 649 1709: Hjer halda menn til forna hafi bænhús (hálfkirkja) verið, og líka eru Þar merki til, að klukka er á jörðunni, Þar til kirkjugarðsform, en enginn minnist nær bænhúsið aflagðist; JÁM I: 100
Heimildir: JÁM I, 100; Ö-Stóra-Mörk, 4; DI

RA-083:003 garðlag túngarður
Í 288° frá 024, beint í Kvíatorfu í munni túnskurðar. Túngarður fyrir austurbæinn.
Heimildir:

RA-083:004 hús fjárhús
Í túninu NA af bænum, milli hans og Kvíabóls 013. Ræktað tún allt í kring. Uppistandandi að hluta, ferhyrnt fjárhús, lengd 16,3m, breidd 5,5m að utanmáli. Dyr í austurenda suðurhliðar 1 m breið. Vísar í 96°, veggir grjóthlaðnir að innan, hellur efst, torf að utan, þak: trésperrur, bárujárn og torf.
Heimildir:

RA-083:005 tóft fjárhús
Í túninu NA af bænum, milli hans og Kvíabóls 013. Ræktað tún allt í kring. Ferhyrnd tóft, fjárhús, opin í vesturgafl, lengd 17,6m, breidd 5,9m. Veggir grjóthlaðnir að innan, torf að utan. Veggjaþykt 1,7m, bárujárn í þaki, vesturgafl 005 er 3 skrefum innan við austurgafl 004.
Heimildir:

RA-083:006 tóft fjárhús
Í túninu NA af bænum, milli hans og Kvíabóls 013. Ræktað tún allt í kring. Ferhyrnt fjárhús með 3 dyrum á suðurhlið. Lítil hlaða er út úr miðri norðurhlið. Vísar í 96°, lengd 17,5m, breidd 5,8m að utanmáli. Hlaða: lengd 3,5m, breidd 4m. Úr NV horni, út frá hlöðu, er garður e.t.v. heystæði. Hellur hafa verið notaðar á þak, bárujárn á gafl hlöðu, en þak hennar stendur enn.
Heimildir:

RA-083:007 hús hesthús
Í túninu NA af bænum, milli hans og Kvíabóls 013. Ræktað tún allt í kring. Tvískipt hesthús með heystæði á milli. Hesthúsin standa enn, flórað gólf, grunnar jötur við gaflana, 86 cm frá gólfi, grjót og torfhlaðnir veggir að utan, bárujárn á sperruþaki, torf yfir. Lengd 21,2m, breidd 6,2m, lengd hvers hesthúss 7,4m, lengd heystæðiss 6,6m.
Heimildir:

RA-083:008 heimild um fjárhús
Beint suður af 007. Ræktað tún allt í kring. Uppistandandi ferhyrnt hús, vísa í 206° lengd 15,6m, 1,5m kampur á norðurgafli. Í þeim hluta er ofurlítil hlaða, þak er heillegt og enn er hey í tóftinni. Hinum hluta hússins er skipt í tvö fjárhús, breidd 6,4m, opið í suðurgafli.
Heimildir:

RA-083:009 tóft
Enn nær bæjarhúsunum en 008. Ferningslaga tóft, tvískipt, vísar í 36°, þak hefur verið á austurhluta, hefur verið notaður til að reykja kjöt, vesturhlutinn er opinn 6,5x6,5m.
Heimildir:

RA-083:010 tóft fjárhús
Nokkru norðar en 009. Ferhyrnd tóft, vísar í 36°, lengd 9,4m, breidd 9m, hlaðinn inngangur á suðurgafli. Hefur ef til vill verið fjárhús. Veggir eru úr torfi og grjóti. Enga skiptingu er að sjá innan í núna.
Heimildir:

RA-083:011 hús hesthús
Ferhyrnd uppistandandi hesthús - jötur með hliðarvegg, geymsluloft yfir, ekki gólflagt, steyptir múrsteinar og bárujárn í gafli. Vísar í 116°, lengd 19m, breidd 6,4m.
Heimildir:

RA-083:012 tóft fjárhús
Í jaðri túns Stóru-Merkur, herbraggi stendur enn rétt vestan við tóftina. Ferhyrnd fjárhústóft, sem einn bóndinn á Stóru-Mörk byggði hér - ætlaði að fá betri beit, en herinn stetti upp bragga hér á stríðsárunum og þá var engin leið að hafa kindur hér. Lengd 12,8m, breidd 6,4m, hæð 0,55m, veggjaþykkt um 1,2m. Er hornrétt á veg sem liggur framhjá sumarbústöðunum, inngangur líklega úr þeim gafli, sem að þeim snýr. Vísar í N-S.
Heimildir:

RA-083:013 *Kvíaból* heimild um kvíar
Þar voru færikvíar.
Heimildir:

RA-083:014 *Grófartún* bæjarstæði býli
“Hennar fyrstu bygð muna menn ei, ekki heldur nær hún eyðilagðist, sjást nú það að eins tóftir og girðingar grasi vaxnar, tóftirnar eru í engjaplátsi því, sem nú fylgir bóndapartinum. Kann ekki aftur byggjast, því slægjur eru ekki aðrar, en fylgja heimajörðunni og má hún þær ei missa.” Í austur frá bæum, rétt við Markarfljót, suðurvegur rétt áður en farið er yfir pípuhliðið. “Innan við Stekkjartún er Grófargil, og Grófartún tekur við þar fyrir austan. Þar var áður bær, er Gróf hét, og er nú blásið, þar sem bærinn stóð. Sást nokkuð grjót úr honum á æskuárum Sæmundar í Mörk, en var hirt af Stóru-Merkurmönnum til byggingar.” segir í örnefnaskrá. Aðflutt grjót í uppblásinni brekku sem er að gróa. Faðir Árna man hleðslur. Hér sér nú engin merki tóft.
Heimildir: JÁM I, 101; Ö-Stóra-Mörk, 5

RA-083:015 *Stekkjartún* tóftir stekkur
“Stekkjartún heita brekkurnar fyrir norðan bæinn ... Í Stekkjartúninu eru margar rústir eftir gamla stekki.” segir í örnefnaskrá Stekkjatún, í grasigróinni brekku austur af bænum, í hvarfi frá bænum, í rananum norðanverðum. Ávöl grasi gróin brekka, með löngum þúfum. Aðeins sést móta fyrir hleðslum niður hlíðina, þvert á löngu þúfurnar á nokkrum stöðum. a) Vísar í um 320°, lengd um 5,5m, breidd 1,5m, lömb voru höfð inní, kindur úti, nyrðra. b) Í vestur frá a) er annar stekkur, vísar í 50°, lengd 6-7m, óljós, deyr út, breidd um 2,5m. c) Í vestur frá b) er enn annar stekkur. Vísar í 345°, lengd um 4m, breidd 2m, opin í 345°, dýpt um 0,7m.
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 4

RA-083:016 tóft
Upp í fjallsrótum - ekki mikið landsvæði framanvið. Norðanvið er slétt graslendi, þurrt fremst, votar norðar. Það er steinahröngl hér sem er það eina sem gæti bent til byggðar. Er helst að sjá að þetta sé ferhyrnd mjög lítil tóft, sem vísar í 264° á lengdina, lengd 5,7m, breidd 3,3m, veggir úr grjóti og torfi. Erfitt að mæla hæð, engin veggjahæð eftir.
Heimildir:

RA-083:017 tóft hlaða
292° í Stóra-Dímon, 60° í Barkarstaði. Tóftirnar standa við fjallsrætur, sunnan þeirra er sléttlendi og mýri enn sunnar, nær fjallshlíðinni sem lækir renna úr. Norðan við er votlent, en brátt tekur melurinn við, vegurinn og Markarfljótið enn norðar. Ferhyrnd tóft, vísar í 312°, lengd 6,9m, breidd 4,5m, hæð 1m að innan. Niðurgrafin tóft, engir steinar sjáanlegir í veggjum. Engar greinilegar dyr, e.t.v helst á suðurlanghlið. Veggjaþykkt er erfitt að ákvarða. Súrheyshlaða, um 60 ára gömul 1980.
Heimildir:

RA-083:018 tóft hlaða
292° í Stóra-Dímon, 60° í Barkarstaði. Úr miðjum vesturgafli 017 í miðjan austurgafl eru 7,2m. Tóftirnar standa við fjallsrætur, sunnan þeirra er sléttlendi og mýri enn sunnar, nær fjallshlíðinni sem lækir renna úr.

Norðan við er votlent, en brátt tekur melurinn við, vegurinn og Markarfljótið enn norðar. Ferhyrnd eins og 017, vísar í 298°, lengd 6,3m, breidd 4m, hæð 0,6m inní, hæð af veggjabrún norður fyrir kambinn um 1,4m. Súrheyshlaða, byggð um 1920.
Heimildir:

RA-083:019 renna áveita
(i) Vísar í 195°, 80 skref, beygir þá í 288°, 123 skref, þar sem hann deyr út, mjög óljóst síðasta spölinn, mjög mýrlent hér. (ii) Úr SVhorni (i) 163 skref í 176°er veggjabrot sem vísar í 150° að mestu (130° fyrst), 121 skref þar sem hann deyr út; veggjaþykkt 0,6m, hæð 0,25-0,3m. (iii) Frá þessum enda (ii) í 240°, 56 skref, vísar í 347° jafn langt og (ii). (iv) 28 skref beint upp af (suður af) (iii), sveigt veggjabrot upp við fjallsrætur. (v) N enda (ii) í 24°eru 49 skref - vísar svo 70 skref í 116°, veggjaþykkt c 0,9m hæð um 0,3m, það er möguleiki að veggur þessi haldi áfram í 294°. (vi) Úr SV horni (i) í 318° 43 skref er veggjabrot sem liggur samsíða (i) (í 195°) veggjaþykkt. 1m, hæð um 0,55m, um 100 skref eða svo til út að girðingu. (vii) Annar garður, svo til samsíða (vi) vísar í 200°, 42 skref í vestur 88 skref frá girðingu. (viii) 70 skref frá girðingu, 33 skref hornrétt vestur af (vii), vísar í 198°, 107 skref (ég held þetta geti verið skurður, fremur en veggur [svo]). (ix) Vísar í 296°, breidd um 1m hæð 0,55-0,75m, 68 skref, sveigir þá í 268° c. 12 skref. Er mjög votlent hér skurður hefur verið grafinn nokkru vestar. Uppmoksturinn myndar veggi en skurðirnir hafa verið fylltir að mestu.
Heimildir:

RA-083:020 þúst
Norður af 019 (ix) er lítill hóll m 4 skref í þvermál um 0,5m hár óljóst hvað þetta er.
Heimildir:

RA-083:021 *Nauthús* bæjarstæði býli
1709: "Naut-Hús halda menn verið hafi annað býli úr Stórumerkur landi, þar sjest til byggíngar forms og túnstæðis; er mest alt í bóndapartsins engja takmarki. Enginn veit þess fyrstu bygð eða eyðilegging. Kann ekki aftur byggjast vegna sömu orsaka og segir um Grófartún." Í Nauthúsagili, aðeins upp í brekkunni. "Fyrir innan Viðarflöt taka við Nauthúsamýri hin litða ... Brekkan þarna fyrir ofan heitir Nauthúsatún. Innan þessara örnefna er Nauthúsaá. Innan við hana eru Nauthús við gilkjaftinn, síðustu leifar býlisins, sem þarna stóð fyrir eina tíð. Nauthúsaá felur úr Nautahúsaili. Þar eru reyniviðarhríslan, sem fræg hefur orðið." segir í örnefnaskrá Grasivaxin brekka, lækur og sléttlendi neðan við.

a) Austast á svæðinu, lengd frá gilinu, eru greinilegust merki um tóft, dæld í hlíðina, sem vísar á ská niður hana. Vísar í 310°, opin þangað líklega. Greinilegri merki veggjar að NA, lengd 9m, dýpt 0,75m, e.t.v. skil á lengdinni á um 3,2m, veggjaþykkt að austan um 1,3m, að innri veggjabrún, að vestan 3,8m. b) Vestan við a) og vestan lækjar sem þarna er, er ávöl dæld - eftir súrheysgryfju, gerð fyrir um 60 árum 1980, aðeins notuð í 1 ár. Dýpt 1m, lengd í 330°um 5,2m, (x 5,2m). Grjót sést á veggjum - sett ofan á heyið - var opið. c) Rétt austan við b) sér marka fyrir vegg í horn. Hér hefur e.t.v. verið tóft og þá e.t.v. að hluta undir b), lengd í 330° um 3,7m, gæti líka verið merki um það er torf var rist í b). Tveir bræður sem bjuggu í Nauthúsum og voru ofstopamenn miklir gengu þar aftur.
Heimildir: JÁM I, 101; Ö-Stóra-Mörk, 6; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 30-31

RA-083:022 tóft sel
Rétt sunnan vegar, áður en kemur að Selgili. Slétt graslendi og Markarfljótsaurar að norðan. Sennilega tvær tóftir, hver fram af annarri, ferhyrndar, vísar í 14°. Tóftirnar liggja vestanvert í eins og gömlum grónum lækjarfarvegi,. Þó allgreinilega myndaðar. Lengd frá suðri (syðri tóft) 6m, báðar 15m, mælt á miðja veggi. Breidd um 4,5m, dýpt 1,2m. Ekkert grjót sést í veggjum. Austari veggirnir, í lækjarbakkanum, eru hærri og greinilegri.
Heimildir:

RA-083:023 hleðsla rétt
Ferhyrnd rétt, veggir hlaðnir úr grjóti, enn notuð sem rétt. Hæð 1,25m, lengd 18m, breidd að innanmáli 12,2m. Vísar í 233°. Vesturendinn skiptist í tvo dilka sitthvoru megin, afmarkað með timbri. Aðalhliðið er í austurgafli, austan þess er afgirt svæði fyrir kindurnar.
Heimildir:

RA-083:024 tóft fjárhús
Í túninu, 268° í heimahúsin, 320° í hlöðu norður af. Ræktað tún allt í kring. Melur (órækt) í austur. Ferhyrnd tóft, vísar í 333°, lengd 16,3m, breidd 4,9m, hæð 1,75m. Veggir hlaðnir grjóti að innan, torfi að utan. Flatar hellur eru efst í veggjum. Bárujárn hefur verið á þaki (nýlegt). Rústin er alveg opin í norðurgaflinn, veggjaþykkt 1,7m. Fjárhúsin lögð af stuttu fyrir 1980.

Heimildir:

RA-083:025 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:026 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:027 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:028 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:029 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:030 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:031 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:032 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:033 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:034 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:035 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:036 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:037 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:038 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:039 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:040 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1924

RA-083:041 kuml legstaður
“Efst í Jökultungum, innan við Smjörgilsá, er Áslákshóll. Gömul munnmæli segja, að þar hafi verið drepinn maður við skógarhögg, sem Áslákur hét.” segir í örnefnaskrá Árið 1909 bárust safninu nokkrir gripir frá Sæmundi Einarssyni í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum. Þeir eru: 5890. Spjót, lítið og óverulegt, einna líkast Sverd 26. 5891. Brýni, ferstrent, með gati nær öðrum enda, úr hörðum steini, röndóttum.5892. Þrjár sviptir á hring, allt steypt úr bronsi; hver svipt er gerð sem dýrshöfuð, er bítur um hringinn. Gæti verið af beizli. Hlutir þessir fundust blásnir úr jörðu, þar sem heitir Áslákshóll, innarlega í Langanesi (Merkurnesi), en svo heitir undirlendið inn með Markarfljóti fyrir innan Stóru-Mörk inn að Jökulsá . Þarna hefur líklega verið bær, þótt ekki sé fullvíst. Um Áslákshól segir Brynjólfur Jónsson: “Hann er blásinn. Þar hafa oftar en einu sinni fundizt fornmenjagripir, og munu sumir þeirra komnir í forngripasafnið, en suma á sonur Einars bónda í Stóru-Mörk, og ætlar hann þá

safninu." Síðustu orðin eiga eflaust við hlutina Þjms. 5890-5892. Ekki eru óyggjandi skilríki fyrir því, að gripirnir séu úr kumli. Samstæðan bendir þó fremur til þess, en þar að auki eru líkur til, að hér sé um að ræða sama fundarstað og Páll Sigurðsson í Árkvörn segir svo frá: "Nú fyrir fám árum fundust í innanverðu Langanesi uppblásin mannabein. tvenn eða fleiri, og þar hjá brotinn oddur af spjóti." En fundur þessi verður þó aðeins talinn til kumlfunda með fyrirvara, þótt líkurnar séu miklar."Á unglingsárum Sæmdurnar í Mörk var hlíðin fyrir ofan hólinn að blása upp. Blés þar þá upp dyr, sem í voru mannabein. Sigurður Vigfússon fornfræðingur hirti beinin, en mun ekki hafa fundið þar neitt fornminja. Seinna fann Sæmundur í Mörk þar brýni ..."
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 8, KEKH,

RA-083:042 heimild um rétt
"Vestasti hóllinn heitir Skyrhóll, næsti hóll við hann er Stórhóll, norðan við hann Messuhóll. Norðan við þann hól og Flaghól, sem er næri hóll austan við Stórhól, er Réttarlág. Þar voru áður fjárréttir Stóru-Merkurmanna." segir í örnefnaskrá. Gæti verið sama og 023
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 1

RA-083:043 *Messugötur* gata leið
"Vestasti hóllinn heitir Skyrhóll, næsti hóll við hann er Stórhóll, norðan við hann Messuhóll. Norðan við þann hól og Flaghól, sem er næri hóll austan við Stórhól, er Réttarlág. Þar voru áður fjárréttir Stóru-Merkurmanna. Eftir lág þessari liggja götur, er Messugötur heita." segir í örnefnaskrá. Þar var farið til Dalskirkju.
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 1

RA-083:044 heimild um fjárhús
"Suður af Flaghól er Fjárhúshóll. Þar standa fjárhús." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 1

RA-083:045 *Kúagötur* gata leið
"Suður af Flaghól er Fjárhúshóll. Þar standa fjárhús. Fyrir sunnan hóla þá, sem nú eru nefndir, er graslaut allmikil eða drag, er Langagróf heitir. Um hana liggja götur, er Kúagötur heita. Um þær voru kýr reknar í haga." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 1-2

RA-083:046 tóft smalakofi
"Sunnan við Löngugróf [sjá 045] heitir að vestan Smalaskálahólar. Þar byggðu unglingar þeir, er sátu hjá ám, sér skála. Sjást þess enn merki." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 2

RA-083:047 *Mórimi* örnefni mógrafir
"Að austan, fyrir sunnan Löngugróf [045] heitir Austurhólar. Austan þeirra er Mórimi. Þar var þurrkaður mór til eldiviðar." segir í örnefnaskrá Þurrkunarstaðurinn ekki fornleif en líklegt að mórinn hafi verið tekinn í nágrenninu.
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 2

RA-083:048 *Kvíastæði* heimild um kvíar
"Austan við Fjárhúshól [044] er lítil fit við Merkurá, er heitir Kvíastæði. Þar voru mjólkaðar ær í færikvíum." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 2

RA-083:049 heimild um þvottastað
"Áin fyrir neðan Stóru-Merkurbæina heitir Merkurá. Áarfit heitir fitin norðan hennar. Nokkru austar eru Þvottahólar. Þar voru föt þurrkuð, sem þvegin voru í ánni." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 2

RA-083:050 *Traðarveita* örnefni traðir
"Neðst í Vesturtúni er mýri sú, er Traðarveita heitir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 2

RA-083:051 *Lambhúsflatir* örnefni lambhús
"Á Aussturtúni eru þessi örnefni: Vestast er Svíri, þá Brekka, og ofan við hana Lambhúsflatir." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 3

RA-083:052 *Öskuskákar* örnefni
“Á Austurtúni eru þessi örnefni: Vestast er Svíri, þá Brekka, og ofan við hana Lambhúsflatir. Í brekkunni er lág, sem Skítalág heitir, en Skítagil er norðan undir Svíranum. Austan við Brekkuna eru Öskuskákar ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 3

RA-083:053 *Fjárhússkákar* örnefni fjárhús
“Á Austurtúni eru þessi örnefni: Vestast er Svíri, þá Brekka, og ofan við hana Lambhúsflatir. Í brekkunni er lág, sem Skítalág heitir, en Skítagil er norðan undir Svíranum. Austan við Brekkuna eru Öskuskákar, þá Rófa, þá Stóraskák, síðan Fjárhússkákar.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 3

RA-083:054 *Gerðin* örnefni
“Á Austurtúni eru þessi örnefni: Vestast er Svíri, þá Brekka, og ofan við hana Lambhúsflatir. Í brekkunni er lág, sem Skítalág heitir, en Skítagil er norðan undir Svíranum. Austan við Brekkuna eru Öskuskákar, þá Rófa, þá Stóraskák, síðan Fjárhússkákar. Að ofan eru Gerðin vestust ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 3

RA-083:055 *Fjárhússkák* örnefni fjárhús
“Á Austurtúni eru þessi örnefni: Vestast er Svíri, þá Brekka, og ofan við hana Lambhúsflatir. Í brekkunni er lág, sem Skítalág heitir, en Skítagil er norðan undir Svíranum. Austan við Brekkuna eru Öskuskákar, þá Rófa, þá Stóraskák, síðan Fjárhússkákar. Að ofan eru Gerðin vestust, þá Fjárhússkák ...” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 3

RA-083:056 *Fjárhússkák* örnefni fjárhús
“Á Austurtúni eru þessi örnefni: Vestast er Svíri, þá Brekka, og ofan við hana Lambhúsflatir. Í brekkunni er lág, sem Skítalág heitir, en Skítagil er norðan undir Svíranum. Austan við Brekkuna eru Öskuskákar, þá Rófa, þá Stóraskák, síðan Fjárhússkákar. Að ofan eru Gerðin vestust, þá Fjárhússkák, þá Stóraskák, þá Hrakngaskák og austast Fjárhússkák.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 3

RA-083:057 heimild um kvíar
Grjóthóll heitir fyrir ofan bæinn og Stöðull. Þar var áður mjólkaður búsmali. segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 4

RA-083:058 *Kvíaból* örnefni kvíar
“Kvíaból heitir hæsti hóllinn og norðar Kvíabólstorfa.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 4-5

RA-083:059 *Skógartorfa* heimild um kolagröf
“Maðkamýri heitir mýrarblettur neðan undir Stekkjartúni, þá Seyla og norðast Skógartorfa. Þar hafa sézt leifar af kolagröf.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 5

RA-083:060 *Bólbrekka* örnefni
“Brekkan innan við ána [Nauthúsaá sjá 021] heitir brött, þá er Bólbrekka og ofar Þórarinshús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 6

RA-083:061 *Þórarinshús* örnefni
“Brekkan innan við ána [Nauthúsaá sjá 021] heitir brött, þá er Bólbrekka og ofar Þórarinshús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 6

RA-083:062 *Hellisselsflötur* örnefni sel
“Innan við brött er Innstastykkislækur. Þar fyrir innan Gráviðarflötur, þá er Hellisselsflötur og síðast Stórusteinsmýrr, öðru nafni Óskipta, og eru þá talin örnefni í Merkurengjum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 7

RA-083:063 *Selflatir* tóft sel
"Þá er næst að telja örnefni í Merkurnesi, sem áður hét Langanes. Fremst er Sauðártangi ... Næst er Sauðá. Hún rennur úr Merkurkeri. Þá koma Hrossvellir og innan við þá Selá, sem kemur úr Selgiljum, Innra- og fremmra-. Þar fyrir innan Selflatir ..." segir í örnefnaskrá ÞT"Selrústir sjást á þessu svæði niðri í nesinu, næst alfaravegi."
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 7; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 39

RA-083:064 *Akstaðaflatir* heimild um býli
Um 1270: Akstaðir nefndir í máldaga Holtskirkju. "Þá er næst að telja örnefni í Merkurnesi, sem áður hét Langanes. Fremst er Sauðártangi ... Næst er Sauðá. Hún rennur úr Merkurkeri. Þá koma Hrossvellir og innan við þá Selá, sem kemur úr Selgiljum, Innra- og fremmra-. Þar fyrir innan Selflatir; þá er Akstaðaá, sem kemur úr Akstaðagiljum. Akstaðaflatir eru innan við ána. Þar halda sumir, að hafi verið býli. Á Akstaðaflötum átti Holt undir Eyjafjöllum nautabeit." segir í örnefnaskrá
Heimildir: DI II, 84-86; Ö-Stóra-Mörk, 7

RA-083:065 *Seltungur* örnefni sel
"... og er þá fjallið eftir. Brekkurnar voru nefndar í hlíðinni ofan mýrarinnar austan Austurtúnsins í Mörk. Hlíðin ofan við brekkurnar heitir Bæjarhraun. Innan við það eru Seltungur." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 8

RA-083:066 *Nesrétt* hleðsla rétt
"Innan við Mosana [upp í fjallinu ?] eru Fremri-Grýtugilin. Milli þeirra er Miðtunga. Í kjaftinum á því fremra er rétt Merkurmanna." segir í örnefnaskrá Í bók ÞT er mynd af réttinni, grjóthlaðin í boga við mynni lítillar kvosar.
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 10; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 39 (mynd)

RA-083:067 *Stóru-Merkurengjagarður* heimild
Í dómi frá 1755 er nefndur Stóru-Merkurengagarður. ÞT segir hann hafa verið fyrir framan Sauðá.
Heimildir: Ö-Stóra-Mörk, 11-12; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 39

RA-083:068 heimild um fjárskýli
"Þetta er Nauthúsagil [021] og þar var lengi ein þekktasta reyniviðarhrísla landsins, limamikil og með býsna sverum bol. Hún naut áburðar frá fjárbóli í gilbarmi."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 33

RA-083:069 *Smérgil* örnefni býli/sel
"Næst er komið að Smérgiljum (Smjörgiljum) sem liggja frá láglendinu í hálendisbrúnina milli Helluhauss og Innstuhausa ... Frá þeim falla tíðast lækir sem sameinast í Smérgilsá, er rennur þvert norður um nesið. ... Nafnið Smérgil virðist benda til selstöðu eða búsetu. Smérgilsflatir eru neðan við Smérgil." "Við Smérgilsána að neðanverðu er á köflum kvístlendi gott og hagar geðfelldir sauðfé ..."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 42

RA-083b Stóra-Mörk (Merkurtungur)

"Landið sunnan Þórsmerkur skiptist í fjóra afrétti, Steinholt, Stakkholt, Merkurtungur og Goðaland. Landið fyrir botni Sunda (Krossársunda) skiptist í tvennt, Múlatungur og Teigstungur. Allir til samans heita þessir afréttir Suðurafréttir." Þórður Tómasson: Þórsmörk, 50. Merkurtungur eru tungan milli Fremra- og Innra-Hvannárgils, austan við Staksholt og tilheyra Stóru-Mörk einni. Ábúendur Stóru-Markar hafa þó ekki notað afréttinn í manna minnum, enda er nægt beitiland í heimahögum, og hafa Merkurtungur verið leigðar öðrum til lambabeitar. ... Eftirgjaldið var að leigjandi smalaði landið. ... Ekki munu nema eitt eða tvö heimili hafa notað þær í senn. - (GR I, 190) Merkurtungur eru nú eign Skógræktar ríkisins "[Merkurtungur] eru hálendar, og til beggja hliða eru næstum þverhníptir hamrar, en uppi eru þær vel grösugar. ... Var talið, að þær bæru eitt hundrað tólfrætt. ... Tungurnar þóttu góður lambaafréttur. Komu lömb þaðan þrifleg og feit. Viðburður þótti, ef þau kollheimtust ekki. Þar var heldur enginn dýrbýtur, sem þó var nokkur í afréttunum í kring." - (GR I, 190). Rétt og náttstaður var í Staksholti.

RA-083b:001 heimild um rétt
"[Merkurtungur] eru hálendar, og til beggja hliða eru næstum þverhníptir hamrar, en uppi eru þær vel grösugar. ... Var talið, að þær bæru eitt hundrað tólfrætt. ... Tungurnar þóttu góður lambaafréttur. Komu lömb þaðan þrifleg og feit. Viðburður þótti, ef þau kollheimtust ekki. Þar var heldur enginn dýrbýtur, sem þó var nokkur í afréttunum í kring." - Rétt og náttstaður var í Staksholti.

Heimildir: GR I, 190

RA-083b:002 heimild um náttstað
"[Merkurtungur] eru hálendar, og til beggja hliða eru næstum þverhníptir hamrar, en uppi eru þær vel grösugar. ... Var talið, að þær bæru eitt hundrað tólfrætt. ... Tungurnar þóttu góður lambaafréttur. Komu lömb þaðan þrifleg og feit. Viðburður þótti, ef þau kollheimtust ekki. Þar var heldur enginn dýrbýtur, sem þó var nokkur í afréttunum í kring." - Rétt og náttstaður var í Staksholti.
Heimildir: GR I, 190

RA-083b:003 *Niðurganga* örnefni leið
"Neðsti rani tungnanna heitir Niðurganga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merkurtungur, 1

RA-083b:004 *Fremri-Uppganga* örnefni leið
"Í Norðurgilinu eru Fremri-Uppganga og Innri-Uppganga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merkurtungur, 1

RA-083b:005 *Innri-Uppganga* örnefni leið
"Í Norðurgilinu eru Fremri-Uppganga og Innri-Uppganga." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Merkurtungur, 1

RA-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð undir Eyjafjöllum

RA-611:001 garðlag varnargarður
"Gerður var grjótvarinn garður frá Setbergi við Seljaland 700 m suðvestur á láglendið. Mun garðurinn hafa verið byggður svipað því, sem Sigurður Siguðrsson ráðunautur hafði lagt til 1908." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 110

RA-611:002 vegur leið
"Vöðull heitir þar sem Merkilækur kemur í Mjósyndi. Gamli sýsluvegurinn lá þarna um og farið var yfir Vöðulinn." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Rauðafell svör við sp.

RA-611:003 garðlag varnargarður
"Vallgróinn garður liggur ofan úr Holtsoddum fram að Holti og svo niður að Ormskoti og áfram þaðan austur á aur." Segir í örnefnaskrá "Blómaskeið þessa garðs var á árunum frá 1900 og fram yfir aldamót. Talsverður hluti hans var lagður vorið 1899, sem allt fór í hann hjá Holshverfingum, ungum sem gömlum."
Heimildir: Ö-Holtshverfi, 23-24

RA-611:004 garðlag varnargarður
"... árið 1912 var hafinn vinna við nýjan varnargarð fyrir Holtsá, sem markaði henni þrengri skorður, og byggður var úr haldbetra efni en torfi einu saman." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Holtshverfi, 24

RA-611:005 *Prestsgata* heimild um leið
"Gatan eða sneiðingurinn, sem liggur eftir brekkunni upp í skarðið vestan Brattskjóls, kallast Prestsgata. Hana riðu Holtsprestar, er þeir fóru í Ásólfsskálarétt." Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Ásólfsskálatorfan, 8

RA-611:006 heimild um leið
"Sunnar og ofan Heljarkambs er Brattafönn. Eftir henni liggur gönguleiðin milli Skóga og Goðalands." Sjá 641:008
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 71

RA-612 Óstaðsetjanlegar fornleifar undir Eyjafjöllum

RA-612:001 *að Auðnum* bæjarstæði býli
"Landnámsbýlið, bústaður Ásgeirs kneifar, sem Landnáma segir að hafi verið þar sem þá hét að Auðnum, gæti hafa verið á sléttlendinu norðaustan útfalls Markarfljóts. En byggð þessi hefur varað stutt og vesturhluti landnámsjarðarinnar lagst til stórbýlisins Seljalands." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Heimildir: SB IV, 107

RA-612:002 bæjarstæði býli
Ekki er vitað hvar býli landnámskonunnar Áskerðar Asksdóttur var. Hún nam land um vesturhluta hreppsins, þ.e. Dalatorfu og Merkurjarðir. Þórður Tómasson segir: "Um Langanes getur fyrst í Landnámu þar sem segir frá landnámi Ásgerðar Asksdóttur hins ómálga: "Ásgerður nam land milli Seljalandsmúla og Markarfljóts, Langanes allt upp til Jöldusteins og bjó norðan í Katanesi." Óþekkt er með öllu hvar bær landnámskonunnar stóð. Út í bláinn nefur getum verið leitt að því að Katanes sé sá staður milli Hamragarða og Neðradals undir Eyjaföllum sem nú nefnist Kattarnef."
Heimildir: SB IV, 112; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 38

RA-612:003 *Arnarbæli* bæjarhóll bústaður
Arnarbæli var býli samanber Þorlákssögu helga. Arnarbælisós nefndur í Njálu. ATH kenningu Þórðar Tómassonar um að Þetta hafi verið Austasta Arnarbæli og sé sami bær og seinna var kallaður Stóraborg. ARNARBÆLI UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) (etv. sama og Miðbæli, eða Austasta Arnarbæli)c. 1200: Gamall og fésnauður prestur þar, heitir á Þorlák að finna son sinn, sem hann átti með konu sinni, en menn héldu annan föður að, og höfðu fylgt til þess, er presturinn varð félaus; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 322-323, sbr. Jarteinabók 1200, Bsk I, 348-349c. 1200: Magnús bóndi þar, Páll bp á yfirreið, rigning; Jarteinabók 1200, Bsk I, 339 [gæti fullt eins átt við Arnarbæli í Ölfusi].c. 1200: kirkja í Arnarbælum tvennum, annað hlýtur að vera þetta, hitt mun vera Miðbæli; Kirknaskrá Páls, DI XII 6
Heimildir: ÍF XII, 74; Bjarki Bjarnason: Njáluslóðir, 8; DI

RA-613 Steinsholt

"Landið sunnan Þórsmerkur skiptist í fjóra afrétti, Steinholt, Stakkholt, Merkurtungur og Goðaland. Landið fyrir botni Sunda (Krossársunda) skiptist í tvennt, Múlatungur og Teigstungur. Allir til samans heita þessir afréttir Suðurafréttir." (Þórður Tómasson: Þórsmörk, 50). Steinsholt er vestasti smáafrétturinn undir norðurhlíðum Eyjafjallajökuls. Hann takmarkast af Falljökli að vestan og Rjúpnafjalli/Steinsholtsá að austan. Steinsholt tilheyrði jörðunum Fit (RA-062), Fitjamýri (RA-063) og Miðmörk (RA-082) og höfðu ábúendur þessara jarða einir rétt til að nota beitina og bar líka einum skylda til að smala svæðið - (GR I, 188). Gangnamenn í Steinsholti gistu í Fagraskógsbóli í Staksholti og þar var líka réttað þannig að ekki er margra mannvirkja að vænta á þessum afrétti.

"[Staksholt] er klettótt mjög og gróðurlítið, háir hnúkar með þverhníptum hamraveggjum. ... mjög er graslítið í þeim ... Steinsholt þótti slæmur afréttur." (GR I, 187) "Neðsti hluti Steinholts er stórgrýtt, gróðurlítil sandslétta. Ofan hennar rís geysimikil bogadregin jökulalda. Innan og ofan hennar rís afrétturin upp í hrikahamra, sundurskorna af giljum sem tungur Eyjafjallajökuls lágu ofan í fram um 1920." (Þórður Tómasson: Þórsmörk, 51).

RA-613:001 *Kirkjuhöfuð* örnefni
Kirkjuhöfuð er einn af hnúkunum á afréttinum (milli Moshauss og Innstahauss?) Einsvíst er að hnúkurinn dragi nafn sitt af lögun sinni
Heimildir: GR I, 187

RA-613:002 *Hoftorfa* örnefni
"Í norðanverðu Steinsholti heitir Hoftorfa. Þar hefir því búið höfðingi, er hefir haft hof á bæ sínum. Rúst sjest þar engin, sem ekki er von; þar liggja nú skriðjöklar fram á lægstu hjalla, en jökulaur yfir undirlendi öllu." Hofsteinn er á svæði sem kallað er Hoftorfa, en það er nyrt og vestast í Steinsholti, rétt austan við Langanes. Ef til vill er líklegast að þarna sé sá "bjór ónuminn fyrir austan Fljót milli Krossár og Jöldusteins", sem Jörundur "fór eldi og lagði til hofs", Landnáma 350, því að landnám Ásgerðar hefur sennilega ekki náð lengra en að Steinsholti og landnám næstu landnámsmanna Ásbjarnar Reyrketilssonar og Steinfinns bróður hans hefst fyrst fyrir ofan Krossá. Undir kletti í miðri brekku á hofið að hafa staðið, að því er munnmæli segja (samkvæmt frásögn Páls í Árkvörn)." KK: "Á einum stað er gróin brekka í hæðardraginu Steinsholti. Er hún nefnd Hoftorfa.

Ekki er vitað, við hvaða Hof hún er kennd. [Nmgr. Ef til vill er líklegast að þarna sé sá "bjór ónuminn fyrir austan Fljót milli Krossár og Jöldusteins", sem Jörundur "fór eldi og lagði til hofs", Landnáma 350, því að landnám Ásgerðar hefur sennilega ekki náð lengra en að Steinsholti og landnám næstu landnámsmanna Ásbjarnar Reyrketilssonar og Steinfinns bróður hans hefst fyrst fyrir ofan Krossá. Undir kletti í miðri brekku á hofið að hafa staðið, að því er munnmæli segja (samkvæmt frásögn Páls í Árkvörn).] Handan holtsins er skriðjökull milli tveggja kletta...Frá skriðjöklinum rennur á, Steinsholtsá."
Heimildir: BJ: "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1893" Árbók 1894, 23; KK I, 191

RA-613:003 gripir
1866: "Tínbúið BRÝNI með gati í endann. Það er 5 þumlúngar og 3 línur á lengd. ... Það fannst þar sem Hoftorfa heitir, nálægt steini, er Hofsteinn er nefndur, á afrétt frá Steinsholti, er liggur næst við Lánganes." Þjms. 324
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 133

RA-613:004 *Svertingsstaðir* bæjarstæði býli
"Afréttur þessi virðist hluti af því landi, sem Jörmundur goði lagði til hofs síns. Bústað hans, Svertingsstaði, þekkir nú enginn, en vel getur hann hafa verið þarna í grenndinni, einhvers staðar á því landi, sem Markarfljót hefur lagt undir veldi sitt." Segir í örnefnalýsingu. SV segir í grein sinni að hann telji Svertingsstaði hafa verið neðar og austan undir hlíðinni fyrir austan Seljaland því þar sé berghamar sem kallaður er Svörtubjörg eða Hrafnabjörg. Bærinn hafi staðið þar og eyðst af Markarfljóti.
Heimildir: Ö-Steinholt, 1; SV: Árbók 1888-92, 37

RA-614 Staksholt

"Landið sunnan Þórsmerkur skiptist í fjóra afrétti, Steinholt, Stakkholt, Merkurtungur og Goðaland. Landið fyrir botni Sunda (Krossársunda) skiptist í tvennt, Múlatungur og Teigstungur. Allir til samans heita þessir afréttir Suðurafréttir." (Þórður Tómasson: Þórsmörk, 50). Staksholt er einn smáafréttanna undir norðurhlíðum Eyjafjallajökuls. Vesturmörk eru Steinsholtsá en austurmörk um Fremra-Hvannárgil. Afrétturinn tilheyrði Brúnum (RA-071), Borgareyrum (RA-073), Dalsseli (RA-075), Steinmóðarbæ (RA-074), Hamragörðum (RA-072), Neðri-Dal (RA-076), Dalskoti (RA-077), Króktúni (RA-078), Stóra-Dal og Murnarvelli (RA-079), Eyvindarholti (RA-080) og Stóru Mörk (RA-083). Fyrir utan Stóru Mörk voru allar þessar jarðir hjáleigur frá Stóra Dal. Fram um miðja 18. öld munu býlin hafa verið 18 sem áttu að leggja mann til smölunar í Staksholti - (GR I, 190) Þórður Tómasson segir afréttinn hafa tilheyrt Stóra-Dal einum. (ÞT: "Stóri-Dalur...", 56) "Staksholt er klettótt og gróðurlítið og þykir rýr afréttur. Hættur eru þar miklar í hömrum." (GR I, 188)

RA-614:001 *Fagraskógsból* heimild um sæluhús
"Vestast á framafrétti er Fagriskógur. Er þar þó enginn skógur nú. ... þar er Fagraskógsbólið, sæluhús leitarmanna." "Neðarlega í því [Bólhöfðinu] er Fagraskógsbólið, mikið reimleikaból, að sumir töldu. Þar liggja fjallmenn við, seinni nóttina er þeir sama afréttinn, en til þess fer aðeins einn dagur." Segir í örnefnalýsingu. "Innan við Fagraskóg, ofan við Krossáraurinn er hamar sem nefnist Bólhöfuð. Í honum er Fagraskógsbólið, náttstaður Stakkholtsmanna seinni nótt í fjalaferð. Þangað leituðu einnig smalar af Steinsholti. Þarna var mönnum oft kaldsöm vist í opnu bóli." Gangnamenn af Steinsholti og Merkurtungum gistu líka í Fagraskógsbóli
Heimildir: GR I, 187, 188, 191; Ö-Stakkholt, 1; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 58

RA-614:002 heimild um rétt
Fagriskógur ... Þar er fjárrétt fyrir Staksholtssafnið." "Efst á Fagraskógi er fjárrétt við svokallað Réttarnef." Segir í örnefnalýsingu. "Fremst á Fagraskógi er svonefnt Réttarnef við Steinsholtsá. Þar var fjárrétt fyrir Stakkholtssafnið. Hún hvarf í Steinsholtshlaupið 1967."
Heimildir: GR I, 188; Ö-Stakkholt, 1; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 58

RA-614:003 *Stakkhálsból* hellir náttstaður
"Innst í Staksholti er Stakshals. Í honum er hellir, þar sem gangnamenn liggja fyrri nóttina, sem þeir eru á fjalli." "Fyrir innan Stakksgil er Stakksháls. Neðst norðan í honum er ból, sem legið er við í." Segir í örnefnalýsingu. "Innan við Stakkagil er Stakksháls. Uppi í honum, norðan í móti, er viðlegubólið Stakkshálsból sem oftast var legið við í fyrri nótt í smölun." "Þetta er opið ból móti norðri og var í því mjór svefnbálkur þar sem menn lágu andfætis. Seinna var hann breikkaður nokkuð." Gangnamenn í Hellistungum gista líka í helli þessum
Heimildir: GR I, 188, 191; Ö-Stakkholt, 2; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 60

RA-614:004 mannvirki samgöngubót

á leið upp í Litlaland af Staksholti. Meðan skriðjökullin rann niður á Litlaland varð ekki komist þangað nema af Hellistungum og var það jafnan smalað af þeim. Á árunum 1850-80 bjó í Stóra-Dal bóndi sá er Jón Sigurðsson hét. Hann hvarf eitt haust inn á afréttinn og kom seinna "í ljós að hann hafði verið að reka hæla í bergið til að ganga upp á Litlaland. Nú hefir bergið molnað og hælarnir losnað úr því, og liggja þar neðan undir."
Heimildir: GR I, 189

RA-614:005 *Stakkból* hellir náttstaður
"Í Stakka er ból, og hafa fjallamenn stundum legið þar við, og ekki laust við, að það hafi verið bendlað við reimleika." Segir í örnefnalýsingu. "Hér niður undan er einstæða, strýtulaga fellið Stakkur. Norðan í honum er gamalt viðleguból og lá reimleikaorð á því hjá sumum en fara af fáar sögur." Á árunum 1850-80 bjó í Stóra-Dal bóndi sá er Jón Sigurðsson hét. Hann hvarf eitt haust inn á afréttinn og kom seinna í ljós að hann hafði m.a. lagað til "smáskúta í Stak; klappaði hann bergið og stækkaði skútann. Hlóð hann síðan vegg fyrir framan. Var þarna ágætt skýli fyrir þrjá menn, og heldur sér enn, eins og hann gekk frá því."
Heimildir: GR I, 189; Ö-Stakkholt, 2; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 60

RA-614:006 heimild um vað
"Efsti hluti hennar [Steinholtsár] heitri Lón. Þar er venjulega minni straumur og talin þrautaleið að ríða þar yfir ána í vatnavöxtum." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stakkholt, 1

RA-614:007 heimild um bústað
"Fyrir innan Nauthillur er Gunnufuð." Segir í örnefnalýsingu. "Einhvern tíma bjuggu hjón að Efstakoti undir Eyjafjöllum, og hét konan Guðrún, en ekki er getið um nafn bóndans. Eitt sumar í slátturbyrjunina hurfu hjónin frá bæ sínum, og vissi enginn, hvað um þau varð. Nokkuð höfðu þau haft með sér af búsgögnum, og rúmföt, og héldu menn því, að þau hefðu lagzt út. Var þeirra leitað til afrétta. Reyk sáu leitarmenn leggja upp úr Hvanngljúfri, er þeir komu á Stakksflatir. Voru strokuhjúin þá þar og höfðu stolið fráfærulambi og voru að sjóða það. Voru þau fönguð og flutt til byggða." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stakkholt, 2

RA-614:008 heimild um rétt
"Fyrir innan Nauthillur er Gunnufuð. ... Í Gunnufuði réttaði Magnús goði, sem svo var nefndur, fé sitt. Var nafni þess þá breytt og það kallað Mangafuð." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stakkholt, 2-3

RA-614:009 *á Steinbogum* heimild um leið
"Fyrir botni Syðra-Hvannárgils er Litlaland. Á það var áður ógengt, nema af Merkurtungum um veg, sem heitir á Steinboganum. Nú er skriðjökullinn sá horfinn, sem aðskildi Litlaland og Stakkholt, og er þar greiður vegur á milli." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Stakkholt, 3

RA-615 Þórsmörk

Milli Krossár og Þröngár. Þórsmörk var áður afréttur Fljótshlíðinga. Þar áttu beitarítak 36 jarðir í Fljótshlíð að hálfu en Oddakirkja að hálfu - (GR I, 212). (ATH máld Oddakirkju aq 1385). Nú í umsjá Skógræktar ríkisins - (GR I, 212) Þórsmörk milli Krossár og Markarfljóts tilheyrir Eyjafjallahreppi. (Þórður Tómasson: Þórsmörk, 80)

RA-615:001 *Valahnúksból* heimild um sæluhús
"Austan megin í gili því, sem síðast var nefnt [ónafngreint innan við Innra-Hestagil], er hið svonefnda Valahnjúksból, sem til skamms tíma hefur verið viðlegustaður smalamanna." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: GR I, 195-96; Ö-Þórsmörk, 6

RA-615:002 hleðsla rétt
Við fremsta klettinn sunnan í Valahnúk. "Suður af Valahnúksbóli er Réttarnef niður við Krossá. Þar var lengi rétt, en nú eydd af völdum árinnar." Segir í örnefnalýsingu. Þar var rétt um aldamótin, en í sambandi við breytingar á gangnatilhögun á Almenningum var ný rétt byggð þá við hliðina á þeirri gömlu - GR I, 194
Heimildir: GR I, 194; Ö-Þórsmörk, 7

RA-615:003 *Þuríðarstaðir* bæjarstæði býli
Rústir Þuríðarstaða eru norðan í Merkurrana, í vestur frá mynni Húsadals og er bæjarstæðið nú alveg á bakka

Markarfljótsfarvegarins Bæjarleifarnar eru nú aðeins gisin grjótdreif sem liggur á mjög uppblásnum jarðvegi. Talið er að Markarfljót hafi brotið mikið land framan við Þuríðarstaði BJ 1906; GS 1980. Bæjar með þessu nafni er getið í JÁM I, 101-102. Þar segir að Þuríðarstaðir séu takmark á svo nefndri Miðrimörk fyrir innan Þórsmörk, og að þau munnmæli hvíli á, að þarna hafi verið bær í gamla daga, en nú sé landið notað fyrir lambaafrétt úr Fljótshlíð. Talið var ólíklegt að nokkuð sæist til byggingaleifa, slægjur sagðar engar og vetrarhörkur miklar. Páll í Árkvörn (StSÍ II, 511) og SV (Árb 1892, 38) segja aðeins um staðinn að hann sé uppblásinn og BJ (Árb 1894) taldi að rústin væri komin undir moldarskriðu og sæist ekki lengur. Enginn þeirra virðist hafa komið á staðinn fyrr en BJ gerði rannsókn þar 1906. Þá lýsir hann allmiklum byggðaleifum. “Hleðslugrjótið, sem lá dreift um móhelluna taldi hann aðeins vera nóg í undirstöður veggjanna, sem voru að mestu úr lagi færðir. Þó taldi hann, að enn mætti sjá útlínur aðalbæjarhússins: nálægt 10 faðma löng steinaröð, líklega undirstaða afturveggjarins og steinar hér og þar úr framveggnum sem mynduðu beina röð samhliða hinni. Samkvæmt þessu hefði breidd hússins verið um 4 álnir. NV af aðalgrjótdreifinni sagði hann vera leifar sérstaks húss um 8 faðma langs og 1 1/2 breiðs.

Austan aðalbæjarrústarinnar mun bæjarlækurinn hafa verið, og þar austan við voru óljósar byggingaleifar, sem sindur var innan um og taldi BJ það hafa verið smiðju. Í tóftinni fann hann hálfa steinskál með gati í botninum og taldi hann að smiðjueldurinn hefði brunnið í henni. Engin eldstó var í aðalbæjarrústinni en talsvert af viðarkolaösku á einum stað. Rétt vestan við rústina fann BJ ferhyrnda holu sem höggvin var í móhelluna, fulla af mulinni beinaösku. Taldi hann þetta geta verið eftir heiðið heimablót. Þá fann hann stórt steinker við rústina, sem sprungið var í smáparta nema botninn, 1 1/4 alin á lengd, 1 alin á breidd og 1/2 alin á dýpt, úr ljósgráu móbergi. Taldi hann það hafa staðið utan húss og verið etv þvottastampur. Inni í rústinni fann hann m.a. brýnisbrot, krók af fötuhandfangi, odd af ljá og þyrsklingaöngul, sem bendir til að Þuríðarstaðamenn hafi stundað sjóróðra. Árb 1907, 19-21,

Örn. Þuríðarstaðir á Þórsmörk kemur fyrir í JÁM, 1, 101 og hefur það jafnan síðan verið tengt við þessar rústir. Þuríður á að hafa verið kona Ketils sonar Ásbjarnar landnámsmanns í Þórsmörk. GS rannsakaði rústirnar á Þuríðarstöðum 1980 og voru þær þá svo gerblásnar að engin húsalögun sást lengur en grjótdreif vísar á bæjarstæðið. Á suðurbakka gils sem myndast hefur SA við bæjarstæðið sjást þó enn leifar tóftar þeirrar er BJ taldi vera af smiðju. Ekki sáust nein merki um steinkerin eða steinþróna sem BJ lýsir. GS birtir skrá um muni sem fundist hafa á Þuríðarstöðum og varðveittir eru á Þjms, og einnig teikningar af sumum þeirra. Munirnir verða ekki tímasettir nákvæmlega en þó telur GS að á þessum stað hafi snemma verið byggt. Smiðjuleifarnar eru helstu rök fyrir því að telja þessar rústir vera eftir bæ. KE telur Þjms. 6204 blýmet, flatur aflangur ferstrendingur, bronsbútar reknir inn í báðar hliðar, 3,421 grömm, sennilega frá söguöld.

Heimildir: BJ: “Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906 Árbók 1907, 20; BJ: “Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1893” Árbók 1894, 22-23; GS: “Byggðaleifar á Þórsmörk” Árbók 1982, 35-43; KEKH, 356

RA-615:004 *Þuríðarstaðir efri* bæjarstæði býli

Rústir sem ganga undir nafninu Þuríðarstaðir efri eru um 300 m SV við Þuríðarstaði [RA-615:003], upp af Engidal, rétt norðan við hábungu Merkurranans, í um 210 m.y.s. Minjarnar eru að hverfa ofaní gil sem myndast hefur rétt vestan við bæjarstæðið. Allt svæðið er nú uppblásið, þó nokkur gróður hafi náð að festa rætur í gilbotninum, og liggja veggjasteinarnir ofan á móhellu.

GS 1980: Rústir þessar munu fyrst hafa komið í ljós í kringum 1970 og munir þaðan voru teknir til handargagns og afhentir Þjms 1974. Engar sagnir eða heimildir aðrar eru um bæjarstæði þetta og er nafnið tilbúningur sem notað er í Fundabókum Þjms. GS rannsakaði staðinn 1980 og mátti þá sjá greinilega útlínur langhúss syðst á svæðinu. Það snýr lítið eitt á ská meðfram gilbarminum og virðist um 15 m langt. Langhliðar hússins markast af tveimur gisnum, samsíða röðum stórra veggjasteina, með tæplega 5 m millibili. Rétt norðan við þessar byggðaleifar hefur vatn myndað grunnan farveg, en þar norðan við er grjótdreif á afmörkuðu svæði. Hafa þar án efa verið mannvirki, líklega fleiri en eitt en útlínur þeirra verða ekki greindar lengur. Svæðið er þrískipt og telur GS mögulegt að þar hafi verið þrjú hús. Uppdráttur var gerður af rústunum 1981 og hafði þá grjótdreifin færst allmikið úr stað frá því árið áður og langhúsið nú mun ógreinilegra. 5 kljásteinar voru í hnapp við NV enda langhússins og innan þess fundust líparítsteinvölur og einnig voru dreyfð um svæðið brýnisbrot og brennd bein. Árb 1982, 43-44. Spölkorn sunnan við bæjarstæðið, uppi á háhryggnum áður en komið er niður í Engidal fannst uppblásin grjótdreif sem talin er augljósar leifar mannvirkis. Gjallmolar hafa fundist þar og greinst sem rauðablástur. Árb 1982, 50. GS birtir skrá um muni sem fundist hafa á rústasvæði þessu á s. 44-49 sem og myndir af nokkrum þeirra. Á meðal þeirra er hringprjónn sem tímasettur er til 7.-10. aldar (Þjms. 1977:52) og bronshlutur sem þykir vera með keltnesku munstri frá 8. eða 9. öld en hefur verið endurnýttur, mögulega sem lóð (Þjms 1974: 115). Þá fannst einnig skeifubrot en skeifur eru fyrst taldar teknar í notkun á Íslandi á 11. eð 12. öld, og skrautbóla sem tímasett er til 12. eða 13. aldar. Af þessu má ráða að byggð hafi verið á Þuríðarstöðum a.m.k. frá 10. öld fram á 12. öld.

Heimildir: ÁFÍ 1972, 129; GS: “Byggðaleifar á Þórsmörk” Árbók 1982, 43-51

RA-615:005 *Húsadalur* bæjarstæði býli

1709: “Húsadalur heitir annað örnefni skamt frá Þuríðarstöðum. Þar halda og menn til forna hafi bygð verið, jafvel mikil, af girðíngum, sem enn nú til sjest. Er og óbyggilegt sökum slægnaleysis og vetrarharðinda. Þetta pláts er og brúkað fyrir afrjett úr Fljótshlíð.” BJ: “Ekki er von að forn rúst sjáist þar, Sæmundur mun hafa sett sinn bæ í hana ...” Rústir bæjar frá 1802 inni í miðjum Húsadal Birkiskógur er nú kominn yfir hluta rústanna og túnstæðið. Tóftirnar eru allar yfirgrónar og mjög vel varðveittar. Bæjarstæðið er ákaflega skjólgott, liggur í dalbotninum með skógi vaxnar hlíðar á alla vegu.

Skv. JÁM I, 102 var byggð í Húsadal til forna og mátti þá enn [1709] sjá garða marga. Staðurinn var þó talinn óbyggilegur sökum slægnaleysis og vetrarharðinda. Leifar þessara mannvirkja sjást ekki lengur og telur GS sem rannsakaði staðinn 1980 að bærinn frá 1802 hafi verið byggður ofan í þau. Magnús Árnason og Sæmundur Ögmundarson settu þarna bú 1802 en það entist aðeins árið og var ástæða þess rakin til myrkfælni og daugagangs. Nýbýlalöggjöfin frá 1776 mun hafa orðið þeim Magnúsi og Sæmundi hvatning. Rústirnar sem nú sjást eru þessar “1. Ferhyrnt langhús með inngangi á miðri vesturhliðinni ... Lengd 9.0 m, breidd 4.0 m, hæð 0.95 m, veggjaþykkt 1m. Veggir voru heillegir, grjót- og torfhlaðnir. Í norðvesturhorni tóftarinnar var pallur, 1.4 x 1.4 m að umfangi. Bogadregnir veggir vestur af innganginum mynda þar nokkurs konar forgarð, 3,5 m að breidd. 2. Við austurhlið tóftarinnar er niðurgrafið svæði. Lengd 9.0 m, breidd 6.0 m. Svæði þetta, sem er e.t.v. einhvers konar rétt, er markað hlöðnum vegg að austan, sem heldur áfram til suðurs og myndar einnig austurvegg tveggja smátófta (3 og 4), sem þar eru. 3. Næst 1 er ferhyrnd smátóft ... Lengd 3.5 m, breidd 4.5 m, veggjaþykkt 0.8-1.7 m, hæð 0.45-1.0 m. Ekkert grjót er nú að sjá í veggjum, og enginn inngangur er sjáanlegur. Tvær allháar birkihríslur vaxa nú inni í tóftinni. 4. Beint suður af 3 er önnur ferhyrnd tóft með útskoti til austurs. Inngangur er á vesturlanghliðinni ... Lengd 5.5 m, breidd 2,5 m, innanmál útskots 1.2 x 1.2 m. Grjót sést í veggjum.” Túnið hefur verið norður af bæjarstæðinu og er þar enn svolítið opið svæði í skóginum.
Heimildir: JÁM I, 102; ÁFÍ 1972, 107-109; GS: “Byggðaleifar á Þórsmörk” Árbók 1982, 51-53; BJ: “Rannsókn á Þórsmörk” Árbók 1907, 18

RA-615:006 gripir
1866: “Ferhyrnd HRÍNGJA, þornlaus, með ill-læsilegum miðaldar-rúnaleturs blending. Hún fannst á Þórsmörk.” Þjms. 330
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 135

RA-615:007 *Snorraríki* heimild um útilegumannabústaður
“Innst í sunnanverðum Húsadal er klettur, og í honum dálítill skúti. Heitir hann Snorraríki, og er mælt, að þar hafi sakamaður, sem Snorri hét, hafzt við um skeið. Í bergið hafa ýmsir rist fangamörk sín.” Segir í örnefnalýsingu.

Udtog af en Reisejournal 1793 (Þessi útdráttur úr ferðabók Sveins er í íslenskri þýðingu í Ferðabók Sveins Pálssonar. Rv., 195, 237) : “Snorra Ríki /:paa Thorsmark:/ ogsaa en Hule höit oppe i en perpendikulær Klippe; den skal være benævnet efter en Mand Snorre, der först skal være klavret der op, uden at bruge de der siden hugne Fodstier i Klippen. Saavel Hulens Indvendinge som Klippen uden for, er ganske udgravet med adksillige, deels effter Annseende meget gamle Navne og runiske Bogstaver og Navne.” F,151 Síðan kemur eftir Steingrím sjálfan: “Efterrenting om Snorraríki, 17. 9. 1821 o.sv.fr. .... F,154-156 [afmg. við XIIb: Um Snorraríki vísast almennt til A. Bæksted, Islands runeindskrifter. Kh., 1942, 95-6. Sjá einnig Rang. Sý-só HÍB 1839-1873 Rv. 1968,79].FF 1821: “Ved hielt ad inhuggede Fodstier og haandgrep kan man nu momme derop, dog ingenlunde magelig, og vel ikke udan hiept af Reeb, andre end de, som er vante til af stige op ad Fieldene Selv hulen har smal Aabning, synes at være dannet af Naturen, halvet saaledes nedad og opad, at den er höjest i Midten, henimod 6 al: og Gulvet nedenunder kuns lidet og konkave, hvilket sidste synes at være foraarsager ved nedfaldende smaa Sand fra Siderne, da det er ingen fast men sandagtig Klippe. Dens Omkreds i Midten hvor den er vidste maalte jeg med paalagt Snoer at være 18 al: Oppe i Hvelvingen synes den at være haardest, hvorfra man dog let kunne plukke smaa Steene; som Pröve af dem fölge 4 Stk indsvöbte i forseglet Papir mærket O:C Jeg saae nöje eftir hvad Mærker eller Bogstaver der kunde findes, og fandt indvendig i hulen ikke andet end hvad jeg i den ongefærlige Orden har optegnet paa vedlagte Papir. Jeg selv og min Föglemand indridsede der i pr Minuter, ved samme Leilighed, og lommeknive og en liden hammer vore Navne bogstaver ... dog iden at faa Indsnitte reene, fordi Sandsteenen, ikke var fast nok, hvilket viser at hulen let kan tage imod Indskription, og let tabe den igien. foran og udenfor i den næsten perpendikulære Klippeflade, som er udsat for Solskin blæst og Regn er Bierget nogen haardere, og der staar langt fleere Abbreviturer af Mands Navn og Noemærker, men da de fleste af dem ere kjendeligen fra nyere, endog nyeste Tider, meget faa gamle, og ikke over 7 a 8 med simple Runer, saae jeg det ikke Umagen værdt at aftegne dem. Ingen anden Tradition har jeg kunden faae om denne hule, end de, at en Misdæder i forrige Tider, ved navn Snorre fra Fliotshliden skulle have flygtet derhen, og uden hielp af fornævnte Fodstier og Haandgreb, der siden ere inhuggede i Klippen, have klavret der op, og opholdt sig sammensteds nogen Tod i Sikkerhed.” KK: “Innst og austast í dalnum [Húsadal] er þverhnýptur slútandi klettur. Þar er um 4-5 álnir uppi lítill hellir með mjóum muna. Hann kallast Snorraríki. Eru höggvin þrep í klettinn, svo að komast má í hellinn. Þar uppi og í klettinum fyrir neðan hafa margir sem þar

hafa komið höggvið nöfn sín ..."
Heimildir: Ö-Þórsmörk, 7; KK I, 192; FF I, 154-56

RA-615:008 *Sóttarhellir* hellir
"Skal þá horfið fram fyrir Húsadal, og verður Sóttarhellir þar fyrst fyrir." Segir í örnefnalýsingu. FF: "Ad, j sokölludum Sóttar-Heller, á fyrrnefndre Þorsmörk, skylldu Menn hafa, fyrer laungu, nátttad sig marger samann, og haft imeslegt Glens og Ólæte umm Qvöllded; utann 1rn hefde gefid sig úr Hópnum; - Nockru sidar hefde alla þessa tekid sár þorste; So þeir hefdu bedid þann Eina ad sækia sier Vatn ad drecka; og heitri, j Sögunne, ad hann giörde þard; Enn þá hann kom med Vatned til baka; skyllde Höfud hins Sidsta af Stallbrædrum Hans, vered kastad móte honum j Hellers-Dyrunum; - Hefde Hann þá teked snögt Vidbragd, að hlaupa ut yfer Markarfiót, allt ad Fljótsdal Jnsta Bæ i Fliótshlyd/: án þess ad vita nockud af, nær yfer Flióted fór:) Þá umm hefde vered vitad, skyldu Manna búkarner hafa leiged j hellernum, ógurlega útleikner - Effter Tilburd þennan, er sagt, ad hellerinn, hafe vyngdur vered, uppá gamla vysu." "Sagan segir, að 18 smalamenn hafi átt þar náttstað og verið glaum- og glensmeiri en góðu hófi gegndi, utan einn. Þann sendu þeir eftir vatni, en höfuð félaga sinna fékk hann í fangið, þegar hann vitjaði hellisins aftur. Fleiri og ýtarlegri gerðir þessarar sögu eru til, og mun það hæft í þeim, að menn munu hafa látizt í hellinum í einhverri plágu 15. aldar. Voru settar upp í honum klukkur og hann vígður að afstöðnum þeim atburði. Var þar bænhús með altari í nokkur ár." ÁH 1991: "Í Þórsmörk eru margir móbergshellar og skútar sem notaðir hafa verið sem ból og bækistöðvar gangnamanna. Flestir eða allir eru þeir náttúrugerðir. Sóttarhellir er e.t.v. eina undantekningin frá þessu. Hann hefur það lag sem manngerðir hellar hafa oft, er langur og mjór og víkkar og hækkar eftir því sem innar dregur, gagnstætt því sem oftast gerist um náttúrulega móbergsskúta sem yfirleitt eru víðastir fremst og álíka breiðir og þeir eru langir. Nokkur kossmörk eru þar rist í vegi. Byggð var í Þórsmörk til forna allt frá landnámsöld og a.m.k. fram undir 1100. Sóttarhellir er utarlega í Þórsmerkurrana að vestan, ekki langt utan við bæjarrústirnar á Þuríðarstöðum efri og gæti hafa verið fjárhellir þaðan. Hann kann einnig að hafa verið gerður af fjárleitarmönnum í Þórsmörk. Sóttarhellir er eini hellirinn í Þórsmörk sem hægt er að gera að sæmilegri vistarveru. Þá má láta sér detta í hug að hann hafi verið felustaður Oddaverja á Sturlungaröld enda þekktu þeir til hellisgerðar frá sínum heimahögum. Þegar veldi Oddaverja fór hnignandi fyrir uppgangi Haukdæla þurftu þeir oft að fara huldu höfði. Vitað er að Þórður Andrésson leyndist í Þórsmörk og þaðan var hann vélaður á fund Gissurar Þorvaldssonar, svikinn í griðum og tekinn af lífi árið 1264. "
Heimildir: Ö-Þórsmörk, 7; FF I, 125; Manngerðir hellar, 239-242.

RA-615:009 *Slyppugilsból* örnefni
"Austan Langadals rís Slyppugilshryggur, Fremri. Móti honum er Innri-Slyppugilshryggur og Slyppugil milli þeirra. Efst í Innra-Slyppugilshrygg er Slyppugilsból." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þórsmörk, 8

RA-615:010 áletrun
"Í sklettabrúnum uppi í vesturhrygg Stórenda getur að líta fornar bergristur. Ártalið 1600 er þar tengt samtímabúmarki."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 103

RA-615:011 *Hestagilsból* örnefni
"Vestan við Krossá er Gjósta, en austur frá Gjóstu er Engidalur, norður frá dalnum er Hestagilsból og Hestagil." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þórsmörk ÞB, 1

RA-615:012 *Uppgöngur* örnefni leið
" ... þar næst er Búarhamar [012], þá Uppgöngur; eru þær innstar." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Þórsmörk ÞB, 1

RA-615:013 *Múlaból/Skuggi* hellir
"Fremst í honum [Langadal]. Fremst í honum vestan til, er hellir, sem heitir Múlaból, og í honum miðjum hruninn hellir, sem kallast Skuggi." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Afréttarlönd BK, 3

RA-615:014 heimild um leið
"Úr Langadal [sjá 015] liggja götur norður yfir lágan háls og í Húsdal." Segir í örnefnalýsingu.
Heimildir: Ö-Afréttarlönd BK, 3

RA-615:015 gripir

Þórður Tómasson segir frá því í bók sinni um Þórsmörk að hann fann einu sinni forkunnafagurt brýni á Merkurrana.
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 85

RA-615:016 *Grjósta* hellir rétt
"Í Fremra-Engidalsnefi er mikið hellisgjögur sem nefnt er Gjósta. Það var fyrir eina tíð notað sem fjárrétt en Krossá umturnaði henni. Gat er upp úr hellisþakinu á Gjóstu og gjóstaði þar oft um vindinn og kafnar hún ekki undir nafni."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 85

RA-615:017 *Skrýmslisból* heimild um fjárskýli
"Í brúninnu sunnan við Gjóstu [017] er smából sem kallað var Skrýmslisból."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 85

RA-615:018 *Gatból* heimild
"Efst í Innra-Slyppugilshrygg er áberandi ból og hafa veður og vindur máð á það vænt op, enda heitir þetta Gatból, eða í nútíma Gluggahellir."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 98

RA-615:019 *Aurból* heimild
"Innst í Stöng, neðst í hlíð, er Innra-Stangarnef. Lítið Ból er hér nefnt Aurból."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 103

RA-615:020 heimild um náttstað
"Innan við Stöng liggur Góðagil upp á brúnina, innan við Tindafjöll. Niður frá Góðagili er Búðarhamar, niðri við Krossáraur. Þar var náttstaður fjallamanna um eitt skeið." Segir í örnefnalýsingu. "Skammt inn frá Stöng rís Búðarhamar neðst í skógarhlíðinni, öllum aukenndur. Þar var áður svefnból fjallamanna varið góðum hleðslum og vel þakið." Þar eru tvö ból."Minjar um tvö ból eru framan undir Búðarhamri. Neðra bólið er rétt niðri við Krossáraur og hluti af hleðslunni framan við það er hruninn í moldarrofi. Bólið er nú mjög jarðfyllt. Efra bólið er skammt ofan við klettinn. Þar standa enn allar hleðslur og minjar um þar eru inni á bólgólfinu. Fjárrétt var áður hér hið næsta fyrir safnið af Múlatungum og Teigstungum.""Nafn klettsins virðist tengt tjaldaðri svefnbúð fjallmanna og með öllu óskilt búð farmanna þótt Sveinn Pálsson hermi þá sögu að þarna hafi áður verið festiföld hafskipa í þann tíð er sjór náði inn úr Sundum við Þórsmörk."
Heimildir: Ö-Þórsmörk, 9; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 103-104

RA-615:022 heimild um náttstað
"Innan við Stöng liggur Góðagil upp á brúnina, innan við Tindafjöll. Niður frá Góðagili er Búðarhamar, niðri við Krossáraur. Þar var náttstaður fjallamanna um eitt skeið." Segir í örnefnalýsingu. "Skammt inn frá Stöng rís Búðarhamar neðst í skógarhlíðinni, öllum aukenndur. Þar var áður svefnból fjallamanna varið góðum hleðslum og vel þakið." Þar eru tvö ból. "Minjar um tvö ból eru framan undir Búðarhamri. Neðra bólið er rétt niðri við Krossáraur og hluti af hleðslunni framan við það er hruninn í moldarrofi. Bólið er nú mjög jarðfyllt. Efra bólið er skammt ofan við klettinn. Þar standa enn allar hleðslur og minjar um það eru inni á bólgólfinu. Fjárrétt var áður hér hið næsta fyrir safnið af Múlatungum og Teigstungum."
Heimildir: Ö-Þórsmörk, 9; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 103-104

RA-615:023 þúst
Efst á grasflöt í Snorraríki, milli Langad. og Húsadals. Bak við hólinn er jarðvegur horfinn í veðrun. Grasflöt framan hans og skógur fjær. Um 2 m í þvermál, c. 50 sm hár. Líkl. bara moldarhóll - sker sig þó úr umhverfinu.
Heimildir:

RA-616 Almenningar

Almenningar eru norðan við Þórsmörk og er Þröngá á merkjum. Markarfljót er á merkjum við Grænafjall að vestan og Fremri Emstruá að norðan. Heitir Framafréttur fyrir sunnan Ljósá en Innafréttur fyrir norðan "Almenningar eru sléttari og betri yfirferðar en aðrir afréttir Vestur-Eyfellinga. Graslitlir eru þeir þó vegna uppblásturs. Hefir þar áður verið skóglendi og byggð. ... Nokkrar skógarleifar eru enn á Almenningum, en fremur eru þær kyrkingslegar." - (GR I, 193). Hestar gangnamanna voru hafðir nálægt miðjum afrétti þar sem heitir á Lakaflötum

RA-616:001 *Steinfinnsstaðir* bæjarstæði bústaður **Friðlýstar fornleifar**
Steinfinnstaðir eru syðst og vestast á Almenningum, rétt norðan við Þröngá, sunnan í Kápurana, gegnt Hamraskógum. Bæjarstæðið er í um 250 m.y.s. 120°í Gráfell, 230°í Valahnjúk, 272°í Stóra-Dímon, Sv af bæjarstæðinu rennur Þröngá, skógur er þar suðuraf. GS: Bæjarstæðið stendur nokkuð hátt á hól, sem er nú örfoka, eins og allt umhverfið hérmegin árinnar. Ríkjandi vindátt virðist vera úr NA, má sjá örlitla græna bletti vestur af. ÞT: "Kápubærinn hefur staðið í hæðarbungu í hallandi hlíð, nokkuð miðsvæðis á Kápu. Vestan og ofanhallt við bæjarstæðið er gildrag, oftast þurrt, en sennilega með sírennandi vatni er gras og skógur klæddi þarna hlíðar" Bærinn stóð á melkolli þar sem landi hallar niður að Þröngá. " Þó undirlendi sé enn nokkuð umhverfis bæjarstæðið, er augljóst að áin hefur brotið þó nokkuð af því." Bæjarstæðið er nú allt uppblásið.- Árb 1982, 26 "Af loftmyndum frá 1960 má sjá, að þá var gróður á rananum þó nokkur, en hann er nú aðeins örlítill í gilskorningum vestan og norðan bæjarhólsins. Rúmlega 100 ára gamlar lýsingar á byggðaleifunum ... gefa til kynna, að land hafi mikið blásið upp á þessum 100 ára tímabili." Árb 1982, 22
SV 1883; BJ 1893, 1906; GS 1980, '81 og '82. Fyrst getið 1840 í SSR (79-80). "Segir þar, að í moldarflesi sjáist steinaraðir, þó ekki sjái húsaskipan eða form, og hrúgur af dýrabeinum. Ýmsir munir eru sagðir hafa fundist á staðnum, m.a. útflattur járnklumpur, nærri kringlóttur og til hálfs sundurklofinn, u.þ.b. 2 pund að vigt, sem reyndist allgott smíðajárn." Kaalund (1877, 261) segir að Kápuraninn sé uppblásinn en að þar sjáist greinileg merki byggðaleifanna; dýrabein og munir úr steini og bronsi fann hann þar en áður höfðu fundist þar mannabein. SV rannsakaði staðinn 1883. Hann fann ýmsa hluti af málmi á staðnum, svo og manna-, hunda-, hrossa- og nautabein. Taldi hann að skógur hefði verið á Kápu og getur um óeyddar jarðtorfur sem enn sjáist þar, sem eru ein eða tvær mannhæðir á hæð. Hann taldi minjarnar vera eftir Miðmörk þá sem getur um í Njáls sögu (ÍF XII, 424). - Árb 1892, 38-39. Páll í Árkvörn var á sama máli og SV og taldi að Steinfinnsstaðir hefðu verið fyrir sunnan Krossá í Steinsholti. Hann lýsir minjunum svo: "Nokkru innar, hér um á miðri Þórsmörk hinni fornu, nú fremst á Almenningum, í svo nefndri Kápu, sést enn merki fyrir skálastæði og fleiri húsatóptum, þar hefir fundizt sitthvað smávegis, svo sem brýni, hringjubrot og plata, álíka stór og manns lófi, og var höggvin sundr um rúma 2/3 parta, en hitt heilt, og héldu smiðir þeir, er skoðuðu þetta, að væri bóla af skildi, eða einhver hertygjaplata, og í því belndíngr járns og kopars (bronze). Þar finnst enn í sandinum mikið af beinum, bæði nauta, hrossa, sauða og jafnvel svína, ..." StSÍ II, 511. BJ nefnir minjarnar í grein 1887 (Árb 1887, 58) og segir að 1840 hafi rúst bæjarins, að sögn Sigurðar Ísleifssonar á Barkarstöðum, verið glögg, 60 feta löng. Nú 30 árum síðar sé hleðslugrjótið dreift um allt. 1893 kom BJ sjálfur að Kápu og segir þá (Árb 1894, 21-22) að rústin hafi komið í ljós fyrr á 19. öldinni við uppblástur. Hafi hleðslugrjótið legið á mold er hún var fyrst skoðuð um 1840, sem um 30 árum síðar hafi öll verið fokin burt, og rústin því úr lagi færð. BJ getur um ýmsa muni sem fundist hafa í rústunum, m.a. skæri sem gefin voru Þjms (Þjms 2432 - mynd í Árb 1982, 29) og munu vera ein elstu skæri með nútímalagi sem fundist hafa á Íslandi (KEKH, 340-41). BJ taldi rústina vera eftir bæ Ásbjarnar landnámsmanns. Enn kom BJ í Þórsmörk 1906 og ræðir enn nokkuð um uppblásturinn þar. Hann hefur eftir mönnum sem voru gamlir í hans ungdæmi (f. 1838) að svæði þetta hafi þegar verið mjög uppblásið er þeir voru ungir. Þá hafi verið þar eftir jarðvegstorfa, sem nefnd var Kápa vegna lögunnar sinnar og er helst að skilja af frásögn hans að rústirnar hafi blásið út úr torfu þessari í minni þessara gömlu manna. Í þetta sin taldi BJ rústirnar vera eftir bæ Steinfinns sem einnig væri ein af Mörkunum þremur sem nefndar eru í Njálssögu, líklega Efstamörk - Árb 1907, 17-19. MÞ rannsakaði kumlin RA-615:002 árið 1925.

Nafnið á þessum rústum er nýlegt og til komið af því að menn hafa talið að hér sé um að ræða Steinfinnsstaði þá sem getið er um í Landnámu. Örnefnið Kápa mun heldur ekki gamalt (s. hl. 18. aldar) og er hér látið ná yfir svæðið en Steinfinnsstaðir notað um rústirnar sjálfar. GS rannsakaði rústirnar 1980, 81 og 82 og er hér byggt á lýsingum hennar: Aðeins er nú grjótdreif eftir af bæjarhúsunum og er hún á jarðvegsgrunni sem er móhella, brúnleit rn blönduð svartri gjósku. Árið 1980 mátti enn sjá óljóst grunnflöt langhúss sem snéri uþb A-V og var nyrst og vestast á hólnum - gerður var uppdráttur af þessari grjótdreif. Ekki vottaði fyrir öðrum byggingum á hólnum en á einum stað suðaustast á hólnum fannst allmikið af smíðagjalli sem bendir til að þar hafi verið smiðja. Niður undir brekkurótunum norðaustan við langhúsrústina var hleðslugrjót á afmörkuðu svæði. Sýndist þar helst hafa verið tvískipt hús og telur GS að það hafi verið útihús. "Vestur af bæjarhólnum dreifðist hleðslugrjót, mest blá-, grágrýti og móberg, niður í áttina að Þröngá." Þar fundust gjallmolar, flatt járnbrot sem klofið var í brotna endann og er etv af skeifu, og nagli. Vatnsrof er nokkuð þarna í brekkunni. Hleðslugjótið í langhúsrútinni var allt brotið í smátt vegna [frost] veðrunar og var það aðallega blá- og grágrýti, móberg og flikruberg. Suðurhlið langhússins var að miklu leyti úr molnuðu flikrubergi. Norðurhlið var óljósari og mátti helst marka lengd hússins af flikruberginu og dálítilli dæld eftir miðjunni, og er hún um 20 m. Innan um grjótdreifina voru nokkrar brotnar hellur sem GS telur helst hafa verið í gólfi. Engin merki um gólf, eldstæði, stoðarholur eða bekki var þarna að finna lengur. Við SA enda rústarinnar hefur verið hlaðin varða úr löngum og mjóum steinum sem GS telur að komi úr langeldi sem verið hafi inni í húsinu. Á meðal þeirra er herslusteinn, 72x35x17 sm og 26x3x25 sm herslurauf á öðrum enda hans. Staðurinn þar sem gjallið fannst var þarna skammr frá og telur GS að herslusteinninn sé ættaður úr þeirri smiðju. NA af vörðu þessari var hrúga af vatnsholuðum blágrýtissteinum sem GS telur að hafi verið kljásteinaefni. Árb 1982, 26-27. GS birtir skrá um muni og bein sem fundist hafa á Steinfinnstöðum og borist Þjóðminjasafni á s. 28-34. Niðurstaða GS er að hér hafi verið býli á 10.

öld amk (sbr kumlin og munina sem fundist hafa) og að sú byggð hafi verið allumfangsmikil.
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 127; SV: "Rannsókn"Árbók 1892, 38-39; PS:"Um forn örn" StSÍ II, 511; BJ Árbók 1887, 58; BJ Árbók 1894, 21-22; BJ: "Rannsókn á Þórsmörk" Árbók 1907, 17; GR I, 193; GS: "Byggðaleifar á Þórsmörk" Árbók 1982, 22-35; ÁG: Friðlýsingarskrá, 65

RA-616:002 *á Kápu* kuml legstaður **Friðlýstar fornleifar**
Kumlateigur skammt suður og vestur af Steinfinnsstöðum á Kápu "Við skulum slást í för með smölum í fjallaferð. Haldið er upp á Kápu um lítið lautardrag sandorpið; er þá dys Kápubónda á hægri hönd á tæpustu brúninni ofan við Þröngáraurinn, en á hina er rúst bæjarins, ólöguleg og örfoka." Segir í örnefnalýsingu. Allt blásið nú. Kumlin tvö sem MÞ rannsakaði voru í miklum halla og höfðu veðrast illa; grjótið úr þeim hafði hrunið útúr rofabarði, sem nú er horfið.

Friðlýstar minjar. Páll í Árkvörn: "vorið 1860 fann ég í hóli þeim, er suður er örskammt frá bæjarstæðinu næst Þröngá, og austan við svonefnda Grautarlág, mannsbein blásin út úr rofi vestan í hólnum; voru það fót- og lærleggir, viðlíka stórir og meðalmanns þessa tíma, og höfðu fætr legið til suðvestrs; ekki fann ég fleiri bein, en ég var líka áhaldalaus, að grafa þar nokkuð til." StSÍ II, 511. ÞT: "Um 1920 var faðir minn á hlaupum fyrir stygga sauðkind á Þrögáraurum rétt undir bakkabrúninni framan við Grautarlág. Vænt, skinið bein var fyrir honum á aurnum. Hann tók það upp á hlaupunum og ætlaði að kasta því í kindinu, en sá jafnskjótt að þetta var höfuðúpa af manni. Faðir minn lagði hana frá sér og svo var sagan búin. Heimild er fyrir því að rétt fyrir aldamótin 1900 hafi annar smali fundið tvær hauskúpur af manni þarna niður á aurunum." Árið 1925 skoðaði MÞ" tvö kuml frammi á bakkanum vestan við bæjarstæðið á Steinfinnsstöðum [RA-615:001]. Var aldraður maður í öðru kumlinu og fylgdi honum spjót og silfurhnappar; gullþráður loddi við einn hnappinn. Í hinu kumlinu var hestur og reiðtygi." Árb 1982, 26. MÞ athugaði einnig grjótdreifar rétt austan og vestan við kumlin og taldi að þar hefðu verið önnur kuml, en tvær hauskúpur höfðu fundist nokkru áður niðri á aurunum neðan kumlanna. Enn áður höfðu borist til Þjms mannabein, sem talin eru af konu.
Heimildir: BJ: "Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906" Árbók 1907, 17; MÞ "Dys við Kápu á Þórsmörk" Árbók 1925-26, 49-51; GS: "Byggðaleifar á Þórsmörk"Árbók 1982, 26, 28-33; Ö-Almenningur, 2; PS: StSÍ II, 511; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 127; KEKH, 30

RA-616:003 *Úthólmar* heimild um náttstað
"Vestast, norður við Fljót, á tungu þeirri, er verður milli Ljósár og Markarfljóts, heita Úthólmar. En vestast í þessum tanga var tjaldstaður fjallamanna; þar var einnig fjárréttin." "Forn tjaldstaður fjallamanna var á Úthólmum í Ljósártanga."
Heimildir: GR I, 193; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 106

RA-616:004 *Almenningsrétt* hleðsla rétt
"Vestast, norður við Fljót, á tungu þeirri, er verður milli Ljósár og Markarfljóts, heita Úthólmar. En vestast í þessum tanga var tjaldstaður fjallamanna; þar var einnig fjárréttin." "Sá hluti afréttarins, sem liggur norður frá mótum Ljósár og Fljótsgilsins, kallast á nokkru svæði Ljósárrani. Þar stóð Almenningaréttin. Var fjallasafnið réttað í henni að kvöldi smaladags og rekið til byggða næsta dag. Var þá legið við á Úthólmum." Segir í örnefnalýsingu. "Vestanhallt við Fauskatorfur er svonefnd Almenningsrétt "kringd eins og járn undir hesti" og opnast til norðurs. Þetta er fönguleg náttúrusmíði sem sandur og eldjallaaska hafa gert sér nokkuð dælt við, en þó er þarna grasgróður innan hamraveggja. Nafnið er dregið af lögun jarðfallsins."Hætt var að nota rétt þessa þegar gangnatilhögun var breytt um aldamótin og ný rétt byggð sunnan undir Valahnúk á Þórsmörk - GR I, 194
Heimildir: GR I, 193, 194; Ö-Almenningar, 4; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 110

RA-616:005 *Almenningsból* hellir náttstaður
"Áður höfðu þó fjallamenn náttstað í helli þeim, er Almenningsból hét. Var það austan í felli því, er Fauskheiði heitir." - GR I, 193 "Farið er hjá Almenningabólinu, sem örsjaldan var griðarstaður fjallmanna, sem hér áttu viðlegustað fyrri fjallferðarnótt, fram um 1900." Segir í örnefnalýsingu. "Austur frá Fauskheiði er gamla Almenningabólið á tanga sem gengur austur að Ljósá. Hér var náttstaður fjallmanna skamman tíma, tekinn upp á seinni hluta 19. aldar. Bólið er í klettabríkum úr sandsteini eða móbergi og nær sandkafið síðan í Kötlugosinu 1918." "Nú hefir fokið sandur og mold fyrir helli þennan, og er fyrir löngu hætt að nota hann." - náttstaður var fluttur niður í Úthólma (líklega einhverntíma á 19. öld) - GR I, 193
Heimildir: GR I, 193; Ö-Almenningar, 3; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 110

RA-616:006 *Drápsból* hleðsla
"Drápsból er niðri í gili Ljósár austan við ranann og sjást merki til þess að þar hafi verið hlaðið fyrir svo sauðfé lokaðist ekki inni."
Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 112

RA-616:007 bæjarstæði býli

Þórður Tómasson fann bæjarrústir, um 2 km inn frá bæjarstæðinu á Kápu, á Bæjaröldu árið 1984 og rannsakaði hana betur ári síðar. "Ekkert lá þá beinna við en ganga suður af öldunni [Bæjar?] áleiðis til Ljósár og Úthólma, en nú varð nokkuð óvænt á vegi, nokkrir lögulegir steiar sem lágu ofan á moldum. Þangað hlutu þeir að vera komnir af mannavöldum, þarna hlaut að hafa staðið hús eða mannvirki eitthvert í árdaga sögu. Að sönnu voru þetta of fáir steinar til þess að geta verið úr hleðslulögum í húsi, öllu fremur stafsteinar úr torfbyggingu. Röð þeirra gat samsvarað langhúsi með hlið móti suðri. ... Aðrar mannvistaleifar lágu þá ekki svo brátt á lausu, en þar um þó að ég fann nokkrar vænar gjallflögur frá rauðablæstri. Þurfti þá ekki um sinn frekar vitnanna við, fundinn var óvænt nýr mannabústaður fornaldar inni á Almenningum, um 2 kílómetra inn frá bæjarstæðinu á Kápu. Þetta voru mér merkar fréttir og þó ekki svo fjarstæðar, landið fyrir innan Ljósá var nógu vítt og umfram allt nógu gott fyrir bújörð í ósnortnu landi 10. aldar. ... Lega steina bendir til þess að hér hafi staðið hús um 20 m langt, þverhús og langveggur horfir mót suðri. Grjótfæð vísar til þess að byggt hafi verið úr einu saman torfi. Aðfluttir steinar í grunni hafa án efa verið stafsteinar við útveggi. Hellur hafa ekki verið í þaki, eg sá þarna aðeins tvær vænar, aðfluttar blágrýtishellur og var önnur þeirra hlaupin í þrjár flögur. Vænn blágrýtissteinn við rústina er þesslegur að hafa verið notaður til að berja fisk eða lýja járn. Um 12 metrum framan við rústina er dreif af fagurmótuðu gjalli frá rauðablæstri, svipað og ég hafði áður séð við smiðjuna í Stöng í Þjórsárdal og í elsta Skarfanesi í Landsveit."

Heimildir: Þórður Tómasson: Þórsmörk, 132-133

Heimildaskrá

AI : *Alþingisbækur Íslands,* IV Reykjavík 1920-1924.

Anna Vigfúsdóttir: "Hólmabæir syðri" *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál,* 16. árg. 1977, 3-18

Ágúst Ó Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar,* Reykjavík 1993

Árni Hjartarson: *Manngerðir hellar á Íslandi,* Reykjavík 1991

Bjarki Bjarnason: *Njáluslóðir. Örnefni og staðfræði Njáls sögu,* Reykjavík 1999

Björn Lárusson: *The old Icelandic land register,* Lundi 1967

Brynjúlfur Jónsson "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1902*, 1-32

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1893" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1894*, 21-25

Brynjúlfur Jónsson: "Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1907*, 16-22

Buckland, P.C: "Holt in Eyjafjallasveit, Iceland. An Paeloecological Study og the Impact og Landnám" *Acta Archaeological,* 61 1990, 252-269

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972

Eyjólfur Guðmundsson: "Ritgerð um hella í Rangárvallasýslu" *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga*, 34. árg. 1998, 54-69

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823,* I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983

GR: *Göngur og réttir. Skaftafells- og Rangárvallasýsla,* [Akureyri] 1983

Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Byggðaleifar á Þórsmörk" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1982*, 20-61

Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study,* Oxbow Monograph 17, Oxford 1992

Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Handrit að byggðasögu*. Athugasemdir og viðbætur eftir Þórð Tómasson

Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Palæoekologiske undersøgelser på Holt í Eyjafjallasveit, Sydislad" *Hus, gård och bebyggelse,* 1983, 241-215

Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Shielings in Iceland" *Acta Archaeol*. 61, 1991, 73-96

Hallgerður Gísladóttur & Árni Hjartarson: "Rútshellir" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1995*, 35-48

Hannes Þorsteinsson: "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1923*, 1-96

Haraldur Matthíasson: "Eyjafjöll" *Árbók Ferðafélags Íslands*, 1972, 9-82

Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma,* II, Reykjavík 1982.

ÍF I: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók & Landnáma*, Reykjavik 1986

ÍF XII: *Íslenzk fornrit XII. Njálssaga*, Reykjavík 1954

JÁM: *Jarðabók Árna Magnúsoar og Páls Vídalín. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla* I, Kaupmanahöfn 1913-1917

JJ: Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöf 1847

KEKH: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri 1956

Landamerkjabók Eyjafjallahrepps

Matthías Þórðarson: "Dys við Kápu á Þórsmörk" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1925-26*, 49-51

Matthías Þórðarson: "Skýrsla um *viðbót* við Forngripasafnið og þau söfn, er því eru sameinuð, árið 1909" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1910*, 72-97

Mjöll Snæsdóttir: "Stóraborg. Eftirmæli um bæjarhól" *Heima er bezt*, 6. tbl, 43. árg, 1993, 196-203

PS: Páll Sigurðsson: "Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi" *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju,* II, Kaupmannahöfn 1886, 498-557

SB IV: *Sunnlenskar byggðir. VI Rangárþing austan Eystri Rangár*, [án útgáfustaðar] 1982

Sigríður Björk Ólafsdóttir: *Fit* [Ritgerð við Menntaskólann á Laugavatni] 1996

Sigurður Vigfússon. "Rannsóknir sögustaða sem gerðar vóru 1883 um Rangárvöllu og þar í grend, einkanlega í samanburði við Njáls sögu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, 35-62

Sigurður Vigfússon. "Rannsóknir sögustaða sem gerðar vóru 1885 í Rangárþingi og í Skaftafellsþingi vestanverðu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, 63-75

Skýrsla FÍ I: *Skýrsla um Forngripasagn Íslands í Reykjavík* I. *1863-1866* Kaupmanahöfn 1868

SSR: *Rangárvallasýsla. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873*, Reykjavík 1968

Storm, Gustav: *Islandske Annaler indtil 1578,* Kristjanía 1888

Sturlunga saga I-II Reykjavík 1946

Þórður Tómasson: "Minjar rísa úr Moldum" *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess,* II, Reykjavík 1985, 140-144

Þórður Tómasson: "Stóri-Dalur undir Eyjafjöllum" *Goðasteinn. Tímarit um menningarmá,l* 1. hefti 10. árg. 1971, 55-68

Þórður Tómasson: *Þórsmörk. Land og saga,* Ritstjóri Hálfdán Ómar Hálfdánarson. Reykjavík 1996

Ö-Afréttarlönd BK: Örnefnaskrá Afréttalanda Vestur-Eyfellinga. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Almenningar: Örnefnaskrá Almenninga. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Ásólfsskálatorfan: Örnefnaskrá Ásólfsskálatorfu. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Berjanes og Berjaneskot: Örnefnaskrá Berjaness og Berjanesskots. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Berjanes: Örnefnaskrá Berjanes. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Drangshlíðardalur: Örnefnaskrá Drangshlíðardals. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Drangshlíð-Skarðshlíð: Örnefnaskrá Drangshlíðar og Skarðshlíðar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Efri-Holtatorfan: Örnefnaskrá Efri-Holtatorfunnar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Eystri-Skógar: Örnefnaskrá Eystri Skóga. Ólafur H Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Eyvindarholt: Örnefnaskrá Eyvindarholts. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Eyvindarhólar: Örnefnaskrá Eyvindarhóla. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Fit: Örnefnaskrá Fitjar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Fitjamýri: Örnefnaskrá Fitjamýrar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Gíslakot: Örnefnaskrá Gíslakots. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hlíð: Örnefnaskrá Hlíðar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hólmabæir: Örnefnaskrá Hólmabæja. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hrútafell: Örnefnaskrá Hrútafells. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Hörðuskáli: Örnefnaskrá Hörðuskála. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Lambafell og Seljavellir svör við sp: Svör Guðna Þorvaldssonar við spurningum úr örnefnaskrá Lambafells og Seljavalla. Örnefnastofnun.

Ö-Lambafell og Seljavellir: Örnefnaskrá Lambafells og Seljavalla. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Leirur A: Örnefnaskrá Leirna. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Leirur B: Örnefnaskrá Leirna. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Miðbæli: Örnefnaskrá Miðbælis. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Mið-Mörk: Örnefnaskrá Mið-Markar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Miðskáli: Örnefnaskrá Miðskála. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Neðri-Dalur: Örnefnaskrá Neðra-Dals. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Núpakot: Örnefnaskrá Núpakots. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Núpur MA: Örnefnaskrá Núps. Magnús Andrésson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Núpur: Örnefnaskrá Núps. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Nýibær: Örnefnaskrá Nýjabæjar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Rauðafell svör við sp: Svör Guðna Þorvaldssonar við spurningum úr örnefnaskrá Rauðafells. Örnefnastofnun.

Ö-Rauðafell: Örnefnaskrá Rauðafells. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Raufarfell og Selkot: Örnefnaskrá Raufarfells og Selkots. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Raufarfell svör við sp: Svör Guðna Þorvaldssonar við spurningum úr örnefnaskrá Raufarfells. Örnefnastofnun.

Ö-Raufarfell: Örnefnaskrá Raufarfells. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Sandhólmi: Örnefnaskrá Sandhólma. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Sauðhúsvöllur ÞT: Örnefnaskrá Sauðhúsvallar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Sauðhúsvöllur: Örnefnaskrá Sauðhúsvallar. María Guðnadóttir skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Seljaland: Örnefnaskrá Seljalands. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Seljalandssel: Örnefnaskrá Seljalandssels. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Seljavellir ath: Athugasemdir við örnefnaskrá Seljavalla. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Skarðshlíð: Örnefnaskrá Skarðshlíðar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Steinar A: Örnefnaskrá Steina. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Steinar B: Örnefnaskrá Steina. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Steinholt: Örnefnaskrá Steinsholts. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Stóra-Borg: Örnefnaskrá Stóru-Borgartorfunnar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Stóra-Mörk: Örnefnaskrá Stóru-Markar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Syðsta-Mörk: Örnefnaskrá Syðstu-Markar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Vestur-Holtatorfan: Örnefnaskrá Vestur-Holtatorfunnar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Ytri-Skógar: Örnefnaskrá Ytri Skóga. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Yztabæli: Örnefnaskrá Ystabælis. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Yztiskáli: Örnefnaskrá Ystaskála. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þorvaldseyri (Svartbæli): Örnefnaskrá Þorvaldseyrar (Svartbælis). Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þorvaldseyri: Örnefnaskrá Þorvaldseyrar. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þórsmörk ÞB: Örnefnaskrá Þórsmerkur. Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun.

Ö-Þórsmörk: Örnefnaskrá Þórsmerkur. Þórður Tómasson skráði.